# SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2003

# Skýrsla forseta 2003

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins í Reykjavík, með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni. Kaflinn um ársfund er tekinn saman af ritstjóra og frásögn af starfi miðstjórnar er skrifuð af Halldóri Grönvold. Kaflarnir um kjara- efnahags- og verðlagsmál, velferðarmál og atvinnumál eru teknir saman af starfsfólki hagdeildar, þeim Ólafi Darra Andrasyni, Ingunni Þorsteinsdóttur, Stefáni Úlfarssyni og Sigurði Víðissyni. Kaflinn um félagsmál er unninn af Halldóri Grönvold og Magnúsi Norðdahl. Um fræðslumál fjalla Gylfi Arnbjörnsson, Halldór Grönvold og Rannveig Einarsdóttir. Kaflinn um erlend samskipti er tekinn saman af Gylfa Arnbjörnssyni, Halldóri Grönvold og Magnúsi M. Norðdahl og kaflinn um lagabreytingar og skipulagsmál er skrifaður af Magnúsi M. Norðdahl. Guðmundur Rúnar Árnason samdi kaflann um skipulag á skrifstofu ASÍ og Margrét Lind Ólafsdóttir tók saman umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Kristín Guðnadóttir, forstöðumaður Listasafns ASÍ ritaði kaflann um starfsemi safnsins. Upplýsingar um fundi og fundasókn miðstjórnar og fjölda félagsmanna í aðildarfélögum Alþýðusambandsins eru unnar af Sif Ólafsdóttur. Annað efni er tekið saman af starfsfólki ásamt ritstjóra.


*Ritstjóri: Guðmundur Rúnar Árnason*
*Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson*
*Útlitshönnun, skeyting, filmuvinna og prentun: Ísafoldarprentsmiðja*
*Bókband: Flatey*
*Myndir: Róbert og starfsmenn Alþýðusambands Íslands*
*Kápuhönnun: Hlynur Ólafsson*


**Skýrslan er lögð fyrir þriðja ársfund ASÍ**
**23. og 24. október 2003**


Reykjavík, október 2003 - Ísafoldarprentsmiðja ehf.

# Efnisyfirlit

**Inngangur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 13**
**Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2002 . . . . . . . . . . . . 15**
Setning fundarins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 15
Afgreiðsla ársfundarskapa - fyrri hluti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16
Kjörbréfanefnd . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 17
Kjör starfsfólks ársfundar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18
Skýrsla forseta ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18
Fundarsköp ársfundar - síðari hluti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 23
Málefni - framsögur og umræður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Velferðarkerfi framtíðarinnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks . . . . . . . . . . . . . . . . . 26
Laga- og skipulagsmál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26
Önnur mál ársfundar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27
Samstarf við Þróunarsamvinnustofnun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
Kosningar og kosningaúrslit . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Kjörnefnd . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Samþykktir ársfundar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Framtíðarsýn ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 33
Helstu verkefni ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 33
Staða og framtíð velferðarkerfisins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 34
Vinna Velferðarnefndar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 34
Staða mála . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 37
Styrkleiki kerfisins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 37
Veikleikar kerfisins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 37
Kerfislæg vandamál og ógnanir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 38
Úrlausnarefnin eru mörg . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 40
Nýsköpun og breytingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 41
Frjálsar afkomu- og áfallatryggingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 42
Almennar afkomutryggingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 43
Næstu skref . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 47

Öruggt velferðarkerfi sem byggir á nýsköpun veitir frelsi og tryggir jafnrétti. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 48
Áherslur og helstu verkefni ASÍ í velferðarmálum: . . . . . . . . . 48
Ályktun um stöðu heilsugæslunnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 51
Ályktun um jöfnun réttinda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 51
Ályktun um greiðslubyrði húsnæðislána . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 52
Ályktun um skattamál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 53
Ályktun um fullgildingu ILO-samþykktar nr. 158 . . . . . . . . . . . . . . 53
Heilsuvernd starfsmanna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 54
Ályktun menntanefndar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 54
Slit ársfundar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 55
Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2002. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 58

**Af vettvangi miðstjórnar ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 61**
Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 62
Úrsögn úr Landvernd. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 63
Hækkun á leikskólagjöldum og gjaldtaka sérfræðilækna . . . . . . . . . . 63
Viðmiðunarreglur um bókhald og ársreikninga . . . . . . . . . . . . . . . . 64
Jöfnun réttinda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga . . . . . . . . . . . . . . 64
ASÍ gegn stríði í Írak . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 66
1. maí 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 67
Atvinnurekendur misnota stöðu sína . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 67
Hópuppsögnum á Raufarhöfn mótmælt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 68
Málefni verndaðra vinnustaða . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 70
Erindisbréf vegna fulltrúa í nefndum og ráðum . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Verðsamráð og efling Samkeppnisstofnunar. . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Ársfundur ASÍ 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 73

**Efnahags-, verðlags- og kjaramál . . . . . . . . . . . . . . . . . . 75**
Þróun efnahagsmála. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 75
Hagvöxtur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 76
Fjárfestingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 76
Einkaneysla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 77

Afkoma atvinnuvega . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 77
Vinnumarkaður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 78
Kaupmáttur - launaþróun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 79
Verðbólga, verðlag og gengi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 79
Forsendur kjarasamninga . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 79
Peningamálastefna Seðlabankans . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Fjármál hins opinbera . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Horfur í alþjóðaefnahagsmálum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 81
Verðlagsmál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 82
Kannanir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 82
Matvara . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 82
Heilsuvörur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 83
Grænmeti og ávextir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 83
Bakarí . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 84
Lyfjaverslanir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 84
Annað . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 84
Niðurlag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 85
Verðlagsmál og landbúnaðarmál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 85

**Kjaramál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 87**
Samið um útfærslu á bókun við Virkjanasamning . . . . . . . . . . . . . . 87
Skoðun á samningsforsendum í febrúar 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . 91
Ályktun miðstjórnar um Kjaradóm . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 91
Deilur við Kárahnjúka . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 92
Úttekt á gildandi kjarasamningum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 98
Helstu ákvæði kjarasamninganna 2000 . . . . . . . . . . . . . . . . . 98
Hvernig hafa ákvæðin gengið eftir? . . . . . . . . . . . . . . . . . . 99
Launaliðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 99
Verðlagsþróun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 100
Opinberi markaðurinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 100
Önnur ákvæði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 100

**Atvinnumál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 101**

Vaxandi atvinnuleysi . . . . . . . . . . 101
Ráðstefna um málefni atvinnulausra . . . . . . . . . . 104
Tillögur atvinnumálanefndar um stuðning við atvinnulausa . . . . . . . . 105
Stefnumótun í atvinnu- og byggðamálum. . . . . . . . . . 109
Atvinnustefna til nýrrar aldar . . . . . . . . . . 109
Nýtt afl - nýir tímar . . . . . . . . . . 110
Atvinna fyrir alla . . . . . . . . . . 111

**Velferðarmál . . . . . . . . . . 113**
Tillögur í velferðarmálum . . . . . . . . . . 114
Kostnaðarmat hagdeildar ASÍ . . . . . . . . . . 117
Helstu forsendur fyrir kostnaðarmati . . . . . . . . . . 118
Húsnæðismál . . . . . . . . . . 118
Heilbrigðismál . . . . . . . . . . 118
Tryggingamál . . . . . . . . . . 118
Fátækt . . . . . . . . . . 119
Tillögunum fylgt úr hlaði. . . . . . . . . . 119
Starfsendurhæfing . . . . . . . . . . 120
Lífeyrisnefnd miðstjórnar ASÍ . . . . . . . . . . 121
Erindisbréf lífeyrisnefndar ASÍ . . . . . . . . . . 121

**Félagsmál . . . . . . . . . . 123**
Jafnréttis- og fjölskyldumál . . . . . . . . . . 123
8. mars - alþjóðlegur baráttudagur kvenna . . . . . . . . . . 125
Fæðingarorlofssjóður og greiðslur í orlofi . . . . . . . . . . 127
Ábyrgðasjóður launa . . . . . . . . . . 132
Ný lög um ábyrgðasjóð launa. . . . . . . . . . 133
Bakgrunnurinn . . . . . . . . . . 133
Ný hámörk á ábyrgð vegna orlofskrafna - takmarkanir . . . . . . 135
Húsnæðismál. . . . . . . . . . 138
Vinnuvernd . . . . . . . . . . 138
Ný vinnuverndarlög . . . . . . . . . . 139
Viðræður um samstarf og forvarnir. . . . . . . . . . 142

Framkvæmd EES-samningsins. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 143
Samninganefndir vegna EES reglna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 143
Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES. . . . . . . . . . . . 144
Samningur ASÍ og SA vegna tilskipunar um hlutastörf . . . . . 144
Samningaumleitanir ASÍ og ríkis og sveitarfélaga vegna tilskipunar um hlutastörf. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 146
Samningsumleitanir vegna tilskipunar um tímabundnar ráðningar 147
Rammasamningur um fjarvinnu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 147
Vinnutímatilskipunin og rammatilskipun um vinnuvernd . . . . . . . 148
Starfsmenn útleigufyrirtækja frá ríkjum EES . . . . . . . . . . . . . . . . 148
Jafnréttistilskipanir utan gildissviðs EES? . . . . . . . . . . . . . . . . . . 148
Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 149
Í deiglunni . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 149
Eftirlitsnefnd með framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 149
Málefni útlendinga. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 150
Samráðsnefnd vegna laga um atvinnuréttindi útlendinga. . . . . . . . 150
Nefnd um mansal. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 150
Samningar um varnir gegn vinnustreitu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 151
Rannsóknir og aðgerðir gegn vinnustreitu . . . . . . . . . . . . . . . . . 152
Samráð og samningaviðræður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 152
Ráðstefna aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um vinnutengda streitu haldin í Brüssel 25. og 26. febrúar 2003 . . . . . . . . . . . . . . 152
Upplýsingar og fræðsla um vinnustreitu og varnir gegn henni 153
Viðræður á Evrópuvísu um varnir við vinnustreitu . . . . . . . . . 154
Samið um hvað?. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 154
Samningar á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu . . . . . . . . . . . 156

**Fræðslumál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 159**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 159
Tengsl starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. við aðra fræðsluaðila með hliðsjón af skörun og samstarfi . . . . . . . . . 163
Samþykktir fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. . . . . . . . . . . 165

Aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 6.11.2002 . . . . . . . . . . . 172
Félagsleg fræðsla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 174
Dagleg starfsemi MFA . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 174
Námskeið starfsárið 2002 til 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 175
Trúnaðarmannanámskeið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 175
Félagsstjórnunarnám . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 175
Málþing um menntamál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 176
Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 177
Forysta iðnaðarmanna í starfsmenntun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 178
Starfsmenntun fyrir verka-, verslunar-, skrifstofufólk og sjómenn. 178
Hringnum lokað . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 179
Félagsmála- og fullorðinsfræðsla og starfsmenntun - MFA . . . . . . 180
Stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi ASÍ . . . . . . . . . . . . . . 181
Samstarf á heildarvettvangi um starfsmenntun eflt . . . . . . . . . . . . 181
Stefna mótuð til framtíðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 183
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 184
Næstu verkefni . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 185

**Erlend samskipti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 187**
Norræna verkalýðssambandið - NFS . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 188
NFJS - Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum. . . . 189
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN) . . . . . . . . . . . . . . . . 189
Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 190
Starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu . . . . . . . . . . . . 190
Þing ETUC í Prag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 190
Stefnan mótuð og starfið skipulagt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 190
Framtíðarhlutverk verkalýðshreyfingarinnar . . . . . . . . . . . . . . . . . 191
Framkvæmdastjórn ETUC . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 192
Samningaviðræður um varnir gegn vinnustreitu . . . . . . . . . . . . . . 192
Rannsóknir og aðgerðir gegn vinnustreitu . . . . . . . . . . . . . . . 193
Samráð og samningaviðræður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 193
Ráðstefna aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um

vinnutengda streitu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 193
Samningaviðræður hefjast . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 194
NETLEX . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 195
Ráðgjafarnefnd EFTA . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 196
Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar . . . . . . . . . . . . . . . . . 196
Ráðgjafarnefnd EES . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 196
Ráðstefna um Evrópuþróunina haustið 2004. . . . . . . . . . . . . . . . 197
Alþjóðavinnumálastofnunin - ILO . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 198
Alþjóða vinnumálaþingið 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 198
Ný samþykkt ILO-185/2003 um persónuskilríki sjómanna . . . 198
Nefnd um aðbúnað og hollustuhætti . . . . . . . . . . . . . . . . . . 198
Nefnd um framkvæmd ILO-samþykkta. . . . . . . . . . . . . . . . . . 198
Nefnd um vinnuréttarsambandið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 200
Nefnd um mannauð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 200
Almennar umræður. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 201
Fátækt. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 201
Ástandið á hernumdu svæðunum. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 202
Fjármál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 202
Önnur mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 202
Réttarstaða fiskimanna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 202
Norræna ILO samstarfið. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 203
Þríhliða nefnd ILO á Íslandi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 203
Þróunarsamvinna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 203
Starf alþjóðanefndar ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 206

**Skipulagsmál og lagabreytingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . 207**
Viðmiðunarreglur um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda samkvæmt 41.gr. laga ASÍ. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 207
Stjórnarkreppa í Verkalýðsfélagi Akraness . . . . . . . . . . . . . . . . . 216

**Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ . . . . . . . . . . . . . 224**
Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2003 . . . . . . . . . . . . . . . 224
Útgáfu- og kynningarmál ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 225

Ímynd ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 226
ASÍ vefurinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 226
Ferðanefnd stéttarfélaganna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 227

**Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur 229**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingargjald, með síðari breytingum, 181. mál . . . . . . . . . . . . . . . 229
Þingsályktunartillaga um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 16. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . 230
Þingsályktunartillaga um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál. . . . . . . . . 231
Þingsályktunartillaga um samanburð á matvælaverði hérlendis og á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu, 7. mál. . . . . . . . . . . . 231
Þingsályktunartillaga um athugun á orsökunum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 231
Þingsályktunartillaga um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 232
Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 21. febrúar 2001 . . . . 232
Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál. . . . . . . . . . . . 233
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 36. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 233
Þingsályktunartillaga um virðisaukaskatt af barnafatnaði, 311. mál. . . 234
Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál. . . . . . . . . . . 234
Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.. . . . . . . . . . . . . . . . 235
Breytingartillaga við frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.. . . . . . . . . . . . . . . . 235
Breytingar á frumvarpi til laga um breytingartillögur á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, 322. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 236
Frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396. mál.. . . . . . . . . . . 237
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002,

168. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 237
Frumvarp til laga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál. . . . . . . . . 239
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál . . . . . . . . . . . . . . . . 240
Frumvarp til laga um neytendakaup, 556. mál, EES-reglur. . . . . . . . . 246
Frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, EES-reglur. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 247
Frumvarp til breytingar á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, 549. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 247
Frumvarp til breytingu á samkeppnislögum, 547. mál. . . . . . . . . . . . . 247
Frumvarp til laga um breytingu á raforkumálum, 462. mál. . . . . . . . . 248
Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 250
Frumvarp til laga um íslenskar orkurannsóknir, 545. mál. . . . . . . . . . 250
Frumvarp til laga um Orkustofnun, 544. mál.. . . . . . . . . . . . . . . . . . . 250
Þingsályktunartillaga um könnun á umfangi fátæktar, 51. mál.. . . . . . 251
Þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 251
Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, hlutabréfasjóðir, 601. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 251
Þingsályktunartillaga um rannsóknir á áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 252
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 448. mál.. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 252
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt, 130. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 253
Frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 253
Þingsályktunartillaga um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs 191. mál. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 254

**Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 255**

**Starfsemi Listasafns ASÍ á árinu 2003 . . . . . . . . . . . . . . 272**

Sýningastafsemi Listasafns ASÍ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 273

Yfirlit yfir sýningar í Listasafni ASÍ 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 274

Sýningar á vegum Listasafns ASÍ. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 275

Millisafnalán og safnauki á árinu 2003 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 276

Vinnustaðasýningar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 277

Niðurlag. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 277

**Fundir og fundasókn miðstjórnarmanna . . . . . . . . . . . 278**

**Ársreikningar ASÍ og tengdra aðila . . . . . . . . . . . . . . . . 280**

**Viðauki: Skýrsla um starf Mímis-símenntunar . . . . . . 361**

# Inngangur



*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ flytur ávarp við setningu fundar um atvinnu- og byggðamál.*

Í þessari skýrslu, skýrslu forseta fyrir árið 2003, er gerð grein fyrir starfsemi Alþýðusambands Íslands og stofnana þess á tímabilinu frá ársfundi 2002, sem haldinn var um mánaðamótin október/nóvember, til ársfundar 2003.

Skýrslan segir frá því helsta sem á dagana hefur drifið á vettvangi Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi. Hér er þó engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða.

Allt frá því í mars 2001 hefur verið í gangi umfangsmikil vinna á vettvangi Alþýðusambandsins um velferðarmál. Síðasti ársfundur fjallaði um ýmsa þætti í þeirri vinnu og lagði línurnar um það hvernig henni skyldi fram haldið. Mikill vinna var lögð í það verk og á vormánuðum var kynntur afrakstur þessarar stefnumótunarvinnu ASÍ í velferðarmálum, undir yfirskriftinni „Velferð fyrir alla“. Mikið og gott samstarf og samráð tókst með fjölmörgum aðilum, stofnunum, einstaklingum og almannaheillasamtökum. Þetta var kynnt með ýmsum hætti, bæði á opnum fundum og með marghéttaðri útgáfustarfsemi.

Á árinu hefur ítrekað verið reynt að þoka málum áfram varðandi jöfnun réttinda opinberra starfsmanna sem eru í ASÍ félögum og þeirra sem eru í félögum opinberra starfsmanna. Reynt hefur verið að fá fjármálaráðherra til að standa við þau fyrirheit sem gefin voru í þessu sambandi, við frágang samkomulagsins um rauðu strikin þann 13. desember 2001. Ráðherra hefur þráast við og ekki verið til viðtals um raunverulega lausn á málinu.

Í september var haldin á vegum Alþýðusambandsins ráðstefna á Grand Hóteli um atvinnu- og byggðamál, undir yfirskriftinni ***Atvinna fyrir alla***. Ráðstefnunni er ætlað að marka upphaf að stefnumótunarvinnu Alþýðusambandsins í þessum málaflokki. Á ráðstefnunni voru flutt nokkur gagnmerk erindi um stöðuna í atvinnu- og byggðamálum og framtíðarmöguleika í þeim efnum. Nánar er fjallað um ráðstefnuna í skýrslunni, auk þess sem sérstakt kynningarrit með fyrirlestrum framsögumanna er eitt af gögnum ársfundar.

Framundan er gerð kjarasamninga hjá flestum aðildarfélögum Alþýðusam-

bands Íslands. Vinnan undanfarna og næstu mánuði markast mjög af undirbúningi samninganna.

Það hefur vart farið framhjá nokkrum að talsverð átök hafa verið við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo um aðbúnað verkafólks við Kárahnjúka. Jafnframt hefur verið tekist á um túlkun kjarasamninga og fyrirkomulag launagreiðslna. Þessi viðfangsefni hafa fyrst og fremst verið á borðum þeirra landssambanda Alþýðusambandsins sem aðild eiga að virkjunarsamningi og jafnframt á borðum Alþýðusambandsins. Þegar þetta er skrifað, virðist hafa þokast í rétta átt. Að undangengnum miklum þrýstingi tókst um miðjan mánuðinn að fá fyrirtækið til að undirrita samkomulag þar sem tekið er á allmörgum þessara mála - einkum hvað varðar fyrirkomulag launagreiðslna. Hvort það heldur til langframa kemur í ljós.

Það sem hér er talið er einungis lítill hluti þess starfs sem fjallað er um í þessari skýrslu. Í henni er jafnframt sagt frá síðasta ársfundi, því helsta í starfi miðstjórnar á árinu og þróun efnahag- kjara- og velferðarmála á árinu. Ítarleg grein er gerð fyrir velferðarvinnunni sem áður er minnst á og vinnunni á sviði atvinnumála. Í kafla um félagsmál er sagt frá vinnu á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála, ábyrgðarsjóði launa og vinnu ASÍ í sambandi við hann, húsnæðismál, vinnuvernd, framkvæmd EES-samningsins og mál sem honum tengjast, m.a. starfinu í Ráðgjafarnefnd EFTA. Í kafla um fræðslumál er m.a. fjallað um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og þeim breytingum sem orðið hafa á fyrirkomulagi fræðslumála á vettvangi hreyfingarinnar frá síðasta ársfundi. Í þeim kafla sem fjallar um erlend samskipti er sagt frá virkri þátttöku Alþýðusambandsins í starfi norrænu og evrópsku verkalýðssambandanna. Jafnframt er gerð grein fyrir þátttökunni í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og samkomulag ASÍ og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem var undirritað á síðasta ársfundi. Í kaflanum um skipulagsmál og lagabreytingar er gerð grein fyrir viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga aðildarfélaga og „stjórnarkreppu í Verkalýðsfélagi Akraness“ og hvernig haldið hefur verið á því máli á vettvangi Alþýðusambandsins. Í stuttum kafla er sagt frá skipulagi og starfi á skrifstofu ASÍ. Þær umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem Alþýðusambandið hefur sent frá sér frá síðasta ársfundi er og birt í skýrslunni. Gerð er grein fyrir fulltrúum ASÍ í nefndum og ráðum, jafnt utan sambands sem innan og einn kafli fjallar um starfsemi Listasafns ASÍ. Sagt er frá fundasókn miðstjórnarmanna og fjölda félagsmanna í aðildarfélögum Alþýðusambandsins. Í lokin eru birtir reikningar ASÍ og tengdra aðila.

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*



*Nokkrir fulltrúar verslunarmanna á síðasta ársfundi.*

# Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2002

## Setning fundarins

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2002 var haldinn á Hótel Loftleiðum, 31. október og 1. nóvember. Fundurinn hófst kl. 10:10. Söngflokkurinn „Fjórar klassískar“ flutti Maístjörnuna og fleiri lög. Að því loknu setti **Grétar Þorsteinsson**, forseti ASÍ fundinn með eftirfarandi ávarpi:

> *„Góðir félagar.*
>
> *Ég býð ykkur öll velkomin til þessa annars ársfundar Alþýðusambands Íslands. Eftir skipulagsbreytingarnar sem við samþykktum á 39. þinginu - árið 2000 - fara ársfundir með æðsta vald sambandsins. Þessi breyting felur í sér verulegar breytingar á mörgu í okkar störfum. Ársfundirnir eru styttri en þingin voru jafnan áður og það eru færri mál undir en áður. Þessar breytingar fela meðal annars í sér að umræðan er meira í takt við það sem er efst á baugi hverju sinni. Við getum líka leyft okkur að koma saman til æðstu samkomu í hreyfingunni - án þess að fjalla um allt sem máli skiptir.*

*Þannig getum við einbeitt okkur að færri málum en við gerðum jafnan á þingunum og gert þeim betri skil. Þar með erum við ekki að leiða hjá okkur önnur stórmál, en það er ekki nema ár þar til tækifæri gefst til að fjalla um þau á þessum vettvangi. Þetta þýðir líka, að við getum verið beittari í allri umfjöllun okkar um efnahagsmál. Við þurfum ekki að horfa fjögur ár aftur í tímann og fjögur fram, eins og við gjarnan gerðum þegar þing voru á fjögurra ára fresti. Við höfum nú þegar fengið staðfestingu á því hve gagnlegt þetta getur verið. Á síðasta ársfundi sendum við frá okkur skýr skilaboð um að í óefni stefndi í efnahagsmálunum ef ekki yrði gripið í taumana. Það stóð heima. Við þekkjum atburðarásina frá síðasta ársfundi. Hún er okkur í fersku minni. Nú getum við endurmetið árangurinn og litið fram veginn. Auk hefðbundinna ársfundarstarfa liggur fyrir okkur að ræða í þaula um tvö mikilvæg málefni, sem bæði hafa verið ofarlega á baugi í hreyfingu okkar á undanförnum misserum. Þetta eru framtíð velferðarkerfisins og Evrópumálin. Búið er að undirbúa þessa umræðu á undanförnum mánuðum og misserum. Við ræddum velferðarmálin á síðasta ársfundi og þau hafa verið til umræðu og umfjöllunar á vettvangi velferðarnefndar síðan. Evrópumálin hafa einnig verið undirbúin rækilega. Undirbúningurinn náði hámarki með ráðstefnunni Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks fyrir rúmum mánuði síðan. Þessi umræða og undirbúningur eiga eftir að verða okkur gott vegarnesti á þeim ársfundi sem hér er að hefjast. Þessi vinna á vonandi eftir að skila íslensku launafólki þeim árangri sem við ætlumst til.*

*Góðir félagar.*

*Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég býð ykkur aftur velkomin til þessa fundar og bið varaforseta Alþýðusambandsins, Halldór Björnsson, að taka við stjórn fundarins.*

*Annar ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur.“*

Halldór Björnsson, varaforseti ASÍ, tók við stjórn fundarins.

## Afgreiðsla ársfundarskapa - fyrri hluti

Halldór kynnti fyrir fundinum tillögu um að gerðar yrðu tilteknar breytingar á fundarsköpum ársfundar þegar í upphafi og þær tækju þegar gildi. Þessar tillögur sneru að meðferð og afgreiðslu kjörbréfa. Tillagan varðaði breytingar á grein 1.4. í fundarsköpum ársfunda ASÍ svohljóðandi:

*Núverandi grein 1.4:*

*„Þegar að setningu ársfundar lokinni og ársfundur er löglegur samkvæmt 22. gr. sambandslaga, skilar kjörbréfanefnd (sbr. 32. gr. sambandslaga) áliti sínu.*

*Framsögumaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir tillögum hennar til fundarsins um, hvort kosning og kjörgengi fulltrúa, aðalmanna eða varamanna í þeirra stað, skuli talin gild sbr. V. kafla sambandslaga.*

*Tillögur kjörbréfanefndar ber forseti sambandsins upp munnlega.“*

*Grein 1.4 hljóði svo:*

*„Þegar að setningu ársfundar lokinni og ársfundur er löglegur samkvæmt 22. gr. sambandslaga, skilar kjörbréfanefnd (sbr. 32. gr. sambandslaga) áliti sínu.*

*Tillögur kjörbréfanefndar skulu liggja frammi og vera ársfundarfulltrúum aðgengilegar í a.m.k. tvær klukkustundir áður en þær eru teknar til afgreiðslu.*

*Framsögumaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir tillögum hennar til fundarsins um, hvort kosning og kjörgengi fulltrúa, aðalmanna eða varamanna í þeirra stað, skuli talin gild sbr. V. kafla sambandslaga.“*

*Tillögu kjörbréfanefndar ber forseti sambandsins upp munnlega án þess að lesin séu einstök kjörbréf. Þó skal lesa þau kjörbréf sem lagt er til að afgreiðslu verði frestað á sbr. grein 1.7.“*

*Í greinargerð miðstjórnar ASÍ með þessari tillögu segir að hér sé lagt til að einstök kjörbréf verði ekki lesin upp nema þau sem afgreiðslu er frestað á. Þess í stað liggi þau frammi í 2 klukkustundir áður en þau eru tekin til afgreiðslu. Rökin fyrir þessari breytingu séu þau að ársfundur sé mun styttri og þéttari en þingin voru og því nauðsynlegt að tíminn sé notaður vel.*

*Fundarstjóri bar fram tillögu Grétars Þorsteinssonar um breytingu á framlagðri breytingatillögu svohljóðandi:*

***2. mgr. í grein 1.4 hljóði svo:***

*„Tillögur kjörbréfanefndar skulu liggja frammi og vera ársfundarfulltrúum aðgengilegar í a.m.k. hálftíma áður en þær eru teknar til afgreiðslu.“*

Fundarstjóri óskaði eftir afstöðu fundarmanna við tillögum miðstjórnar.

Enginn tók til máls og var tillaga miðstjórnar ASÍ ásamt framkominni breytingatillögu Grétars samþykkt með öllum þorra atkvæða. Einn var á móti.

## Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ Jónsson, talsmaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir áliti nefndarinnar. Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Guðmundar, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson. Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 29. október sl. til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ 2002.

Guðmundur las upp nöfn þeirra aðildarfélaga sem skilað höfðu kjörbréfum

og fjölda fulltrúa. Þá vísaði hann til lista yfir nöfn fulltrúa samkvæmt þeim kjörbréfum sem borist höfðu, raðað eftir aðildarfélögum, sem dreift hafði verið á fundinum. Alls höfðu 74 félög sent inn kjörbréf, vegna 261 fulltrúa og lagði kjörbréfanefnd til að öll kjörbréfin sem borist hefðu yrðu samþykkt. Að fengnum athugasemdum voru kjörbréfin samþykkt.

## Kjör starfsfólks ársfundar

Halldór Björnsson gerði tillögu um Hákon Hákonarson sem fundarstjóra á ársfundinum. Tillagan var samþykkt samhljóða. Hákon tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Bjarndísi Lárusdóttur sem 1. varafundarstjóra og Signýju Jóhannesdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Hákonar var samþykkt samhljóða. Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Hjördísi Þóru Sigurþórsdóttur og Kristján Jóhannsson sem skrifara. Sem ritara fundargerðar ársfundar gerði hann tillögu um Ingunni S. Þorsteinsdóttur og Ingvar Sverrisson. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

## Skýrsla forseta og reikningar ASÍ

*Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og MFA*

***Grétar Þorsteinsson,*** *forseti ASÍ fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:*

„Fundarstjóri - félagar

*Skýrslan sem hér liggur fyrir er skýrsla um störf Alþýðusambands Íslands árin 2001 og 2002 og því stærri en við eigum að venjast. Á síðasta ársfundi var lögð fram áfangaskýrsla um störfin þá 6 mánuði sem liðnir voru frá 39. þinginu. Hér gefst ekki tóm til að fara yfir allt það sem fram kemur í skýrslunni, en þó er rétt að reifa nokkur atriði úr starfinu. Þar ber auðvitað hæst þróunin og atburðarásin í efnahagsmálunum.*

*Það er rétt að rifja það upp, að fljótlega eftir síðasta þing Alþýðusambandsins - fyrir tæpum tveimur árum - boðuðu stjórnvöld hertar skattaálögur, sem fólust í heimild til sveitarfélaga til að hækka útsvar, án þess að aðrar álögur væru lækkaðar á móti. Þessu mótmæltum við harðlega og sögðum að með þessu væri verið að grafa undan markmiðum kjarasamninga.*

*Mikið og gott starf var unnið í aðdraganda að endurskoðun launaliðar kjarasamninga í febrúar 2001. M.a. var haldin kjaramálaráðstefna formanna aðildarfélaga ASÍ í ársbyrjun 2001. Vinnan skilaði þeim árangri að bætt var í launalið kjarasamninganna, auk þess sem desember- og orlofsuppbót voru hækkaðar. Í tengslum við þessa niðurstöðu gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að skatthlutfallið skyldi lækkað frá áramótum 2002, þannig*

*að skattleysismörk fylgdu launaþróun. Jafnframt sagði í yfirlýsingunni að skoða skyldi kosti og galla fjölþrepa skattkerfis í samvinnu við verkalýðshreyfinguna og stutt yrði við virkt verðlagseftirlit Alþýðusambandsins. Ég held að flestir hljóti að vera sammála þeirri skoðun að endurskoðunarákvæði samninganna sannaði þarna ótvírætt gildi sitt.*

*Á ársfundinum vorið 2001 var fjallað talsvert um kjara- og efnahagsmál. Við vöruðum ríkisstjórnina ítrekað við ofþensluástandi og þeirri hættu sem væri samfara harkalegri lendingu úr góðærisfluginu eins og það var gjarnan kallað. Við lögðum - eins og jafnan - ríka áherslu á ábyrgð allra aðila á því að viðhalda stöðugleikanum. Þess vegna var það okkur mikið áhyggjuefni eftir síðasta ársfund og einkum þegar líða tók á haustið, hversu dræmar undirtektir voru við tillögum okkar um aðgerðir í efnahagsmálum. Við knúðum oft dyra hjá ríkisstjórninni og leituðum eftir því að hún gripi til aðgerða. Við skilgreindum meira að segja hvaða aðgerða þyrfti að grípa til. Ríkisstjórnin kaus að láta sem ekkert væri. Ástandið kæmi til með að lagast af sjálfu sér. Það mætti ekki grípa inn í þegar markaðurinn væri annars vegar. Við vorum ekki tilbúin að sætta okkur við þetta. Miðstjórn Alþýðusambandsins ályktaði eftirfarandi á fundi sínum þann 5. september:*

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum af stöðu og horfum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Bæði hefur verðbólga undanfarna mánuði verið óásættanlega mikil vegna mikillar gengislækkunar íslensku krónunnar og langvarandi hás vaxtastigs. Jafnframt hefur komið í ljós að þrátt fyrir góðæri hefur ríkissjóður verið rekinn með miklum halla vegna stóraukinna lífeyrisskuldbindinga sem fjármagna verður með auknum sköttum og álögum á almenning og fyrirtæki á næstu árum. Miðstjórn ASÍ telur, að verði ekki gripið í taumana með beinum aðgerðum ríkisstjórnar og Seðlabanka sé hætta á verulegum samdrætti á næstu mánuðum sem erfitt verði að snúa við. ASÍ hefur lagt fram tillögur til ríkisstjórnar um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir greiðsluerfiðleika heimila og fyrirtækja, en lítið verið að gert.“*

*Í byrjun september óskuðum við - ásamt Samtökum atvinnulífsins - eftir fundi með ríkisstjórninni og bentum á, að allt stefndi í að það reyndi á uppsagnarákvæðið í kjarasamningunum. Ríkisstjórnin var á þessum tíma með fjárlagafrumvarp í vinnslu og fulltrúar hennar sögðu, að í því væri að finna aðgerðir sem miðuðu að auknum stöðugleika. Þar væri m.a. að finna róttækar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja. Við gerðum strax alvarlegar athugasemdir við þessar hugmyndir.*

*Þegar tillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar, kallaði það þegar á hörð viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar. Miðstjórn Alþýðusambandsins var köll-*

*uð saman til aukafundar 8. október. Við höfðum ekki aðeins efnislegar athugasemdir við þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar, heldur höfðum við fjölmargt við það að athuga hvernig málið bæri að. Það var nefnilega þannig, að ríkisstjórnin hafði gefið okkur loforð um að aðgerðir í efnahagsmálum yrðu mótaðar að höfðu samráði við verkalýðshreyfinguna. Miðstjórn samþykkti harðorða ályktun á fundi sínum þann 8. október. Í henni segir meðal annars:*

*„Alþýðusamband Íslands telur að með boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum hafi kjarasamningar á almennum vinnumarkaði verið settir í uppnám.“*

*Þetta var síðan rökstutt ítarlega í ályktuninni. Andstaðan við þessar skattabreytingar var mikil innan Alþýðusambandsins og ljóst að þær gáfu ekki góðan tón varðandi endurskoðun kjarasamninga í febrúar. Við veltum því fyrir okkur, hvort við ættum að setja allan okkar kraft í að berjast af þunga gegn þessum aðgerðum, eða hvort brýnasta úrlausnarefnið - næstu mánuði - væri að ná niður verðbólgunni. Það varð ofan á - að leggja höfuðáherslu á það - þó við gerðum það alla tíð ljóst hvaða álit við hefðum á skattabreytingunum. Það kom í ljós þarna um haustið, að ríkur vilji var til þess innan okkar raða að menn hefðu með sér náið samráð við endurskoðun launaliðarins, jafnvel þó ekki væru allir með nákvæmlega samskonar ákvæði í sínum kjarasamningum. Haldnir voru nokkrir samráðsfundir þeirra aðila sem voru með sambærileg uppsagnarákvæði, en ríkisstjórnin sat við sinn keip. Forsætisráðherra sagðist gera sér grein fyrir - að allt stefndi í að forsendur væru fyrir því að segja upp launaliðnum, en það væri eigi að síður óskynsamlegt. Hann reyndi þannig að ýta ábyrgðinni frá sér og ríkisstjórninni, yfir á okkur.*

*Þann 10. desember var boðaður fundur formanna allra aðildarfélaga í Alþýðusambandinu, þar sem taka átti endanlega ákvörðun um hvort - og með hvaða hætti verkalýðshreyfingin kæmi að málum. Áður höfðum við lagt fram skýrar tillögur til atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar um það með hvaða hætti við vildum að tekið yrði á málum. Í byrjun desember fóru línur að skýrast. Það varð ljóst, að ríkisstjórnin ætlaði að taka einhvern þátt í aðgerðum. Á fundinum 10. desember, lá í aðalatriðum fyrir á hvaða nótum líklegt væri að samkomulag gæti orðið. Samkomulag var síðan undirritað þann 13. desember. Í því fólst að endurskoðun launaliðar var frestað fram í maí, sett voru skýr verðlagsviðmið - svokölluð rauð strik - og ef það gengi ekki eftir, yrði launaliðurinn uppsegjanlegur. Ég ætla ekki að rekja innihald þessa samkomulags hér, en fara nokkrum orðum um eftirmálin.*

*Þegar í janúar, þ.e. við fyrstu mælingar eftir að samkomulagið var und-*

*irritað, töldu menn litlar líkur á að það héldi. Verðbólga var um 10% á árs-grundvelli. Við sáum að við svo búið mátti ekki standa, ef ekki ætti að stefna í kollsteypu. Við undirbjuggum herferð heimsókna til ýmissa aðila sem vitað er - að með aðgerðum sínum hafa mikil áhrif á þróun verðlags. Við heimsóttum stærri sveitarfélög, olíufélög, banka, tryggingafélög, stærstu matvöruverslanir, stærstu birgja og ýmsa fleiri. Ríkisstjórnin lagði síðan sitt lóð á vogarskálarnar og dró til baka hækkanir, einkum í heilbrigðiskerfinu, sem staðfestar höfðu verið í lok haustþings. Það þarf ekki að fjölyrða um árangurinn. Rauðu strikin héldu og það tókst að vinda ofan af verðbólgunni, jafnvel hraðar en menn þorðu að vona. Núna er verðbólga 2,9% prósent á ársgrundvelli og sex mánaða verðbólga er 2%. Stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað um rúm fjögur og hálft prósentustig og áframhaldandi vaxta-lækkanir eru boðaðar. Þó þetta hafi tekist, eru tvö atriði frá samkomulaginu 13. desember sem ekki hafa gengið eftir. Þar er annars vegar við atvinnurek-endur að sakast og hins vegar við ríkisstjórnina, einkum fjármálaráðherra. Samtök atvinnulífsins hafa ekki verið tilbúin að standa við eitt prósent í viðbótarlífeyrissparnað gagnvart sjómönnum. Það mál er nú fyrir Félagsdómi. Síðan hefur hvorki gengið eða rekið í viðræðum við fjármálaráðherra um jöfnun réttinda okkar fólks sem starfar hjá ríkinu við réttindi annarra ríkis-starfsmanna. Það verður að koma í ljós á næstu mánuðum hvort ráðherrann sér að sér eða hvort við verðum að beita samtakamættinum við endurnýjun kjarasamninga að ári.*

*Við höfum sýnt hverju við getum áorkað með samtakamættinum. Árangurinn í baráttunni við verðbólguna náðist ekki af sjálfum sér. Við þurftum að hafa fyrir árangrinum og beita nokkrum þrýstingi til að fá alla þá aðila til liðs við okkur sem nauðsynlegt var að kæmu að verki. Ég hef margsinnis hamrað á því á undanförnum mánuðum að þetta hefði ekki verið mögulegt, nema af því að við komum samstillt til þessa verks. Ég er þess fullviss að þetta hefði ekki reynst okkur mögulegt fyrir nokkrum misserum. Við eigum ekki að vera feimin við að minna okkur á þetta - og rifja upp söguna, allra síst á samkomum sem þessari. Ársfundur Alþýðusambandsins - líkt og þingin áður - gegnir í aðalatriðum þríþættu hlutverki. Í fyrsta lagi er hann vettvangur til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi í hreyfingu okkar og þjóðfélaginu hverju sinni. Í öðru lagi til að kjósa okkur forystu og í þriðja lagi - og það er ekki síst mikilægt - að efla félagsvitundina og samstöðuna.*

*Yfirskrift fundarins - Afl í þína þágu - er vitaskuld skírskotun í þetta. Það er skírskotun í samstöðuna og það afl sem hún getur framkallað.*

*Félagar,*

*Þessi fundur okkar hér gegnir öllum þessum hlutverkum. Við ætlum að*

*fara ítarlega yfir velferðarmálin og framtíð velferðarkerfisins. Það er umræða sem við hófum fyrir nokkrum misserum og héldum meðal annars glæsilega ráðstefnu í mars á síðasta ári. Fyrir nokkrum vikum héldum við ekki síður glæsilega ráðstefnu - um hitt meginmálefni þessa fundar. Ráðstefnan var haldin undir yfirskriftinni - Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks.*

*Við þekkjum það í allri umræðu um þessi mál, að þau eru gjarnan sett í mjög þröngt samhengi í opinberri umræðu. Oftast er fjallað um Evrópumálin út frá viðskiptasjónarmiðum einvörðungu. Evrópusamvinnan felur í sér miklu meira og hefur skilað íslensku launafólki margvíslegum ávinningi. Við viljum tryggja að á Íslandi verði upplýst umræða í báðum þessum málaflokkum. Alþýðusambandið ítrekar varnaðarorð sín um sameiginlega ábyrgð allra aðila - á því að tryggja lífskjör heimilanna í landinu - því þau eru jú undirstaða samfélagsins.*

*Í kjölfar síðustu kjarasamninga varð gríðarleg breyting á umhverfi starfsmenntamálanna, einkum með stofnun fræðslusjóðanna. Á síðasta ársfundi var tekin ákvörðun um að ganga lengra í samvinnu og samstarfi ASÍ og MFA og mikið starf hefur farið fram á þeim vettvangi, ekki síst í sambandi við það viðfangsefni sem við höfum kallað Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og tengist samkomulaginu frá 13. desember. Þar sjáum við mikla möguleika sem ástæða er til að vinna að áfram.*

*Húsnæðismál hjá stórum hópum í samfélaginu eru í sjálfheldu. Ákvörðun um að draga verulega úr niðurgreiðslu vaxta í félaglega kerfinu bitnar á þeim sem síst skyldi. Þeim breytingum sem gerðar hafa verið á síðustu árum hefur ekki fylgt nauðsynleg fjölgun félagslegra leiguíbúða - og það sem skiptir ekki minna máli - að gera lágtekjufólki kleift að búa í slíku húsnæði. Ef menn vilja af alvöru takast á við þetta vandamál, þá verður leigan að vera viðráðanleg fyrir þetta fólk. Húsaleigubætur duga þar ekki til, nema þær verði hækkaðar verulega.*

*Í gögnum ykkar er að finna reikninga Alþýðusambandsins, MFA og viðeigandi stofnana. Ég ætla ekki að fjalla um þá sérstaklega hér, en þeir hafa fengið umfjöllun hjá til þess bærum aðilum, þar með talinni miðstjórn og stjórn MFA.*

*Félagar,*

*Verkalýðshreyfingin gegnir mjög mikilvægu og vaxandi hlutverki.*

*Lestur skýrslu forseta ætti að sannfæra okkur um það. Þó er ekki allt tíundað, enda hefði skýrslan þá líklega þurft að koma út í fleiri bindum.*

*Ég vil ekki skilja við þetta efni án þess að minnast á alþjóðamálin. Ég hef áður minnst á Evrópuráðstefnuna og umfjöllunina sem hér er fyrirhuguð um þau mál. Í öllu starfi Alþýðusambandsins er skírskotun til alþjóða-*

*mála - og Alþýðusambandið er þátttakandi í fjölbreyttu starfi alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar.*

*Það er ekki að ástæðulausu sem réttindi launafólks og stéttarfélaga eru sérstaklega varin sem grundvallarmannréttindi í alþjóðlegum sáttmálum. Því miður er það svo að víða um heim eru þessi réttindi ekki sjálfsögð.*

*Víða býr fólk við kúgun sem við hér á Íslandi eigum erfitt með að ímynda okkur. Við þekkjum nýleg dæmi um framgöngu Ísraelsmanna í Palestínu. Þar eyðilögðu Ísraelsmenn höfuðstöðvar palestínska alþýðusambandsins - sem voru meðal annars reistar fyrir norrænt fé. Síðan hafa þeir ofsótt og fangelsað ýmsa forystumenn. Við - sem búum við mikið öryggi hvað þetta varðar - berum mikla ábyrgð. Til okkar er horft um það hvernig réttindamál ganga fram. Það er því afar mikilvægt að við sýnum gott fordæmi með því að fullgilda samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, jafnvel þó efni sumra þeirra hafi lítið að segja fyrir íslenskt launafólk. Þannig getum við stutt baráttu félaga okkar víða um heim.*

*Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka samstarfsfólki mínu í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og jafnframt þakka frábæru starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi. Að endingu vil ég ítreka það, að samstaðan - og starfið innan hreyfingar okkar mun öðru fremur móta kjör íslensks launafólks á komandi árum. Þess vegna er ábyrgð okkar mikil. Við skulum fara vel með hana - hér eftir - sem hingað til.“*

Að lokinni framsögu forseta var opnað fyrir umræðu um efni skýrslunnar og reikninga.

Til máls tóku Gunnar Kristmundsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir Þorbjörn Guðmundsson, Sigurjón Einarsson, Guðbrandur Einarsson og Gylfi Arnbjörnsson. Að umræðum loknum voru reikningar ASÍ, MFA og Listasafns ASÍ samþykktir samhljóða.

## Fundarsköp ársfundar - síðari hluti

Áður hefur verið greint frá breytingum sem gerðar voru á fundarsköpum ársfundar við upphaf fundarins. Forseti ASÍ, Grétar Þorsteinsson gerði grein fyrir tillögum miðstjórnar ASÍ til breytinga á fundarsköpum ársfundar. Tillögurnar sem koma fram á skjali 3, fela í sér breytingar á ákvæðum um fjölda skrifara sbr. grein 2.1, um kjörnefnd sbr. grein 3.2., um nefndarmenn sbr. grein 3.3., um önnur mál sbr. ný grein 4.8, um skilyrði fyrir tillöguflutningi á ársfundi sbr. grein 5.1. og 5.2., um breytingatillögur sbr. grein 5.6., um auða og ógilda atkvæðaseðla sbr. grein 6.6. og um tilnefningar í trúnaðarstöður sbr. grein 6.10.

Miklar umræður urðu um einstaka liði í tillögum miðstjórnar og þá einkum um tillögur að breytingum á greinum 5.1. og 6.10 þar sem gerð er krafa um ákveðinn stuðning við tillögur sem koma ekki fram fyrr en á ársfundi.

Guðmundur Þ Jónsson lagði til að í stað 10% ársfundarfulltrúa í grein 5.1 og 6.10 kæmu 15 ársfundarfulltrúar. Hervar Gunnarsson flutti tillögu um að aftan við grein 3.2. komi nýr málsliður svohljóðandi: „Tillögur nefndarinnar skal senda aðildarfélögum og ársfundarfulltrúum með sama hætti og önnur gögn vegna ársfundar."

Allmiklar umræður urðu um tillögurnar. Til máls tóku, auk tillöguflytjenda, Jón Guðmundsson, Örn Friðriksson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Hermann Guðmundsson, Sigurður Bessason, Hannes Þ. Sigurðsson, og Magnús M. Norðdahl.

Fyrirliggjandi tillögur voru bornar undir atkvæði. Niðurstöður fara hér á eftir.

1. *Grein 2.1. Tillaga miðstjórnar um fækkun skrifara úr fjórum í tvo. Tillaga samþykkt samhljóða.*
2. *Grein 3.2. Fyrst tekin fyrir breytingartillaga frá Hervari Gunnarsson. Tillaga felld með afgerandi mun atkvæða.*
3. *Grein 3.2. Tillaga miðstjórnar. Samþykkt samhljóða.*
4. *Grein 3.3. Tillaga miðstjórnar. Samþykkt samhljóða.*
5. *Grein 4.8. Tillaga miðstjórnar að nýrri grein. Samþykkt samhljóða.*
6. *Grein 5.1. Tillaga Hermanns Guðmundssonar um 5 ársfundarfulltrúa. Samþykkir:93. Á móti:104. Tillagan felld.*
7. *Grein 5.1. Tillaga Guðmundar Þ Jónssonar um 15 ársfundarfulltrúa. Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi fjölda atkvæða. Greinin borin upp í heild sinni og samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.*
8. *Grein 5.2. Tillaga miðstjórnar. Samþykkt samhljóða.*
9. *Grein 5.6. Tillaga Gunnars Páls Pálssonar og Ingibjargar R. Guðmundsdóttur Samþykkt. Einn á móti.*
10. *Grein 6.6.  Tillaga miðstjórnar. Samþykkt samhljóða.*
11. *Grein 6.10. Tillaga Hermans Guðmundssonar um að 5 fulltrúar komi í stað 10%. Tillaga felld með afgerandi mun atkvæða.*
12. *Grein 6.10. Tillaga Guðmundar Þ Jónssonar um að 15 fulltrúar komi í stað 10%. Tillaga samþykkt.*
13. *Grein 6.10. Tillaga miðstjórnar. Samþykkt með sömu breytingu og gerð var á grein 5.1.*
14. *Grein 5.6. Tillaga miðstjórnar ásamt tillögu Gunnars Páls Pálssonar og Ingibjargar R. Guðmundsdóttur um breytingar. Tillaga samþykkt samhljóða.*

15. *Fundarsköp fyrir ársfund ASÍ borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.*

***Málefni - framsögur og umræður***

## Velferðarkerfi framtíðarinnar

Gerð var tillaga um Þorbjörn Guðmundsson sem formann Velferðarnefndar ársfundarins. Þrjár undirnefndir störfuðu með velferðarnefndinni: Nefnd um heilbrigðis- og umönnunarmál, stýrt af Þorbirni, nefnd um afkomutryggingar undir forsæti Guðbrands Einarssonar og nefnd um fátækt undir stjórn Haraldar Jónssonar.

Þorbjörn Guðmundsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og tillögum. Þorbjörn sagði frá undirbúningi þessarar vinnu í aðdraganda ársfundarins, kortlagningu velferðarkerfisins og greiningu á líklegri framtíðarþróun. Þorbjörn greindi frá því að leitað hefði verið eftir samstarfi við stjórnvöld og ríkisstjórn en það ekki tekist.

Velferðarnefndin leggur til að ASÍ stuðli að velferðarkerfi sem byggir á fjórum meginstoðum. Í fyrsta lagi á öflugu menntakerfi. Í öðru lagi á öflugu umönnunarkerfi, þar sem börn, aldraðir og langveikir njóti öryggis og umhyggju. Í þriðja lagi á heilbrigðiskerfi, sem tryggir þjónustu af miklum gæðum og nær jafnt til líkamlegrar og andlegrar vellíðunar. Í fjórða lagi á tryggingakerfi, sem tryggir tekjulegt öryggi vegna afkomu og áfalla þar sem grunnurinn er aðgengi eftir þörfum en ekki kaupgetu og efnahagslegri stöðu. Nauðsynlegt sé að fjármögnun kerfisins sé byggð á réttlátu skattkerfi.

Auk tillagna velferðarnefndarinnar var tillögum frá Verkalýðsfélaginu Hlíf, um heilsuvernd og læknisskoðun starfsmanna fyrirtækja annars vegar og tillögu um málefni öryrkja hins vegar komið til nefndarinnar.

Velferðarnefndin kom þrisvar sinnum saman meðan á ársfundi stóð, bæði í undirnefndum og sem heild. Miklar umræður urðu á fundum nefndarinnar. Þó nokkrar breytingar voru gerðar á orðalagi tillagnanna og tillögur Hlífar voru að nokkru leyti felldar inn í endanlega tillögu velferðarnefndarinnar og í almennum umræðum á ársfundi. Í þeim tóku eftirtaldir þátt: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Sigurður T. Sigurðsson Sveinn Hálfdánarson, Benóný Benediktsson, Stefanía Magnúsdóttir, Ágúst Ólafsson, Guðbrandur Einarsson, Svanur M. Gestsson, Haraldur Jónsson og Guðrún Erlingsdóttir.

Tillaga velferðarnefndarinnar var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

## Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks

Gunnar Páll Pálsson var formaður alþjóðanefndar fundarins. Í framsögu sinni rakti hann meginatriðin í niðurstöðum Alþjóðanefndar, um hver skyldi vera framtíðarsýn Alþýðusambandsins. Þar kom m.a. fram að Íslendingar ættu að setja sér það markmið í efnahags- atvinnu- og félagsmálum að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð. Það verði gert með efnahagsstjórn sem byggi á að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja.

Nokkrar breytingar og viðbætur urðu á tillögunum í meðförum nefndarinnar á fundum, þar sem m.a. var gert ráð fyrir mikilvægi þess að treysta stöðu útlendinga á vinnumarkaði og að tryggja að þeir verði ekki notaðir til að skerða kjör eða draga úr réttindum á vinnumarkaði. Jafnframt var bætt við áherslum um nauðsyn þess að auka þekkingu íslensks launafólks á Evrópusamvinnunni.

Nokkrar umræður urðu um tillögu nefndarinnar. Í þeim tóku þátt Sigurður T. Sigurðsson, Sigurður Bessason og Guðbrandur Einarsson.

Tillagan var loks borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða, með áorðnum breytingum.

## Laga- og skipulagsmál

Haukur Harðarson formaður stjórnar MFA kynnti tillögur forseta ASÍ og formanns stjórnar MFA að breytingum sem snúa að hinni félagslegu fræðslu og öðrum fræðslumálum. Á síðasta ársfundi var forsetum og formanni stjórnar MFA falið að móta og hrinda í framkvæmd áætlun um frekara samtarf ASÍ og MFA. Viðfangsefnið var nánar tiltekið að svara því af hverju ASÍ ætti að koma að fræðslustarfsemi, með hvaða hætti og fyrir hverja. Jafnframt hvort aðrar leiðir kæmu til álita í því sambandi, með hverjum væri hægt að vinna og með hvaða hætti tengslin milli hlutaðeigandi aðila ættu að vera. Að mati Hauks hefur MFA náð miklum árangri í sinni starfsemi en e.t.v. væri komið að endimörkunum. Haukur fjallaði um þær hugmyndir sem verið hafa í umræðunni síðan þá. Tillaga um málið var samþykkt í miðstjórn ASÍ 19. júní 2002, sem felur í sér umfangsmiklar breytingar á aðkomu ASÍ að menntamálum og þar með talið starfsemi MFA. Lagði Haukur áherslu á mikilvægi þess að þessar tillögur væru skoðaðar í heild sinni. Tillögurnar fela m.a. í sér að sú starfsemi MFA sem ekki snýr beint að námi fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar verður flutt til Mímis eða til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá verði rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Mímis aðskilin frá rekstri MFA.

Haukur benti á að það væri ekki síst vegna að aðkomu atvinnurekanda sem

aðskilnaður félagslegs náms væri nauðsynlegur. Það þýði að þróun og ákvörðunartaka verður í höndum verkalýðshreyfingarinnar.

Tillögurnar gera ráð fyrir því að miðstjórn ASÍ skipi stjórn MFA og setji stofnuninni starfsreglur. Yfirstjórn fræðslumála, hvort sem þau varða MFA, Mími eða FA, verða í höndum menntanefndar ASÍ.  Haukur skoraði á ársfundarfulltrúa að samþykkja tillögur forseta ASÍ og formanns stjórnar MFA.

Grétar Þorsteinsson kynnti aðrar tillögur miðstjórnar ASÍ að lagabreytingum. Þá gerði Grétar í stuttu máli grein fyrir reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar ársfundarfulltrúa en setning hennar staðfestir fyrst og fremst þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið.

Halldór Björnsson gerði grein fyrir störfum skipulags- og starfsháttanefndar.  Mælti hann með því fundurinn samþykkti tillögur að lagabreytingu.

Finnbjörn Hermannsson kynnti álit menntanefndar og drög að ályktun. Þar kemur fram, að nefndin styður þær hugmyndir og tillögur sem fram hafa komið um breytt skipulag varðandi mennta- og fræðslumálin.

Nokkrar umræður urðu um tillögurnar. Til máls tóku auk áðurnefndra: Hannes Þ. Sigurðsson, Hermann Guðmundsson, Stefanía Magnúsdóttir, Ásdís Guðmundsdóttir, Gunnar Páll Pálsson, Sigurður T. Sigurðsson og Sigurður Bessason. Tillögur um lagabreytingar og ályktun menntanefndar voru síðan bornar undir atkvæði og samþykktar.

## Önnur mál ársfundar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir stýrði starfi allsherjarnefndar. Nefndin kom tvisvar saman á fundinum og með henni störfuðu um tíu fulltrúar. Til nefndarinnar var vísað þremur tillögum að ályktunum frá Verkalýðsfélaginu Hlíf. Þetta voru tillögur um afnám verðtryggingar íbúðarlána, um hækkun skattleysismarka og ályktun um fullgildingu stjórnvalda á samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni.

Full sátt var innan nefndarinnar um tillögur sem nefndin lagði fram og Vlf. Hlíf dró sínar tillögur til baka. Allsherjarnefnd lagði fram tillögur um kjaramál, skattamál og húsnæðismál.

Nokkrar umræður urðu um ályktanir og tillögur allsherjanefndar. Eftirtaldir fundarmenn tóku til máls: Gunnar Páll Pálsson, Sveinn Hálfdánarson, Sigurður T. Sigurðsson, Kristinn Sævar Jóhannsson, Svanur M. Gestsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sævar Gunnarsson, Kristján Gunnarsson, Guðmundur Gunnarsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Ásdís Guðmundsdóttir.

Að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu í umræðum voru tillögur allsherjarnefndar samþykktar samhljóða.

## Samstarf við Þróunarsamvinnustofnun

Á ársfundinum var undirritað við hátíðlega athöfn samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um þróunaraðstoð. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ og Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar undirrituðu samkomulagið sem birt er annars staðar í þessari skýrslu. Fram kom í ræðu sem Sighvatur flutti af þessu tilefni að verkefni stofnunarinnar væru ekki neyðaraðstoð, heldur að aðstoða fólk til sjálfshjálpar. Stofnunin hefur m.a. einbeitt sér að verkefnum á sviði menntamála og að því að bæta stöðu kvenna í vanþróuðum ríkjum. Framlagi ASÍ verður ráðstafað óskipt í þessi verkefni. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ flutti eftirfarandi ræðu við athöfnina:

> *„Fundarstjóri, félagar,*
>
> *Á 39. þingi Alþýðusambandsins, fyrir tveimur árum síðan, var samþykkt ályktun um að miðstjórn kannaði með hvaða hætti ASÍ gæti komið beint að aðstoð við þróunarlöndin, líkt og systursamtök okkar m.a. á Norðurlöndunum hafa gert.*
>
> *Þetta mál hefur verið til skoðunar síðan af hálfu sambandsins. Niðurstaðan er sú, að efna til samstarfs við Þróunarsamvinnustofnun Íslands, sem fer með þessi mál fyrir hönd stjórnvalda.*
>
> *Það er okkar mat, að með samstarfi við Þróunarsamvinnustofnunina, verði tryggt að þeir fjármunir sem við setjum í þróunaraðstoð, nýtist því fólki sem býr í þeim löndum sem stofnunin starfar í.*
>
> *Samstarfssamningur okkar við stofnunina er rammasamningur, sem kveður á um með hvaða hætti við munum eiga samstarf.*
>
> *Ætlunin er, að það verði einkum á sviði fullorðinsfræðslu og öryggis- og aðbúnaðarmála launafólks auk sértækari verkefna vegna neyðaraðstoðar.*
>
> *Í starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir hvert ár verður tekin ákvörðun um einstök verkefni og mun Þróunarsamvinnustofnun skila okkur sérstakri skýrslu um framgang viðkomandi verkefna.*
>
> *Samhliða undirritun þessa samkomulags hafa miðstjórn og stjórnir allra landsambanda innan Alþýðusambandsins tekið ákvörðun um að ASÍ og landsamböndin muni leggja fram 1,5 mill. kr. til þess að fjármagna lyfja- og matvælaaðstoð fyrir sjúklinga á sjúkrahúsi stofnunarinnar í Malaví, vegna yfirvofandi malaríufaraldurs í þeirri miklu hungursneyð sem þar ríkir. Þetta verður fyrsta framlag okkar til þróunaraðstoðar samkvæmt þessum samningi.“*

## Kosningar og kosningaúrslit

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar um forseta ASÍ og þess hluta aðal- og varamanna í miðstjórn sem kjósa skyldi á þessum ársfundi samkvæmt lögum. Nefndin gerði eftirfarandi tillögu:

**Forseti ASÍ:**

Grétar Þorsteinsson

**Aðalmenn:**

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, Finnbjörn A. Hermannsson, Trésmíðafélagi Reykjavíkur, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR, Níels S. Olgeirsson, Félagi matreiðslumanna, Sigurður Bessason, Eflingu - stéttarfélagi og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA.

**Varamenn:**

Ágúst Óskarsson, Verslunarmannafélagi Húsavíkur, Kristján Gunnarsson, Vl. og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Þorsteinn Gunnarsson, Félagi framreiðslumanna og Örn Friðriksson, Félagi járniðnaðarmanna.

Engar aðrar tillögur bárust og voru því ofangreind réttkjörin til nefndra embætta.

## Kjörnefnd

Eftirtalin voru skipuð í kjörnefnd til ársfundar 2003:

Haraldur Jónsson, Félagi íslenskra rafvirkja; Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar; Kristín Björnsdóttir, Verslunarmannafélagi Austurlands; Kristján Gunnarsson, Verkalýðs- og sjómannafél. Keflavíkur og nágrennis; Níels S. Olgeirsson, Félagi matreiðslumanna; Sigurður Bessason, Eflingu - stéttarfélagi; Stefanía Magnúsdóttir, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur; Unnur Helgadóttir, Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar; Þorbjörn Guðmundsson, Trésmiðafélagi Reykjavíkur.

## Samþykktir ársfundar

### *Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks*

Áherslur og helstu verkefni Alþýðusambands Íslands:

Það er óumdeilt að Evrópusamvinnan og þá sérstaklega samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hefur þjónað hagsmunum Íslands vel. Með EES-samningnum var íslensku efnahagslífi skapaður hliðstæður rammi og íslenskum fyrirtækjum sambærileg skilyrði og samkeppnisreglur og gilda annars staðar á svæðinu. Íslensk fyrirtæki og atvinnulíf hafa sýnt að til staðar er vilji og geta til að nýta sér þá möguleika sem Evrópusamvinnan hefur fært þeim til

að efla starfsemi sína og auka samkeppnishæfni. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu og þátttaka Íslands í Evrópusamvinnunni hafa jafnframt haft mikla þýðingu fyrir framþróun vinnumarkaðar hér á landi og réttarstöðu launafólks.

Með EES-samningnum, sem tók gildi hér á landi í ársbyrjun 1994, fylgdu margháttaðar réttarbætur fyrir launafólk. Til grundvallar lá starf evrópskrar verkalýðshreyfingar, sem frá upphafi gerði kröfu um að Evrópusamvinnan hvíldi á tveimur stoðum, annarri efnahagslegri og hinni félagslegri. Samhliða sameiginlega markaðnum, aukinni samkeppni og frjálsræði í viðskiptum, hefur því fylgt félagsleg þróun sem miðar að því að bæta kjör og treysta réttindi launafólks og allra íbúa Evrópu. Aukið samstarf Evrópuþjóða hefur þannig ekki síður félagsleg og pólitísk markmið en efnahagsleg. Þróun og staða Evrópusamvinnunnar í dag á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála endurspeglar árangur af starfi evrópskrar verkalýðshreyfingar og þá sátt sem náðst hefur um þessa þætti í Evrópu. Þannig má segja að íslenskt launafólk hafi með auknum réttindum notið ávaxtanna af starfi og sameiginlegum árangri evrópskrar verkalýðshreyfingar.

Frá því að EES-samningurinn var gerður hefur áfram verið unnið að því að treysta stöðu og réttindi launafólks í Evrópu. Því liggur fyrir að gildistaka fjölda nýrra reglna á sviði vinnuréttar hér á landi. Þá er ótalið öflugt og vaxandi samstarf Evrópuríkja um starfs- og símenntun, sem ætlað er að bæta stöðu launafólks, samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka þannig hagsæld í Evrópu. Þar til viðbótar má nefna samstarfsverkefni á sviði vinnuverndar, jafnréttismála og neytendaverndar.

Þeir ávinningar sem íslenskt launafólk hefur fengið með EES-samningnum, eru óumdeildir. Það er jafnframt óumdeilt, að starf Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess á þessu sviði, hefur skipt miklu. Á vettvangi ASÍ var sú ákvörðun tekin í byrjum síðasta áratugar, að sambandið skyldi vera virkur þátttakandi í Evrópusamvinnunni og nýta þau sóknarfæri sem samningurinn fæli í sér. Þetta gilti bæði um virka þátttöku ASÍ í umræðu og stefnumótun innan Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC), á vettvangi EFTA og við gildistöku og framkvæmd EES-reglna hér á landi. Reynslan sýnir að þetta var rétt ákvörðun. Frumkvæði og eftirfylgni ASÍ og aðildarsamtaka þess, hefur oft skipt sköpum við að tryggja þau réttindi sem Evrópusamvinnan hefur skilað. Um leið hefur ASÍ axlað ábyrgð sína sem stærstu samtök launafólks hér á landi og fullgildur aðili að evrópskri verkalýðshreyfingu.

Sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði og alþjóðavæðingu hafa fylgt ýmis vandamál og úrlausnarefni. Komið hafa upp alvarleg dæmi um að erlendir launamenn sem leigðir eru til starfa hjá fyrirtækjum hér á landi hafi ekki not-

ið ráðningarkjara og réttinda sem gilda hér á landi. Slíkt skapar hættu á að grafið sé undan kjörum og atvinnuöryggi íslensks launafólks. Þá kallar fyrirhuguð stækkun á Evrópusambandinu (ESB) og sameiginlega vinnumarkaðinum á viðbúnað og aðgerðir af hálfu stjórnvalda og samtaka launafólks. Alþjóðlegt starf verkalýðshreyfingarinnar og sú reynsla og þekking sem ASÍ hefur öðlast, er mikilvæg forsenda þess að samtök launafólks geti brugðist við með viðeigandi hætti og komið í veg fyrir félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði.

EES samningurinn tók gildi í ársbyrjun 1994. Síðan þá hefur orðið mikil þróun á Evrópusamvinnunni, einkum innan Evrópusambandsins. Þessi þróun kallar á endurmat á stöðu samningsins og hvert skuli stefna. Það gildir ekki síst þegar málin eru skoðuð út frá hagsmunum launafólks.

Frá því að EES-samningurinn var gerður, hefur samstarf ríkja Evrópusambandsins dýpkað og ný viðfangsefni hafa verið felld undir samvinnu þeirra. Þetta gildir um efnahagsmál, myntbandalagið og Evruna, dóms- og innanríkismál og utanríkis-, öryggis- og varnarsamstarf ESB ríkjanna. Út frá hagsmunum launafólks og vinnumarkaðarins skiptir þó mestu dýpkun og nýsköpun samstarfsins, með þeirri samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála, sem kennd er við höfðuborg Portúgals og nefnt er Lissabon-ferlið.

Í annan stað hafa átt sér stað miklar breytingar á valdauppbyggingu og ákvörðunarferlum innan ESB. Völd og áhrif þjóðkjörinna aðila, þingsins og ráðherraráðsins, hafa verið aukin á kostnað embættismanna. Nálægðarreglan hefur verið í þróun en þar er áhersla lögð á að ákvarðanir séu teknar sem næst þeim vettvangi þar sem þær hafa áhrif t.d. með því að styrkja sveita- og héraðsstjórnir þar sem það á við. Þær reglur sem nauðsynlegt er að gildi á öllu svæðinu séu hins vegar teknar af stofnunum Evrópusambandsins. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á mikilvægi og áhrif frjálsra félagasamtaka við mótun Evrópu framtíðarinnar.

Hluti af framangreindri þróun varðar beint evrópska verkalýðshreyfingu. Á síðustu árum hafa aðilar vinnumarkaðarins fengið aukin áhrif og hlutverk við mótun evrópsks vinnumarkaðar. Þessi þróun var formlega staðfest árið 1999 með breytingum á stofnsáttmála ESB. Þar kemur fram, að haft skuli samráð við aðila vinnumarkaðarins um alla þætti er varða vinnumarkaðinn og þróun hans og að þeim skuli gefið tækifæri til að semja sín á milli um þau efni. Þessi áhersla hefur þegar skilað fjórum Evrópukjarasamningum. Í tengslum við atvinnu- og félagsmálastefnu ESB og þróun hennar hefur síðan verið lögð stóraukin áhersla á aðild og frumkvæði aðila vinnumarkaðarins við mótun atvinnulífs og vinnumarkaðar Evrópu framtíðarinnar.

Á árinu 2004 er stefnt að því að 10 ríki í Austur-Evrópu og við Miðjarðar-

haf gangi í Evrópusambandið og að aðildarríki þess verði þá 25 talsins. Með stækkuninni mun skipting álfunnar milli austurs og vesturs heyra sögunni til. Þess er vænst að hún muni leiða til aukinnar hagsældar, styrkja friðsamlega sambúð þjóða og treysta mannréttindi og lýðræði í álfunni allri. Ljóst er að þessi stækkun Evrópusambandsins er um margt stærsta pólitíska og efnahagslega áskorunin sem Evrópusamvinnan hefur tekist á við.

Þróun ESB með dýpra og víðtækara samstarfi, breytingum á valdastofnunum og auknum áhrifum aðila vinnumarkaðarins er utan sviðs EES-samningsins og endurspeglast ekki í framkvæmd hans. Þannig hefur EES-samningurinn veikst og mikilvægum stoðum hefur verið kippt undan framtíðarþróun hans. Fyrir hagsmuni launafólks skipta tveir samofnir þættir mestu máli.

*Með atvinnustefnu sinni hefur ESB sett sér það markmið „að skapa samkeppnishæfustu og framsæknustu efnahagsheildina í heiminum árið 2010, byggða á þekkingu, sem er fær um að halda uppi sjálfbærum hagvexti með fleiri og betri störfum og auknum félagslegum jöfnuði“*. Jafnframt hafa verið settar fram aðgerðaáætlanir og aðferðafræði sem er ætlað að stuðla að því að aðildarríkin nái þessum markmiðum.

Félagsmálastefna ESB er mikilvæg stoð fyrir efnahags- og atvinnulíf framtíðarinnar. Megin inntak hennar er, að engin mótsögn sé í því fólgin að byggja samhliða upp samkeppnishæft og framsækið efnahagskerfi, öflugt atvinnulíf sem tryggir fulla atvinnu, góð störf og almenn lífsgæði þegnanna og félagslegan jöfnuð. Þvert á móti séu þetta þættir sem geti og eigi að styðja og styrkja hvern annan. Félagsmálastefnan hvílir á þeirri grundvallarsýn, að aukin lífsgæði þegnanna og meiri jöfnuður sé helsta markmið Evrópusamvinnunnar.

Afleiðing þróunar- og dýpkunar Evrópusamvinnunnar innan ESB fyrir EES samninginn, eru nú að koma í ljós. Nefna má tvær tilskipanir á sviði vinnumarkaðarins sem varða stöðu minnihlutahópa á vinnumarkaði, s.s. fatlaðra og eldri starfsmanna. Þær byggja báðar á breytingum sem hafa verið gerðar eftir að EES-samningurinn tók gildi og falla því utan marka EES-samningsins. Þá má nefna vinnu við útfærslu og framkvæmd margra þátta atvinnu- og félagsmálastefnunnar í heild.

EES-samningurinn er að veikjast og valið stendur ekki um óbreytt ástand. Við stöndum frammi fyrir áleitnum spurningum um hvernig við Íslendingar getum og viljum þróa áfram hið nána samstarf við aðrar þjóðir Evrópu. Verkefni verkalýðshreyfingarinnar er að móta framtíðarsýn, setja sér markmið og vinna að framgangi þeirra.

***Framtíðarsýn ASÍ er:***

Að staða Íslands í Evrópusamvinnunni verði treyst enn frekar og að tækifæri og ávinningar þeirrar samvinnu skili sér til íslensks launafólks.

Að aukinni alþjóðavæðingu og opnun vinnumarkaðarins verði mætt með því að treysta stöðu erlendra starfsmanna hér á landi og tryggja að þeir verði ekki notaðir til að skerða kjör eða draga úr réttindum á vinnumarkaði.

Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.

Til að ná framangreindum markmiðum er nauðsynlegt að:

Hér á landi verið beitt efnahagsstjórn sem byggi á því að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja.

Byggt verði á markvissri atvinnustefnu sem miði að því að skapa fleiri og betri störf, sem byggi á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti kynjanna. Öflug símenntun og annað tækifæri til náms eru mikilvægustu tækin til að ná þessum markmiðum.

Skilgreind verði félagsleg markmið um vinnumarkað sem byggi á öryggi, en jafnframt sveigjanleika sem gagnist bæði launafólki og fyrirtækjum. Ennfremur um mannsæmandi lífskjör fyrir alla og um vinnumarkað og atvinnulíf sem sé uppspretta frekari lífsgæða, með styttri vinnutíma, auknum möguleikum til símenntunar,  og betra samræmis  á milli atvinnuþátttöku og einkalífs..

Þá leggur ASÍ áherslu á að viðurkennt verði mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarins og réttindi þeirra og skyldur við að þróa atvinnulífið og vinnumarkaðinn á þeim grunni sem hér hefur verið lýst.

***Helstu verkefni ASÍ eru:***

Að taka virkan  þátt í Evrópusamvinnunni, bæði á Evrópuvísu og hér á landi, með það að markmiði að íslenskt launafólk njóti ávinninganna af sameiginlegri baráttu evrópskrar verkalýðshreyfingar.

Að auka þekkingu  innan verkalýðshreyfingarinnar og meðal launafólks á Evrópusamvinnunni og þeim réttindum og tækifærum sem hún getur fært launafólki, með aukinni fræðslu og upplýsingamiðlun.

Að vinna að þeim grundvallarsjónarmiðum verkalýðshreyfingarinnar fylgi, að samkeppnishæft og framsækið efnahagslíf, atvinnustefna sem byggir á fullri atvinnu og eftirsóknarverðum störfum og aukin lífsgæði, séu ekki aðeins samrýmanleg markmið, heldur eigi þau að styrkja hvert annað.

Að knýja á um að íslensk stjórnvöld móti framsækna efnahags-, atvinnu-

og félagsmálastefnu sem byggi á framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar um stöðugleika og samkeppnishæfni, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð. Mikilvægur liður í þessu starfi er að Íslendingar móti sér markvissa stefnu í atvinnumálum og dragi lærdóma af reynslu Evrópuþjóða í þeim efnum.

Að vinna að því að treysta réttindi og kjör launafólks á íslenskum vinnumarkaði og að sköpuð verði nauðsynleg skilyrði fyrir góðri framkvæmd sameiginlegs evrópsks vinnumarkaðar hér á landi, án hættu á mismunun og félagslegum undirboðum. Til að ná þessu markmiði mun ASÍ ganga fast eftir því að stjórnvöld og atvinnurekendur tryggi að erlendir starfsmenn hér á landi njóti þeirra kjara og réttinda sem gilda á vinnumarkaðnum og að þeim verði gert mögulegt að aðlagast íslensku samfélagi.

Að vinna að því að Íslendingar verði fullgildir aðilar að samstarfi Evrópuríkja á vettvangi Dyflinnarstofnunarinnar um rannsóknir og samanburð á vinnumarkaði og lífskjörum í Evrópu.

Að vinna að því að verðlag á lífsnauðsynjum verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar í Evrópu.

Að taka upp viðræður við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda um aukið hlutverk og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins við að þróa frekar íslenskan vinnumarkað sem byggir á traustum réttindum launafólks og sveigjanleika sem gagnast bæði launafólki og fyrirtækjum.

Viðfangsefni Alþýðusambands Íslands er að leggja mat á kosti og galla þess hvort ná eigi framangreindum markmiðum með frekari þróun EES-samningsins, eða umsókn um aðild að ESB.  ASÍ telur útilokað að hægt verði að ná þessum markmiðum með tvíhliða viðskiptasamningi án félagslegra ákvæða.

Alþýðusamband Íslands setti sér það verkefni á þingi sínu í nóvember 2000, að vera  virkur og leiðandi þátttakandi í umræðunni um framtíð Evrópusamvinnunnar og hagsmuni íslensks launfólks. Við hljótum einnig að krefjast þess að stjórnmálamenn og hagsmunasamtök atvinnurekenda taki þátt í þessari umræðu af fullri alvöru. Sú umræða og stefnumótun verður að byggja á kröfunni um, að stefnumótun í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum þjóni hagsmunum launafólks, auki lífsgæði og félagslegan jöfnuð.

## Staða og framtíð velferðarkerfisins

***Vinna Velferðarnefndar við mótun stefnu ASÍ í velferðarmálum***

Velferðarkerfið er grundvallarþáttur í lífsgæðum launamanna, fjölskyldna þeirra og þjóðfélagsins alls. Velferðarkerfið er jafnframt hluti grundvallarmannréttinda og forsenda þess að hægt sé að skapa og varðveita þjóðfélagslega samstöðu og þar með þjóðfélagslegan frið og samkennd manna á milli.

Velferðarkerfið er óaðskiljanlegur hluti félagslegrar stefnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, til að varna og vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Velferðarkerfið getur, ef þjóðfélagsleg samstaða næst um að það eigi að dreifa félagslegri ábyrgð, aukið mannlega reisn, jafnræði og félagslegt réttlæti. Það er einnig mikilvægt hvað varðar pólitíska aðlögun, valddreifingu og þróun lýðræðisins.

Velferðarkerfið getur, ef rétt er með það farið, aukið framleiðni með því að veita greiðan og jafnan aðgang að læknisþjónustu, menntun, tekjuöryggi og félagslegri þjónustu. Samspil öflugs efnahagskerfis og velferðarkerfis, auk virkrar stefnu í atvinnumálum, stuðlar að sjálfbærri félagslegri og efnahagslegri þróun. Skilvirkt velferðarkerfi auðveldar tæknibreytingar í atvinnulífinu, með því að skapa grundvöll fyrir hreyfanleika og aðlögunarhæfni vinnuafls. Þannig er velferðarkerfið ekki kostnaðarliður fyrir fyrirtækin, heldur fjárfesting í fólki og mannauði sem auðveldar þeim að aðlagast nýjum og breyttum skilyrðum á tímum hnattvæðingar og skipulagsbreytinga. Þannig er og verður velferðarkerfið sífellt mikilvægara fyrir bæði fólk og fyrirtæki.

Velferðarkerfi á að hvíla á nokkrum grundvallargildum. Það á að tryggja öllum ákveðin lífsgæði, það á að hvíla á einstaklingsbundnum félagslegum réttindum og þjónustan á að vera góð. Hlutfall hins opinbera í þjónustu á að vera hátt og framkvæmdin á að vera dreifð. Mikilvægir þættir velferðarkerfisins sem lúta að réttindum á vinnumarkaði, eiga að vera á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins. Velferðarkerfið á að stærstum hluta að vera fjármagnað með beinum og óbeinum sköttum og greiðslum launafólks og atvinnurekenda í samtryggingarsjóði vegna afkomu- og áfallatrygginga. Aðilar vinnumarkaðar eiga að gegna lykilhlutverki við uppbyggingu og skipulag á vinnumarkaði.

Á grundvelli slíks kerfis er hægt að sameina mikinn hagvöxt og tiltölulega réttláta skiptingu þess arðs sem skapast. Það á að vera hægt að byggja upp samfélag, sem tryggir öryggi flestra og tækifæri fyrir marga. Það á að auka lífsgæði fólks sem býr við fátækt og örbyrgð og tryggja lífskjör og velferð sem eru meðal þess besta sem þekkist í heiminum.

Með uppbyggingu velferðarkerfisins er hægt að sýna fram á, að það er ekki þversögn, heldur órjúfanleg samstaða milli samfélags og frelsis, efnahagslegrar þróunar og félagslegrar tekjuskiptingar.

Verkalýðshreyfingin telur að með niðurskurði, byggðum á skammtímasjónarmiðum, úrræðaleysi stjórnvalda við endurnýjun og stjórn kerfisins, auk-inni einstaklingshyggju og markaðshyggju hafi grunnstoðir velferðarkerfisins veikst. Þau grundvallargildi sem velferðarkerfið byggði á, standi í vaxandi mæli höllum fæti og sýnt að sífellt stærri hópar fá ekki þá þjónustu og aðstoð sem nauðsynleg er til að forða þeim frá fátækt og félagslegri einangrun. Í alltof

mörgum tilfellum er aðgangur að þjónustu að verða grundvallaður á tekjum og efnahag.

Alþýðusamband Íslands hefur skilgreint það sem forgangsverkefni í starfi sínu, að endurskoða og treysta velferðarkerfið út frá manngildis- og jafnréttissjónarmiðum. Með því að tryggja öryggi og velferð flestra, er lagður grunnur að öflugra og sveigjanlegra hagkerfi, sem aftur leggur grunn að öruggari fjármögnun velferðarkerfisins.

Alþýðusamband Íslands telur að velferðarkerfið eigi að standa á eftirfarandi fjórum meginstoðum, til þess að geta jafnað lífsgæði landsmanna:

- *Menntakerfi.* Menntakerfið er mikilvægur þáttur í að auka lífsgæði og uppbyggingu og þróun velferðarkerfisins. Menntun fyrir alla leggur grunn að virkri þátttöku almennings í lýðræðislegri umræðu, skapar forsendur fyrir stöðugleika og kemur í veg fyrir félagslega einangrun. Fyrir þjóðfélagið treystir menntun þannig grundvöll lýðræðisins. Fyrir einstaklinga treystir góð menntun stöðu og öryggi launafólks í síbreytilegu atvinnulífi og dregur úr áhættu af atvinnuleysi. Markmið menntakerfisins á því að vera, að allir eigi rétt á námi og hafi tækifæri til að nýta sér það, hvort sem um formlega menntun, símenntun eða endurmenntun er að ræða.
- *Umönnunarkerfi.* Miklar breytingar hafa orðið á fjölskyldumynstri á Íslandi. Þar hafa farið saman þarfir atvinnulífsins fyrir vinnuafl og krafa um betri efnaleg gæði fjölskyldna. Mikil atvinnuþátttaka Íslendinga kallar á breytt skipulag við umönnun barna, aldraðra og langveikra.
- *Heilbrigðiskerfi.* Skilvirkt og vel verksskipt heilbrigðiskerfi sem tryggir öllum aðgang að góðri þjónustu og sem nær jafnt til líkamlegra og andlegra þarfa, er mikilvæg forsenda fyrir því að skapa og viðhalda öryggi og lífsgæðum.
- *Tryggingakerfi.* Tekjulegt öryggi, afkomutrygging þrátt fyrir áföll, er mikilvæg forsenda fyrir því að koma í veg fyrir fátækt og jafna lífsgæðum.

Alþýðusamband Íslands telur að velferðarkerfið eigi að grundvallast á eftirfarandi:

- Aðgengi fyrir alla eftir þörfum, en ekki eftir kaupgetu eða efnahag.
- Gæðum, fjölbreytni og sveigjanleika.
- Fjármögnun með réttlátu skattkerfi.
- Lýðræði sem tryggir almenningi innsýn og tækifæri til þess að veita stjórnvöldum aðhald.

Til að mæta þessum skyldum velferðarsamfélagsins er mikilvægt að skilgreina hvaða aðilar það eru sem bera beina og óbeina ábyrgð á velferðarkerfinu og hvaða hlutverki þeir eigi að gegna við framkvæmd þess. Þeir aðilar sem koma að málinu eru ríki, sveitarfélög, atvinnurekendur, samtök launafólks, ýmis frjáls félagasamtök og hagsmunahópar neytenda og notenda.

***Staða mála***

Velferðarnefnd ASÍ hefur boðið fulltrúum fjölda samtaka og félaga til samráðs, með það að markmiði að fá yfirsýn yfir veikleika og styrkleika íslenska velferðarkerfisins, hvar vel hafi tekist til og hvar þurfi að bæta úr. Markmiðið var ekki að framkvæma skipulagða rannsókn eða úttekt sem endaði með útgáfu skýrslu, heldur var um að ræða samtöl við aðila sem í starfi sínu, eða sem forsvarsmenn samtaka og félaga, hafa öðlast innsýn og skilning á stöðu mála.

Í eftirfarandi lýsingu hefur Velferðarnefndin dregið saman helstu atriði sem fram komu:

***Styrkleiki kerfisins***

Það kom almennt fram hjá viðmælendum Velferðarnefndar ASÍ, að helstu styrkleikar kerfisins væri að almenn hugmyndafræði þess væri góð og að það nái til allra hópa samfélagsins. Almennur aðgangur að þjónustu væri tvímælalaust góður og gæði þjónustunnar væru mikil. Tryggt væri að enginn væri tekju- eða aðstöðulaus hér á landi.

***Veikleikar kerfisins***

- Afkomutryggingar: Það var almennt sjónarmið, að bætur almannatrygginga væru allt of lágar og tekjutengingar hæfist við allt of lágar tekjur. Ljóst væri að allar viðmiðunarfjárhæðir væru ekki í samræmi við framfærslukostnað. Þetta væri sérstaklega mikið vandamál meðal öryrkja sem ekki hefðu rétt til bóta úr lífeyrissjóðum og þeirra ellilífeyrisþega sem ættu réttindi í almennu lífeyrissjóðunum.
- Áfallatryggingar: Fram kom, að staða aðstandenda þeirra sem verða fyrir alvarlegum og langvarandi veikindum er mjög slæm, hvort heldur sem horft er til réttinda til launa meðan á veikindum stendur, eða greiðslu kostnaðar vegna meðhöndlunar.
- Heilbrigðiskerfið: Langir biðlistar eru eftir geðhjálp, vegna fjárskorts. Jafnframt er meðferð ófullnægjandi og verulega skortir á varðandi endurhæfingu. Miklar áhyggjur komu fram vegna stóraukinnar gjaldtöku í kerfinu. Það á jafnt við um komugjöld til lækna og lyfjakostnað. Fyrir

tekjulága hópa er það beinlínis farið að aftra fólki frá því að geta nýtt sér þjónustuna. Varðandi skipulagsmál kerfisins er staða heilsugæslunnar mikið áhyggjuefni, vegna kjaramála og stöðu heilsugæslulækna gagnvart sérfræðingum. Í samtölunum kom fram, að nauðsynlegt væri að endurskoða tvöfalda greiðslukerfið, þar sem sami læknir starfar bæði á spítala og á stofu úti í bæ.

- Umönnunarkerfi: Vegna mikils fjárskorts eru langir biðlistar eftir dvalarplássi fyrir aldraða, öryrkja, fatlaða og langveika.
- Menntakerfi: Það kom alloft fram hjá viðmælendum, að þrátt fyrir að grunnskólakerfið tryggði jafnan aðgang allra barna að kennslu, væru ýmis atriði sem hefðu í för með sér kerfisbundna mismunun milli barna efnameiri og efnaminni foreldra. Þetta væri bæði vegna kostnaðar við veru í heilsdagsskóla og skólamáltíðir, en einkum og sérstaklega vegna íþrótta- og tómstundaiðkunar. Þátttökugjöld væru mjög há og það væri farið að leiða til verulegs stéttarmunar, hvað möguleika til þátttöku varðar.
- Húsnæðismál: Leiga eða húsnæðiskostnaður er langstærsti liðurinn í framfærslukostnaði fólks með lágar bætur og tekjur. Eyðilegging félagslega íbúðakerfisins og hækkun húsaleigu vegna afnáms vaxtaniðurgreiðslu, kemur mjög illa við þessa hópa, sem í raun hafa enga möguleika til að standa undir þessum hækkunum.
- Almennt: Á þessum fundum kom fram, að alltof oft væri fátækt farin að koma fram hjá annarri og þriðju kynslóð, þar sem foreldrar með lágar tekjur hafa ekki tækifæri til að veita börnum sömu tækifæri og almennt þekkist. Það leiðir til félagslegrar einangrunar og einsleitni í þroska. Í raun má segja að farnar séu að myndast sterkar vísbendingar til stéttarskiptingar á Íslandi.

***Kerfislæg vandamál og ógnanir.***

Til viðbótar við ofangreinda lýsingu á stöðu mála eru til staðar kerfislæg vandamál sem velferðarkerfið, eins og við viljum hafa það, stendur frammi fyrir. Þau vandamál koma bæði utan frá og innan.

*Utan frá koma ógnanir aðallega frá:*

- Alþjóðavæðingu.
- Tækniþróun.

*Innan frá koma ógnanir aðallega frá:*

- Breytingum á aldurssamsetningu þjóðarinnar.

- Aukinni eftirspurn eftir velferðarþjónustu og nýjum velferðarhugmyndum.
- Minnkandi samstöðu og skorti á lýðræði.
- Auknum vanda við stjórnun og eftirlit.
- Skattlagningu og efnahagsþróun.

Alþjóðavæðingin skapar ný tækifæri í fjárfestingum og viðskiptum, þvert á landamæri og eykur getu okkar til þess að bæta lífskjör. Alþjóðavæðingin getur einnig falið í sér þá hættu að erfiðara verður að koma á jafnari skiptingu gæðanna. Jafnframt getur hreyfanleiki fjármagns og framleiðslu leitt til meiri sveiflna í efnahagsþróun.

Ný tækni hefur almennt jákvæð áhrif á daglegt líf okkar og lífsgæði, m.a. vegna þróunar á meðhöndlun á þekktum og óþekktum sjúkdómum, ásamt þróun innihaldsríkari starfa. Samtímis getur hún leitt til þess að vinnuaflsfrek framleiðsla verði flutt til láglaunalanda eða að launafólk fái ekki tækifæri til þess að auka þekkingu sína og færni og einangrist þess vegna á vinnumarkaði.

Stærsta einstaka vandamálið sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir, er að leysa úr því með hvaða hætti samfélaginu tekst að fjármagna aukin útgjöld vegna vaxandi hlutfalls eldri borgara og lækkandi hlutfalls þeirra sem eru á vinnufærum aldri. Þetta þýðir að stöðugt færri þurfa að sjá um að framfæra stöðugt fleiri. Þar til viðbótar hefur aukin velmegun leitt til þess að fólk vill almennt draga úr atvinnuþátttöku sinni, draga úr yfirvinnu og fara fyrr á eftirlaun. Veruleg aukning á greiðslubyrði þeirra sem eru á vinnumarkaði, getur leitt til þess að erfiðara verður að réttlæta og viðhalda samstöðunni um velferðarkerfið.

Nú þegar er tilhneiging til þess að hið opinbera telji sig ekki geta komið til móts við vaxandi eftirspurn. Þetta á við um heilbrigðiskerfið, umönnun eldra fólks og menntun. Þessi eftirspurn mun aukast á næstu árum, aðallega í öldrunarþjónustu. Einnig mun eftirspurn eftir meiri gæðum, sveigjanleika og einstaklingsbundinni þjónustu vaxa.

Mjög illa hefur tekist til við að hafa stjórn á útgjaldaþenslu heilbrigðiskerfisins. Á framboðshliðinni hefur algjörlega mistekist að halda aftur af kostnaði vegna sérfræðiþjónustu og lyfjakostnaðar. Raunaukning sérfræðiþjónustu hefur verið yfir 40% sl. sex ár og lyfjakostnaður hér á landi er um 60% hærri en í nágrannalöndum. Svo virðist sem ekkert aðhald eða eftirlit sé með þessum kostnaði skv. úttekt Ríkisendurskoðunar.

Á sama hátt hafa tilraunir til þess að stýra eftirspurninni með komugjöldum og greiðsluþátttöku mistekist, en jafnframt leitt til alvarlegrar röskunar á

grunnforsendum kerfisins, þar sem tekjur og efnahagur eru farin að stýra aðgangi, en ekki þarfir.

Lítil sem engin áhersla hefur verið lögð á stefnumótandi vinnu við verkaskiptingu og fyrirbyggjandi aðgerðir. Ríkisendurskoðun gagnrýnir heilbrigðiskerfið t.d. harkalega fyrir skort á verkaskiptingu og skilvirkni.

Alvarleg afleiðing þessa er, að stöðugt erfiðara verður að skapa sátt um velferðarkerfið og skammtímaúrræði með niðurskurði festa sig í sessi.

Lausn á væntanlegri aukningu útgjalda vegna kerfisins liggur ekki í hækkun almennra skatta. Þó er mikilvægt að geta skattkerfisins verði ekki veikt út frá skammtímasjónarmiðum markaðshyggjunnar, m.a. með því að losa atvinnurekendur undan sínum hluta af ábyrgð á fjármögnun kerfisins.

### *Úrlausnarefnin eru mörg*

Stöðugt nýjar kröfur eru gerðar til opinberrar þjónustu. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar gerir það að verkum, að stöðugt meiri væntingar og kröfur eru gerðar um aukin framlög til umönnunar aldraðra og heilbrigðiskerfisins. Jafnframt hefur tækniþróun, sérstaklega í lyfjameðferð, leitt til þess að hægt er að meðhöndla fleiri sjúkdóma og auka lífsgæði fjölda fólks.

Til þess að geta viðhaldið trúverðugleika sínum og til þess að geta endurnýjað sig, er mikilvægt að velferðarkerfið geti aukið gæði og bætt aðgengi samhliða auknum sveigjanleika og valmöguleikum. Auknir valmöguleikar milli opinberra þjónustutilboða mega hins vegar ekki leiða til þess að gjár myndist milli þjóðfélagshópa eða félagsleg uppskipting á neytendum eigi sér stað, hvort sem um er að ræða nemendur í skólum, aldraða í umönnun eða sjúklinga í heilbrigðiskerfinu.

Mikilvægt er í þessu samhengi að draga fram tvo þætti velferðarkerfisins, sem aðskilja það með afgerandi hætti frá hinni markaðsstýrðu framleiðslu og dreifingu á vöru og þjónustu. Annað atriðið er að í velferðarþjónustu, eins og menntun, heilsu og umönnun, er þjónustunni dreift eftir þörfum, en ekki eftir kaupgetu einstaklinga. Hitt atriðið er að framboð þjónustunnar er aðallega á hendi opinberra stofnana. Það gefur borgurunum möguleika á að krefjast pólitískrar ábyrgðar með almennum kosningum og skilgreindu umboði fyrir kjörna stjórnmálamenn.

Þetta gefur velferðarkerfinu mikla almenna viðurkenningu. Samhugur og samstaða almennings sýna að hann er viljugur til þess að greiða skatta á þeirri forsendu að tryggð séu mikil gæði og að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra fyrir þjónustu.

***Nýsköpun og breytingar***

Til þess að þróa velferðarsamfélagið er einnig þörf fyrir meiri valmöguleika og breytileika í þjónustutilboðum. Fjölbreytni gefur meiri möguleika á því að leysa ný vandamál. Aukið valfrelsi tryggir nýsköpun í opinberum þjónustutilboðum í skólum, umönnun og heilbrigðiskerfi. Undirstrika verður að meiri fjölbreytileiki leiði ekki til aukinnar félagslegrar stéttaskiptingar. Hann verður því að uppfylla það grundvallarskilyrði að tryggja jafnan aðgang, óháð efnahag.

Nú þegar eru ýmis velheppnuð dæmi í velferðarkerfinu um þátttöku einkarekinna stofnana, á vegum félagasamtaka og almannaheillafyrirtækja, í umönnun eldra fólks, barna, endurhæfingu og áfengis- og vímuefnameðferð.

Sem viðbót við opinbera þjónustu þarf að skapa betri forsendur og möguleika á að þróa þjónustutilboð frá einkaaðilum. Þetta gæti gerst með því að gefa starfsmönnum tækifæri til að yfirtaka tiltekin verkefni, eða með almennum þjónustuútboðum. Einnig væri hægt að gefa félagasamtökum eða almannaheillafyrirtækjum færi á að yfirtaka fleiri verkefni. Mikilvægt er að tryggja, með opinberum kröfum um gæði og eftirlit, að þessi þjónusta sé veitt á tilteknum forsendum með opinberum framlögum og neytendagreiðslum að hluta.

Það eru þó takmörk fyrir því hversu mikið hagnaðarsjónarmið megi hafa áhrif á velferðarþjónustuna. Þröngir efnahagslegir hagsmunir markaðarins, við að skapa viðskipti og hagnað, mega aldrei ógna markmiðinu um jafnan aðgang, réttlæti og gæði þjónustunnar. Því er mikilvægt að draga mjög skörp skil um hvaða eignar- og rekstrarform verði heimilt að nota, þegar um er að ræða kjarnaþjónustu velferðarkerfisins í skólum, umönnun og heilbrigðiskerfi.

Jafnframt er mikilvægt að þróa og endurnýja aðferðir við stjórnun og eftirfylgni hjá hinu opinbera. Ein leið til þess, er að safna og birta samanburðarhæfar upplýsingar um gæði og kostnað milli einstakra eininga í hinu opinbera velferðarkerfi. Einnig er hægt að þróa og nota efnahagsleg hvatakerfi og önnur markaðsstjórntæki á fjölda sviða hins opinberra.

Ennfremur er mikilvægt að þróa stjórnunaraðferðir hjá hinu opinbera, m.a. með því að færa meiri ábyrgð til þeirra stjórnenda sem eru ábyrgir fyrir því að veita þjónustuna.

Sjúkrahúsin eru þó það svið sem ekki má undir nokkrum kringumstæðum setja undir skilmála markaðskerfisins. Þegar hagnaðar- og viðskiptasjónarmið verða grundvöllur fyrir þeirri starfsemi, afsalar samfélagið sér auðveldlega ábyrgð og eftirliti með mikilvægum þáttum hennar og þeirri grunngerð sem hún þarf að byggjast á. Hér er ekki aðeins átt við þá grunngerð sem snýr að

beinni þjónustu, heldur einnig undirliggjandi þáttum eins og menntun, rannsóknum og nýsköpun.

Ef tekin eru upp viðskiptasjónarmið í rekstri tiltekins hluta heilbrigðiskerfisins, getur það leitt til skekkju í öllu kerfinu. Sú skekkja getur m.a. skapað andstöðu við að efla grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, eins og sjúkrahús og heilsugæslu. Mikilvægt er að viðhalda ákveðnu og skilvirku jafnvægi milli þeirra grunnstoða sem heilbrigðisþjónustan byggir á, þ.e. milli heilsugæslu, sjúkrahúsa og sérfræðiþjónustu.

Óbeisluð útgjaldaþensla undanfarinna ára í sérfræðiþjónustu, sem hefur leitt til niðurskurðar í heilsugæslu og á sjúkrahúsum, gerir það að verkum að staldra verður við. Óhjákvæmilegt er að fallið verði frá því að stýra eftirspurn með mikilli gjaldtöku. Endurskoða verður verkaskiptingu milli sjúkrahúsa og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Skoða verður leiðir til þess að fela einkareknum læknastofum tiltekin verkefni sem lúti virku gæða- og kostnaðareftirliti. Efla verður heilsugæsluna, samhliða því að opna verður fyrir fleiri rekstrarform. Tryggja verður að fjölskyldur geti valið sér heimilislækni. Taka verður upp tilvísanakerfi þar sem almenningi er tryggður aðgangur að meðferð sérfræðinga, að undangenginni heimsókn til heimilislæknis, en jafnframt valmöguleikar á því að leita beint til sérfræðings þar sem bæði neytandinn og sérfræðingurinn axla meiri ábyrgð á kostnaði við meðferð.

Til þess að auka skilvirkni og til þess að stjórnvöld geti náð fram markmiðum sínum um verkaskiptingu milli stoða heilbrigðiskerfisins, er mikilvægt að aðskilja verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í tvö sjálfstæð ráðuneyti. Stefna verður að því að auka sjálfstæði Tryggingastofnunar ríkisins til að mæta kostnaði vegna þeirra réttinda sem almenningi eru tryggð í lögum. Sett verði ákvæði í lög um samningsfrelsi stofnunarinnar og samningsskylda hennar gagnvart aðilum, sem í krafti óeðlilegs samráðs og einhliða hagsmunagæslu knýja fram óeðlileg viðskiptakjör afnumin. Tryggja verður að ef læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn gerist sjálfstæðir atvinnurekendur, falli þeir undir önnur réttindi og skyldur heldur en þeir sem eru launamenn í föstu starfi.

### *Frjálsar afkomu- og áfallatryggingar*

Einstaklingabundnar tryggingar sem einstaklingar kaupa sjálfir eða fá sem hluta af starfskjörum eða kjarasamningum, hafa það að markmiði að bæta við tryggingavernd hins opinbera. Reynslan á Norðurlöndunum sýnir, að það er vaxandi áhugi á betri tryggingavernd en hið opinbera kerfi veitir og að einstaklingar eru tilbúnir til þess að nota hluta tekna sinna til að ná þessu markmiði.

Þetta er jákvætt í þeim skilningi að það er greiðsluvilji fyrir aukinni trygg-

ingavernd. Þetta staðfesta einnig niðurstöður kannana sem sýna að fólk vill greiða meiri skatta ef tryggt er að þeir fari t.d. til heilbrigðismála.

Einstaklingsbundnar tryggingar hafa hins vegar einn megin galla. Hann er sá að fólk með langvarandi sjúkdóma eða mikla áhættu fær ekki slíkar tryggingar. Einstaklingsbundnar tryggingar fela það jafnframt í sér að verðið fyrir hinn einstaka tryggingataka er mismunandi eftir því í hvaða áhættuflokki hann er. Þetta leiðir til þess að samhjálp og samtrygging veikjast verulega og afleiðingin verður félagsleg einangrun og aukin stéttaskipting.

Fjöldatryggingar byggðar á skylduaðild aðskilja sig frá þessu á þann veg að þær byggja á samtryggingu og tryggja jafnframt möguleika á áhrifum almennings og notenda. Þetta á t.d. við um samningsbundinn lífeyri og veikindarétt. Fjöldatryggingar á vinnumarkaði hafa hins vegar þann galla að þær skilja eftir þann hóp einstaklinga sem ekki eru þátttakendur á vinnumarkaði. Það er því mikilvægt, að tryggingar af þessum toga verði aðeins notaðar þar sem skýrt samhengi er á milli þátttöku á vinnumarkaði og tryggingaþarfar.

Óháð tryggingategund er hætta á að mikil aukning einstaklingsbundinna trygginga leiði til óhagkvæmrar dreifingar og notkunar á því fjármagni sem þjóðfélagð ráðstafar til þess að skapa tryggingarvernd. Þetta gæti t.d. komið upp ef þátttakendurnir þurfa að kaupa trygginguna á tveimur stöðum.

Viðbótarfjármögnunarform geta í vissum tilfellum falið í sér möguleika á að auka gæði í velferðarkerfinu. Samningar milli atvinnurekenda og launafólks geta falið í sér aukið fjárhagslegt svigrúm til þess að mæta t.d. atvinnuleysi, veikindum og lífeyri. Á sama tíma minnkar álagið á og krafan um að skattakerfið beri uppi aukna opinbera þjónustu. Þannig má einnig skapa mikilvæga forsendu fyrir því að hið opinbera sinni betur þeim hópum sem ekki eru þátttakendur á vinnumarkaði.

### *Almennar afkomutryggingar*

Veigamikill þáttur velferðarkerfisins er að tryggja að enginn þurfi að búa við fátækt og að greiðslubyrði vegna þessara réttinda sé skipt milli ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga með samningum aðila vinnumarkaðar háð því hvernig réttindi verða til. Mikilvægt er að samspil og verkaskipting milli þessara þriggja kerfa sé hnökralaus og taki mið af heildarmarkmiðum okkar í velferðarkerfinu.

*Öryrkjar:*

Öryrkjar eru tryggðir með tvennum hætti. Annars vegar þeir sem verða fyrir örorku eftir að þeir hafa áunnið sér réttindi á vinnumarkaði og hins vegar þeir sem búa við meðfædda örorku eða hafa orðið fyrir örorku áður en þeir hefja

þátttöku á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðir sem starfa í tengslum við vinnumarkaðinn tryggja þá sem hafa verið á vinnumarkaði í hlutfalli við tekjur og veita viðbótarvernd vegna framfærslubyrðar barna með barnalífeyri. Tryggingarétturinn fyrstu þrjú árin miðast við laun í viðkomandi starfi og almenn laun eftir það. Einstaklingar sem ekki hafa verið á vinnumarkaði og hafa ekki keypt sérstaka einstaklingsbundna örorkutryggingu eru hins vegar algjörlega háðir bótum frá almannatryggingum.

Almennt má segja að tryggingavernd þeirra sem verið hafa á vinnumarkaði sé viðunandi. Tryggingavernd þeirra sem hafa ekki verið á vinnumarkaði er aftur á móti óviðunandi og vernd þeirra það slæm að þessi hópur býr orðið við sára fátækt. Það er forgangsverkefni að ráða bót á þessu. Mikilvægt er að hafa þrennt í huga, þegar staða þessara öryrkja er skoðuð sérstaklega.

- Í fyrsta lagi hafa þeir mjög takmarkaða möguleika á að bæta afkomu sína með atvinnuþátttöku. Mikilvægt er að auka þá möguleika með aukinni starfshæfingu og tækifærum til menntunar.
- Í öðru lagi hafa þessir einstaklingar ekki möguleika á að nýta sér eignamyndun til framfærslu, þar sem engin eignamyndun hefur átt sér stað vegna örorkunnar.
- Í þriðja lagi er mikilvægt að hafa í huga að þessir einstaklingar geta borið sömu framfærsluskyldu vegna barna og þeir sem verið hafa á vinnumarkaði.

Vegna þessara atriða er nauðsynlegt að byggja tryggingavernd þeirra á öðrum grundvelli og öðrum viðmiðunum heldur en t.d. eldri borgara sem komnir eru á eftirlaun. Tryggingavernd öryrkja þarf að taka mið af eftirfarandi þáttum:

Ótekjutengdum grunnlífeyri fyrir alla
Tekjutengdum lífeyri
Barnalífeyri vegna barna yngri en 19 ára
Heimilisuppbótum til einstæðinga

Mikilvægt er að lágmarksfjárhæð til framfærslu sé um 110.000 kr. á mánuði fyrir einstakling.

*Eldri borgarar:*

Verkalýðshreyfingin telur mikilvægt að afkoma eldri borgara verði tryggð með samblandi almannatrygginga, réttinda í lífeyrissjóðum og félagslegi aðstoð sveitarfélaga. Líkt og með öryrkja er tryggingavernd eldri borgara háð því hvort þeir hafi verið á vinnumarkaði og sinnt þeirri skyldu sinni að greiða til lífeyrissjóða eða ekki. Veigamikill þáttur velferðarkerfisins er að tryggja að eldri borgarar hafi tilteknar lágmarkstekjur til framfærslu og þurfi ekki að búa við fátækt og einangrun. Íslendingar tóku snemma upp það fyrirkomulag að

ríkið og aðilar vinnumarkaðar væru með skipta ábyrgð á greiðslubyrði vegna eftirlauna, án þess að gengið hafi verið formlega frá verkaskiptingu milli kerfanna. Grundvöllur lífeyrissjóðakerfisins er að eftirlaun taka mið af meðaltekjum á allri starfsævinni og að réttindi í sjóðunum myndast við greiðsluþátttöku sjóðsfélaganna alla starfsævina. Þegar lífeyriskerfið verður komið á að fullu, mun langstærstur hluti eftirlauna þeirra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði koma úr lífeyrissjóðum, á meðan ríkið ber ábyrgð á þeim sem ekki hafa verið þátttakendur á vinnumarkaði. Mikilvægt er að sjá til þess, að einstaklingar sem hafa verið á vinnumarkaði og ekki sinnt lögbundinni skyldu sinni að greiða til lífeyrissjóða og byggt upp eigin eignir þess í stað, hagnist ekki á sparnaði og fyrirhyggju hinna.

Almenna lífeyrissjóðakerfinu var komið á með kjarasamningum 1969 en lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var komið á mun fyrr, upphaflega 1921 fyrir embættismenn og ekkjur þeirra og 1943 tók LSR til starfa. Mikill munur er bæði á áunnum réttindum og grunnréttindum í þessum tveimur lífeyriskerfum. Allnokkur ár eru síðan lífeyriskerfi opinberra starfsmanna náði fullum þroska í þeim skilningi að sjóðsfélagar eru farnir að koma á eftirlaun með réttindi sem byggst hafa upp alla starfsævina. Í almenna lífeyrissjóðakerfinu munu fyrstu sjóðsfélagar með full áunnin réttindi alla starfsævina ekki koma á eftirlaun fyrr en 2016 m.v. dagvinnulaun og 2032 m.v. heildarlaun.

Þessi munur á aldri kerfanna, ásamt réttindamuninum, veldur því að meðalgreiðslur úr lífeyrissjóði opinberra starfsmanna voru um 80.000 kr. vegna eftirlauna og 72.000 kr. vegna makalífeyris árið 2001 á meðan meðalgreiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum voru um 24.000 kr. vegna eftirlauna og 14.000 kr. vegna makalífeyris. Ef litið er til þeirra sem eru að fara á eftirlaun núna eru þessar greiðslur mun hærri í almenna kerfinu, eða tæplega 50.000 kr. á mánuði að meðaltali.

Þátttaka á vinnumarkaði á Íslandi hefur verið mjög mikil undanfarna áratugi. Í alþjóðlegu tilliti hefur atvinnuþátttaka kvenna verið mjög mikil og jókst sérstaklega á sjötta og áttunda áratugnum. Þetta hefur leitt til þess að konur hafa í ríkari mæli byggt upp sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóðum.

Af þessari stöðu lífeyrissjóðakerfisins má draga tvær meginályktanir. Í fyrsta lagi er ljóst að afkomuvandi aldraðra í dag er fyrst og fremst vandi þeirra sem hafa starfað á almenna vinnumarkaðinum eða hafa ekki verið þátttakendur á vinnumarkaði. Í öðru lagi er ljóst að á næstu árum munu útgjöld ríkisins vegna tekjutengdra eftirlaunagreiðslna almannatrygginga lækka stig af stigi eftir því sem lífeyriskerfið tekur við greiðslubyrðinni. Í raun má segja að afkomuvandi aldraðra sé að vissu leyti tímabundið útgjaldavandamál þjóðfélagsins.

Samhliða þessari þróun munu útgjöld ríkisins vegna grunnlífeyris vaxa mjög hratt á næstu árum í takt við öra fjölgun aldraðra. Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda þeirra sem eru 67 ára og eldri hér á landi og spá um fjölgun þeirra til ársins 2040.




Ljóst er að fjöldi eldri borgara mun ríflega tvöfaldast á næstu tuttugu árum og hlutfall þeirra af fólki á vinnufærum aldri aukast úr 16% í 34%.

Sem dæmi um áhrif þessarar þróunar má nefna, að kostnaður ríkisins vegna 1.000 kr. hækkunar grunnlífeyris á mánuði hækkar úr 340 mill.kr. í 820 mill.kr. á þessu tímabili. Þetta þýðir að kostnaður af 20.000 kr. grunnlífeyri á mánuði hækkar úr 6,8 milljörðum í 16,4 milljarða árið 2040 og ef hann yrði 40.000 kr./mán. tvöfaldast þessar tölur.

Vegna þessarar stöðu er mikilvægt að mæta afkomuvanda eldri borgara í ljósi þessara staðreynda, m.a. með því að auka hinar tekjutengdu bætur en ekki grunnlífeyrinn. Mikilvægt er að endurskoða frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Mikilvægt er að efla almenna öldrunarþjónustu í landinu bæði með því að setja aukið fjármagn í hjúkrunarými fyrir aldrað sjúkt fólk og tryggja öruggan rekstur þeirra. Jafnframt verður að efla heimahjúkrun og almenna heimaþjónustu fyrir aldraða þannig að þeim verði í auknum mæli gert kleift að vera í eigin húsnæði sem lengst, m.a. með því að bæta kjör og menntun starfsmanna í heimaþjónustu.

*Atvinnulausir:*
Réttur til atvinnuleysisbóta myndast við þátttöku á vinnumarkaði og greiðslu atvinnurekenda á tryggingargjaldi vegna starfsmanna sinna. Þrátt fyrir þetta hefur tenging milli bóta til þeirra sem eru atvinnulausir og launa verið afnumin. Almennt er viðurkennt að bætur til atvinnulausra eru allt of lágar. Mikilvægt er að endurskoða atvinnuleysisbætur með tilliti til þeirrar alvarlegu afleiðingar sem langtímaatvinnuleysi hefur á getu fjölskyldna til þess að standa undir nauðsynlegri framfærslu- og greiðslubyrði. Skapa verður atvinnulausu fólki aðgang að starfsendurhæfingu og -menntun til þess að treysta stöðu og endurkomu þess á vinnumarkað.

*Áfallatryggingar:*
Tryggingavernd vegna veikinda og slysa er að mestu grundvölluð á þátttöku á vinnumarkaði og nær nánast einvörðungu til þeirra sem slasast eða verða veikir. Hér skipta ákvæði kjarasamninga um rétt til launa frá atvinnurekanda vegna veikinda- og slysa miklu máli auk þeirra réttinda sem sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna veita. Að einhverju leyti grundvallast rétturinn á ákvæðum almannatryggingarlaga um slysatryggingar, sérstaklega ákvæði um sjúkrahjálp. Réttindi launafólks til launa vegna veikinda barna og aðstandenda eru hins vegar afar rýr bæði í kjarasamningum og almannatryggingalögum. Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að farið verði í heildarendurskoðun á áfallatryggingum með það að markmiði að auka tryggingarvernd launafólks bæði vegna eigin veikinda og slysa og vegna veikinda og slysa barna og aðstandenda.

***Næstu skref Velferðarnefndar við mótun stefnu ASÍ í velferðarmálum***
Mikilvægt er að fulltrúar á ársfundi Alþýðusambandsins ræði þær hugmyndir og sjónarmið sem hér hafa verið sett fram, en komi jafnframt bæði með ný viðhorf og viðfangsefni. Það er ljóst að verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir mörgum áleitnum spurningum um framtíð velferðarkerfisins, bæði vandamálum í nútíð og nýjum vandamálum sem fyrirsjáanleg eru vegna kerfislægra ógnana.

Á grundvelli umræðunnar á ársfundi ASÍ í lok október mun Velferðarnefndin vinna að frekari útfærslu hugmynda og leiða sem ætlunin er að kynna sérstaklega fyrir þeim aðilum sem nefndin átti samráð við fyrr í haust. Þar verður lögð áhersla á að ná breiðri samstöðu um þá niðurstöðu sem unnið verður áfram með.

Í lok febrúar eða mars mun Velferðarnefndin í samstarfi við ýmsa hagsmunahópa standa fyrir opinberri kynningu og umræðu um að treysta stoðir og framtíð velferðarkerfisins. Markmiðið verður að hafa áhrif á alla stjórnmála-

flokka og freista þess að móta afstöðu þeirra til þeirra brýnu úrlausnarefna sem við stöndum frammi fyrir.

## Öruggt velferðarkerfi sem byggir á nýsköpun veitir frelsi og tryggir jafnrétti

***Áherslur og helstu verkefni ASÍ í velferðarmálum:***

***Áherslur ASÍ:***

- Hafnar verði formlegar viðræður milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um skýrari verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða vegna lífeyris og örorkubóta.
- Afkomuvanda eldri borgara, sem hafa lítinn eða takmarkaðan rétt í lífeyrissjóðum, verði mætt með hækkun á tekjutengdum bótum og hækkun frítekjumarka vegna tekna úr lífeyrissjóðum, en ekki hækkun grunnlífeyris.
  Lífeyrissjóðakerfið er í vaxandi mæli að taka við afkomutryggingu eldri borgara, en almenna lífeyrissjóðakerfið verður ekki að fullu komið til framkvæmda fyrr en 2015-20.
  Afkomuvandi eldri borgara er því tímabundið vandamál samfélagsins og nær til þeirra sem ekki hafa náð að byggja upp full réttindi í lífeyrissjóðunum eða hafa ekki verið á vinnumarkaði.
  Ekki má búa til kerfi, sem veitir réttindi sem litlar líkur eru á að samfélagið geti staðið undir í framtíðinni.
- Réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. eldri borgara.
  Bætur þeirra samanstandi af grunnlífeyri, tekjutengdum þáttum og heimilisuppbót.
  Lægstu bætur einstaklinga svona samsettar skulu vera 110.000 kr./mán. auk barnalífeyris.
  Við útfærslu á hækkun samsettra bóta öryrkja verði skerðingarmörk heimilistekna endurskoðuð.
- Atvinnuleysisbætur verði tengdari launum.
  Tryggja verður atvinnulausu fólki starfsendurhæfingu- og menntun til þess að treysta stöðu þess á vinnumarkaði.
- Fram fari heildarendurskoðun á áfallatryggingum, með það að markmiði að:
  Bæta rétt til launa vegna langtímaveikinda.
  Bæta rétt til launa vegna veikinda og slysa barna og aðstandenda.

Bæta rétt til bóta vegna kostnaðar í tengslum við langtímaveikindi.

- Tryggt verði í löggjöf að hægt verði að taka upp ný tryggingarsvið á samtryggingargrunni í samningum milli aðila vinnumarkaðar.
- Til þess að tryggja nýsköpun og endurnýjun velferðarkerfisins og aukið kostnaðaraðhald, þarf að skapa betri forsendur og möguleika á að þróa þjónustutilboð frá einkaaðilum. Þau uppfylli það grundvallarskilyrði að tryggja jafnan aðgang óháð efnahag og búsetu en leiði ekki til aukinnar félagslegrar misskiptingar.

  Þröngir efnahagslegir hagsmunir markaðarins um að skapa viðskipti og hagnað, mega ekki ógna markmiðum um jafnan aðgang, réttlæti og gæði þjónustunnar.

  Nýta má kosti tilboða frá einkaaðilum við framkvæmd þjónustu til þess að draga úr kostnaði, en ábyrgð á þjónustustigi og gæðum verði hjá opinberum aðilum.
- Mikilvægt er að þróa og endurnýja aðferðir við stjórnun og eftirfylgni hjá hinu opinbera.

  Notkun peningalegra hvatakerfa, gæðastjórnunaraðferða og annarra markaðsstjórntækja verði þróuð.

  Mikilvægt er að safna og birta samanburðarhæfar upplýsingar um gæði og kostnað milli einstakra rekstrareininga hjá hinu opinbera.

  Stjórnunaraðferðir verði þróaðar, þar sem saman fari völd og ábyrgð við framkvæmd þjónustunnar.

  Draga verður skörp skil um hvaða eignar- og rekstrarform verði heimilt að nota í kjarnaþjónustu velferðarkerfisins.

  Sjúkrahúsin verði undir engum kringumstæðum sett undir skilmála markaðskerfisins, þar sem hagnaðar- og viðskiptasjónarmið verði grundvöllur starfseminnar.
- Hlutverk og verkaskipting milli heimilislækna/heilsugæslu, sjúkrahúsa, umönnun aldraðra og langveikra og sérfræðiþjónustu verði skýrð út frá þeirri grunnhugsun, að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu.
- Heilsugæsla og heimilislækningar verði stórefldar og opnað verði á fleiri rekstrarform. Þjónustan verði áfram á ábyrgð hins opinbera og jafnt aðgengi tryggt.
- Mikilvægt er að efla almenna öldrunarþjónustu.

  Brýnt er að setja aukið fjármagn í hjúkrunarými fyrir aldrað sjúkt fólk og tryggja öruggan rekstur þeirra.

  Efla verður heimahjúkrun og almenna heimaþjónustu fyrir aldraða þan-

nig að þeim verði í auknum mæli gert kleift að vera í eigin húsnæði sem lengst, m.a. með því að bæta kjör og menntun starfsmanna í heimaþjónustu.

- Verkaskipting milli sjúkrahúsa og sérfræðilækna verði endurskoðuð. Komið verði í veg fyrir að sérfræðilæknar starfi bæði á sjúkrahúsum og einkastofum.
  Skoðaðar verði leiðir til þess að fela einkareknum stofum alfarið tiltekin afmörkuð verkefni, sem lúti virku gæða- og kostnaðareftirliti og þar sem aðgengi verði tryggt, óháð tekjum og félagslegum aðstæðum.
- Stýringu eftirspurnar eftir sérfræðilæknaþjónustu verði breytt til þess að draga úr kostnaði.
  Stýring með síaukinni gjaldtöku af sjúklingum verði hætt.
  Tekið verði upp tilvísanakerfi, þar sem almenningi verði tryggt aðgengi að þjónustu sérfræðinga að undangenginni heimsókn til heimilislæknis og gjöld vegna komu til sérfræðinga verði lækkuð verulega.
- Til boða standi val um að fara beint til sérfærðings, en bæði neytandinn og sérfræðingurinn axli þá meiri ábyrgð á kostnaði við meðferð.
- Verkefnum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins verði skipt upp.
  Heilbrigðisráðuneyti fjalli um uppbyggingu og framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar, framtíðarþróun, gæðamál og forvarnir.
  Tryggingaráðuneyti fjalli um aðgang og réttindi landsmanna til þjónustunnar.
- Sjálfstæði Tryggingastofnunar ríkisins verði aukið og tryggt í lögum.
  Sett verði í lög skýrari ákvæði um samningsfrelsi stofnunarinnar.
  Skylda hennar til þess að semja við einstaka lækna verði afnumin.
  Fjölgun sérfræðilækna á samningum verði því aðeins heimiluð að hún falli að þörfum og verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu.
  Tryggt verði að samkeppnislög nái ekki til heilbrigðiskerfisins.

- ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi, þar sem forgangsverkefnin eru:
  Lækkun kostnaðar vegna lyfja- og læknisþjónustu.
  Dregið verði úr gjaldtöku sveitarfélaga vegna íþrótta- og tómstundastarfs barna og unglinga.
  Brugðist verði við verulegri hækkun á húsnæðiskostnaði í félagslega húsnæðiskerfinu og skorti á húsnæði.

Helstu verkefni ASÍ eru að:

- Vera virkur þátttakandi og taka frumkvæði í umræðunni í samfélaginu um uppbyggingu og nýsköpun velferðarkerfisins.
- Vera lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti og stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar um velferðarkerfið. Koma fram fyrir hönd aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda í þessum málaflokki, í samræmi við löggjöf og ákvarðanir aðildarsamtaka sinna hverju sinni.
- Standa fyrir opinni umræðu um þær hættur sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir vegna ytri og innri kerfislægra vandamála.
- Vinna að því að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um réttindi sín í velferðarkerfinu.
- Velferðarnefnd og miðstjórn ASÍ vinni áfram að mótun stefnu ASÍ í velferðarmálum.
- Vinna að því að mynda breiða sátt um stefnuna í velferðarmálum.
  Náið samráð verði haft við fulltrúa hagsmunahópa.
- Vinna því pólitískt fylgi að hér verði öflugt velferðarkerfi sem tryggir öllum öryggi.
  ASÍ efni til samstarfs við hagsmunahópa um opinbera kynningu og umræðu um aðgerðir til að treysta stoðir og framtíðaruppbyggingu velferðarkerfisins.
  Hafa áhrif á stefnu stjórnmálaflokka í aðdraganda Alþingiskosninga í vor.

## Ályktun um stöðu heilsugæslunnar

Ársfundur Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum yfir því öryggisleysi sem landsmenn standa frammi fyrir vegna verulegrar skerðingar á þjónustu heilsugæslunnar, vegna deilna heilsugæslulækna og stjórnvalda. Nú hafa heilsugæslulæknar á Suðurnesjum hætt störfum og stefnir í að heilsugæslulæknar hætti störfum víðar.

Ársfundur ASÍ skorar á heilsugæslulækna og stjórnvöld að leita sátta til að þessi mikilvæga þjónusta skerðist ekki. Þvert á móti telur ársfundurinn mikilvægt að efla heilsugæsluna stórlega.

## Ályktun um jöfnun réttinda

Ríkisstjórn Íslands, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands náðu í desember 2001 samkomulagi um aðgerðir til þess að koma mætti í veg fyrir að þensla í efnahagslífinu færi úr böndum. Það var ófrávíkjanleg forsenda samkomulagsins að jafnað yrði það misrétti að félagsmenn í tilteknum stéttarfé-

lögum njóti mun betri kjara og þá sérstaklega lífeyrisréttinda en þeir sem kjósa að vera í stéttarfélögum innan ASÍ.

Nú eru 10 mánuðir liðnir frá undirritun yfirlýsingar ráðherra og þrátt fyrir fjölda funda er málið enn óleyst. Fjármálaráðherra vill víkja sér undan sínum hluta samkomulagsins. Samtök atvinnulífsins ætla ekki að standa við sinn hluta gagnvart lífeyrisréttindum sjómanna. Launamenn hafa staðið við sinn hluta.

Alþýðusambandið mun ekki una því aðgerðalaust að ekki verði staðið að fullu við samkomulagið. Því verður ekki trúað að ráðherra í ríkisstjórn Íslands undirriti yfirlýsingu gagnvart heildarsamtökum á vinnumarkaði og telji síðan að hann beri ekki frekari ábyrgð á niðurstöðu málsins.

Hafi ekki náðst niðurstaða fyrir 1. febrúar 2003 hvetur ársfundur Alþýðusambands Íslands 2002 miðstjórn sambandsins til þess að undirbúa aðgerðir til þess að knýja á um efndir.

## Ályktun um greiðslubyrði húsnæðislána

Ársfundur Alþýðusambands Íslands átelur harðlega þá hávaxtastefnu sem stjórnvöld og Seðlabanki hafa látið viðgangast hér á landi. Á meðan skammtímavextir eru látnir sveiflast milli 8% til 12% þá eru þeir 3,5% - 4% í Evrópu. Langtímavextir eru hér 8% en í flestum Evrópulandanna um 4,5%.

Ofnotkun stjórnvalda á gengisaðlögunum með gengisfellingum og verðbólgu eyða umsömdum launahækkunum og auka skuldsetningu heimilanna. Stjórnvöld verða að axla meiri ábyrgð í stað þess að láta launamenn sífellt bera þungann með lækkun kaupmáttar og atvinnuóöryggi. Óvissa um gengisþróun og stefnuleysi í efnahagsmálum hefur leitt til þess að lánastofnanir komist upp með að hafa vexti allt að því tvöfalda miðað við önnur Evrópulönd og að auki eru lán verðtryggð. Þetta hefur leitt til gífurlegrar eignatilfærslu frá þeim sem minna mega sin til hinna efnameiri. Fyrirtæki geta notið lægri vaxta með erlendum lánum á meðan almennir launamenn eru bundnir við íslenskt efnahagsumhverfi.

Sjálfvirk hækkun íbúðarlána vegna verðtrygginga er þess valdandi að greiðslubyrði heimila vex umfram greiðslugetu þeirra. Greiðslubyrði lána vegna íbúðarkaupa hefur hækkað án þess að þeirri hækkun hafi verið mætt með breytingum á vaxtabótum. Vextir af nýjum lánum til félagslegs leiguhúsnæðis hækkuðu úr 1% í 3,5% í byrjun árs 2001. Það hefur leitt til þess að leiguverð íbúða er óheyrilega hátt. Félagsmálaráðherra kynnti á árinu 2001 sérstakt átak til byggingar leiguíbúða án þess að tekið væri á því að lækka leiguverð. Því hefur ástandið í húsnæðismálum farið versnandi, sem hefur bitnað mjög á efnalitlu fólki, öryrkjum og öldruðum.

Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum og krefst aðgerða til þess að draga stórlega úr húsnæðiskostnaði lágtekjufólks. Aðgerðir stjórnvalda bera það fyrst og fremst með sér að verið er að tryggja hagsmuni lánadrottna en ekki almennings. Fundurinn krefst þess að á yfirstandandi Alþingi verði gripið til ráðstafana sem leiða til verulegra vaxtalækkana og aðgerða til verndunar heimila almennings.

## Ályktun um skattamál

Ársfundur Alþýðusambands Íslands ályktar að þrátt fyrir fullyrðingar stjórnvalda um almenna velmegun í landinu vanti verulega á að svo sé.

Skattastefnu stjórnvalda hefur ítrekað verið mótmælt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og hefur hún margsinnis lagt fram tillögur um réttlátara skattkerfi. Í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að auka skattaálögur á almennt launafólk um 7.100 milljónir króna með hækkun tekjuskatta einstaklinga og hækkun tryggingargjalds umfram almennar tekjubreytingar. Á sama tíma eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir um 4.700 milljónir króna.

Stjórnvöld hafa árum saman svikist um að láta skattleysismörk og bótamörk tryggingarkerfisins fylgja almennri launaþróun. Stæðu stjórnvöld við fyrri loforð, væri fjárhag margra alþýðuheimila bjargað og á raunhæfan hátt tekist á við að laga erfiða fjárhagstöðu þeirra sem minnst mega sín. Á sama tíma og ríkisstjórnin skenkir tilteknum þröngum hópi hátekju- og stóreignamanna ásamt fyrirtækjum stórkostlegar skattalækkanir, vísar hún frá kröfum miklu stærri hóps öryrkja, eldra fólks, sjúklinga, fólks án atvinnu og lágtekjufólks vegna „gífurlegs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð“. Með því að fallast á tillögur ASÍ hefði verið hægt að koma verulega til móts við réttmætar kröfur þessara hópa.

Í pólitískri umræðu í vetur verður tekin upp alvarleg umræða um stefnuna í skattamálum og getu ríkissjóðs til þess að standa undir velferðarkerfinu. Það er skýlaus krafa ársfundarins að þeim sem minnst mega sín í einu ríkasta þjóðfélagi heims verði tryggð lágmarks framfærsla.

## Ályktun um fullgildingu ILO samþykktar nr. 158

Ársfundur Alþýðusambands Íslands skorar á rikisstjórnina að fullgilda sem fyrst samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni, sem tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi, en slík ákvæði vantar í íslenska löggjöf. Eins og nú háttar málum er hægt að segja starfsmanni upp starfi án þess að tilgreina neina ástæðu þó að eftir henni sé leitað.

***Greinargerð:***
Meginefni samþykktar nr. 158 má skipta í þrjá þætti: Sá fyrsti felst m.a. í því að atvinnurekenda er skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað. Annar þátturinn felur í sér að ekki sé hægt að segja starfsmanni upp nema til þess sé gild ástæða í sambandi við hæfni, eða hegðun starfsmannsins, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í þriðja lagi kveður samþykktin á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar. Hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu.

Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktar nr. 158 myndu gjörbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef stjórnvöld fullgiltu hana. Því ítrekar fundurinn þá áskorun sína til stjórnvalda að þau fullgildi fyrrgreinda samþykkt sem fyrst og lyfti þannig réttindamálum íslensks launafólks upp á sama stig og er á hinum Norðurlöndunum hvað þetta varðar.

## Heilsuvernd starfsmanna

Ársfundur ASÍ beinir því til stjórnvalda að þess verði gætt við endurskoðun á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, að ákvæði um áhættumat og heilsuvernd starfsmanna verði tryggð.

## Ályktun menntanefndar

Menntanefnd styður tillögur forseta ASÍ og formanns MFA um breytingar á lögum ASÍ er varða menntamál. Nefndin telur þessar breytingar opna ný og betri tækifæri fyrir launafólk að treysta stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni menntun. Til þess að tryggja að þessi tækifæri verði öllum landsmönnum aðgengileg er mikilvægt að treysta tengsl Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Mímis við símenntunarmiðstöðvarnar. Nefndin telur sérstaklega mikilvægt að lögð verði áhersla á að óformlegt nám og starfsreynsla verði metin til eininga í formlegu námi.

Það er jafnframt skoðun menntanefndar að þessar breytingar auki möguleikana á því að einstaklingar geti með aukinni menntun bætt lífsskilyrði sín.

Nefndin álítur það mikilvægt að þessar breytingar verði nýttar með markvissum hætti til þess að efla hina félagslegu fræðslu með nánari tengslum hennar við aðildarsamböndin/aðildarfélögin. Jafnframt verður að gæta að því að sú þekking sem til verður við námskeiðahald nýtist til frekari þróunar félagslegu fræðslunnar.

## Slit ársfundar

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sleit ársfundi ASÍ 2002 með eftirfarandi orðum:

*„Fundarstjóri - góðir félagar*

*Á síðasta þingi Alþýðusambandsins, fyrir tveimur árum síðan, ákváðum við róttækar breytingar á skipulagi okkar. Meðal þess sem fólst í þessum breytingum var að hverfa frá því að halda þing á fjögurra ára fresti yfir í að halda ársfundi og nú erum við að halda okkar annan ársfund.*

*Ég held að allir hljóta að taka undir þá skoðun mína - hvaða álit sem þeir kunna að hafa á breytingunni - að framkvæmdin hefur gengið vonum framar. Okkur hefur tekist - hratt og vel - að yfirstíga byrjunarörðugleika sem fylgja því að gera jafn afdrifaríkar breytingar og raun ber vitni.*

*Framkvæmd ársfundarins hefur gengið vonum framar. Það er eins og við höfum aldrei haft þetta öðruvísi.*

*Það sama gildir um málefnalegan undirbúning fyrir fundinn og efnislega umfjöllun um málefni - bæði í nefndunum og á fundinum sjálfum.*

*Við höfum rætt ýmis innri mál hreyfingar okkar, eins og laga- og skipulagsmál, fundarsköp ársfundar og fyrirkomulag menntamálanna. Í þessum efnum höfum gengið áfram eftir þeirri braut sem við höfum markað áður, á þinginu árið 2000 og á síðasta ársfundi.*

*Alþýðusamband Íslands hefur haft afgerandi forystu í umræðu um velferðarmál. Við efndum til glæsilegrar ráðstefnu um velferðarmálin snemma á síðasta ári. Þar fengum við að heyra ýmis sjónarmið, bæði innlend og erlend. Við unnum með þessi mál á síðasta ársfundi og svo aftur á þessum fundi og velferðarnefndin hefur unnið að málinu á milli ársfunda.*

*Annar ársfundur ASÍ hefur nú samþykkt ítarlegt plagg um áherslur og helstu verkefni í þessum málaflokki. Þar er bryddað upp á ýmsum nýjungum til að komast út úr þeirri sjálfheldu sem sumir þættir - eins og til dæmis heilbrigðismálin.*

*Þjóðarumræðan um velferðarkerfið þarf að leiða til þjóðarsáttar. Við höfum á undaförnum misserum sýnt fram á það hvernig samtakamáttur verkalýðshreyfingarinnar getur hlaðið utan á sig og leitt til þjóðarsáttar.*

*Sumar stoðir velferðarkerfisins eru komnar í þá stöðu að það hlýtur að vera forgangsverkefni að rjúfa vítahringinn. Í framsögu minni um skýrslu forseta í gær nefndi ég sérstaklega húsnæðismálin. Ég ítreka mikilvægi þeirra hér, en bendi jafnframt á heilbrigðismálin, sem ítarlega er fjallað um tillögum velferðarnefndarinnar.*

*Það virðast hins vegar engir aðilar í þjóðfélaginu vera til þess fallnir að*

*hafa forystu um að skapa nauðsynlega þjóðarsátt - nema verkalýðshreyfingin.*

*Ábyrgð okkar í þessu efni er því mikil. Við munum ekki skorast undan henni frekar en á öðrum sviðum. Við skulum því vera við því búin að halda þessari umræðu áfram - og af enn meiri þunga en hingað til.*

*Á þessum fundi höfum við rætt áfram um Evrópumálin og fylgt eftir vinnunni í þeim efnum á undanförnum misserum. Það er alveg ljóst, að við munum ræða þessi mál áfram - og við ætlumst til þess - að hvaða ákvarðanir sem verða teknar í Evrópumálunum, þá verði það ekki nema að teknu fullu tilliti til hagsmuna launafólks.*

*Íslenskt launafólk hefur náð margvíslegum ávinningi í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Við viljum tryggja áframhaldandi möguleika á að taka fullan þátt í starfi evrópskrar verkalýðshreyfingar og njóta ávaxtanna af árangri hennar.*

*Á þessum ársfundi voru menntamálin rædd áfram og við höfum tekið enn frekari skref í átt til áframhaldandi sóknar á því sviði.*

*Nýkjörinnar miðstjórnar bíða því ærin verkefni og til að leysa þau þurfum við umfram allt samstöðu að baki þeim fulltrúum sem við höfum valið til verkanna. Andinn á þessum ársfundi hefur gefið tóninn í því efni.*

*Nú fara allir heim með samþykktir og ákvarðanir þessa fundar, kynna þær fyrir félagsmönnum og leggja upp áætlanir um hvernig við getum öll, í sameiningu, fylgt þeim eftir.*

*Félagar*

*Áður en ég slít þessum öðrum ársfundi Alþýðusambands Íslands vil ég þakka starfsmönnum fundarins, fundarstjórum, skrifurum og öllum þeim fjölda starfsmanna sem gerir svona fundarhald mögulegt, kærlega fyrir þeirra starf.*

*Við skulum þakka þeim með hressilegu lófataki.*

*Ég vil jafnframt þakka Rannveigu Sigurðardóttur, sem nú hverfur úr miðstjórn, fyrir ánægjulegt samstarf. Jafnframt vil ég bjóða nýjan miðstjórnarmann, Úlfhildi Rögnvaldsdóttur velkomna til starfa í miðstjórn.*

*Nýja miðstjórn býð ég velkomna til starfa. Starfið í miðstjórninni er umfangsmikið og tímafrekt.*

*Það er ætlast til þess í þjóðfélaginu öllu að Alþýðusambandið móti stefnu og hafi skoðanir á fjölmörgum sviðum.*

*Við eigum samstarf við ótal aðila, innlenda sem erlenda og starfið fer vaxandi. Því skiptir vitaskuld miklu máli að við séum eins vel í stakk búin til að takast á við verkefnin eins og kostur er.*

*Ég sagði í framsögu minni um skýrslu forseta í gærmorgun Að samstað-*

*an - og starfið innan hreyfingar okkar muni öðru fremur móta kjör íslensks launafólks á komandi árum. Þess vegna væri ábyrgð okkar mikil. Við skulum fara vel með hana - hér eftir - sem hingað til.*

*Ég vil ítreka þetta hér í lok fundarins - ekki þannig að ég sé smeykur um eitthvað annað eftir þennan fund. Fjarri því. Ég er sannfærður um það að við erum betur í stakk búin til þess í dag að takast á við þessi verkefni en við vorum fyrir nokkrum misserum.*

*Félagar*

*Ég þakka ykkur samstarfið þessa tvo daga og óska ykkur öllum góðrar heimferðar.*

*Ársfundi Alþýðusambands Íslands 2002 er slitið.“*

# Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2002

AÐALBJÖRN SIGUÐRSSON
AÐALSTEINN Á. BALDURSSON
ALMA ÍSLEIFSDÓTTIR
ANITA KNÚTSDÓTTIR
ANNA BIRGISDÓTTIR
ANNA JÚLÍUSDÓTTIR
ANNA MARÍA ÓLAFSDÓTTIR
ANNA N. STEFNISDÓTTIR
ARNAR G. HJALTALÍN
ATLI HRAUNFJÖRÐ INGVARSSON
ÁGÚST ÓSKARSSON
ÁRMANN ÆGIR MAGNÚSSON
ÁRNI BALDURSSON
ÁRNI G. FERDINANDSSON
ÁRNI STEINGRÍMSSON
ÁSDÍS ÁGÚSTSDÓTTIR
ÁSDÍS BJÖRG SCHRAM
ÁSDÍS EVA HANNESDÓTTIR
ÁSDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
ÁSGEIR ÞÓR TÓMASSON
ÁSGERÐUR PÁLSDÓTTIR
ÁSMUNDUR I. ÞÓRISSON
BALDUR G. MATTHÍASSON
BALDVIN BALDVINSSON
BÁRA HALLDÓRSDÓTTIR
BENEDIKT VILHJÁLMSSON
BENÓNÝ  BENEDIKTSSON
BERGLIND J. GESTSDÓTTIR
BIRGIR ELÍNBERGSSON
BJARNDÍS LÁRUSDÓTTIR
BJARNI BJARNASON
BJÖRGÓLFUR EINARSSON
BJÖRN Á. SIGURJÓNSSON
BJÖRN SNÆBJÖRNSSON
BRYNDÍS KJARTANSDÓTTIR
DAGBJÖRT ÝR GYLFADÓTTIR
EINAR BJÖRN SIGURÐSSON
EINAR GÚSTAFSSON
EINAR HJARTARSON
EINAR JÓN ÓLAFSSON
EINAR M. NIKULÁSSON
EINAR MÁR KRISTINSSON
EINAR PÁLSSON
EINAR ÞÓR GÍSLASON
EIRÍKUR PÁLSSON
EIRÍKUR T. ÁSTÞÓRSSON
ELÍN BJARNADÓTTIR
ELÍSABET HALLGRÍMSDÓTTIR
ELÍSABET JÓHANNSDÓTTIR
ELSA UNNUR GUÐMUNDSDÓTTIR
ERLA JÓNSDÓTTIR
EYRÚN INGVALDSDÓTTIR
EYÞÓR GUNNÞÓRSSON
EYÞÓR KARLSSON
FINNBJÖRN A. HERMANNSSON
FINNUR MAGNÚSSON
FINNUR ÞORSTEINSSON
FRIÐBJÖRG JÓHANNSDÓTTIR
GEORG G. GEORGSSON
GÍSLÍNA SALMANNSDÓTTIR
GRÉTAR HANNESSON
GRÉTAR ÞORSTEINSSON
GRÓA HÁVARÐARDÓTTIR
GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR
GUÐBJÖRG SKÚLADÓTTIR
GUÐBJÖRG Þ. GUÐNADÓTTIR
GUÐBRANDUR EINARSSON
GUÐJÓN H. ARNGRÍMSSON
GUÐJÓN HARÐARSON
GUÐLAUGUR BJARNASON
GUÐMUNDUR B. FRIÐFINNSSON
GUÐMUNDUR B. ÓLAFSSON
GUÐMUNDUR GUNNARSSON
GUÐMUNDUR I. GUÐMUNDSSON
GUÐMUNDUR J. JÓNSSON
GUÐMUNDUR KARLSSON
GUÐMUNDUR Ó. GUÐMUNDSSON
GUÐMUNDUR PÉTURSSON
GUÐMUNDUR Þ JÓNSSON
GUÐNI SIGMUNDSSON
GUÐNÝ ÓSKARSDÓTTIR
GUÐRÚN BRIEM

GUÐRÚN ERLINGSDÓTTIR
GUÐRÚN FRÍÐA PÁLSDÓTTIR
GUÐRÚN SKARPHÉÐINSDÓTTIR
GUNNAR BJÖRN GUNNBJÖRNSSON
GUNNAR BÖÐVARSSON
GUNNAR F. SIGURÞÓRSSON
GUNNAR HELGI GUÐMUNDSSON
GUNNAR KRISTMUNDSSON
GUNNAR PÁLL PÁLSSON
GUNNAR SMÁRI GUÐMUNDSSON
GUNNBJÖRN STEINARSSON
GUNNHILDUR G. JÓNSDÓTTIR
HAFLIÐI S. SÍVERTSEN
HALLDÓR G. BJÖRNSSON
HALLDÓR GUNNARSSON
HALLDÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR
HALLDÓRA HÖSKULDSDÓTTIR
HANNES ÓLAFSSON
HANNES Þ. SIGURÐSSON
HARALDUR G. SAMÚELSSON
HARALDUR H. JÓNSSON
HAUKUR HARÐARSON
HAUKUR TRYGGVASON
HÁKON HÁKONARSON
HELGA BJÖRNSDÓTTIR
HELGI HELGASON
HERMANN GUÐMUNDSSON
HERMANN M. SIGURÐSSON
HERVAR GUNNARSSON
HILDUR BJARNASON
HILMAR HARÐARSON
HILMIR HELGASON
HJÖRDÍS BALDURSDÓTTIR
HJÖRDÍS Þ. SIGURÞÓRSDÓTTIR
HJÖRTUR GEIRMUNDSSON
HJÖRTUR L. HARÐARSON
HÓLMSTEINN EIRÍKSSON
HRAFN ELVAR ELÍASSON
HRÖNN BJARNÞÓRSDÓTTIR
INGI BJARNAR GUÐMUNDSSON
INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR
INGUNN ÞORSTEINSDÓTTIR
ÍSLEIFUR TÓMASSON
JÓHANNA E. VILHELMSDÓTTIR
JÓHANNES D. HALLDÓRSSON
JÓHANNES KJARTANSSON
JÓN GUÐMUNDSSON
JÓN H. GUÐJÓNSSON
JÓN INGI KRISTJÁNSSON
JÓN KARL JÓNSSON
JÓN KARLSSON
JÓN MAGNÚSSON
JÓN R. HALLDÓRSSON
JÓN R. JÓNSSON
JÓN RÓSANT ÞÓRARINSSON
JÓN S. PÉTURSSON
JÓN ÞÓR KRISTMANNSSON
JÓNA JÓNSDÓTTIR
JÓNA S. GESTSDÓTTIR
JÓNA SVEINSDÓTTIR
JÓNÍNA SIGURÐARDÓTTIR
JÚLÍANA PÁLSDÓTTIR
JÚNÍA ÞORKELSDÓTTIR
KOLBEINN GUNNARSSON
KONRÁÐ ALFREÐSSON
KRISTBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR
KRISTINN LÁRUSSON
KRISTINN S. JÓHANNSSON
KRISTÍN H. ÁRMANNSDÓTTIR
KRISTÍN JÓNATANSDÓTTIR
KRISTÍN M. BJÖRNSDÓTTIR
KRISTJÁN GUNNARSSON
KRISTJÁN JÓHANNSSON
KRISTJÁN LARSEN
KRISTJÁN S. JÓNSSON
LARS OLSEN
LILJA EIRÍKSDÓTTIR
LINDA BALDURSDÓTTIR
MAGNÚS JAKOBSSON
MAGNÚS L. SVEINSSON
MAGNÚS MAGNÚSSON
MARGRÉT HANNESDÓTTIR
MARGRÉT TORFADÓTTIR
MARÍA ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR
MARÍA INGÓLFSDÓTTIR
MARÍA M. KRISTÓFERSDÓTTIR

MARÓLÍNA MAGNÚSDÓTTIR
MARTA BALDVINSDÓTTIR
MATTHILDUR SIGURJÓNSDÓTTIR
MÁR GUÐNASON
NÍELS S. OLGEIRSSON
ODDNÝ SNORRADÓTTIR
ODDUR SIGURÐSSON
OLGA GÍSLADÓTTIR
ÓLAFUR ÓLAFSSON
ÓLAFUR SVEINSSON
ÓLÖF GUNNLAUGSDÓTTIR
ÓMAR ÞÓR BALDURSSON
PÁLL H. JÓNSSON
PÉTUR INGIMUNDARSON
PÉTUR SIGURÐSSON
PÉTUR SIGURJÓNSSON
PÉTUR V. MAACK PÉTURSSON
RAGNA G. LARSEN
RAGNAR ÁRNASON
RAGNAR ENGILBERTSSON
RAGNAR ÓLASON
RANNVEIG GUNNLAUGSDÓTTIR
REYNIR ARNÓRSSON
REYNIR JÓSEPSSON
RÓBERT B. JÓHANNESSON
RUTH JÓHANNA ARELÍUSDÓTTIR
SAMÚEL INGVASON
SIGFÚS R. EYSTEINSSON
SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR
SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR
SIGRÍÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR
SIGRÚN JÓNSDÓTTIR
SIGURBJÖRG KRISTMUNDSDÓTTIR
SIGURÐUR BESSASON
SIGURÐUR G. DAVÍÐSSON
SIGURÐUR MAGNÚSSON
SIGURÐUR T. SIGURÐSSON
SIGURGEIR ÓLAFSSON
SIGURHANS WIUM HANSSON
SIGURJÓN EINARSSON
SIGURJÓN MÁR PÉTURSSON
SIGURLAUG BRYNLEIFSDÓTTIR
SÍMON GUNNARSSON
SNORRI ÁRSÆLSSON
SNORRI HALLGRÍMSSON
SÓLVEIG M. GUÐJÓNSDÓTTIR
SÓLVEIG SVEINBJÖRNSDÓTTIR
STEFANÍA MAGNÚSDÓTTIR
STEFÁN SVEINSSON
STEINAR J. KRISTJÁNSSON
STEINGERÐUR HERMANNSDÓTTIR
STEINN G. LUNDHOLM
STEPHEN R. JOHNSON
STYRMIR JÓHANNSSON
SÚSANNA B. VILHJÁLMSDÓTTIR
SVANUR M. GESTSSON
SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON
SVEINN G. HÁLFDÁNARSON
SVEINN INGASON
SVERRIR GARÐARSSON
SÆBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR
SÆVAR GUNNARSSON
TEITUR JENSSON
UNNUR ÞORSTEINSDÓTTIR
ÚLFHILDUR RÖGNVALDSDÓTTIR
VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR
VIÐAR OTTESEN
VIGDÍS SIGURJÓNSDÓTTIR
VIGNIR EYÞÓRSSON
ÞORBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR
ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON
ÞORKELL KOLBEINS
ÞORLÁKUR JÓHANNSSON
ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON
ÞORSTEINN GUNNARSSON
ÞORSTEINN J. HARALDSSON
ÞORSTEINN M. KRISTJÁNSSON
ÞORSTEINN SIGURÐSSON
ÞORVALDUR AÐALSTEINSSON
ÞÓR OTTESEN
ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR
ÞURÍÐUR INGIMUNDARDÓTTIR
ÖRN BRAGI TRYGGVASON
ÖRN FRIÐRIKSSON



*Miðstjórn ASÍ sendi frá sér ályktun um hækkun leikskólagjalda hjá ýmsum sveitarfélögum.*

# Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykkta ársfunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2002. Umfjöllun um kjara- og efnahagsmálin var mikil eins og alltaf. Þá hafa réttindamál félagsmanna aðildarfélaga ASÍ hjá ríki og sveitarfélögum ítrekað komið til umfjöllunar í miðstjórninni. Einnig má nefna Evrópumálin og gildistöku Evrópureglna á íslenskum vinnumarkaði. Loks hefur undirbúningur ársfundar ASÍ 2003 verið á dagskrá miðstjórnar með reglulegu millibili á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til, og sem ekki er fjallað um annars staðar í henni.

## Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2003

Á fundi miðstjórnar ASÍ 16. október 2002 var fjallað um þjóðhagsspá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2003. Þá var sérstaklega fjallað um breytingar á samsetningu skatttekna ríkissjóðs, í framhaldi af skattalagabreytingunum sem samþykktar voru í lok árs 2001. Í minnisblaði sem lagt var fyrir fundinn kom fram að verið er að færa skatta af fyrirtækjum og eignamiklum og tekjuháum einstaklingum yfir á venjulegt launafólk. Hefðu breytingarnar ekki komið til, mætti reikna með að ríkissjóður hefði haft 8,4 milljörðum meira til ráðstöfunar, sem hefði mátt nota til að treysta velferðarkerfið til muna.

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það óréttlæti og þá auknu misskiptingu sem einkennir tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2003. Á meðan skattar á almennt launafólk eru hækkaðir og vegið er að undirstöðum verferðarkerfisins, eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir sem nemur mörgum milljörðum króna. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að pólitísk umræða næstu mánaða komi til með að snúast um stefnu stjórnvalda í skattamálum og velferðarmálum.*

*Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2003 á að auka skattaálögur á almennt launafólk um 7.100 milljónir króna með hækkun tekjuskatta einstaklinga og hækkun tryggingargjalds umfram almennar tekjubreytingar. Á sama tíma eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir um 4.700 milljónir króna. Miðstjórn ASÍ mótmælir þessu óréttlæti harðlega og ítrekar gagnrýni sína á skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi í lok síðasta árs. Augljóst er að þau varnaðarorð sem þá voru viðhöfð áttu fullan rétt á sér. Afleiðingarnar eru nú að líta dagsins ljós.*

*Ef ekki hefði komið til breytinga á lögum um tekju- og eignaskatt í lok síðasta árs má færa rök að því að tekjur ríkisins hefðu orðið um 8.500 milljónum króna meiri en samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi. Á sama tíma og ríkisstjórnin skenkir tilteknum þröngum hópi hátekju- og stóreignamanna þessa stórkostlegu skattalækkun, hefur kröfum miklu stærri hóps öryrkja, eldra fólks, sjúklinga, fólks án atvinnu og lágtekjufólks verið vísað frá vegna „gífurlegs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð“. Miðstjórn ASÍ fullyrðir að með óbreyttri skattastefnu hefði verið hægt að koma verulega til móts við réttmætar kröfur þessara hópa.“*

## Úrsögn úr Landvernd

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. október 2002 var samþykkt að samtökin segðu sig úr Landvernd. Í bréfi til Landverndar þar sem úrsögnin var tilkynnt var gerð grein fyrir ástæðum úrsagnarinnar. Þar sagði m.a.:

*„Markmið Alþýðusambands Íslands með aðildinni að Landvernd hefur verið að eiga aðild að alhliða samráðs- og samstarfsvettvangi aðila vinnumarkaðar, sveitarstjórna, stjórnvalda, náttúruverndarsamtaka og fleiri um auðlindanýtingu og náttúruvernd.*

*Að undanförnu hafa orðið miklar breytingar á hlutverki og starfsemi Landverndar og aðild að samtökunum.*

*Framangreindar breytingar gera að verkum að Alþýðusamband Íslands telur að þær forsendur sem voru fyrir aðild ASÍ að Landvernd séu ekki lengur til staðar.*

*Í ljósi framanritaðs segir Alþýðusamband Íslands sig hér með úr Landvernd. Um leið óskum við samtökunum velfarnaðar í starfi sínu.“*

## Hækkun á leikskólagjöldum og gjaldtaka sérfræðilækna

Í lok árs 2002 voru miklar umræður í miðstjórn um boðaðar gjaldskrárhækkanir fjölmargra stofnana og fyrirtækja. Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. nóvember 2002 var m.a. fjallað um ákvörðun Reykjavíkurborgar um hækkun á leikskólagjöldum. Að loknum umræðum var eftirfarandi ályktunin samþykkt:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim hækkunum á dagvistargjöldum sem tekin hefur verið ákvörðun um hjá Reykjavíkurborg. Hækkanir af þessari stærðargráðu eru með öllu óásættanlegar í því ástandi sem nú ríkir. Með sameiginlegu átaki, undir forystu verkalýðshreyfingarinnar, var verðbólgan kveðin niður og sköpuð skilyrði fyrir nýtt sóknartímabil. Þessum árangri er nú stefnt í hættu, því þó áðurnefndar hækkanir ógni ekki stöðugleikanum einar og sér, gefa þær tóninn.*

*Miðstjórnin bendir jafnframt á, að ábyrgð þeirra sem ríða á vaðið í þessu sambandi er mikil, því ef verðbólga fer aftur úr böndunum, bitnar það á öllum, launafólki, fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkissjóði. Þeir aðilar sem ákveða gjaldskrár vöru og þjónustu eru hvattir til að taka mið af afleiðingum verðhækkana og halda að sér höndum í þessu sambandi.“*

Þá var á sama fundi ályktað um gjaldtöku sérfræðilækna:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeirri túlkun sérfræðilækna á samningum sínum við Tryggingastofnun ríkisins, að í þeim*

*sé settur „kvóti“ á aðgang almennings að heilbrigðisþjónustu. Sú skoðun sérfræðilækna, að þar sem sá „kvóti“ sé nú í einhverjum tilvikum fullnýttur, beri sjúklingum að greiða að fullu fyrir læknisþjónustu þeirra, vekur furðu ASÍ og alls almennings.*

*ASÍ telur að til grundvallar velferðarkerfi okkar Íslendinga liggi full sátt um að allir landsmenn hafi án nokkurrar mismununar aðgengi að heilbrigðisþjónustu allt árið um kring. Þetta sé tryggt í Stjórnarskrá Íslands, lögum um almannatryggingar, lögum um réttindi sjúklinga og endurspeglist í fortakslausum samningum Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilækna.*

*Samningar sérfræðilækna við Tryggingarstofnun ríkisins um fyrirkomulag greiðslna og magnafsláttarkjör þeim tengdum, sem síðast voru endurnýjaðir 15. ágúst sl., endurspegla réttindi og skyldur þessara lækna og tryggja almenningi án nokkurrar mismununar aðgengi að þjónustu þeirra allt árið um kring. ASÍ telur að ef sérfræðilæknar vilja starfa utan hins opinbera velferðarkerfis eigi þeir að gera það allt árið, en ekki bara þegar það hentar þeim eða þegar reynir á afsláttarkjör skv. samningum þeirra við Tryggingastofnun ríkisins.*

*Miðstjórn ASÍ vísar því túlkun sérfræðilækna algjörlega á bug og tekur undir með talsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins um að hér sé um alvarlegt brot að ræða gagnvart réttindum sjúklinga.*

*Miðstjórn ASÍ krefst þess að viðkomandi sérfræðilæknar endurgreiði þegar í stað þeim sjúklingum sem þeir hafa með rangindum gert að greiða að fullu fyrir læknisþjónustu sl. vikur.“*

## Viðmiðunarreglur um bókhald og ársreikninga

Á fundum miðstjórnar í ársbyrjun 2003 og síðan aftur í maí, var fjallað ítarlega um viðmiðunarreglur sem unnar höfðu verið á grundvelli 41. greinar laga ASÍ um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda. Viðmiðunarreglurnar voru samþykktar á fundi 19. febrúar og síðan aftur með lítils háttar lagfæringum 22. maí. Reglunum sem m.a. voru unnar í samráði við reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda, er skipt í tvo hluta. Annars vegar um bókhald og áætlanagerð vegna rekstrar aðildarfélaga og landssambanda. Hins vegar um ársreikninga, endurskoðun og aðrar fjárhagslegar upplýsingar. Viðmiðunarreglurnar voru síðan kynntar aðildarfélögunum.

Nánar er gerð grein fyrir viðmiðunarreglunum í kaflanum um lagabreytingar og skipulagsmál.

## Jöfnun réttinda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga

Umræður urðu ítrekað í miðstjórn ASÍ um þann óþolandi mun sem er á rétt-

indum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, þar sem félagar í aðildarfélögum aðildarsamtaka ASÍ búa við allt önnur og lakari réttindi á mörgum sviðum, miðað við þá starfsmenn sem heyra undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Voru vanefndir fjármálaráðherra í yfirlýsingu sem hann gaf við framlengingu kjarasamninga í desember 2001 harðlega gagnrýnd.

Að frumkvæði miðstjórnar var í mars haldinn fundur formanna og trúnaðarmanna verkalýðsfélaga innan ASÍ með félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

> *„Fundur formanna og trúnaðarmanna verkalýðsfélaga innan ASÍ með félagsmenn sem starfa hjá ríkinu mótmælir harðlega því misrétti sem ríkið beitir starfsmenn sína í lífeyris-, veikinda- og orlofsrétti eftir því í hvaða stéttarfélagi þeir eru.*
>
> *Alþýðusamband Íslands hefur tvívegis fengið yfirlýsingu frá núverandi ríkisstjórn í tengslum við gerð kjarasamninga, með fyrirheitum um að jafna þennan mun. Við þær hefur ekki verið staðið.*
>
> *Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga í mars árið 1997, lýsti Davíð Oddsson, forsætisráðherra, yfir því að „Í kjarasamningum ASÍ félaga við ríkið verði sértaklega hugað að því að samræma lífeyrisréttindi þeirra hópa við lífeyrisréttindi annarra starfsmanna ríkisins.“*
>
> *Við gerð samkomulags aðila vinnumarkaðarins 13. desember 2001 lýsti Geir Haarde, fjármálaráðherra, yfir því að unnið yrði að því að jafna réttindi félagsmanna ASÍ í starfi hjá ríkinu við réttindi annarra starfsmanna ríkisins.*
>
> *Eftir fjölda funda með ráðherrum ríkisstjórnarinnar og embættismönnum er ljóst að enginn pólitískur áhugi er hjá núverandi ríkisstjórn á að finna viðunandi lausn á þessu máli. Félagsmenn ASÍ sem eru í starfi hjá ríkinu búa við gróft misrétti. Fundurinn telur það brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og krefst þess að ríkisstjórnin standi við fyrri yfirlýsingar.“*

Á fundi miðstjórnar 23. maí var samþykkt að fela skrifstofu ASÍ að bera fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna óréttmætrar mismununar ríkis og sveitarfélaga í lífeyrisréttindum starfsmanna sinna.

Þann 26. ágúst sendi Alþýðusamband Íslands svo formlega kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Kvartað er vegna brota fjármálaráðuneytisins gegn ákvæðum 65. gr. stjórnarskrár og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en ráðuneytið kemur fram sem launagreiðandi og vinnuveitandi gagnvart öllum starfsmönnum ríkisins. Nánar tilgreint er kvartað vegna þess að starfsmönnum ríkisins sem aðild eigi að þeim stéttarfélögum sem semji um kaup og kjör skv.

lögum nr. 80/1938 (almennu stéttarfélögunum) sé gróflega og á ómálefnalegan hátt, mismunað í lífeyriskjörum vegna stéttarfélagsaðildar sinnar, samanborið við sambærilega starfsmenn sem eigi aðild að þeim stéttarfélögum sem gera kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986 (opinberu stéttarfélögunum).

## ASÍ gegn stríði í Írak

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. mars 2003 var fjallað um áskorun sem ASÍ hefði borist frá Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga vegna Íraksdeilunnar. Samþykkt var svohljóðandi ályktun um friðsamlega lausn Íraksdeilunnar:

> *„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur ríkisstjórn Íslands til að beita þeim áhrifum sem Ísland hefur á alþjóðavettvangi til að þrýsta á um að leitað verði friðsamlegra lausna í Íraksdeilunni. Í því sambandi er mikilvægt að unnið sé innan ramma þeirra ályktana sem samþykktar hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í því felst að leitað verði allra friðsamlegra leiða til að afvopna Íraka áður en gripið er til annarra aðgerða.*
>
> *Miðstjórn ASÍ tekur undir það með Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga að ákvarðanir um að grípa til vopna utan ramma Sameinuðu þjóðanna, kæmu til með að grafa undan valdi þeirra og möguleikum á að gegna lykilhlutverki sínu í að stuðla að friði, mannréttindum og öryggi. Afleiðingar slíkrar veikingar Sameinuðu þjóðanna kæmu til með að hafa áhrif langt út fyrir Íraksdeiluna.*
>
> *Enn er tími til stefnu. Raunverulegur friður til framtíðar verður einungis byggður á félagslegu réttlæti, lýðræði og mannréttindum.“*

Þá sendi Alþýðusambandið ásamt öðrum samtökum launafólks frá sér sérstaka áskorun vegna Íraksdeilunnar. En hún var liður í baráttu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar gegn stríðsáformum Bandaríkjamanna gegn Írak:

> *„Alþýðusamband Íslands, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Samband íslenskra bankamanna, Félag bókagerðamanna og Átak gegn stríði hvetja ríkisstjórn Íslands til að beita þeim áhrifum sem Ísland hefur á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir stríðsátök. Ljóst er að það verða einkum óbreyttir og saklausir borgarar í Írak sem munu láta lífið eða örkumlast í tugþúsunda tali, komi til stríðs.*
>
> *Ofangreind samtök hvetja íslenskt launafólk til að nota þetta tilefni til umræðna á vinnustöðum í hádeginu þann 14. mars um það hættuástand sem skapast hefur vegna stríðsáforma Bandaríkjamanna. Ennfremur hvetja þau til fjöldaþátttöku í þeirri baráttu sem framundan er gegn fyrirhuguðu stríði.*

*Þetta er í samræmi við áskorun Evrópusamtaka launafólks - ETUC - en launafólk um alla Evrópu ætlar að grípa til mótmæla gegn fyrirhuguðum stríðsrekstri í Írak, sem er í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna.“*

## 1. maí 2003

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 9. apríl að yfirskrift og slagorð á 1. maí árið 2003 yrði **Velferð fyrir alla.** Eftirfarandi greinargerð var send til aðildarfélaganna með þessari ákvörðun:

- **Velferð fyrir alla** er í samræmi við grundvallarsjónarmið og baráttumál alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar, óháð tíma og rúmi.
- **Velferð fyrir alla** er beint og eðlilegt framhald af þeirri vinnu sem hefur verið í gangi á vettvangi Alþýðusambandsins undanfarin misseri - allt frá því að ráðstefna með þessari yfirskrift var haldin í Salnum í Kópavogi 28. mars árið 2000.
- **Velferð fyrir alla** vísar til og viðheldur umræðu um tillögur ASÍ í velferðarmálum sem voru lagðar fram og kynntar í mars 2003.
- **Velferð fyrir alla** er orðið tákn fyrir þessar tillögur. Það skilja flestir hvað við er átt og umræða stjórnmálaflokkanna og stefnuskrár fyrir kosningar eru gjarnan sett í samhengi við þessa yfirskrift.
- **Velferð fyrir alla** rímar mjög vel við yfirskrift dagsins hjá alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga - ICFTU, þ.e. virðing. Hugtakið **virðing** er hægt að nota sem stef í allri umræðu um **Velferð fyrir alla**, auk þess sem halda má því fram að þessi tvö grundvallarhugtök og -sjónarmið séu óaðskiljanlegur hluti af sýn verkalýðshreyfingarinnar um lífsgæði fyrir alla og betri heim.

## Atvinnurekendur misnota stöðu sína

Í aðdraganda Alþingiskosninganna vorið 2003 varð nokkur umræða í miðstjórn um tilraunir forsvarsmanna fyrirtækja til að hafa með ólögmætum hætti áhrif á stjórnmálaskoðanir starfsmanna sinna.

Á fundi 7. maí var eftirfarandi ályktun samþykkt af þessu tilefni:

*„Sú almenna og viðurkennda meginregla gildir í samskiptum launafólks og atvinnurekenda, að atvinnurekendum er óheimilt að reyna með ólögmætum hætti að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir starfsmanna sinna. Þessi regla var fest í lög á fyrrihluta síðustu aldar og hefur ekki orðið tilefni ágreinings um langt skeið. Á því hefur orðið breyting.*

*Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega tilraunum forsvarsmanna Útgerðarfélags Akureyrar og Brims til þess að hafa með ólögmætum hætti*

*áhrif á stjórnmálaskoðanir starfsmanna sinna. Á fundi með starfsmönnum og síðar í vikulegu innanhúss fréttabréfi til starfsmanna segir framkvæmdastjóri félagsins m.a. að hætt sé við, nái stefna stjórnarandstöðuflokkanna í komandi þingkosningum fram að ganga, að fótunum yrði „... kippt undan rekstri þeirra frystihúsa sem rekin eru af Brimi og byggja vinnslu sína á eigin hráefni. Stórir vinnustaðir á Akureyri, Grenivík, Akranesi og Seyðisfirði færu í uppnám og hætt er við að fjöldinn allur af starfsmönnum myndi missa atvinnu í kjölfarið. Þá er ljóst að núverandi rekstur ísfiskskipa Brims myndi breytast verulega og tilfærsla yrði frá ísfiskveiðum yfir í sjófrystingu.“*

*Í 4.gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir:*

*„Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með:*

*a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,*

*b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.“*

*Ummælunum er þannig ljóslega ætlað að vekja ótta meðal starfsmanna um atvinnu sína og afkomu. Í þessu felst óbein „hótun“ um uppsögn í skilningi laga 80/1938. Ræðuhöld yfir starfsmönnum og bréfaskriftir af framangreindum toga fela þess vegna í sér alvarlegt brot á 4. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmæta tilraun til þess að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir starfsmanna Útgerðarfélags Akureyrar og Brims.“*

## Hópuppsögnum á Raufarhöfn mótmælt

Um mánaðamótin maí-júní var öllum starfsmönnum Jökuls á Raufarhöfn sagt upp störfum. Jafnframt var tilkynnt að sú fiskvinnsla sem verið hefði hjá fyrirtækinu yrði lögð niður, en hluta starfsmanna mögulega boðin störf við annars konar vinnslu eftir sumarleyfi.

Alþýðusambandið brást hart við og fóru fulltrúar þess ásamt fulltrúum Starfsgreinasambandsins til Raufarhafnar og áttu fundi með fulltrúum stéttarfélagsins á staðnum og starfsmanna Jökuls, framkvæmdastjóra Jökuls og sveitastjóranum á Raufarhöfn 4. júní. Á þessum fundum var kynnt sú afstaða ASÍ að sambandið teldi uppsagnirnar ólöglegar þar sem þær brytu gegn lögum um hópuppsagnir og var skorað á fyrirtækið að draga uppsagnirnar til baka.

Í bréfi til starfsmanna Jökuls voru sjónarmið og aðgerðir ASÍ og SGS skýrðar frekar:

*„Til starfsmanna Jökuls ehf.*

*4. júní 2003*

*Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambands Íslands komu á fund formanns Vlf. Raufarhafnar 4. júní til að ræða þá alvarlegu stöðu sem upp er komin vegna uppsagna Jökuls ehf. á öllum starfsmönnum fyrirtækisins. Fundir voru einnig haldnir með framkvæmdastjóra Jökuls ehf. og sveitarstjóra Raufarhafnar.*

*Engin vafi leikur á því að brotið var á rétti starfsmanna til að fá upplýsingar um fyrirhugaðar uppsagnir og að haft væri samráð við trúnaðarmenn starfsmanna samkvæmt ákvæðum laga um hópuppsagnir nr. 63/2000.*

*Samkvæmt lögum þessum ber atvinnurekanda að láta trúnaðarmönnum starfsmanna í té allar þær upplýsingar sem máli skipta vegna fyrirhugaðra uppsagna og tilgreina a.m.k. skriflega*

- *hvaða ástæður búa þeim að baki,*
- *fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp og hvaða störfum þeir gegna,*
- *hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna,*
- *á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda og*
- *viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp.*

*Atvinnurekanda ber að afhenda þessar upplýsingar með góðum fyrirvara og áður en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um uppsagnir.*

*Trúnaðarmanni starfsmanna, Kristinu Pohoreska, voru ekki afhentar þessar upplýsingar né málið rætt við hana eða Þorstein Hallsson varatrúnaðarmann.*

*Lög um hópuppsagnir mæla ekki aðeins fyrir um skyldu atvinnurekanda til að láta trúnaðarmönnum starfsmanna í té áðurnefndar upplýsingar heldur ber honum jafnframt að viðhafa samráð við þá.*

*Með samráði er átt við að atvinnurekandi hefji viðræður við trúnaðarmenn starfsmanna um áform sín þannig að aðilar geti í samráði leitað leiða til að koma í veg fyrir að atvinnurekandi láti áform sín um uppsagnir fram að ganga eða a.m.k. að fækkað sé í þeim hópi starfsmanna sem atvinnurekandi telur þörf á að segja upp.*

*Slíkar viðræður fóru ekki fram heldur beitti fyrirtækið þeirri aðferð að tilkynna ákvörðun sína fyrirvaralaust á fundi með starfsmönnum miðvikudaginn 28. maí sl.*

*Alþýðusamband Íslands og Starfgreinasamband Íslands mótmæla þessari framkomu forsvarsmanna fyrirtækisins í garð starfsmanna. Hefur þeirri*

*kröfu verið komið á framfæri við framkvæmdastjóra Jökuls að hann dragi nú þegar til baka ákvörðun sína um að segja upp öllu starfsfólki fyrirtækisins. Jafnframt að teknar verði nú þegar upp viðræður við trúnaðarmenn starfsmanna og fulltrúa Vlf. Raufarhafnar um lausn á þessu máli.*

*Stór hluti starfsmanna Jökuls er af erlendu bergi brotinn. Í þeim hópi eru a.m.k. 8 starfsmenn með tímabundið atvinnuleyfi. Komið hefur fram að fyrirtækið telji sig óbundið af samningum sem það hefur gert um tímabundna ráðningu þessa starfsfólks. ASÍ og SGS vísar þessu viðhorfi fyrirtækis alfarið á bug enda um brot að þeirri meginreglu íslensks vinnuréttar um að samningar skuli standa. Í því felst að atvinnurekandi getur ekki einhliða og án bóta losað sig undan samningi um tímabundna ráðningu starfsmanns. Enginn vafi er á því að þessi hópur starfsmanna er reiðubúinn af sinni hálfu að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessum samningum.*

*Alþýðusamband Íslands mun ásamt Starfsgreinasambandi Íslands fylgja þessu máli eftir í samráði við formann Vlf. Raufarhafnar, eftir því sem nauðsyn krefur.*

*Með félagskveðju,*

*Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.“*

Alþýðusambandinu barst síðan bréf frá forráðamönnum Jökuls tveimur dögum síðar þar sem uppsagnirnar voru dregnar til baka jafnframt því sem fyrirtækið lýsti yfir vilja sínum til að fara að lögum um hópuppsagnir varðandi upplýsingar og samráð við fulltrúa starfsmanna og stéttarfélagsins á staðnum áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar um málefni þeirra.

## Málefni verndaðra vinnustaða

Á fundi miðstjórnar 22. maí var fjallað um réttarstöðu fatlaðra starfsmanna á vernduðum vinnustöðum. Fram kom að um slíka starfsemi gilda tvær mismunandi reglugerðir, nr. 159/1995, sem tekur til fólks sem skilgreint er á vinnumarkaði og reglugerð nr. 376/1996 sem tekur til þeirra sem ekki teljast á vinnumarkaði.

Samþykkt var tillaga um að skipuð yrði sérstök nefnd með fulltrúum ASÍ og Samtaka verndaðra vinnustaða vegna þeirra starfsmanna sem falla undir reglugerð nr. 376/1996, svohljóðandi:

*„Alþýðusamband Íslands samþykktir tilnefna þriggja fulltrúa af sinni*

*hálfu í 6 manna samráðsnefnd um kaup, kjör og almennt starfsumhverfi launafólks á vernduðum vinnustöðum sem starfa í samræmi við reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra. Samtök um vinnu og verkþjálfun (SVV) mun tilnefna þrjá fulltrúa af sinni hálfu í samráðshópinn.*

*Samráðshópnum er ætlað að taka saman upplýsingar og hafa yfirsýn yfir almennt launa og starfsumhverfi launafólks á vernduðum vinnustöðum og gera tillögur þar um til einstakra vinnustaða og verkalýðsfélaga.“*

Samþykkt var að Björn Snæbjörnsson, Garðar Vilhjálmsson og Magnús M. Norðdahl yrðu fulltrúar ASÍ í nefndinni.

## Erindisbréf vegna fulltrúa í nefndum og ráðum

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september var samþykkt að fulltrúum ASÍ í nefndum og ráðum yrði sett eftirfarandi erindisbréf:

*„Erindisbréf vegna tilnefningar ASÍ á fulltrúa í nefndir og ráð*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum þann* ***XXX*** *að tilnefna þig sem fulltrúa sambandsins í nefnd/stjórn/ráð og* ***YYY*** *til vara.*

*Það skal tekið fram að miðstjórn ASÍ hefur samþykkt þær starfsreglur að allir fulltrúar sambandsins í stjórnum og ráðum skuli haga störfum sínum þannig að:*

1. *Þeir geri miðstjórn ASÍ skriflega grein fyrir starfi nefndarinnar/stjórnarinnar/ráðsins a.m.k. einu sinni á ári og eigi síðar en 15. september ár hvert.*
2. *Þeir skili viðeigandi fastanefnd ASÍ, miðstjórn ASÍ eða forseta ASÍ eintak af fundargerðum nefndarinnar/stjórnarinnar/ráðsins.*
3. *Þeir leiti fyrirfram eftir samráði við viðeigandi fastanefndir ASÍ, miðstjórn ASÍ eða forseta ASÍ um öll þau mál, sem ætla megi að séu Alþýðusambandinu eða einstaka samtökum innan þess mikilvæg.*

*Þar sem fulltrúar ASÍ eru fleiri en einn í hverri stjórn, nefnd eða ráði skulu þeir koma sér saman um með hvaða hætti skilyrðunum hér að framan er fullnægt.*

*Skrifstofa ASÍ mun verða þér innan handar um fjölföldun og dreifingu á ofangreindum upplýsingum til viðeigandi aðila.*

*F.h. miðstjórnar*

*Alþýðusambands Íslands*

*(Það sem er feitletrað hér að framan verður fyllt út í hverju tilviki fyrir sig.)“*

## Verðsamráð og efling Samkeppnisstofnunar

Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst var fjallað um upplýsingar sem komið höfðu fram um meint verðsamráð olíufélaga og tryggingarfélaga og mikilvægi þess að efla Samkeppnisstofnum og treysta samkeppnislöggjöfina í landinu. Eftirfarandi ályktun ásamt greinargerð var samþykkt af þessu tilefni

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að í ljósi upplýsinga um meint samráð olíufélaga og tryggingarfélaga hér á landi sé það forgangsverkefni stjórnvalda og Alþingis að búa svo um hnútana að víðtækt samráð sem beinist gegn hagsmunum neytenda fái ekki þrifist árum saman án þess að til nauðsynlegra ráðstafana sé gripið. Samráð um verðmyndun og skiptingu markaða getur haft veruleg áhrif á þróun kaupmáttar og kjarasamninga. Brýna nauðsyn ber til þess að efla Samkeppnisstofnun og treysta samkeppnislöggjöfina í landinu. Jafnframt varar miðstjórnin við öllum hugmyndum um að veikja samkeppnislöggjöfina með rýmkun heimilda fyrirtækja til samráðs og samruna.*

*Miðstjórn ASÍ hvetur stjórnvöld til að efla Samkeppnisstofnun og gera henni betur kleift að takast á við þau verkefni sem henni eru falin. Mikilvægt er að stofnunin geti tekist á við fleiri verkefni og unnið þau hraðar en hún ræður við miðað við núverandi stöðu. Það er með öllu óásættanlegt að málsmeðferð stofnunarinnar taki jafn langan tíma og raun ber vitni og að starfsmenn hennar skuli ekki treysta sér til að afgreiða öll þau mál sem til hennar er vísað sökum manneklu, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarið. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ til þess, að öllum vafa um valdmörk og verkaskiptingu í meðferð brota á samkeppnislögum milli Samkeppnisstofnunar, ákæruvalds og lögreglu verði eytt svo trúverðugleiki þessara stofnana verði ekki fyrir frekari skaða í augum almennings.*

*Greinargerð:*

*Ísland er lítið land og erfitt að koma við virkri samkeppni á mörgum mörkuðum. Samkeppnislöggjöfin er því afar mikilvæg til að tryggja samkeppni þar sem henni verður við komið og til að fylgjast með þeim fyrirtækjum sem starfa á fákeppnismörkuðum og koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti markaðsráðandi stöðu.*

*Að undanförnu hefur Samkeppnisstofnun haft til meðferðar stór mál, s.s. málefni olíufélaganna og tryggingafélaganna. Málsmeðferð stofnunarinnar hefur tekið allt of langan tíma. Það hefur skaðað neytendur og atvinnulífið almennt. Því er mikilvægt að stofnuninni verði gert kleift að hraða málsmeðferð frá því sem verið hefur.*

*Á liðnum misserum hafa komið fram kröfur um breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Meðal annars hafa verið settar fram hugmyndir um að breyta lögunum í þá veru að draga úr hömlum á samningum fyrirtækja um samstarf og samráð og veikja möguleg úrræði Samkeppnisstofnunar við brotum og þrengja heimildir hennar til að banna samruna eða setja skilyrði við samruna. Slíkar breytingar munu augljóslega ekki leiða til aukinnar samkeppni á markaði eða verða til hagsbóta fyrir neytendur.*

*Forsenda áframhaldandi hagvaxtar og stöðugleika er skilvirk stjórn efnahagsmála. Með víðtæku samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins hefur verið unnið að þessum markmiðum undanfarin ár. Engum dylst að þær forsendur sem aðilar leggja til grundvallar í störfum sínum verða að vera áreiðanlegar. Sú forsenda að verðmyndum og þróun markaða sé bæði lögmæt og eðlileg er afar mikilvæg. Víðtæk og viðvarandi brot á samkeppnislöggjöfinni vega að trúverðugleika þess samstarfs sem með aðilum hefur verið og því brýnt að stjórnvöld styrki þá þætti í starfsemi sinni sem lúta að vernd gegn brotum markaðsaðila gegn almenningi og heilbrigðu atvinnulífi.“*

## Ársfundur ASÍ 2003

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 2002 var ákveðið að ársfundur Alþýðusambands Íslands yrði haldinn dagana 23. og 24. október 2003 á Nordica hótel í Reykjavík.

Ákvörðunin um ársfund ASÍ 2003 var kynnt aðildarfélögum ASÍ og boðað til hans með formlegum hætti, sbr. 23. gr. laga ASÍ, með bréfi 13. júní 2003.

Á fundi 11. júní 2003 var ákveðið að af hálfu miðstjórnar ASÍ yrði undirbúin umfjöllun um eftirfarandi málefni fyrir ársfund ASÍ 2003, í samræmi við 25. gr. laga ASÍ:

1. Efnahags- og kjaramál
2. Atvinnu- og byggðamál

Þá yrði sérstök kynning á fræðslumálum og aðkomu Alþýðusambandsins að starfsmenntun og fullorðinsfræðslu í tengslum við þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á fræðslustofnunum tengdum ASÍ og aðkomi sambandsins að fræðslumálum síðustu mánuði og misseri.

Á fundi miðstjórnar 10. september var fjallað um ýmis framkvæmdaatriði varðandi ársfundinn og upplýsingar um það efni sent aðildarfélögunum 11. september.

Á fundi miðstjórnar 17. september var síðan fjallað um fulltrúakjör og

atkvæðavægi á ársfundi ASÍ 2003 og samþykkt gerð í þeim efnum sem kynnt var með bréfi til aðildarfélaganna daginn eftir.

Á fundum miðstjórnar 24. september, 1. október og 15. október var síðan áfram fjallað um undirbúning undir ársfundinn, bæði málefni sem fjalla á um á fundinum, tillögur að lagabreytingum og ýmis framkvæmdaatriði.




*Verðlag á neysluvöru skiptir miklu máli kjör almennings. Verð á bensíni er þar ekki undanskilið.*

# Efnahags-, verðlags- og kjaramál

## Þróun efnahagsmála - hagvöxtur að glæðast eftir stutt samdráttarskeið

Eftir hagvöxt á árunum 1995-2001 tók við stutt samdráttarskeið. Árið 2002 dróst verg landsframleiðsla saman um 0,6%, munaði þar mest um 1,1% samdrátt í einkaneyslu og 14% samdrátt í fjármunamyndun. Verulega dró úr verðbólgu á árinu 2002 en í upphafi ársins mældist verðbólgan 9,4% en í desember var verðbólgan komin í 2,0% eða undir verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands.

Á fyrri hluta ársins 2003 varð viðsnúningur í efnahagslífinu. Í upphafi árs var gengið frá samkomulagi við álfyrirtækið Alcoa um byggingu álbræðslu við Reyðarfjörð og jafnframt var ákveðið að ráðast í byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Sterkar vísbendingar eru um að hagvöxtur sé tekinn að glæðast og að nýtt hagvaxtarskeið sé hafið.

## Helstu kennitölur 1995-2002

(Hluti talna 2001 og 2002 eru bráðabirgðatölur)

| Helstu kennitölur | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verg landsframleiðsla[1] | 0,1% | 5,2% | 4,7% | 5,6% | 4,1% | 5,6% | 2,8% | -0,6% |
| Neysluverðsvísitala[2] | 1,7% | 2,3% | 1,8% | 1,7% | 3,4% | 5,0% | 6,7% | 4,8% |
| Kaupmáttur ráðst.á mann[2] | 3,9% | 4,0% | 2,5% | 8,6% | 3,0% | 1,3% | 2,2% | 2,1% |
| Atvinnuleysi[2] | 5,0% | 4,4% | 3,9% | 2,8% | 1,9% | 1,4% | 1,4% | 2,5% |
| Einkaneysla[1] | 2,2% | 5,4% | 5,1% | 10,1% | 7,3% | 4,0% | -3,0% | -1,1% |
| Samneysla[1] | 1,8% | 1,2% | 2,5% | 3,4% | 4,6% | 4,3% | 3,1% | 4,0% |
| Fjármunamyndun[1] | -1,1% | 25,7% | 10,0% | 32,8% | -3,0% | 14,8% | -7,0% | -14,8% |
| Útflutningur[1] | -2,3% | 9,9% | 5,4% | 2,0% | 4,0% | 5,0% | 7,7% | 3,7% |
| Innflutningur[1] | 3,9% | 16,5% | 7,7% | 23,4% | 4,2% | 8,0% | -9,0% | -2,3% |
| Viðskiptajöfnuður[3] | 0,8% | -1,7% | -1,7% | -6,8% | -6,9% | -10,1% | -3,8% | 0,1% |

[1] Magnbreyting milli ára

[2] Prósentubreyting milli ára

[3] Hlutfall af landsframleiðslu

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið

## Hagvöxtur

Hagvöxtur var lítill á fyrri hluta árs 2002 og á síðari hluta ársins dróst landsframleiðslan saman. Þegar árið var gert upp í heild þá dróst landsframleiðslan saman um 0,6% frá fyrra ári. Á fyrri hluta þessa árs varð góður viðsnúningur í efnahagslífinu. Landsframleiðslan jókst um nálægt 3% bæði á fyrsta og öðrum fjórðungi ársins. Flest bendir til að þessi viðsnúningur haldi út árið og að búast megi við ágætum hagvexti á árinu í heild.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar drógust mikið saman á árinu 2002 eða samtals um 14,8%. Munaði þar mestu um að fjárfestingar atvinnuveganna drógust saman um 22,1% og fjárfestingar hins opinbera um 12,2%. Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði jukust hins vegar um 5,5%. Vísbendingar eru um að verulegur umsnúningur eigi sér stað á þessu ári. Að vísu drógust fjárfestingar saman um 10% á fyrsta fjórðungi ársins en á öðrum ársfjórðungi snérist dæmið við og fjárfestingar jukust um 17,2% samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Flest bendir til að þessi þróun haldi áfram og gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því í sinni þjóðhagsspá að fjárfestingar ársins í heild aukist um 7,75% og muni þar mestu um fjárfestingar atvinnuveganna, en spáin gerir ráð fyrir að þær aukist um 14,5% á árinu. Vega fjárfestingar vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi þyngst í þessum tölum.

## Einkaneysla

Í fyrra dróst einkaneysla saman um 1,1%. Sterkur viðsnúningur varð á fyrri hluta þessa árs. Á fyrsta ársfjórðungi jókst einkaneyslan um 5,2% og á öðrum ársfjórðungi um 7,4%. Vísbendingar eru um að aukningin haldi áfram, meðal annars hefur innflutningur á bifreiðum aukist mikið það sem af er árinu og kortavelta hefur einnig aukist. Þessi viðsnúningur í einkaneyslunni bendir til þess að botni niðursveiflunnar hafi verið náð á síðasta ári og að við taki uppsveifla í efnahagslífinu.

## Afkoma atvinnuvega

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman yfirlit yfir 62 fyrirtæki sem birt hafa uppgjör fyrir fyrri árshelming 2003 hjá Kauphöll Íslands. Meginniðurstaða athugunarinnar er að afkoma þessara fyrirtækja hefur versnað frá sama tímabili í fyrra. Samanlagður hagnaður fyrir skatta minnkaði um tæplega 30% og nam 9% af tekjum á fyrri helmingi ársins 2003 í stað 13%. Versnandi afkoma stafar einkum af óhagstæðri þróun fjármagnsliða sem aftur má rekja til styrkingar gengis íslensku krónunnar á fyrri hluta ársins 2003.

Afkoma einstakra atvinnugreina er nokkuð misjöfn. Fjármála- og tryggingageirinn sker sig úr og jukust rekstrartekjur fyrirtækjanna umtalsvert milli áranna. Hagnaður fyrir skatta jókst um 6% af tekjum en þetta var eini geirinn sem skilaði meiri hagnaði í ár en í fyrra. Afkoma bankanna var mjög góð sem skýrist meðal annars af miklum gengishagnaði þeirra en afkoma tryggingarfélaganna var einnig mjög góð og hagnaður nær þrefaldaðist milli ára. Veltufé frá rekstri jókst einnig verulega eða um 21% af tekjum en þessi liður gefur glögga mynd af afkomu fyrirtækja.

Tekjur sjávarútvegsfyrirtækja á fyrri hluta ársins lækkuðu um 15% milli áranna 2002 og 2003 sem stafar að hluta til af styrkingu krónunnar en meðalgengi krónunnar miðað við gengisskráningarvog á fyrri hluta ársins 2003 var 11% hærra en á sama tímabili í fyrra. Að teknu tilliti til gengis- og verðbreytinga drógust tekjur sjávarútvegsfyrirtækja saman um 7% sem skýrist af minni afla á fyrri hluta árs en á sama tímabili í fyrra. Samfara tekjuminnkun dróst framlegð fyrirtækjanna saman, úr 12% í 10% af tekjum. Hagnaður fyrir skatta lækkaði um tæpa 9 milljarða króna. Áhrif breytinga á gengi koma fram í veltufé frá rekstri en það dróst saman um 3,5 milljarða króna milli áranna eða mun minna en hagnaður fyrirtækjanna.

Tekjur iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja hækkuðu um 6% milli ára. Framlegð hélst óbreytt en fjármagnstekjur minnkuðu sem leiddi til þess að hagnaður fyrir skatta dróst saman um 7%. Veltufé frá rekstri jókst aftur á móti um 1% af tekjum. Í flokki iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja eru iðnfyrirtæki, bygg-

inga- og verktakafyrirtæki og lyfjafyrirtæki. Í öllum þessum greinum jukust tekjur milli ára og framlegð jókst í byggingageiranum um 1% og hjá lyfjafyrirtækjum um 3% af tekjum.

Rekstrartekjur í verslunar- og þjónustugreinum hækkuðu um rúma 3 milljarða króna á fyrri hluta þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra. Framlegð jókst um 1% og er nú um 12% af tekjum; fjármagnstekjur drógust aftur á móti saman og hagnaður fyrir skatta minnkaði um 12%. Álverð á heimsmarkaði hefur farið hækkandi á undanförnum mánuðum. Það sem af er þessu ári hefur álverð hækkað um 4% og er gert ráð fyrir að sú hækkun haldist út árið. Álverð í ágústmánuði var ennfremur 9% hærra en á sama tíma í fyrra. Hins vegar er búist við talsverðri lækkun álverðs árið 2004, eða sem nemur um 8,5% í erlendri mynt. Framleiðsla stóriðjufyrirtækjanna jókst um tæp 10% árið 2002 sem skýrðist meðal annars af því að áhrif stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga komu þá að fullu fram. Á þessu og næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir að framleiðslubreytingar stóriðjufyrirtækjanna verði óverulegar.

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað verulega í sumar. Í júlímánuði komu 14% fleiri ferðamenn en í júlí í fyrra og í ágúst komu 16% fleiri um Keflavíkurflugvöll. Fyrstu átta mánuðina í ár komu rúmlega 240 þúsund ferðamenn til landsins samkvæmt samantekt Samtaka ferðaþjónustunnar en inni í þessari tölu eru einnig ferðamenn sem komu með ferjunni Norrænu. Þetta er meiri fjöldi en kom til landsins á sama tímabili árið 2000 en það ár var metár með yfir 300 þúsund ferðamenn. Að mati Samtaka ferðaþjónustunnar virðist ferðamáti útlendinga sem heimsækja landið hafa breyst. Meira er um ferðamenn sem eru á eigin vegum og eru þeir meðvitaðri um verð en áður. Minna er sótt í afþreyingarferðir. Tekjur af erlendum ferðamönnum á fyrri helmingi þessa árs eru rúmlega 6% minni en á sama tímabili í fyrra sem skýrist einkum af lægri fargjaldatekjum. Ef miðað er við fast gengi og verðlag hefur veltan aftur á móti aukist um rúmlega 1%. Fargjaldatekjur hafa hins vegar lækkað um 7% en útgjöld erlendra ferðamanna innanlands hafa aukist um tæp 8%. Ferðamönnum á þessu tímabili fjölgaði um rúm 2%.

## Vinnumarkaður

Frá árinu 2001 hefur atvinnuleysi farið vaxandi. Hæst fór mælt atvinnuleysi í 4,1% í febrúar í ár og þarf að fara aftur til áranna 1997 til 1998 til að finna viðlíka atvinnuleysi. Skráð atvinnuleysi hefur minnkað síðan en það veldur áhyggjum að árstíðaleiðrétt atvinnuleysi heldur áfram að vaxa, þ.e. atvinnuleysi að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna á vinnumarkaði. Annað sem veldur áhyggjum er að langtímaatvinnuleysi sem hlutfall af þeim sem eru at-

vinnulausir fer vaxandi og einnig að atvinnuleysi meðal yngstu aldurshópanna fer hlutfallslega vaxandi (sjá nánar í umfjöllun um atvinnumál).

## Kaupmáttur - launaþróun

Frá árinu 1994 fram til ársins 2002 jókst kaupmáttur heimilanna á hverju ári, bæði kaupmáttur launa og einnig ráðstöfunartekna. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að kaupmáttur launa vaxi um 3% í ár og 2,5% á því næsta en að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1,5% í ár og 2,5% á því næsta. Erfitt er að spá fyrir um nákvæma þróun kaupmáttar á næstu árum. Ræðst hann að mestu af niðurstöðum kjarasamninga á næsta ári en flestir samningar losna upp úr áramótum. Auk þess hefur þróun verðlags áhrif á kaupmáttaraukningu.

## Verðbólga, verðlag og gengi

Verðbólga mældist 9,4% í janúar 2002 og hafði ekki mælst svo mikil í mörg ár. Gengi íslensku krónunnar hafði fallið hratt á árinu 2001 og kynti undir verðbólgunni. Með samhentu átaki undir forystu verkalýðshreyfingarinnar tókst að endurvekja trú manna á stöðugleikann, kveða niður verðbólguna og efla traust á krónunni. Þetta gekk hraðar eftir en nokkurn hafði grunað. Í nóvember 2002 var verðbólgan komin undir verðbólgumarkmið Seðlabankans. Verðbólgan hefur haldist lítil frá þeim tíma og mun líklega haldast lítil út þetta ár og fram á það næsta eða þar til verulegra þensluáhrifa af virkjana- og stóriðjuframkvæmdum fer að gæta. Samræmd vísitala neysluverðs EES-ríkja mældist einna lægst hér á landi í ágúst sl., 1,0%. Að meðaltali mældist hún 2,0% í EES-ríkjunum á sama tíma.

Það vekur athygli að húsnæðisþáttur vísitölunnar skýrir meira en helming verðbólgunnar. Þannig mældist verðbólga án húsnæðis aðeins 0,7% í september 2003.

Krónan veiktist mjög á árinu 2001. Orsakanna er að leita í mikilli þenslu misseranna þar á undan. Hæst fór gengisvísitalan í rúm 150 stig í nóvember 2001. Eftir það tók krónan að styrkjast. Margir áttu von á því að hún myndi leita í jafnvægi nálægt 130 stigum en væntingar vegna virkjana og álversframkvæmda leiddu til frekari styrkingar krónunnar. Lægst fór vísitalan í tæp 118 stig þann 23. maí 2003. Krónan hefur heldur veikst síðan og er nú í rúmum 125 stigum.

## Forsendur kjarasamninga

Forsendur kjarasamninga byggðu á að verðbólga yrði innan ákveðinna marka og að mörkuð launastefna samninganna héldi. Nefnd fulltrúa ASÍ og SA yfir-

fór samningsforsendur í febrúar 2003. Niðurstaða nefndarinnar var að forsendur kjarasamninganna héldu (sjá nánar umfjöllun í kaflanum um kjaramál).

## Peningamálastefna Seðlabankans

Í opnu hagkerfi eins og á Íslandi eru hagstjórnartækin tvö; fjármál hins opinbera og peningamálastefna Seðlabankans. Lögum samkvæmt ber Seðlabankanum að haga peningamálastefnu sinni þannig að verðbólga verði sem næst 2,5% með vikmörkum upp á 1,5%. Til að draga úr þenslu hækkar Seðlabankinn vexti en lækkar þá til að örva hagkerfið. Frá því í ársbyrjun 2002 hefur Seðlabankinn lækkað vexti 11 sinnum eða úr 10,1% í 5,3%. Vaxtamunur við útlönd hefur ekki lækkað að sama skapi því vextir erlendis hafa lækkað mjög að undanförnu og eru nú víða í sögulegu lágmarki.

Aðilar vinnumarkaðarins gagnrýndu Seðlabankann í upphafi árs fyrir að lækka vexti ekki hraðar og meira. Ástæðan var slaki í efnahagslífinu og vaxandi atvinnuleysi. Hin mikla styrking krónunnar hafði slæm áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinarnar og óttuðust menn slæmt atvinnuástand og stöðnun í efnahagslífinu ef ekkert yrði að gert.

Seðlabankinn hefur að undanförnu aukið kaup sín á gjaldeyri til að styrkja gjaldeyrisforðann. Þessi gjaldeyriskaup hafa vegið á móti styrkingu krónunnar, a.m.k. til skamms tíma.

## Fjármál hins opinbera

Afkoma ríkissjóðs fyrir árið 2002 sýndi 8,1 milljarðs króna halla eða um 3,1% af tekjum. Er það verulega óhagstæðari niðurstaða en árið á undan en þá var afkoman jákvæð um 8,6 milljarða. Skýrist verri afkoma á árinu 2002 af mun meiri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og hærri afskriftum skattkrafna.

Tekjur ríkissjóðs námu alls 259,2 milljörðum króna á árinu 2002 eða um 33,5% af landsframleiðslu ársins. Jukust tekjur ríkissjóðs um 9,2% á milli ára og að raungildi er hækkunin um 4,2%. Gjöld ríkissjóðs námu alls 267,3 milljörðum króna á árinu 2002 eða um 34,5% af landsframleiðslu ársins. Árið 2001 voru gjöldin 228,7 milljarðar króna eða 30,9% af landsframleiðslu. Gjöldin hækkuðu um tæp 17% á milli ára eða um 11,5% að raungildi.

Tekjur ríkissjóðs á tímabilinu frá janúar til ágúst á þessu ári jukust um 11,8%, miðað við 12 mánaða breytingu, samanborið við 6,8% aukningu á sama tímabili á fyrra ári. Gjöld ríkissjóðs á tímabilinu frá janúar til ágúst á yfirstandandi ári jukust um 6,7%, miðað við 12 mánaða breytingu, samanborið við 10,6% aukningu á sama tíma í fyrra. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var í ágúst neikvæð upp á tæpa 3 milljarða, samanborið við neikvæða afkomu upp á rúma

5 milljarða árið áður. Gjöld umfram tekjur voru rúmir 18 milljarðar samanborið við 16 milljarða á sama tíma í fyrra.

Í þjóðhagsspá, sem gerð var í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 2004, er gert ráð fyrir aðhaldi í ríkisfjármálum. Gert er ráð fyrir að samneysla hins opinbera aukist einungis um 1% á næsta ári sem er töluvert minni aukning en gert er ráð fyrir á yfirstandandi ári. Í ár er gert ráð fyrir að hún aukist um 3,5% en árið þar á undan jókst hún um 4,0%. Hefur samneysla á síðustu árum aukist um 2,5% að jafnaði. Vekur hægari vöxtur samneyslu á næsta ári nokkra athygli. Í þjóðhagsspá fyrir yfirstandandi ár var einnig gert ráð fyrir 1% vexti samneyslu og hefur sú spá ekki gengið eftir.

## Horfur í alþjóðaefnahagsmálum

Gert er ráð fyrir hægfara efnahagsbata í heiminum á þessu ári og því næsta. Dregið hefur úr óvissu, olíuverð hefur lækkað og búist er við að vaxta- og skattalækkanir örvi hagvöxt á seinni helmingi ársins þó hægt verði. Framvindan í bandarísku efnahagslífi skiptir miklu máli fyrir þróunina í heiminum almennt.

Samkvæmt nýrri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að:

- Meðalhagvöxtur í heiminum verði 3,2% í ár og 4,1% á næsta ári.
- Hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 2,6% í ár og 3,9% á næsta ári.
- Meðalhagvöxtur í Evrulöndum verði 0,5% í ár og 1,9% á næsta ári.

Atvinnuleysi hefur haldið áfram að aukast. Í Bandaríkjunum er atvinnuleysi nú rúmlega 6% sem er meira en það hefur verið síðan 1994. Í Evrópu er atvinnuleysi í þriggja ára hámarki í 9% og í Japan er það í sögulegu hámarki, en þar er reiknað með að atvinnuleysi verði 5,5% í ár. Á næsta ári er búist við að atvinnuleysi minnki örlítið í Bandaríkjunum og Japan en aukist lítillega í Evrópu.

Verðbólga hefur verið mjög lítil að undanförnu, eða undir 2% bæði í ár og í fyrra, og búist við að svo verði áfram. Enn sem komið er hefur verðhjöðnunar eingöngu gætt í fáum löndum - aðallega Japan - en í um 15% af þróuðum ríkjum er nú búist við verðbólgu undir 1% á næsta ári. Þó að hætta á verðhjöðnun sé ekki talin mikil eru töluverðar líkur á tímabundnum verðlækkunum í mörgum löndum, t.d. í Þýskalandi.

Staðan á fjármálamörkuðum hefur batnað á ný eftir lækkanir á hlutabréfum í aðdraganda Íraksstríðs í vor. Vextir hafa lækkað mikið undanfarið og langtímavextir voru í júní síðastliðnum í fjörutíu ára lágmarki. Gengi dollars hefur lækkað á árinu enda hafa vextir í Bandaríkjunum verið lægri en á evrusvæðinu. Dollarinn hefur lækkað um 12% að nafnverði frá því hann stóð sem hæst í fyrra en evran hefur hækkað á móti.

Gert er ráð fyrir að halli hins opinbera aukist víðast hvar á þessu ári. Í Bandaríkjunum er reiknað með að hann verði 6% af VLF, á evrusvæðinu er reiknað með 3% halla og í Japan er reiknað með tæplega 7,5% halla. Á næsta ári er almennt reiknað með hægt batnandi afkomu hjá hinu opinbera.

Af ytri þáttum sem snerta íslenska þjóðarbúið sérstaklega má nefna að búist er við að olíuverð hækki töluvert á þessu ári en lækki aftur á næsta ári. Erlendir vextir lækka á þessu ári en hækka á því næsta. Gert er ráð fyrir að verð á sjávarafurðum verði óbreytt í ár en hækki örlítið á næsta ári og álverð hækki í ár en lækki aftur á næsta ári.

## Verðlagsmál

Markmið verðlagseftirlitsins er annars vegar að auka upplýsingastreymi til neytenda og efla þannig neytendavitund og hins vegar að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Nauðsynlegt er að efla neytendavitund hér á landi þar sem hún virðist minni en í nágrannalöndum okkar. Ljóst er að með því að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald og halda uppi virku verðlagseftirliti er unnið að því að bæta kjör launafólks. Stöðugleiki og lágt verð vöru og þjónustu tryggja betri kjör neytenda þar sem verðið hefur bein áhrif á kaupmátt.

### *Kannanir*

Verðlagseftirlitið hefur verið að þróast á þessu öðru ári sínu. Megináhersla hefur verið lögð á að skoða matvörumarkaðinn en einnig hefur sjónum verið beint að ýmsu öðru sem viðkemur pyngju neytenda. Hér á eftir er stiklað á því stærsta sem gert hefur verið.

### *Matvara*

21. nóvember 2002 var framkvæmd mjög viðamikil matvörukönnun út um allt land. Verð var kannað í tæplega 60 matvöruverslunum og skoðaðir margir vöruflokkar. Niðurstöðurnar sýndu að oft var gífurlegur munur milli verslana á sama svæði. Sambærileg könnun var framkvæmd 15. október sl. en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Könnun á fiskverði, í fiskborði, var framkvæmd í sextán fiskbúðum og matvöruverslunum þann 29. janúar 2003. Niðurstöðurnar sýndu að munur milli hæsta og lægsta verðs var í þremur fjórðu tilfella yfir 50%.

Kannanir á mjólkurvörum, annars vegar 19. desember 2002 og hins vegar 16. janúar 2003, sýndu að hækkun á heildsöluverði mjólkur og mjólkurafurða kom nánast öll fram í smásöluverðinu. En í flokknum ostur og smjör kom ekki nema hluti hækkunar fram. Þriðja mjólkurvörukönnunin var svo framkvæmd í

maí og þá höfðu ostar hækkað nokkuð en þó ekki hlutfallslega jafn mikið og heildsöluverðið um áramót.

Verðlagseftirlit ASÍ og Manneldisráð höfðu samstarf þriðja árið í röð um matvörukönnun sem hafði það markmið að bera saman verð á hefðbundinni neyslukörfu fjögurra manna fjölskyldu og verð á sambærilegri hollustukörfu samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs. Fyrsta könnunin var framkvæmd þann 15. október 2001, þar kom m.a. fram að hægt er að lækka matarreikninginn með því að fylgja ráðleggingum um hollustu. Könnunin árið 2002 sýndi að bilið væri að breikka og nú var hollustan rúmlega 12% ódýrari. Gerð var svo sambærileg könnun 15. október sl. en niðurstöður lágu ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Fjórar sérstakar verðkannanir á drykkjarvörum í matvöruverslunum voru framkvæmdar á tímabilinu; sú fyrsta þann 19. desember, næsta 16. janúar, þriðja 8. maí og sú fjórða 24. september sl. Niðurstöður sýndu að drykkjarvörur hafa hækkað lítillega á tímabilinu, munur á hæsta og lægsta verði hefur aukist í þónokkrum tilfellum og verslanir keppa aðallega innan síns markaðshluta, þ.e. klukkubúðir innbyrðis og lágvöruverslanir innbyrðis.

***Heilsuvörur***

Könnun á verði heilsuvara í verslunum, sem sérhæfa sig á því sviði, var gerð í fyrrasumar og sýndi hún að mikill munur var milli verslana. Sambærileg könnun var gerð 9. október sl. og eru niðurstöður hennar komnar á netið.

***Grænmeti og ávextir***

Í kjölfar tollabreytinga á völdu grænmeti í febrúar árið 2002 var lögð mikil áhersla á af hálfu verðlagseftirlitsins að fylgjast vel með því að þær breytingar skiluðu sér til neytenda. Þessari vinnu hefur verið haldið áfram á þessu starfsári og alls verið framkvæmdar sjö verðkannanir á grænmeti og ávöxtum á þessu tímabili; 10. október og 2. nóvember 2002, 2. maí, 14. ágúst, 28. ágúst, 10. september og 24. september 2003. Ásamt því að bera verslanir saman innbyrðis var reynt að varpa ljósi á verðþróun innan mánaðar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að verð á grænmeti breytist oft töluvert á stuttum tíma og munur milli verslana var oft á tíðum yfir 100%. Sérstakur starfshópur á vegum landbúnaðarráðuneytisins, þar sem ASÍ á fulltrúa, hefur farið yfir verðþróunina frá tollabreytingum til haustsins 2003 og komist að þeirri niðurstöðu að verð til neytenda á ákveðnum grænmetistegundum hefur lækkað verulega. Það sem vekur einnig athygli er að við þá verðlækkun sem varð á grænmeti þá má segja að ákveðin hliðaráhrif hafi orðið sem eru ánægjuleg fyrir neytendur, þ.e. að verð á ávöxtum hefur einnig lækkað verulega á þessu tímabili.

***Bakarí***

Kannað var verð á brauði og kökum í bakaríum og verslunum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni þann 10. október sl. Þegar þetta er ritað liggja niðurstöður ekki fyrir.

***Lyfjaverslanir***

Lyfjamarkaðurinn er flókinn og erfitt fyrir hinn almenna neytanda að átta sig á því hvar hagstæðast er að versla. Þættir sem gera myndina óljósa frá neytandanum séð eru annars vegar óljósar verðmerkingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og hins vegar mismunandi þátttaka almannatrygginga í lyfjakostnaði. Verð á lyfseðilsskyldum lyfjum í apótekum eru ekki sýnileg þegar neytandi kemur að versla og þarf að fara í tölvukerfi apóteks til að ná í verð. Þetta gerir verðtöku erfiða og því var að frumkvæði ASÍ óskað eftir samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu um að móta verklagsreglur á lyfseðilsskyldum lyfjum. Landlæknisembættið kom svo að þessari vinnu og þann 11. september var undirritað samkomulag milli ASÍ, Samtaka verslunar og þjónustu og Landlæknisembættisins um fyrirkomulag lyfjaverðskannana. Fyrsta könnun eftir samkomulagið var svo framkvæmd um miðjan október.

***Annað***

14. nóvember 2002 var kannað verð á hjólbarðaskiptingu hjá 26 hjólbarðaverkstæðum. Skoðaður var heildarkostnaður við skiptingu, umfelgun og jafnvægisstillingu á einum umgangi, þ.e. fjórum hjólbörðum á nokkrum stærðum hjólbarða. Niðurstöðurnar voru að munur á hæsta verði og lægsta var minnstur 22% í flokki fólksbíla en mestur 72% í flokki stórra jeppa.

Við upphaf skólaárs í ágústlok 2003 var framkvæmd verðkönnun á ritföngum og öðrum nauðsynlegum skólavörum í nítján bókaverslunum og stórmörkuðum. Könnunin var gerð í miðju verðstríði sem ríkti á þessum markaði á þessum tíma og niðurstöðurnar voru í takt við aðrar sambærilegar kannanir, þ.e. að mjög örar verðbreytingar áttu sér stað.

20. ágúst var verðkönnun gerð í níu bókaverslunum og verð kannað á nokkrum algengum náms- og orðabókum sem notaðar eru í framhaldsskólum. Munur á hæsta og lægsta verði í könnuninni var minnstur 11% en mestur 96%.

Leikskólagjöld vega oft nokkuð þungt í útgjöldum barnafólks. Könnun sem framkvæmd var í byrjun árs 2002 sýndi að nokkur munur er á gjöldum milli sveitarfélaga. Í lok október 2003 liggur svo væntanlega fyrir ný úttekt á þróun leikskólagjalda í um 40 sveitarfélögum víðs vegar um landið.

***Niðurlag***

Þetta annað ár í starfi verðlagseftirlitsins hefur verið viðburðaríkt og mikil áhersla hefur verið á að byggja upp grunn með áreiðanlegum gögnum til að hægt sé að skoða þróun yfir lengri tíma.

## Verðlagsmál og landbúnaðarmál

Verðlagning landbúnaðarvara hefur afgerandi áhrif á kjör almennings, ekki hvað síst tekjulágra fjölskyldna. Alþýðusamband Íslands tekur því virkan þátt í umræðum um landbúnaðarmál. Um þessar mundir á ASÍ m.a. fulltrúa í „mjólkurnefndinni“ svokölluðu, en hún á að kanna framkvæmd samnings ríkisvaldsins við bændur um mjólkurframleiðslu og koma fram með tillögur um stefnumótun fyrir greinina.

Nokkur atriði knýja á um að störfum mjólkurnefndarinnar verði hraðað. Í fyrsta lagi er ljóst að Doha-viðræðurnar á vettvangi Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar munu á næstu árum leiða til þess að umfangsmiklar breytingar verða á starfsskilyrðum greinarinnar hér á landi með lækkun tolla og framleiðslustyrkja; í öðru lagi er mikilvægt að eyða óvissu í mjólkurframleiðslu með því að gera langtímasamning um starfsskilyrði greinarinnar; og síðast en ekki síst er mikilsvert að sjá fyrir um verðlagsþróun nauðsynjavara við gerð kjarasamninga.

Í störfum sínum í mjólkurnefndinni hefur fulltrúi ASÍ staðið vörð um eftirfarandi grundvallaratriði:

- ASÍ telur að með því að opna frekar fyrir innflutning landbúnaðarvara til Íslands, draga verulega úr framleiðslutengdum styrkjum og afnema opinbera verðmyndun á afurðum megi koma við hagræðingu í greininni sem skilar sér í bættum kjörum launafólks. ASÍ telur því mikilvægt að Ísland sé tilbúið til að ganga langt í að afnema að fullu tolla á landbúnaðarafurðum og afnema markaðstruflandi styrki í greininni.
- ASÍ telur að framleiðsla og útflutningur landbúnaðarafurða - án röskunar sem hlýst af markaðstruflandi aðgerðum iðnvæddra ríkja - geti verið afar mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs þróunarlanda. Þetta styður enn frekar við það sjónarmið að Ísland sé tilbúið til að ganga langt í að afnema að fullu tolla á landbúnaðarafurðum og afnema markaðstruflandi styrki í greininni.
- ASÍ viðurkennir einnig að landbúnaður gegnir margþættu hlutverki í iðnvæddum ríkjum eins og Íslandi og þarf tækifæri til að aðlagast breyttu umhverfi sem leiðir af auknu frelsi á alþjóðlegum mörkuðum með landbúnaðarvörur. Til að auðvelda aðlögun íslensks landbúnaðar að

breyttum aðstæðum skal útfæra græna styrki með hliðsjón af heildstæðri atvinnu-, byggða- og félagsstefnu.



*Mikið hefur gengið á í samskiptum launafólks við ítalska vertakann við Kárahnjúka. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað þurft að hafa afskipti af gangi mála.*

# Kjaramál

## Samið um útfærslu á bókun við Virkjanasamning

Þann 15. nóvember 2002 var undirritaður eftirfarandi samningur um viðauka við kjarasamning um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á grundvelli bókunar í Virkjanasamningi.

**SAMNINGUR**
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja annars vegar
og
Alþýðusambands Íslands, Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og Rafiðnaðarsambands Íslands hins vegar
um viðauka við kjarasamning um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar

**1. gr.**

***Gildissvið***

Samningur þessi er gerður á grundvelli bókunar í kjarasamningi aðila. Kjarasamningurinn gildir með eftirfarandi breytingum sem eingöngu ná til framkvæmda á Austurlandi.

## 2. gr.

**Vinnutilhögun**

Auk þeirra vinnukerfa sem kveðið er á um í kjarasamningi er heimilt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfellt í allt að 11 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

Með samningnum fylgja dæmi um tímaskrift í vaktavinnu þegar unnið er í 11-3 kerfi (þ.e. 11 vinnudagar og 3 frídagar), 10-4 kerfi og 10-5 kerfi. Einnig er heimilt að samþætta þessi kerfi. Heimilt er að bera tímaskrift í öðrum kerfum undir samráðsnefnd til endanlegs úrskurðar.

Heimilt er að skipuleggja vaktasyrpu/vinnulotur þannig að unnið sé í 6-1 kerfi. Einnig er heimilt að skipuleggja vaktakerfi þannig að unnið sé á víxl 6-1 og 5-2. Að loknum samfelldum vinnulotum á starfsmaður rétt á lengra fríi.

## 3. gr.

**Ferðir og ferðalaun**

*3.1. Endastöðvar*

Endastöðvar í skilningi greinar 1.8.3. eru Reykjavík, Eskifjörður og Akureyri. Hvað varðar starfsmenn frá Norður- og Austur-Héraði og Fellabæ teljast Egilsstaðir vera endastöð.

*3.2. Ferðir með flugi frá Reykjavík og Akureyri*

Fyrir ferðir (flug og fólksflutningabifreið) milli Reykjavíkur og virkjunarsvæðis eru greidd ferðalaun, fari ferðir ekki fram í vinnutíma:

| | **1.4.-30.11.** | **1.12.-31.3.** |
|---|---|---|
| Reykjavík - stöðvarhús | 3,0 klst. | 3,5 klst. |
| Reykjavík - Axarárbúðir | 3,0 klst. | 3,5 klst. |
| Reykjavík - Desjarárstífla | 4,0 klst. | 4,5 klst. |
| Reykjavík - Sauðárdalur | 4,0 klst. | 4,5 klst. |
| Reykjavík - Glúmsstaðadalur | 4,0 klst. | 4,5 klst. |

Ef flogið er milli Akureyrar og virkjunarsvæðis eru greidd ferðalaun, fari ferðir ekki fram í vinnutíma:

| | **1.4.-30.11.** | **1.12.-31.3.** |
|---|---|---|
| Akureyri - stöðvarhús | 2,5 klst. | 3,0 klst. |
| Akureyri - Axarárbúðir | 2,5 klst. | 3,0 klst. |
| Akureyri - Desjarárstífla | 3,5 klst. | 4,0 klst. |
| Akureyri - Sauðárdalur | 3,5 klst. | 4,0 klst. |
| Akureyri - Glúmsstaðadalur | 3,5 klst. | 4,0 klst. |

Um akstur milli Akureyrar og virkjunarsvæðis fer skv. almennum reglum.

*3.3. Ferðir milli Eskifjarðar og virkjunarsvæðis*
Samkvæmt grein 1.8.2. í kjarasamningi ber að greiða fyrir ferðir milli Eskifjarðar og virkjunarsvæðis sem hér segir:

| | **1.4.-30.11.** | **1.12.-31.3.** |
|---|---|---|
| Eskifjörður - stöðvarhús | 2,0 klst. | 2,5 klst. |
| Eskifjörður - Axarárbúðir | 2,0 klst. | 2,5 klst. |
| Eskifjörður - Desjarárstífla | 3,0 klst. | 3,75 klst. |
| Eskifjörður - Sauðárdalur | 3,0 klst. | 3,75 klst. |
| Eskifjörður - Glúmsstaðadalur | 3,0 klst. | 3,75 klst. |

*3.4. Ferðir að hluta innan vinnutíma*
Heimilt er að haga ferðum þannig að hluti ferðar fari fram í vinnutíma og dregst þá sá tími frá greiddum ferðatíma.

*3.5. Fæði ef frí er tekið á virkjunarsvæði*
Þegar frídagar/frívaktir eru teknir á virkjunarsvæði skal verktaki sjá starfsmönnum fyrir fríu fæði og húsnæði.

*3.6. Lögheimili á virkjunarsvæði*
Starfsmenn sem ekki hafa fasta búsetu á Íslandi teljast eiga lögheimili á virkjunarstað í skilningi gr. 1.8.9. Í ráðningarsamningi þeirra skal koma fram hvernig haga skuli ferðum til heimalands. Á heimferðardögum eiga starfsmenn rétt á ferðalaunum til Reykjavíkur eða Egilsstaða, eftir því sem við á. Sjá einnig bókun með viðauka þessum.

*3.7. Lögheimili utan virkjunarsvæðis*
Starfsmenn sem eiga lögheimili utan virkjunarsvæðis og vinna í 11-3, 10-4, 10-5, 8-4 eða 6-3 kerfi eiga rétt á heimferð í lok vinnulotu. Starfsmenn sem vinna í dagvinnukerfi skv. 2. kafla kjarasamnings, þannig að fimm dagar séu unnir og tveir dagar frí, eiga rétt á heimferð vikulega.

Þegar unnið er í 6-1 kerfi (eða 6-1 og 5-2 á víxl) á starfsmaður rétt á heimferð að loknum tveimur vinnulotum (heimferð á 12. til 14. degi). Að loknum slíkum samfelldum vinnulotum á starfsmaður rétt á fleiri frídögum en ella.

Heimilt er að gera samkomulag við starfsmann um að vinnulotur skv. viðauka þessum standi í allt að 4 vikur. Á þá starfsmaður rétt á fleiri frídögum en ella, a.m.k. vikufríi að lokinni 3 eða 4 vikna vinnulotu. Heimferð er eigi síðar

en á 28. degi vinnulotu. Um frestun á vikulegum frídegi innan þessa tímabils fer skv. gr. 2.4.5. í kjarasamningi.

**4. gr.**

**Viðmiðunartímabil vegna hámarksvinnutíma**

Við útreikning á hámarksvinnutíma, sbr. 6. og 8. gr. samnings ASÍ og SA frá 30. desember 1996, er heimilt að miða við 12 mánaða tímabil, frá janúar til desember.

**5. gr.**

Þar sem samningur þessi er gerður á grundvelli bókunar í kjarasamningi eru atkvæði ekki greidd um hann sérstaklega. Hann telst því samþykktur við undirritun. Samningurinn telst samþykktur af hálfu SGS hafi tilkynning ekki borist SA um annað fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 20. nóvember nk.

Reykjavík, 15. nóvember 2002

F.h. Alþýðusambands Íslands
F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands
F.h. Samiðnar
F.h. Starfsgreinasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki samninganefndar

F.h. Samtaka atvinnulífsins

**Bókun**

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi framkvæmd greinar 12.2.5: Brot sem teljast alvarleg að mati verktaka og yfirtrúnaðarmanns réttlæta fyrirvaralausa uppsögn án áminningar. Verktaki skal kynna starfsmönnum skriflega hvaða reglur gilda á vinnustað.

**Bókun vegna greinar 3.6. í viðauka**

Við endurnýjun kjarasamningsins í upphafi árs 2004 munu samningsaðilar kanna hvort ástæða sé til að gera sérstakt samkomulag um tíðni ferða til heimalands skv. gr. 3.6. viðauka þessa.

**Bókun**

Viðauki þessi leyfir lengri samfellda vinnu en gert er ráð fyrir í almennum ákvæðum kjarasamningsins. Af því tilefni árétta samningsaðilar mikilvægi þess að sú heimild verði ekki þess valdandi að slegið sé af öryggiskröfum.

## Skoðun á samningsforsendum í febrúar 2003

Nefnd ASÍ og SA um skoðun á samningsforsendum kom saman í febrúar 2003 og samþykkti eftirfarandi:

*Í kjarasamningum Flóabandalagsins, Starfsgreinasambandsins og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins er samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Kveðið er á um skipan sérstakrar nefndar sem hafi það hlutverk að leggja mat á það hvort forsendur hafi staðist. Skal mat nefndarinnar fara fram í febrúarmánuði árin 2001, 2002 og 2003. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstaðna nefndarinnar. Nefndin skal fjalla um það á ofangreindum tímapunktum hvort sú forsenda sem samningarnir hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi, hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist er launaliður samninganna uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.*

*Verðbólgan var 1,5% síðustu 12 mánuði og 2,3% síðustu 6 mánuði. Er verðbólga því á báða þessa mælikvarða vel innan þeirra markmiða sem samningsaðilar settu sér.*

*Nefndin skal jafnframt fara yfir og meta til kostnaðar þá samninga sem gerðir hafa verið á samningssviði aðila frá síðustu skoðun. Í ljósi þess að engir kjarasamningar hafa verið gerðir á umræddu tímabili reynir ekki á þetta ákvæði.*

*Samningsforsendur hafa því staðist og er því ekki heimild til uppsagnar launaliðar samninganna.*

*Reykjavík, 28. febrúar 2003*

*Ari Edwald* *Gylfi Arnbjörnsson*
*Hannes G. Sigurðsson* *Ólafur Darri Andrason*

## Ályktun miðstjórnar um Kjaradóm

Þann 15. maí samþykkti miðstjórn ASÍ eftirfarandi ályktun í tilefni af úrskurði Kjaradóms frá því á kjördag:

*Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega nýgengnum úrskurði Kjaradóms um hækkun launa og lífeyrisréttinda þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna. Fyrir liggur að þessar hækkanir eru algjörlega órökstuddar og í engu samræmi við launaþróun á almennum vinnumarkaði. Þetta eru því afar kaldar kveðjur til almenns launafólks sem eitt hefur mátt axla byrðarnar af því að tryggja hér stöðugleika.*

*Alþýðusamband Íslands telur að þessi úrskurður muni torvelda endurnýjun kjarasamninga um næstu áramót, m.a. hvað varðar tímalengd þeirra.*

*ASÍ vekur jafnframt athygli á því að hluti þeirra sem þessara launahækkana njóta ber pólitíska ábyrgð á stöðugleikanum næstu misserin. Launafólk mun fylgjast með hver viðbrögð væntanlegrar ríkisstjórnar verða við þessum úrskurði.*

*Alþýðusambandið lýsir furðu sinni á því að Kjaradómur skuli hafa valið að birta þennan úrskurð daginn eftir kosningar, en ekki fyrir þær. Varla er hér um slíkt feimnismál að ræða að það þoli ekki pólitíska umræðu. Niðurstöðu dómsins má rekja beint til þess umboðs sem ráðherrar og ríkisstjórn hafa veitt embættismönnum og forstöðumönnum ríkisins í launa- og kjaramálum starfsmanna ríkisins. Þess vegna hefði verið eðlilegt að þetta málefni hefði verið hluti af pólitískri umræðu í aðdraganda kosninga.*

*Það er orðin venja fremur en undantekning að Kjaradómur úrskurði þessum aðilum launahækkanir sem eru allmiklu meiri en launafólk á almennum vinnumarkaði hefur fengið. Síðast hækkaði Kjaradómur laun þessara aðila þann 1. janúar 2003 og þá tvöfalt meira en almennar launahækkanir kváðu á um. Samkvæmt venju má eiga von á því að Kjaranefnd - sem úrskurðar um laun annarra háttsettra embættismanna - sendi frá sér úrskurð um álíka hækkun á næstu dögum.*

## Deilur við Kárahnjúka

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust haustið 2002, með ýmsum undirbúningsframkvæmdum, en meginverkþættir svo sem bygging Kárahnjúkastíflu og vinna við aðrennslisgöng fóru á fullt skrið í sumar. Framkvæmdir við stöðvarhúsið hefjast í vetur. Ráðgert er að virkjunin verði komin í fullan rekstur í september 2007.

Með Kárahnjúkavirkjun eru virkjaðar í einni virkjun jökulárnar Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal. Jökulsá á Dal er stífluð við Fremri-Kárahnjúk og þar myndað miðlunarlón, Hálslón. Lítið lón, svonefnt Ufsarlón er myndað í Jökulsá í Fljótsdal. Vatn er leitt um jarðgöng frá þessum lónum austur um Fljótsdalsheiði að Teigsbjargi og þaðan í fallgöngum að stöðvarhúsi sem verður neðanjarðar. Vatnið greinist í sex aflvélar í stöðvarhúsinu en því er síðan veitt út í farveg Jökulsár í Fljótsdal.

Áætlað er að ársverk við Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi flutningsvirkja til 2009 verði um 3.200 og þegar framkvæmdir verði í hámarki starfi um 1.200 manns við virkjunina sumarið 2005. Áætlað er að Kárahnjúkavirkjun kosti tæplega 107 milljarða króna með virðisaukaskatti. Við þá upphæð bætast svo tæplega 11 milljarðar króna vegna flutningsvirkja.

Svo sem kunnugt er samdi Landsvirkjun við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo um byggingu Kárahnjúkastíflu og aðrennslisganga Kárahnjúka-

virkjunar. Impregilo hefur samið við nokkur íslensk verktakafyrirtæki um framkvæmd einstakra verkþátta. Íslenskir aðalverktakar sáu um gerð aðkomuganga neðan við væntanlega stíflu í Hafrahvammagljúfrum. Samið var við Arnarfell um gerð hjáveituganga við Fremri-Kárahnjúk og fleiri verkefni tengd virkjuninni.

Héraðsverki á Egilsstöðum var falið að sjá um endurbætur og lagningu slitlags á Fljótsheiðar- og Kárahnjúkaveg. Aðrir íslenskir verktakar hafa komið að smærri verkþáttum og má sem dæmi nefna Byggingafyrirtækið Eykt og GT-verktaka.

Landsvirkjun samdi við Fosskraft JV um gerð stöðvarhússhvelfingar Kárahnjúkavirkjunar en fyrirtækið er í eigu fjögurra fyrirtækja: E.Phil & Sön í Danmörku, Hochtief í Þýskalandi, Íslenskra aðalverktaka hf. og Ístaks hf. Verkefni Fosskrafts JV er m.a. að grafa aðkomugöng inn í Teigsbjarg í Fljótsdal, strengjagöng, stöðvarhússhelli og tvenn fallgöng ásamt frárennslisgöngum. Fyrirtækið steypir jafnframt upp stöðvarhúsið og tilheyrandi mannvirki. Ráðgert er að Fosskraft byrji á gangagerðinni 15. október. Hochtief mun stjórna gerð ganganna sem gert er ráð fyrir að taki um 14 mánuði. Um 100 manns verða við störf að jafnaði á meðan verið er að sprengja og grafa göng og hella í fjallinu. Starfsmönnum mun síðan fjölga þegar farið verður að byggja stöðvarhúsið og tilheyrandi mannvirki.

Um laun og önnur starfskjör á virkjunarsvæðinu gildir sérstakur kjarasamningur sem í gildi er milli Landsvirkjunar og Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja annars vegar og Alþýðusambands Íslands, Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og Rafiðnaðarsambands Íslands hins vegar um kaup og kjör við virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. Samningurinn gildir frá 1. maí 2000 til 1. febrúar 2004. Samningurinn gengur almennt undir nafninu Virkjunarsamningur. Aðilar þessa samnings undirrituðu sérstakt viðbótarsamkomulag 15. nóvember 2002, um vinnutilhögun (úthöld/vaktir) og um ferðir og ferðalaun vegna framkvæmda á Austurlandi.

Samráðsnefnd skipuð fulltrúum samningsaðila tók til starfa í vor. Verkefni nefndarinnar er að leysa ágreiningsmál sem upp koma varðandi framkvæmd samningsins sem ekki næst að leysa úr í viðræðum yfirtrúnaðarmanns og fulltrúa verktaka á svæðinu.

Rafiðnaðarsamband Íslands, Starfsgreinasamband Íslands og Samiðn eiga hvert sinn fulltrúa í samráðsnefndinni auk varamanns. Samráðsnefndin er þannig skipuð: Rafiðnaðarsamband Íslands: Ísleifur Tómasson og Guðmundur Gunnarsson til vara; Starfsgreinasamband Íslands: Már Guðnason og Snær Karlsson til vara; Samiðn: Þorbjörn Guðmundsson og Vignir Eyþórsson til

vara. ASÍ er fulltrúum landssambandanna í samráðsnefndinni til ráðgjafar og hefur Ingvar Sverrisson á lögfræðideild ASÍ haft það verkefni með höndum.

Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í samráðsnefndinni er Ragnar Árnason en Hannes Sigurðsson til vara.

Samráðsnefndin hefur á þessu ári komið átta sinnum saman til fundar. Málefni Impregilo hafa að sjálfsögðu verið þar efst á baugi, launamál innlendra og erlendra starfsmanna, atvinnuauglýsingar í vor og sumar, aðbúnaður í starfsmannabúðum og mötuneytum, samskipti á vinnustað o.fl.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri Samiðnar, Þorbjörn Guðmundsson, kæmi fram í fjölmiðlum sem talsmaður landssambandanna í samráðsnefndinni.

Landssamböndin ákváðu ásamt ASÍ að setja á laggirnar sérstaka nefnd um framkvæmd Virkjunarsamningsins. Í störfum þeirrar nefndar hafa tekið þátt framangreindir fulltrúar í hinni formlegu samráðsnefnd en auk þess hafa sótt fundi í þessari nefnd fulltrúar AFLS-Starfsgreinafélags Austurlands, þeir Jón Ingi Kristjánsson, formaður, og Aðalbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Níels S. Olgeirsson, formaður MATVÍS, Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður, og Magnús M. Norðdahl frá ASÍ. Nefndin hefur komið saman til skrafs og ráðagerða um framkvæmd einstakra mála og til undirbúnings funda í samráðsnefndinni. Þessi nefnd hefur einnig átt óformlega fundi með fulltrúa Impregilo.

Oddur Friðriksson var í vor ráðinn yfirtrúnaðarmaður við Kárahnjúka. Ráðning hans er í samræmi við sérstaka bókun sem fylgir Virkjunarsamningi. Auk hans hafa tveir öryggis- og umhverfisfulltrúar verið ráðnir til starfa, þeir Þórhallur Árnason og Stefán Guðmarsson. Skipan þessara manna er byggð á samkomulagi við Landsvirkjun sem greiðir laun yfirtrúnaðarmanns og þessara tveggja manna. Bætt verður við öryggis- og umhverfisfulltrúa þegar vinna við stöðvarhúsið verður komin á rekspöl, auk þess sem ráðgert er að ráða tímabundið næstkomandi sumar annan trúnaðarmann til aðstoðar yfirtrúnaðarmanni. Það fyrirkomulag sem hér um ræðir tekur mið af þeim sérstöku aðstæðum og þeim umfangsmiklu verkefnum sem fyrir hendi eru á Kárahnjúkasvæðinu. Félagslegir trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn sem skipaðir eru úr hópi starfsmanna koma hér til viðbótar.

Miklar vonir voru við það bundnar að innlent vinnuafl, iðnaðarmenn og verkamenn, yrði í meirihluta við flesta verkþætti við Kárahnjúka. Þróunin hefur hins vegar verið í gagnstæða átt og er nú svo komið að meirihluti starfsmanna er af erlendu þjóðerni, einkum frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins en í auknum mæli frá löndum utan þess.

Impregilo auglýsti sl. vor eftir vinnuafli. Alls voru 889 einstaklingar að

baki þeim 2.762 umsóknum sem bárust um störf við Kárahnjúkavirkjun. Í boði voru nærri 200 störf fyrir Impregilo, aðallega við stjórnun vinnuvéla en einnig mörg störf sem ekki krefjast fagmenntunar. Mikill áhugi var á þessum störfum. Því miður hefur fyrirtækið enn sem komið er aðeins ráðið um 95 Íslendinga til starfa.

Skipta má erlendu starfsmönnunum sem vinna á svæðinu í þrjá hópa.

Í fyrsta lagi er um að ræða starfsmenn Impregilo á Ítalíu, sem fyrirtækið hefur sent hingað til lands, og aðra ítalska launamenn sem það hefur ráðið sérstaklega vegna þessa verkefnis.

Í öðru lagi er um að ræða iðnaðarmenn og verkamenn frá löndum utan EES sem Impregilo hefur ráðið til verksins. Þessir launamenn hafa í flestum tilvikum reynslu af vinnu við stórframkvæmdir á vegum Impregilo eða annarra byggingaverktaka, fyrst og fremst í löndum utan EES. Þessir menn starfa við Kárahnjúka á grundvelli atvinnuleyfis sem útibú Impregilo á Íslandi hefur sótt um vegna þeirra, samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Í þriðja lagi er um að ræða iðnaðarmenn og verkamenn sem sendir eru hingað til lands á vegum erlendra starfsmannaleigufyrirtækja. Þessir starfsmenn eru í ráðningarsambandi við umræddar starfsmannaleigur en vinna undir verkstjórn Impregilo meðan þeir eru hér á landi. Þessi fyrirtæki eru með staðfestu innan EES og starfsmennirnir í meirihluta tilvika einnig með ríkisfang í EES-ríki.

Rafiðnaðarsamband Íslands, Starfsgreinasamband Íslands, Samiðn og Landssamband íslenzkra verzlunarmanna fólu Alþýðusambandi Íslands með samningi 6. maí sl. að afgreiða umsagnir vegna umsókna um atvinnuleyfi á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002. Í þessum samningi segir m.a. að vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun á árunum 2003-2008 megi gera ráð fyrir að erlend og innlend verktakafyrirtæki muni að einhverju leyti leita eftir vinnuafli erlendis frá, þ.m.t. frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Til að gæta samræmis við afgreiðslu á umsögnum vegna umsókna um atvinnuleyfi hafi framangreind landssambönd ákveðið að fela ASÍ þetta verkefni. Alþýðusambandið hefur á þessu ári veitt u.þ.b. 80 umsóknum um atvinnuleyfi umsögn samkvæmt þessu samkomulagi. ASÍ hefur veitt um helmingi þessara umsókna neikvæða umsögn. Ýmsar ástæður hafa legið þar að baki, einkum að uppgefin laun í ráðningarsamningi hafi ekki verið í samræmi við Virkjunarsamning og félagsgjöldum, sjúkra- og orlofssjóðsiðgjöldum og lífeyrissjóðsiðgjöldum hafi ekki verið skilað.

Fulltrúar landssambandanna og ASÍ fóru 7. ágúst í ferð um virkjunarsvæðið í fylgd með yfirtrúnaðarmanni og fulltrúum AFLS-Starfsgreinafélags Austurlands. Tekin var saman greinargerð þar sem ástandi mála á virkjunarsvæð-

inu var lýst í einstökum atriðum. Þó að upplýsingar hafi þá þegar legið fyrir um bágt ástand í mörgum málum kom það fulltrúum landssambandanna mjög á óvart hvernig málum var í raun og veru háttað. Einkum var það mjög bágur aðbúnaður starfsmanna í starfsmannabúðum og mötuneytum, sem og ástand brunavarna, sem vakti undrun og reiði fulltrúanna. Í kjölfar þessarar ferðar var fundað með fulltrúum opinberra eftirlitsaðila og fulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi þar sem skipst var á upplýsingum um stöðu og horfur í einstökum málaflokkum.

Fulltrúar einstakra landssambanda innan ASÍ hafa á haustmánuðum farið nokkrar ferðir austur til að kanna framvindu mála. Þá fór stór sendinefnd skipuð forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar austur í byrjun október. Forystan hefur hitt að máli ráðherra félagsmála og dómsmálaráðherra auk þess sem þessi mál hafa verið rædd beint við forsvarsmenn Landsvirkjunar.

Það er samdóma álit þeirra sem komið hafa að vinnu við þetta mál fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar að mjög hægt hefur gengið að koma hlutum í það horf sem kjarasamningar og lög hér á landi mæla fyrir um. Svo virðist sem ítalska verktakafyrirtækið hafi tileinkað sér það verklag að bregðast seint og illa við ábendingum og kröfum um úrbætur. Það er nánast sama hvar niður er borið: Launamál, starfsmannabúðir, mötuneyti, fyrirkomulag vakta, heilsugæsla o.s.frv. Að teknu tilliti til reynslunnar af samskiptum við þetta fyrirtæki verður fyrirtækinu áfram veitt mikið og stöðugt aðhald þar til það tekur upp nýja siði í samskiptum sínum við starfsfólk og fulltrúa stéttarfélaganna á virkjunarsvæðinu.

Þann 1. október var undirrituð af hálfu fulltrúa landssambanda í samráðsnefnd samkvæmt Virkjunarsamningi annars vegar og fulltrúa Impregilo hins vegar bókun varðandi launagreiðslur erlendra starfsmanna. Bókunin er svohljóðandi:

> *Fulltrúar landssambanda ASÍ í samráðsnefnd Virkjunarsamnings annars vegar og aðalverktaki Kárahnjúkavirkjunar, Impregilo S.p.A., hins vegar hafa orðið ásáttir um að eftirgreind vinnubrögð verði viðhöfð við launagreiðslur erlendra starfsmanna sem starfa á vegum aðalverktakans við virkjunarframkvæmdirnar og fá greidd laun í samræmi við uppbyggingu Virkjunarsamningsins (12 mánaða laun).*
>
> *1. Erlendir starfsmenn sem ráðnir eru til starfa við framkvæmdirnar skv. ákvæðum Virkjunarsamnings fá laun sín greidd mánaðarlega með sama hætti og íslenskir starfsmenn sem þar starfa. Ef starfsmenn óska þess að fá greitt á bankareikning sinn í öðru landi fer um það skv. samkomulagi þeirra*

*og fyrirtækisins. Sé um annað greiðsluform að ræða skal samþykki starfsmanns liggja fyrir og samráð um það haft við yfirtrúnaðarmann. Yfirtrúnaðarmaður hefur aðgang að útreikningi og upplýsingum um greiðslur inn á bankareikninga starfsmanna.*

*2. Um launaútreikning og launagreiðslur starfsmanna sem starfa hér á vegum erlendra starfsmannaleiga fer sem hér segir:*

*Í lok mánaðarlegs uppgjörstímabils launa skal reikna saman margfeldi unninna vinnustunda og umsaminna tímalauna skv. Virkjunarsamningi. Frá þeirri samtölu skal draga sem svarar 4% iðgjaldi í lífeyrissjóð svo og staðgreiðslu tekjuskatts að teknu tilliti til persónufrádráttar. Nettó fjárhæð launa fyrir hvert launatímabil skv. þessum útreikningi er lágmarksgreiðsla fyrir viðkomandi launatímabil sem greiða skal inn á einkareikning hlutaðeigandi starfsmanns í banka. Ef laun reiknuð skv. ákvæðum hins erlenda ráðningarsamnings eru hærri en skv. Virkjunarsamningi, greiðist starfsmanni það sem hærra er.*

*Hinum erlenda starfsmanni skal látinn í té framangreindur launaútreikningur á launaseðli skv. íslenskum reglum, ásamt launaseðli í samræmi við hinn erlenda ráðningarsamning þar sem skýrt komi fram inn á hvaða bankareikning laun hafa verið greidd.*

*Fyrir liggur yfirlýsing Impregilo um að félagið geti jafnan lagt fram gögn um launaútreikning til staðfestu ofanskráðu og jafnframt staðfestingar á greiðslum inn á bankareikninga starfsmanna. Jafnframt hefur félagið lýst því yfir að það ábyrgist greiðslur umræddra starfsmanna skv. framanskráðu.*

*Yfirtrúnaðarmaður hefur aðgang að fyrrgreindum launaupplýsingum og getur sannreynt upplýsingar m.a. með samanburði við gögn starfsmanna sjálfra.*

*3. Framkvæmd samkomulags þessa miðast við 1. september 2003.*

*Reykjavík 1. október 2003,*

*F.h. landssambanda ASÍ* *F.h. Impregilo S.p.A.*

*e.u.*

Þjóðskrá Hagstofu Íslands samþykkti, með vísan til samkomulags Impregilo og sveitarfélaga á Austurlandi, að starfsmenn í vinnubúðum á Kárahnjúkasvæðinu verði skráðir með lögheimili þar, þ.e.a.s. þeir sem dvelja í hálft ár eða lengur. Vinnubúðir á svæðinu hafa fengið nöfn í samræmi við íslenska nafnahefð og umhverfi sitt. Stærsta „þorpið“ við Kárahnjúkastíflu nefnist Laugarás, vinnubúðir við aðkomugöng nr. 1 nefnast Teigsbjarg, búðir við aðkomugöng nr. 2 Öxará og búðir við aðkomugöng nr. 3 Tunga. Gert er ráð fyrir því að íbú-

ar í Laugarási verði 600-700, um 200 í Tungu og 100 á hvorum hinna staðanna.

## Úttekt á gildandi kjarasamningum

Hagdeild Alþýðusambands Íslands hefur tekið saman yfirlit um þróun kjaramála frá síðustu samningum. Í yfirlitinu eru borin saman ákvæði kjarasamninga og raunveruleg þróun á samningstímabilinu. Sérstaklega er skoðuð þróun launa, kaupmáttar og stöðu ASÍ launafólks gagnvart öðru launafólki. Þá er einnig gerð grein fyrir efndum á loforðum sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við undirritun kjarasamninganna og síðar endurnýjun þeirra. Helstu niðurstöður þessa yfirlits voru kynntar í vefriti ASÍ, Vinnan.is, og um leið voru þær gerðar aðgengilegar á vefnum. Þá hafa starfsmenn hagdeildar einnig kynnt niðurstöðurnar á fjölmörgum fundum aðildarfélaga ASÍ.

### *Helstu ákvæði kjarasamninganna 2000*

Árið 2000 sömdu landssambönd innan ASÍ hvert út af fyrir sig. Samt sem áður voru nokkur atriði sem flestir samningarnir áttu sameiginleg. Á almennum markaði var þannig samið til langs tíma (u.þ.b. fjögurra ára) - en með því var dregið úr óvissu í efnahagslífinu og skapað svigrúm til að semja um talsverðar almennar launahækkanir (u.þ.b. 13%) og verulega hækkun allra lægstu launa (u.þ.b. 30%). Í sumum samningum voru ákvæði um tekjutryggingu (kr. 93.000,- á mánuði) í lok samningstímans. Flestum samningunum fylgdi tryggingaákvæði sem fól í sér að samningarnir yrðu endurskoðaðir reglulega og að segja mætti þeim upp ef verðbólga færi úr böndunum, eða ef það kæmi í ljós í samningum við aðra hópa að svigrúm til launahækkana hefði verið vanmetið. Í tengslum við undirritun kjarasamninganna og síðar endurnýjun þeirra gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingar með loforðum um ýmsar úrbætur í skatta- og almannatryggingamálum.

*Helstu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnar 10. mars 2000 (í tengslum við samninga Flóabandalagsins og SA):* Skattleysismörk hækka í samræmi við umsamdar almennar launahækkanir. Tekjutenging barnabóta minnkar/tekjuskerðingarmörk þeirra hækka. Tekjuskattkerfið verður tekið til endurskoðunar. Fæðingarorlof lengist/réttindi jöfnuð og samræmd. Greiðslur almannatrygginga hækka í samræmi við umsamdar almennar launahækkanir. *Helstu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnar 12. apríl 2000 (í tengslum við samninga Verkamannasambandsins og SA):* Stuðla á að auknum jöfnuði í lyfjakostnaði milli fólks er býr á landsbyggðinni og þess sem býr á höfuðborgarsvæðinu.

*Helstu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnar (í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2001):* Skattleysismörk hækka í takt við umsamda í launaþróun svo

framarlega sem sveitarfélögin hækka ekki útsvar á móti. Ákveðið að setja niður nefnd sem í ættu sæti fulltrúar ASÍ, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til að skoða kosti og galla fjölþrepa skattkerfis og hvernig vinna ætti viðmiðunarneyslustaðla fyrir mismunandi fjölskyldur. Þá lofaði ríkisstjórnin 3,5 milljónum á ári út samningstímann sem stuðningi við virkt verðlagseftirlit ASÍ.

*Helstu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnar, Seðlabanka og fjármálaráðherra (í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2002):* Ríkisstjórnin mun í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og bænda beita sér fyrir að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum lækkaðir verulega. Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmiðið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Gangi verðlagsmarkmið kjarasamninganna eftir mun ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27%, eða úr 6% í 5,73%, á árinu 2003. Fjármálaráðherra lýsir yfir fullum vilja til þess að halda áfram viðræðum við fulltrúa ASÍ, og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu, um tiltekin vandamál sem tengjast mismunandi kjörum starfsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga ASÍ.

Á opinberum markaði sömdu landssambönd innan ASÍ um að tekið yrði upp nýtt launakerfi svipað því sem félög innan BSRB og félög háskólamanna tóku upp eftir kjarasamninga árið 1997.

***Hvernig hafa ákvæðin gengið eftir?***

*Launaliðir*

Kannanir Kjararannsóknarnefndar gefa til kynna að á tímabilinu frá fyrsta ársfjórðungi 2000 til fyrsta ársfjórðungs 2003 (en á því tímabili áttu allar umsamdar launahækkanir að vera komnar fram) hafi regluleg laun ASÍ launafólks á almennum markaði að meðaltali hækkað um 28%, þ.e. verulega umfram umsamdar 13-14% almennar hækkanir. Heildarlaun hafa að vísu ekki hækkað alveg eins mikið og reglulegu launin enda vinnutími heldur styttri nú en áður. Hafa ber í huga að ofan nefndar tölur eru meðaltöl - einstakir hópar/einstaklingar hafa fengið meiri hækkun og aðrir minni.

Lægstu taxtar fyrir fulla vinnu hafa hækkað um ríflega 30% á samningstímabilinu. Á fjórða ársfjórðungi 2002 voru samt u.þ.b. 10% ASÍ launafólks á almennum markaði með kr. 100.000,- á mánuði eða minna í regluleg laun; u.þ.b. 50% voru með kr. 150.000,- á mánuði eða minna.

Hámarks atvinnuleysisbætur hafa hækkað mun minna en lægstu taxtar, aðeins um tæplega 22%, og námu u.þ.b. kr. 78.000,- á mánuði á öðrum ársfjórð-

ungi 2003. Atvinnuleysi hefur aukist á samningstímabilinu. Í ágúst 2003 voru rúmlega 4.500 manns atvinnulausir, þar af höfðu tæplega 1.500 verið án vinnu í sex mánuði eða lengur.

*Verðlagsþróun*

Í lok árs 2001 stóðu menn frammi fyrir vaxandi verðbólgu. Þetta leiddi til þess að samið var um „rautt strik", þ.e. ef vísitala neysluverðs færi yfir 222,5 stig í maí 2002 mætti segja kjarasamningum upp. Eins og kunnugt er tókst að ná verðbólgu niður, samningunum var ekki sagt upp en laun hins vegar hækkuð meira en upphaflega var gert ráð fyrir (0,4% aukahækkun í upphafi árs 2003). Þar sem neysluverðsvísitala hækkaði aðeins um u.þ.b. 15% á tímabilinu er ljóst að kaupmáttur launa flestra starfsstétta hefur hækkað verulega, eða að meðaltali um meira en 10%.

*Opinberi markaðurinn*

Í upphafi árs 2001 var talið að félög á opinbera markaðnum hefðu samið um meiri launahækkanir en félög á almenna markaðnum höfðu gert. Þetta leiddi til þess að samið var um leiðréttingar á kjarasamningum á almenna markaðnum (orlofs- og desemberuppbætur hækkaðar). Margt bendir hins vegar til þess að laun hafi hækkað meira á opinbera markaðnum heldur en þeim almenna allt samningstímabilið.

*Önnur ákvæði*

Hvað með efndir annarra ákvæða síðustu kjarasamninga? Með ákvæðunum um starfsmenntasjóðina var lokið við að koma skipulagi á samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda um starfsmenntun í þorra þeirra starfs- og atvinnugreina sem aðildarfélög ASÍ taka til. Í krafti þessara sjóða má byggja upp mannauð og skapa sóknarfæri í kjarasamningum á komandi árum. Hvað varðar loforð ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð/endurskoðun kjarasamninga þá virðist sem þau hafi flest verið efnd. Sérstaklega skal minnt á umtalsverðar umbætur með setningu nýrra fæðingarorlofslaga. Aftur á móti er ljóst að viðræður um jöfnun réttinda milli ríkisstarfsmanna sem eru í stéttarfélögum tengdum ASÍ og þeirra sem eru í félögum opinberra starfsmanna hafa engu skilað. Ennfremur er ljóst að þrátt fyrir að sett hafi verið á laggirnar nefnd til að endurskoða tekjuskattkerfið þá leiddi sú vinna ekki til neinna breytinga á skattkerfinu.



*Hluti fundarmanna á ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál.*

# Atvinnumál

## Vaxandi atvinnuleysi

Á síðastliðnu ári hafa atvinnumál verið í brennidepli. Í upphafi árs 2002 fór að bera á vaxandi atvinnuleysi og jókst það þegar líða tók á árið. Í desember mældist 3% atvinnuleysi og hafði ekki verið jafn mikið frá því á árunum 1997-1998. Í lok árs 2002 og í upphafi árs 2003 var gerð grein fyrir stöðu og horfum í atvinnuleysismálum í miðstjórn ASÍ. Kom þar m.a. fram að undirliggjandi atvinnuleysi hafði vaxið allt til október 2002 en hélst næstu mánuði stöðugt í um 3%. Sveiflur í atvinnuleysi voru miklar og var mat hagdeildar ASÍ að það gæti farið í allt að 4% yrði ekkert að gert. Var þá m.a. horft til þess að könnun sem SA lét gera hjá sínum félagsmönnum gaf til kynna að fyrirtæki ætluðu að segja upp 1,6% af starfsfólki á næstu 3 mánuðum. Í könnuninni kom fram að stærri fyrirtæki væru líklegri til að fækka fólki og minni eftirspurn væri eftir starfsfólki á landsbyggðinni. Könnunin sýndi einnig að búast mætti við fækkun starfsfólks í flestum greinum. Fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu ætluðu að fækka sýnu mest eða um 4% af starfsfólki. Sterk staða íslensku krónunnar og háir vextir höfðu sérstaklega slæm áhrif á atvinnulífið og þá sérstaklega á útflutningsgreinarnar.

Fundur var haldinn með forstjóra Vinnumálastofnunar, Gissuri Péturssyni, fulltrúum ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og Gylfa Kristinssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, þar sem rætt var vaxandi atvinnuleysi og mögulegar lausnir og úrbætur fyrir atvinnulausa.

Á fundi miðstjórnar þann 5. febrúar sl. gerði hagdeild ASÍ grein fyrir stöðu og horfum í atvinnumálum. Kom þar m.a. fram að 4. febrúar sl. var fjöldi atvinnulausra á skrá kominn yfir 6 þúsund og að allt útlit væri fyrir að atvinnuleysi ætti eftir að aukast og fara yfir 4%, jafnvel strax í næsta mánuði. Einnig kom fram að langtímaatvinnuleysi væri að aukast og atvinnuleysi meðal ungs fólks, á aldrinum 16-24 ára, væri að aukast og nálgast það sem gerist í öðrum Evrópulöndum. Það kom einnig fram að atvinnuleysi væri mest á meðal fólks með grunnskólamenntun eða minna og er stærstur hópur atvinnulausra „ósérhæft starfsfólk“ og fólk í „þjónustu, sölu og afgreiðslu“.

Miklar umræður urðu um málið og samþykkti miðstjórn eftirfarandi ályktun um atvinnumál:

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum vegna ört vaxandi fjölda þeirra einstaklinga sem eru án atvinnu. Í dag eru um 6.000 manns án atvinnu og hefur atvinnuleysi ekki verið jafn mikið síðan 1998. Langtímaatvinnuleysi hefur samhliða þessu aukist mjög mikið, eða úr 410 manns í desember 2001 í 1.021 í desember 2002.

> *Miðstjórn ASÍ áréttar að fyrirhugaðar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir munu ekki hafa veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað og íslenskt efnahagslíf fyrr en í fyrsta lagi á síðari hluta næsta árs og þunginn af þeim framkvæmdum verður ekki fyrr en á árunum 2005 til 2007.*
>
> *Það er því augljóst að mati miðstjórnar ASÍ að meginviðfangsefni við stjórn efnahagsmála nú eigi að vera að vinna gegn atvinnuleysi og öðrum einkennum slaka í efnahagslífinu. Því telur miðstjórnin mikilvægt að efnt verði til formlegs samstarfs milli aðila vinnumarkaðar, stjórnvalda og Seðlabanka Íslands, með það að markmiði að móta skýra áætlun um mótvægisaðgerðir sem komi til framkvæmda á allra næstu vikum. Slíkar mótvægisaðgerðir þurfa að fela í sér eftirfarandi:*

- *Opinberir aðilar flýti mannaflsfrekum framkvæmdum sem mögulegt er að ljúka á næstu 6-18 mánuðum.*
- *Seðlabankinn lækki stýrivexti sína verulega til að tryggja stöðugra gengi og treysta þannig stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og koma í veg fyrir frekari uppsagnir og tekjubrest.*
- *Seðlabankinn styrki gjaldeyrisforðann meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og vinni þannig að stöðugleika krónunnar.*

- *Bankar og sparisjóðir lækki vexti og þá sérstaklega verðtryggða vexti, enda hefur ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði lækkað frá áramótum og gefið fullt tilefni til að verðtryggðir vextir verði lækkaðir.*

*Samhliða þessu telur miðstjórn ASÍ nauðsynlegt að bætur til atvinnulausra verði hækkaðar frá því sem nú er. Jafnframt er mikilvægt að treysta stöðu langtímaatvinnulausra með fjölbreyttari starfs- og endurmenntunartilboðum.*

Í aðdraganda alþingiskosninga samþykkti ríkisstjórnin þann 11. febrúar að veita auknu fé til vegaframkvæmda á næstu 18 mánuðum til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Um var að ræða annars vegar 6,3 milljarða króna til nýrra framkvæmda og hins vegar að flýta framkvæmdum sem þegar höfðu verið ákveðnar. Mörg sveitarfélög fylgdu í kjölfarið og ákváðu að flýta framkvæmdum af sömu sökum.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar og stóriðjuframkvæmdir fyrir austan þá hefur undirliggjandi atvinnuleysi vaxið allt árið og var í ágúst 3,7%. Jafnframt fjölgar langtímaatvinnulausum stöðugt. Í ágúst sl. voru tæplega 1.500 einstaklingar búnir að vera án atvinnu í 6 mánuði eða lengur samanborið við 860 einstaklinga á sama tíma í fyrra. Þetta er mikil aukning og verulegt áhyggjuefni.

Atvinnuleysi mældist á 2. ársfjórðungi mest á meðal yngstu aldurshópanna, eða 12,2% og hafði það aukist verulega frá 1. ársfjórðungi en þá var það 8,5%. Hefur atvinnuleysi ungmenna aukist verulega frá fyrra ári eða úr sem nemur 6,9%. Sérstaka athygli vekur að á höfuðborgarsvæðinu voru 15% ungmenna atvinnulaus. Þetta er ískyggileg þróun og erum við orðin jafnfætis öðrum nágrannaríkjum okkar hvað þetta varðar. Mikilvægt er að sporna við þessari þróun með virkum vinnumarkaðsaðgerðum og koma þannig í veg fyrir að ungt fólk festist í langtímaatvinnuleysi

Ljóst er að áhrif stóriðjuframkvæmdanna á vinnumarkað verða minni en vonir stóðu til þar sem erlendir verktakar hafa nánast einungis ráðið til sín erlent vinnuafl. Hins vegar má vænta þess að þegar líða tekur á seinni hluta næsta árs fari áhrifa stóriðjuframkvæmdanna að gæta og þá fyrst og fremst vegna aukinna umsvifa í samfélaginu. Allt þetta ár hefur lausum störfum verið að fjölga, eins og sést á myndinni hér fyrir neðan.

Hins vegar hefur nýskráningum atvinnulausra fjölgað á sama tíma bæði vegna hagræðingar fyrirtækja og eins erfiðrar stöðu samkeppnisgreinanna vegna styrkingar krónunnar. Samkvæmt könnun Samtaka atvinnulífsins sem gerð var í júní sl. hyggjast fyrirtæki í fiskvinnslu fækka fólki um 2,4-2,8% á næstu mánuðum. Aftur á móti ráðgerði þorri fyrirtækja í öðrum greinum að




fjölga starfsfólki um 0,3-1%. Erfitt er að meta hver þróunin verður varðandi atvinnumál á næstu mánuðum. Það ræðst nokkuð af þróun efnahagsmála og hagstjórn. Hagdeild ASÍ telur margt benda til að ekki fari að draga verulega úr atvinnuleysi fyrr en á haustdögum 2004, þegar óbeinna áhrifa af stóriðjuframkvæmdunum fer að gæta.

## Ráðstefna um málefni atvinnulausra

Til að vekja athygli á stöðu atvinnulausra og efla umræðu um málefni þeirra boðaði atvinnumálanefnd ASÍ til fundar um málefni atvinnulausra þann 26. mars. Fundinn sóttu meðal annarra fulltrúar landssambandanna, forystumenn aðildarfélaga og aðilar sem hafa áhuga á málefninu innan raða ASÍ. Alls sóttu fundinn um sextíu manns. Í upphafsávarpi sínu fjallaði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, m.a. um sýn verkalýðshreyfingarinnar á málefni atvinnulausra og aðkomu ASÍ að þeim málum og nauðsyn þess að velferðarkerfið sé undir það búið að taka á málefnum þeirra sem fyrir því verða að missa atvinnuna. Að því loknu kynnti Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, tillögur atvinnumálanefndar ASÍ um stuðning við atvinnulausa. Auk þeirra fluttu Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, Jón Karlsson, fulltrúi ASÍ í svæðisráði Norðurlands vestra og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar, framsögur. Ýmsar hugmyndir um úrlausnir varðandi atvinnuleysi og stöðu atvinnulausra komu fram á fundinum og því

var m.a. velt upp hvort fara þyrfti aðrar leiðir varðandi þau úrræði sem í boði eru og innleiða meiri sveigjanleika í kerfið. Þá kom fram að þörf væri á rannsókn og greiningu sem hægt væri að nota til grundvallar við mótun úrræða fyrir atvinnulausa.

## Tillögur atvinnumálanefndar um stuðning við atvinnulausa

Atvinnumálanefnd ASÍ fjallaði um stöðu og stuðning við atvinnulausa og þörf fyrir úrbætur í þeim efnum. Auk félaga í atvinnumálanefnd ASÍ tóku fulltrúar ASÍ í stjórnum Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs þátt í starfinu. Þá fékk atvinnumálanefnd Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar, og Gylfa Kristinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, á fund til sín í tengslum við þessa vinnu.

Atvinnumálanefnd lagði þann 5. mars sl. fram eftirfarandi tillögur með greinargerðum um úrbætur í málefnum atvinnulausra. Tillögurnar voru svo afgreiddar í miðstjórn ASÍ þann 19. mars:

*Lagt er til að:*

1. *Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði.*
2. *Skráningarferli og umsýsla skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana verði einfaldað og gert skilvirkara.*
3. *Aukin áhersla verði lögð á aðstoð, ráðgjöf og menntunarúrræði fyrir fólk í atvinnuleit og virka vinnumiðlun.*
4. *Löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir verði endurskoðuð og að sett verði lög um einkareknar vinnumiðlanir.*

*Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir tillögunum. Lagt er til að tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta verði hrint í framkvæmd nú þegar. Þá er lögð áhersla á að tillögum í liðum 1-3 verði að öðru leyti komið til framkvæmda eins fljótt og kostur er, til að bregðast við þeim vanda sem nú er í málefnum atvinnulausra. Hvað varðar lið 4 er ljóst að það tekur nokkurn tíma að móta afstöðu ASÍ og ná samstöðu með öðrum þeim sem málið varðar. Lögð er áhersla á að sú vinna verði þegar hafin með það að markmiði að tillögur liggi fyrir á komandi hausti þannig að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf og nauðsynlegar lagabreytingar á Alþingi veturinn 2003-2004.*

*1. Hækkun atvinnuleysisbóta i 93.000 kr. á mánuði og athugun á tekjutengingu*

*Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði. Einnig er lagt til að á vettvangi ASÍ verði hafin skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur og þá með hvaða hætti.*

*Greinargerð*

*Í dag eru fullar atvinnuleysisbætur 77.452 kr. Þær hækkuðu um síðustu áramót um 5%. Fram til 1996 tóku atvinnuleysisbætur mið af launum fiskverkafólks og hækkuðu til samræmis við þau. Í upphafi árs 1996 var gerð breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar sem rauf þessa tengingu. Lágmarkstekjur verkafólks fyrir fullt starf eru nú 93.000 kr. á mánuði eða um 20% hærri en fullar atvinnuleysisbætur. Auk þess á fólk á vinnumarkaði rétt á desemberuppbót og orlofsuppbót sem nú eru 36.000 kr. og 10.000 kr. á ári hjá verkafólki m.v. fullt starf.*

*Þá má geta þess að ef atvinnuleysisbætur hefðu þróast í takt við almenn laun þá væru þær um 12% hærri en þær eru nú eða um 87.000 kr. á mánuði.*

*Að meðaltali var 3.631 einstaklingur atvinnulaus á síðasta ári. Af þeim leituðu 2.430 einstaklingar, eða 67%, til sveitarfélaga og annarra aðila eftir fjárhagsaðstoð. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga (janúar 2003) kemur fram, að 40% þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er fólk án vinnu. Þetta gefur skýrar vísbendingar um að atvinnuleysisbæturnar duga ekki til framfærslu meðan fólk leitar sér að nýju starfi.*

*2. Einfalda skráningarferli og umsýslu skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana*

*Lagt er til að tekin verði ákvörðun um að einfalda skráningarferlið og draga úr tíðni skráninga hjá atvinnulausu fólki, ásamt því að einfalda alla umsýslu hjá skráningarstöðum og svæðisvinnumiðlunum. Þá er lögð áhersla á að þeirri ákvörðun verði hrint í framkvæmd eins fljótt og kostur er.*

*Greinargerð*

*Núverandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar og öll umgjörð miðast að því að gera atvinnuleitendum sem allra erfiðast fyrir að misnota bæturnar. Lögð er rík áhersla á eftirlit með þeim sem skrá sig á atvinnuleysisskrá. Það hlýtur að vera meginmarkmið löggjafarinnar að aðstoða þá sem eru atvinnulausir fjárhagslega, styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði og aðstoða atvinnulaust fólk við að finna sér starf við hæfi.*

*Mikill tími fer í það hjá starfsmönnum skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana að skrá og hafa eftirlit með atvinnuleitendum. Lagt er til að skráningar- og eftirlitsferlið verði einfaldað og það gert sem skilvirkast. Á vettvangi Vinnumálastofnunar hefur þegar verið aflað upplýsinga um ýmsa kosti í þessum efnum og hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd. Í þeirri vinnu*

*hefur m.a. verið litið til framkvæmdarinnar á hinum Norðurlöndunum sem margt má læra af. Mikilvægt er að þessari vinnu verði hraðað og lagabreytingar undirbúnar ef þörf krefur.*

*Með því að draga úr vinnu við skráningu og umsýslu af ýmsu tagi skapast skilyrði til að auka þjónustu og ráðgjöf við atvinnuleitendur og fyrirtæki sem vilja nýta sér þjónustu svæðisvinnumiðlana.*

*Einnig má geta þess að skráningarferlið er í dag afar niðurlægjandi fyrir þá sem eru atvinnulausir. Þeir þurfa að mæta til skráningar í sínu byggðarlagi, vikulega eða á tveggja vikna fresti. Þá myndast oft langar biðraðir á skráningarstað. Í litlu samfélagi eins og hér á landi, þar sem allir þekkja alla, getur þetta verið viðkvæmt og niðurdrepandi. Af þessum ástæðum veigra margir sér við að leita sér aðstoðar fyrr en allt annað þrýtur. Slík töf er mjög óheppileg þar sem hún kemur í veg fyrir að viðkomandi njóti mikilvægrar þjónustu auk þess sem hún getur leitt til skerðingar eða jafnvel að réttur til atvinnuleysisbóta tapast.*

*3.Aukin áhersla á aðstoð, ráðgjöf og menntunarúrræði fyrir fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun*

*Þjónusta svæðisvinnumiðlana á einkum að felast í aðstoð og ráðgjöf við fólk í atvinnuleit og vinnumiðlun. Mikilvægt er að starfsemin sé skipulögð þannig að hún sinni sem best þeim markmiðum sem henni er ætlað að uppfylla. Hér gegna aðstoð, ráðgjöf og menntunarúrræði við hæfi lykilhlutverki.*

*Greinargerð*

*Mikilvægt er að treysta og efla þá þætti í starfsemi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana sem lúta að aðstoð, ráðgjöf og menntunarúrræðum við hæfi. Sama gildir um ráðgjöf og aðstoð við fyrirtæki sem eru að leita að starfsfólki.*

*Hér má nefna sem dæmi virka starfs- og námsráðgjöf til atvinnuleitenda, með áhugasviðsprófum og leiðbeiningum um þau starfs- og námsúrræði sem eru í boði á hverjum tíma. Þá er ljóst að fræðsla um fjármál og fjármálaráðgjöf getur skipt miklu fyrir þá sem missa atvinnuna um skemmri eða lengri tíma.*

*Fjölbreytt tilboð á námskeiðum og lengra námi við hæfi hvers og eins er eitt af kjarnaatriðunum í stuðningi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana við atvinnuleitendur. Mikilvægt er að áfram verði byggt á þeirri reynslu sem hefur fengist í þessum efnum og námsúrræði þróuð enn frekar með tilliti til einstaklinganna og ólíkra hópa atvinnulausra. Um leið og mikilvægt er að miða ráðgjöf við og þróa úrræði sem mæta þörfum ólíkra ein-*

*staklinga er nauðsynlegt að horfa sérstaklega til einstakra hópa eins og:*

- Atvinnulausra ungmenna
- Þeirra sem hafa litla menntun og/eða þurfa á endurmenntun að halda
- Þeirra sem eru búnir að vera lengi atvinnulausir (meira en 6 mánuði)
- Þeirra sem eru eldri en 55 ára

*Mikilvægt er að skoða með hvaða hætti má styðja við aðstoð og ráðgjöf til atvinnulausra og virka vinnumiðlun með því að nýta þekkingu, reynslu og tengsl stéttarfélaga (og samtaka atvinnurekenda) við vinnumarkaðinn. Sama gildir um einkareknar vinnumiðlanir.*

*4. Endurskoðun á löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og lög um einkareknar vinnumiðlanir*

*Lagt er til að á vettvangi ASÍ verði þegar hafinn undirbúningur að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997 og laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997, með það að markmiði að efla þessa starfsemi og bæta réttarstöðu atvinnulausra. Þá er lagt til að undirbúin verði sérstök löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir (ráðningarskrifstofur).*

*Greinargerð*

*Ýmis álitaefni hafa komið upp varðandi framkvæmd laganna um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar, stjórnsýslu og réttindi atvinnulausra frá því að lögin tóku gildi. Þá hefur komið upp ágreiningur um eignarhald og umsýslu á Atvinnuleysistryggingasjóði.*

*Mikilvægt er að á vettvangi Alþýðusambandsins fari fram mat á lögunum og framkvæmd þeirra og að á grundvelli þess setji ASÍ fram sín sjónarmið og tillögur til breytinga. Síðan er nauðsynlegt að teknar verði upp viðræður við önnur samtök launafólks, SA og félagsmálaráðuneytið um nauðsynlegar breytingar á lögunum. Þessi vinna má þó ekki verða til þess að tefja það að ráðist verði í þær úrbætur sem eru mest aðkallandi og hægt er að framkvæma innan ramma núgildandi laga.*

*Samhliða er mikilvægt að undirbúin verði löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir með það að markmiði að hún verði afgreidd á Alþingi veturinn 2003-2004. Slík löggjöf þarf að taka almennt á starfsemi einkarekinna vinnumiðlana og tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga (og fyrirtækja) sem til þeirra leita, m.a. með hliðsjón af samþykktum ILO um þetta efni. Þá þarf slík löggjöf að kveða á um skyldur einkarekinna vinnumiðlana til að veita upplýsingar um starfsemi sína og þá vinnumiðlun sem fram fer á þeirra vegum, til að bæta almennt þekkingu á vinnumarkaðinum, þróun hans og stöðu*

*á hverjum tíma. Slík löggjöf er jafnframt forsenda fyrir því að stjórnvöld geti gefið slíkum vinnumiðlunum hlutverk og verkefni og nýtt þær til stuðnings og ráðgjafar við atvinnulausa og vinnumiðlun. Á grundvelli slíkrar löggjafar gætu stéttarfélög tekið að sér stuðning og ráðgjöf við atvinnulausa og vinnumiðlun.*

## Stefnumótun í atvinnu- og byggðamálum

Á undanförnum árum hefur Alþýðusamband Íslands lagt mikla vinnu í stefnumótun í atvinnu- og byggðamálum. Lýsa má þessari vinnu sem vegferð í þremur áföngum: *Atvinnustefna til nýrrar aldar* (1994-2000), *Nýtt afl - nýir tímar* (2000-2002) og *Atvinna fyrir alla* (frá lokum árs 2002).

### *Atvinnustefna til nýrrar aldar*

Á árunum 1992-1993 fór atvinnuleysi ört vaxandi og mældist það mest 7,5% í janúar 1994. Það sama ár blés ASÍ til sóknar í atvinnumálum. Í mars 1994 var haldinn fundur forystumanna ASÍ um atvinnumál sem fylgt var eftir með umræðum innan verkalýðshreyfingarinnar vítt og breitt um landið. Niðurstöður umræðnanna voru síðan teknar saman í eitt plagg, *Atvinnustefna til nýrrar aldar, framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í efnahags-, atvinnu- og kjaramálum.* Í plagginu kom m.a. fram að ASÍ ...

> *... hafnar alfarið þeirri leið sem felst í því að taka upp samkeppni á alþjóðamörkuðum um framleiðslu á vörum sem býður upp á illa launuð störf. Þvert á móti telur Alþýðusambandið að virkja verði nýja uppsprettu hagvaxtar, en sú uppspretta liggur í þekkingu fólksins, menntun þess og hæfni. Með þessu móti má skapa forsendur fyrir því að fjölga vellaunuðum störfum sem byggja á stöðugt meiri framleiðni, aukinni menntun og þjálfun bæði starfsmanna og stjórnenda. Leggja verður höfuðáherslu á að framleiða vörur með mun hærra virðisaukastigi en tíðkast hefur til þessa og því verður að gera grundvallarbreytingar á þeirri efnahagslegu þróunarstefnu sem hér hefur verið ráðandi. Mikilvægur liður í þessu starfi er að skilgreina strax nokkur stefnumarkandi svið sem leggja beri sérstaka áherslu á næstu ár. Samhliða því verður stöðugt að leita að sóknarmöguleikum á nýjum sviðum til þess að tryggja eðlilega endurnýjun atvinnulífsins. Það er jafnframt skoðun Alþýðusambandsins að mynda verði almenna sátt um stefnumótun í atvinnumálum milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og því verði að þróa áfram þríhliða samstarf þessara aðila og skapa því formlegri sess. Með því móti má stuðla að aukinni samstöðu um forgangsröðun og mat þessara aðila á einstaka málaflokkum þannig að þeir vinni að samræmdu markmiði.*

***Nýtt afl - nýir tímar***

Á ársþingi ASÍ í nóvember árið 2000 voru samþykktar róttækar breytingar á lögum og starfsháttum ASÍ. Þingið gerði samþykkt um helstu áherslur í starfi sambandsins undir yfirskriftinni *Nýtt afl - nýir tímar*. Í atvinnumálum var þá mörkuð eftirfarandi stefna:

> *Aðildarfélög og -sambönd ASÍ gengu til samninga vorið 2000 með það að markmiði að stuðla að stöðugleika og leggja þannig grunn að áframhaldandi aukningu kaupmáttar. Áhersla var lögð á að nýta svigrúmið fyrst og fremst til hækkunar lægstu launa. Gerður var samningur til langs tíma í þessu skyni. Jafnframt var ljóst að stéttarfélögin geta ekki setið með bundnar hendur allan samningstímann ef samningsforsendurnar bresta. Samningarnir hvíla á tveimur meginstoðum: Að verðbólga fari minnkandi á samningstímanum og að sú launastefna sem þar var mörkuð verði almennt ríkjandi. Rík áhersla var því lögð á skýr tryggingarákvæði svo hægt væri að opna samningana ... ef forsendur brygðust ...*
>
> *Þróun undanfarinna ára sýnir einnig mikilvægi þess að ASÍ hafi frumkvæði í umræðu um atvinnu- og byggðamál því þrátt fyrir mikinn hagvöxt og þenslu víða í hagkerfinu hefur komið í ljós að vöxturinn er misjafn eftir landshlutum. Því hefur fylgt mikill flutningur fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Slíkt er ekki nýtt af nálinni. Síðustu áratugi hafa slíkir flutningar fylgt hagvexti. Mikil umræða hefur verið um byggðaröskun eftir hverja uppsveiflu en engin töfralausn enn verið fundin. Ýmislegt hefur verið reynt til að sporna við henni en ekki tekist að snúa þróuninni við.*
>
> *Margir þættir skýra breytingar á búsetuþróun í landinu, meðal annars flutningur á kvóta úr byggðarlögum. Fólk vill fjölbreytni í atvinnuháttum, menningu, menntun og annarri þjónustu. Það er því ekki nægilegt að flytja fyrirtæki og stofnanir út á landsbyggðina ef aðrir nauðsynlegir þættir eru ekki til staðar. Aukinn hluti þekkingar í framleiðslu hefur leitt til brottflutnings af landsbyggðinni en getur einnig boðið upp á aukna möguleika til atvinnuuppbyggingar ef rétt er á málum haldið.*
>
> Áherslur ASÍ:
>
> *Með áherslu á starfsmenntun, nýtingu mannauðsins og nýsköpun verði byggt upp atvinnulíf sem býður launafólki næg störf og stendur undir háu launastigi.*
>
> *Misskipting hagvaxtar milli landsvæða á undangengnum árum sýnir að brýnt er að móta atvinnu- og byggðastefnu sem skilar árangri fyrir alla þjóðina.*
>
> *Reynslan hér á landi og erlendis sýnir að árangursrík byggðastefna felst*

*ekki í að leggja fé í fyrirtæki og stofnanir sem ekki eiga sér lífsvon né setja fé í innri framkvæmdir á landsbyggðinni. Það dugar ekki að senda einvörðungu fé frá stöðum þar sem vöxtur er til staða þar sem ekki er vöxtur. „Byggðastefna“ hér á landi hefur í alltof ríkum mæli einkennst af slíkum aðgerðum.*

*Byggja verður atvinnu- og byggðastefnu á framtíðarsýn um uppbyggingu viðkomandi byggðarlags sem heildar.*

*Skapa verður skilyrði fyrir myndun raunverulegra byggðakjarna sem bjóða upp á þá fjölbreytni í atvinnu, menntun, menningu og annarri þjónustu sem þarf til að skapa vöxt.*

Helstu verkefni ASÍ eru að:

*Hafa áhrif á framkvæmd atvinnustefnu. Leggja höfuðáherslu á nýsköpun og ný tækifæri alls launafólks til að afla sér aukinnar þekkingar og hæfni sem nýtist bæði því sjálfu og atvinnulífinu í heild.*

*Móta framtíðarsýn um uppbyggingu byggðarlaga sem heilda og berjast fyrir því að skilyrði skapist til vaxtar byggðakjarna.*

*Greina ástæður byggðaþróunar í landinu, mögulega vaxtarbrodda atvinnu og búsetu og leggja þá greiningu til grundvallar stefnumótun sambandsins í atvinnu- og byggðamálum.*

*Vinna gegn því af öllum mætti að atvinnutækifæri séu flutt úr landi.*

*Vinna stefnu sinni fylgi og sjá til þess að hún komist í framkvæmd.*

***Atvinna fyrir alla***

Á ársfundi ASÍ í október/nóvember 2002 voru samþykktar áherslur og helstu verkefni Alþýðusambands Íslands í Evrópumálum. Í þessari samþykkt kemur m.a. fram eftirfarandi sýn í atvinnumálum:

*Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.*

*Til að ná framangreindum markmiðum er nauðsynlegt að:*

*Hér á landi verði beitt efnahagsstjórn sem byggi á því að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslenskra fyrirtækja.*

*Byggt verði á markvissri atvinnustefnu sem miði að því að skapa fleiri og betri störf, sem byggi á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti kynjanna. Öflug símenntun og annað tækifæri til náms eru mikilvægustu tækin til að ná þessum markmiðum.*

*Skilgreind verði félagsleg markmið um vinnumarkað sem byggi á öryggi,*

*en jafnframt sveigjanleika sem gagnist bæði launafólki og fyrirtækjum. Ennfremur um mannsæmandi lífskjör fyrir alla og um vinnumarkað og atvinnulíf sem sé uppspretta frekari lífsgæða, með styttri vinnutíma, auknum möguleikum til símenntunar og betra samræmi á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.*

Í samræmi við þetta stóð atvinnumálanefnd ASÍ fyrir ráðstefnu um atvinnu- og byggðamál þann 30. september 2003. Yfirskrift hennar var *Atvinna fyrir alla, góð störf - betri lífskjör.* Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel og sóttu hana rúmlega 100 manns.

Ráðstefnunni var ætlað að marka upphaf vinnu ASÍ að mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu-, byggða- og félagsmálum. Næstu misseri fyrirhugar atvinnumálanefnd Alþýðusambandsins að halda stefnumótunarvinnunni áfram, m.a. með því að vinna úr upplýsingum sem fram komu á ráðstefnunni og með því að leita eftir aðstoð og skoðunum breiðs hóps fólks í samfélaginu. Þá verða atvinnu- og byggðamál annað af þeim málefnum sem sérstaklega verða tekin til umfjöllunar á ársfundi ASÍ í október 2003. Stefnt er að því að skýrar tillögur til miðstjórnar ASÍ liggi fyrir vorið 2004 og að stefna Alþýðusambandsins í málaflokknum verði síðan til umræðu og afgreiðslu á ársfundi ASÍ í október 2004.



*Málefni aldraðra koma við sögu í áherslum ASÍ um velferð fyrir alla.*

# Velferðarmál

Velferðarmál voru helsta þema ársfundar Alþýðusambandsins 2002. Í aðdraganda ársfundarins leitaði Velferðarnefnd eftir samstarfi við forsvarsmenn almannaheillasamtaka og sérfræðinga og kannaði viðhorf þeirra til velferðarkerfisins. Óskað var eftir því að þeir gerðu Velferðarnefnd grein fyrir styrkleikum velferðarkerfisins, veikleikum þess og því sem þeir teldu að betur mætti fara. Undirbúningur velferðartillagna og ályktana á ársfundinum byggði m.a. á upplýsingum sem fengust í þessu samstarfi.

Þann 6. desember boðuðu forsvarsmenn ASÍ og Velferðarnefndar fulltrúa almannaheillasamtakanna og sérfræðinganna til fundar þar sem helstu niðurstöður ársfundarins í velferðarmálum voru kynntar og óskað var eftir frekara samstarfi. Almennt var gerður góður rómur að tillögunum og lýstu fundarmenn sig undantekningarlítið reiðubúna til frekara samstarfs. Þann 17. janúar var boðað til samráðsfundar um framhaldsvinnuna og var þar ákveðið að vinna að útfærslu á velferðartillögununum á grundvelli samþykkta ársfundar ASÍ 2002. Stefnt var að því að ljúka vinnunni í lok febrúar eða byrjun mars 2003.

Til að gera vinnuna skilvirkari var ákveðið að skipta verkinu milli fjögurra vinnuhópa. Myndaðir voru vinnuhópar um heilbrigðismál, tryggingamál, hús-

næðismál og bráðavanda fátækra. Þeir sem tóku þátt gátu skráð sig í hvaða vinnuhóp sem var. Þannig gátu t.d. sum almannaheillasamtök átt fulltrúa í öllum vinnuhópunum en önnur samtök í færri hópum. Unnið var hratt og vel undir stjórn nefndarmanna úr Velferðarnefnd með aðstoð starfsmanna ASÍ. Hver hópur hélt sex fundi og skilaði af sér greinargerð og tillögum.

## Tillögur í velferðarmálum

Þann 5. mars 2003 voru drög að tillögum vinnuhópanna kynnt fyrir miðstjórn ASÍ sem samþykkti fyrir sitt leit að áfram yrði unnið á grundvelli þeirra.

Heilbrigðismál:

- Heilsugæslan:
  - Heilsugæslan verði efld sem grunneining heilbrigðiskerfisins.
- Aðgangur að sérgreinalæknum:
  - Aðgangi að sérgreinalæknum verði stjórnað með „valfrjálsu stýrikerfi“ í stað gjaldtöku.
- Verkaskipting:
  - Endurskoða þarf verkaskiptingu á milli sjúkrahúsa og sérgreinalækna. Mikilvægt er að skoða leiðir til þess að fela einkareknum stofum alfarið tiltekin afmörkuð verkefni. Hins vegar þarf að koma í veg fyrir að sérgreinalæknar starfi bæði á sjúkrahúsum og einkastofum. Huga þarf að sérúrræðum í þessu efni á smærri stöðum, þar sem fáir læknar starfa.
- Rekstrarform:
  - Æskilegt er að fjölga valmöguleikum í þjónustutilboðum. Fjölbreytni gefur meiri möguleika á því að bregðast við breyttum aðstæðum. Fjölbreytni má þó ekki leiða til aukinnar félagslegrar stéttaskiptingar. Mikilvægt er að tryggja, með opinberum stöðlum og eftirliti, að gæði þjónustunnar sé ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag.
- Öldrunarmál:
  - Tryggja verður eðlilegt framboð á fjölbreytilegri þjónustu, svo sem hjúkrunarrýmum, dagvistarrýmum, hvíldarinnlögnum, valþjónustu, heimaþjónustu og þjónustu við aldraða er eiga við geðræn vandamál að stríða.
  - Mikilvægt er að stilla saman úrræði félags- og heilbrigðisþjónustunnar.
- Lyfjamál:

    - Heildarkerfi verðmyndunar lyfja verði endurskoðað með það að markmiði að hagræða og lækka verð.
    - Tekið verði upp fyrirkomulag sem tryggir að enginn greiði meira en ákveðið hámark á ári fyrir lyfseðilsskyld lyf.
    - Haldið verði uppi eftirliti með verði á öllum lyfjum, skráðum og óskráðum.

Húsnæðismál:

- Lækkun húsaleigu:
    - Samhliða auknum framlögum ríkisins í formi vaxtaniðurgreiðslu og/eða stofnstyrkja, auki sveitarfélögin niðurgreiðslur sínar með því m.a. að nýta ekki til fulls hámarksreglur um útreikning leigu, t.d. hvað varðar umsýslukostnað, vexti af eigin stofnframlögum og viðhaldprósentu.
- Fjölgun íbúða:
    - Biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði verði eytt á 3 árum.
    - Óafturkræfir stofnstyrkir verði veittir til byggingar á félagslegu leiguhúsnæði fyrir fatlaða og aðra þá sérstöku hópa sem lítt eða ekki eru virkir á vinnumarkaði.
    - Opinberum framkvæmdaaðilum og einkaaðilum verði veitt skilyrt lán úr ríkissjóði á niðurgreiddum, lágum og föstum vöxtum og/eða stofnstyrkir til byggingar á félagslegu leiguhúsnæði fyrir aðra tekjulága hópa.
    - Til þess að stækka hinn almenna leigumarkað verði rekstrarumhverfi fyrirtækja sem hyggjast eiga og reka almennt leiguhúsnæði bætt, m.a. með breyttum fyrningarreglum.
- Aukið réttaröryggi leigjenda:
    - Bættu rekstarumhverfi vegna útleigu íbúðarhúsnæðis í atvinnuskyni og niðurgreiðslu lána eða kostnaðar, fylgi gagnsæjar og einfaldar reglur um útreikning hámarksleigu, öflugt verðlagseftirlit og bætt réttarstaða leigjenda.
    - Endurskoðun leigu til hækkunar, vegna breyttrar fjárhagslegrar og/eða félagslegrar stöðu leigjenda, fari ekki oftar fram en á 3-5 ára fresti.

Fátækt

- Húsnæðismál:
    - Húsaleiga verði niðurgreidd umfram það sem gert er í dag og framboð á félagslegu leiguhúsnæði aukið.

- Menntun:
  - Koma þarf sérstaklega til móts við ungt fólk úr tekjuminni fjölskyldum þannig að það geti stundað nám til jafns við aðra.
- Heilbrigðismál:
  - Brýnt er að draga úr kostnaði sjúklinga vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu.
- Afkomuvandi:
  - Barnabætur verði hærri en nú er, ótekjutengdar og nái til barna allt að 18 ára aldri. Sveitarfélögin dragi úr gjaldtöku vegna skólaþjónustu og tómstunda og geri börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstarf án tillits til efnahags foreldra.
  - Lægstu samsettu bætur öryrkja verði a.m.k. 110 þús. kr. á mánuði auk barnalífeyris.
  - Lækka þarf álögur hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin íbúð.
  - Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði.
  - Mótuð verði atvinnustefna sem hefur það að markmiði að auka atvinnuframboð í dreifbýli.
  - Mikilvægt er að samræma og útfæra skyldur sveitarfélaga í lögunum um félagsþjónustu. Hækka þarf viðmið sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð.

Tryggingamál:
- Öryrkjar:
  - Lægstu samsettar bætur grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbót einstaklings verði a.m.k. 110 þús. kr. á mánuði auk barnalífeyris.
  - Réttur öryrkja til bóta almannatrygginga taki mið af því að framfærslubyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. aldraðra.
  - Kannaðir verði nánar kostir aldurstengdra bóta.
- Aldraðir:
  - Afkomuvanda eldri borgara sem hafa lítinn rétt í lífeyrissjóðum eða hafa ekki myndað þann rétt vegna heimilisstarfa, örorku eða veikinda verði mætt með hækkun á tekjutryggðum greiðslum frá almannatryggingum. Sá mismunur sem er á milli réttinda lífeyrissjóða sem veita rétt eftir fastréttindum og sjóðssöfnun verði leiðrétt í áföngum.
  - Mikilvægt er að auka getu almennu lífeyrissjóðanna til greiðslu eft-

irlauna, með því að jafna núverandi áhættutryggingu betur milli sjóðanna innbyrðis og frekari þátttöku almannatrygginga í þeim tryggingum.

- Atvinnuleysisbætur:
  - Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr 77.452 kr. í 93.000 kr. á mánuði.
  - Hafin verði skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur og þá með hvaða hætti.
- Umönnunarbætur:
  - Rétt foreldra til launa meðan þau sinna veikum börnum þarf að þróa áfram. Gæta verður þess að sá réttur sem skapaður er á hverjum vinnustað verði ekki íþyngjandi og komi þannig í veg fyrir að barnafólk verði gjaldgengt á vinnumarkaði. Þess vegna er mikilvægt að skipta þessum rétti milli einstakra atvinnurekenda og samtryggingarréttar.
  - Hvað varðar langvinna sjúkdóma barna er mikilvægt að skapa aukinn samtryggingarétt annars vegar í tengslum við fæðingarorlof og hins vegar í tengslum við nauðsynlega fjarveru frá störfum eftir að fæðingarorlofi líkur.
- Veikindaréttur:
  - Mikilvægt er að skilgreina hlutverk sjúkradagpeninga innan almannatrygginga og samræma þann rétt við þann sem sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga veita.
  - Til þess að veikindaréttur komi að sem bestum notum, er mikilvægt að heilbrigðiskerfið bjóði upp á endurhæfingu sem byggir einstaklinginn upp til starfa miðað við getu.

## Kostnaðarmat hagdeildar ASÍ

Þann 27. mars 2003 kynnti ASÍ fyrir fjölmiðlum mat hagdeildar ASÍ á velferðartillögunum. Tillögurnar eru sumar þess eðlis að hægt er að útfæra þær með mismunandi hætti og velja fleiri en eina leið að þeim markmiðum sem Alþýðusambandið vill ná fram með tillögum sínum. Í slíkum tilfellum reiknaði hagdeildin út kostnað m.v. ákveðnar forsendur. Verði valin önnur leið en hagdeild gefur sér kunna kostnaðartölur að hækka eða lækka.

| **Yfirlit árlegs kostnaðarauka** | |
|---|---|
| **Húsnæðismál** | **1.650.000.000** |
| Biðlistar | 400.000.000 |
| Aukin niðurgreiðsla | 1.250.000.000 |
| **Heilbrigðismál** | |
| **Tryggingamál** | **4.500.000.000** |
| Örorkub. | 600.000.000 |
| Aldraðir | 2.000.000.000 |
| Atvinnuleysisbætur | 800.000.000 |
| Umönnunargreiðslur | 800.000.000 |
| Sjúkradagpeningar | 300.000.000 |
| **Fátækt** | **3.200.000.000** |
| Skólakostnaður | 500.000.000 |
| Dreifbýlisstyrkir | 400.000.000 |
| Barnabætur | 1.600.000.000 |
| Fasteignagj. | 200.000.000 |
| Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga | 500.000.000 |
| **SAMTALS** | **9.350.000.000** |

***Helstu forsendur fyrir kostnaðarmati***

Húsnæðismál

- Að mati ASÍ er biðlisti eftir um 1.700 félagslegum leiguíbúðum. Gert er ráð fyrir að eyða þeim biðlista á þremur árum. Annars vegar er miðað við að fjölga þeim íbúðum sem lánað er til á lægstu vöxtum og hins vegar að auka vaxtaniðurgreiðsluna þannig að m.v. 1% vexti í stað 3,5% eins og gert er í dag. Að auki er lagt til að vaxtaniðurgreiðsla gagnvart eldri félagslegum leiguíbúðum verði aukin m.v. 1% vexti og er kostnaður við það áætlaður 1.250 milljónir króna.

Heilbrigðismál

- Ekki er gert ráð fyrir að tillögur í heilbrigðismálum valdi kostnaðarauka til lengri tíma. Tillögurnar byggja annars vegar á því að auka skilvirkni og ná fram hagræðingu og hins vegar á því að draga úr gjaldtöku og auka þjónustu.

Tryggingamál

- Gert er ráð fyrir að tryggja öryrkjum sem búa einir tekjur sem nema

a.m.k. 110.000 kr. með því að hækka tekjutryggingu. Kostnaðarmat ASÍ gerir ráð fyrir að það kosti um 1,6 milljarða að ná þessu marki. Öryrkjar hafa nú gert samkomulag um hækkun bóta sem metin er á um 1 milljarð. Viðbótarkostnaður er því um 600 milljónir.

- Kostnaður við að draga úr skerðingu á tekjutryggingarauka aldraðra er áætlaður um 2,0 milljarðar. Miðað er við að hækka skerðingarmörk tekjutryggingaraukans til þess sama og er í tekjutryggingu.
- Kostnaður við hækkun atvinnuleysisbóta m.v. 3,5% atvinnuleysi er áætlaður um 800 milljónir. Þegar dregur úr atvinnuleysi mun þessi tala lækka.
- Það kostar um 800 milljónir að hækka umönnunargreiðslur foreldra langveikra barna í 80% af fyrri launum þeirra.
- Miðað er við að hækka sjúkradagpeninga í 60% af lágmarkslaunum.

Fátækt

- Sveitarfélög dragi úr gjaldtöku vegna þjónustu við börn í grunnskólum, tómstunda barna, íþrótta og tónlistarskóla sem nemi um 500 milljónum.
- Hækka styrki til framhaldsskólanema í dreifbýli (dreifbýlisstyrk). Miðað er við að sá hluti styrksins sem er vegna kostnaðar við uppihald fjarri heimili verði tvöfaldaður.
- Lagt er til að ríkissjóður verji 1,6 milljörðum til að hækka barnabætur og draga úr tekjutenginum sem bráðaaðgerð. Stefnt verði að frekari breytingum á barnabótakerfinu samhliða breytingum á skattkerfinu.
- Lagt er til að sveitarfélög felli niður fasteignagjöld tekjulágra eldri borgara sem nemi um 200 milljónum.
- Lagt er til að sveitarfélög hækki tekjuviðmið sín fyrir fjárhagsaðstoð og að reglur verði samræmdar milli sveitarfélaga.

## Tillögunum fylgt úr hlaði

Velferðartillögur ASÍ voru kynntar þann 19. mars á opnum fundi í Salnum í Kópavogi. Þorbjörn Guðmundsson, formaður velferðarnefndar gerði grein fyrir tillögunum og Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands fjallaði um stöðu velferðarkerfisins.

Eitt af markmiðum vinnu ASÍ í velferðarmálum var að skapa umræður í samfélaginu um velferðarmál og koma þeim ofar á forgangslista stjórnmálamanna. ASÍ sendi því talsmönnum stjórnmálaflokkanna opið bréf þar sem leitað var eftir viðhorfum þeirra til velferðartillagnanna og var þeim jafnframt boðið að koma til opins fundar á Grand Hótel þann 1. apríl og gera grein fyr-

ir viðhorfum sínum með stuttum erindum og sitja síðan fyrir svörum. Almennt voru talsmenn allra stjórnmálaflokka mjög jákvæðir til velferðarvinnu ASÍ og lýstu sig fylgjandi flestum þeim tillögum sem ASÍ setti fram og segja má að velferðartillögurnar hafi sett nokkuð sterkan svip á aðdraganda kosninganna. Stjórnarsáttmáli endurnýjaðrar ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks fjallar að nokkru um velferðarmál og er viss samhljómur við tillögur ASÍ þó margt þurfi að skýra betur.

Velferðarnefnd vinnur að því að fylgja velferðartillögunum eftir og forgangsraða þeim tillögum sem ASÍ mun setja á oddinn á komandi misserum.

## Starfsendurhæfing

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði starfshóp til að gera tillögur að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Ráðuneytið óskaði eftir tilnefningu frá ASÍ í nefndina. Til viðbótar við ASÍ eru fulltrúar frá Tryggingastofnun ríkisins, Landssambandi lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins, Vinnumálastofnun, samstarfsráði um endurhæfingu og Félagsmálaráðuneyti. Starfshópurinn hefur haldið 20 fundi frá því hann tók til starfa sem var haustið 2002.

Starfshópurinn var skipaður í framhaldi af málþingi um starfsendurhæfingu sem haldið var í nóvember 2001.

Hlutverk hópsins er eins og áður er tilgreint að gera tillögur að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Skilgreining á starfsendurhæfingu er mjög víðtæk. Þegar talað er um starfsendurhæfingu nær það hugtak til endurhæfingu til fyrri starfa sem og til annarra starfa en viðkomandi gegndi áður. Þeir sem eiga að geta notið starfsendurhæfingar eru einstaklingar sem hafa orðið fyrir veikindum, slysi, lent í langvarandi atvinnuleysi eða eiga við félagsleg vandamál að stríða sem leitt hafa til þess að viðkomandi hefur fallið út af vinnumarkaði.

Starfsendurhæfing er því endurhæfing sem miðast fyrst og fremst við að geta leiðbeint og þjálfað einstakling til starfa og tekur mið af getu hans út frá læknisfræðilegri, félagslegri, menntunarlegri og starfslegri stöðu hans miðað við það ástand sem hann er í þegar starfsendurhæfing hefst.

Þannig er starfsendurhæfing ekki eingöngu framhaldsmeðferð sem veitt er á grundvelli heilbrigðisþjónustunnar heldur ekki síður viðfangsefni félagslegrar þjónustu til að koma í veg fyrir einangrun einstaklingsins innan samfélagsins.

Tilgangur starfsendurhæfingar er að greina þörf einstaklingsins fyrir úrræði til að auka hæfni, getu, þroska og menntun hans til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Ennfremur að veita leiðsögn og fræðslu til að efla og þroska einstaklinginn til þátttöku í atvinnulífinu og samfélaginu.

Markmið starfsendurhæfingar er ekki að finna starf eða nýjar félagslegar forsendur fyrir þá sem njóta endurhæfingar heldur að gera einstaklinginn hæfari til þess að nýta sína getu og krafta innan samfélagsins og á vinnumarkaði miðað við líkamleg getu, þroska og menntun.

Það er því hlutverk atvinnulífsins í samvinnu við heilbrigðis - og félagsmálayfirvöld að skapa arðsama starfsmöguleika fyrir þá einstaklinga sem hlotið hafa starfsendurhæfingu með félagslegum og fjárhagslegum aðgerðum. Þannig aðgerðir eiga að beinast að almennum aðgerðum sem koma í veg fyrir hindranir til atvinnuþátttöku.

Út frá þessum víðu skilgreiningum kortleggur nefndin þá þörf sem er til staðar fyrir starfsendurhæfingu og þá möguleika sem nú þegar bjóðast með það að markmiði að neytendur þjónustunnar eigi aðgang að markvissu framboði starfsendurhæfingar við sitt hæfi svo þeir eigi meiri möguleika á að komast út á vinnumarkaðinn.

## Lífeyrisnefnd miðstjórnar ASÍ

Í framhaldi af tillögum velferðarnefndar um breytingar í lífeyrisréttindamálum ákvað miðstjórn ASÍ að skipa sérstaka nefnd um lífeyrismál sem fengi það hlutverk að vinna að útfærslu þessara mála. Á fundi miðstjórnar 11. júní 2003 var eftirfarandi erindisbréf lífeyrisnefndar samþykkt einróma og jafnframt ákveðið að haga skipun í nefndina með sama hætti og aðrar fastanefndir miðstjórnar, þar sem hvert landssamband tilnefnir einn fulltrúa, félög með beina aðild sameiginlega einn fulltrúa, miðstjórn einn fulltrúa ásamt einum starfsmanni.

## Erindisbréf lífeyrisnefndar ASÍ

> *Viðfangsefni lífeyrisnefndar er að móta stefnu og áherslur ASÍ í lífeyrismálum sem lögð verður fyrir miðstjórn og ársfund ASÍ í október 2003. Þá skal hún móta afstöðu ASÍ til viðræðna við stjórnvöld um samþættingu lífeyriskerfis og almannatrygginga með sérstakri áherslu á eftirlaun og áfallatryggingar.*
>
> *Áhersla er lögð á að nefndin taki annars vegar til umræðu og skoðunar þróun og uppbyggingu réttindakerfis lífeyrissjóðanna með tilliti til eftirlauna og áfallatrygginga. Vaxandi lífslíkur og breytt aldurssamsetning landsmanna hafa lagt auknar byrðar á lífeyrissjóðina umfram það sem gert var ráð fyrir í upphafi, auk þess sem sú lífeyrisbyrði leggst mismunandi á einstaka lífeyrissjóði.*
>
> *Lögð er áhersla á að nefndin skoði kosti og galla þeirra réttindaávinnslu*

*sem nú er við lýði í lífeyrissjóðunum þ.e.a.s. annars vegar jafna ávinnslu og hins vegar aldurstengdaávinnslu.*

*Mikilvægt er að skoða réttindauppbyggingu út frá því grundvallarsjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar að lífeyrissjóðir eigi að byggja starfsemi sína á samtryggingu sem hefur samstillingu við almannatryggingarkerfið.*

*Nefndin þarf einnig að móta afstöðu ASÍ til hugsanlegra viðræðna við stjórnvöld um skýrari verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða vegna lífeyris- og áfallatryggingar. Í því sambandi er lögð sérstök áhersla á þróun örorkutryggingar og hugsanlegrar makaskipta milli almannatrygginga og lífeyrissjóða á þeirri tryggingu gegn því að lífeyrissjóðirnir sinni frekar eftirlaunalífeyri.*

*Nefndinni er einnig ætlað að móta afstöðu ASÍ til þess á hvern hátt hægt er að samræma réttindi milli þeirra tveggja megi lífeyriskerfa sem eru við lýði á íslenskum vinnumarkaði þ.e.a.s fastréttinda - og sjóðssöfnunarkerfa. Þá verði unnið að því að jafna réttindi starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.*

*Lífeyrisnefnd ASÍ skal skipuð með sama hætti og aðrar starfsnefndir miðstjórnar ASÍ. Hana skipa einn fulltrúi frá hverju landssambanda innan ASÍ ásamt einum fulltrúa miðstjórnar ASÍ. Þá skal skrifstofa ASÍ leggja til sérfræðing sem starfar með nefndinni og er jafnframt ritari hennar.*

*Mikilvægt er að nefndin hefji störf sem fyrst, þannig að sumarið geti nýst til gagnaöflunar og undirbúnings svo að hægt verði að hefja umræðu og vinnu af krafti strax eftir sumarleyfi.*

Í nefndina voru skipaðir Grétar Þorsteinsson fyrir hönd miðstjórnar ASÍ, Þorbjörn Guðmundsson fyrir hönd Samiðnar, Haraldur H. Jónsson fyrir RSÍ, Gunnar Páll Pálsson fyrir LÍV, Þórunn Sveinbjörnsdóttir fyrir SGS, Níels S. Olgeirsson fyrir MATVÍS, Konráð Alfreðsson fyrir SSÍ og Gylfi Arnbjörnsson var kjörinn starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hélt einn fund fyrir sumarleyfi, þar sem viðfangsefnið var að ræða erindisbréf nefndarinnar og skipuleggja starf hennar og verkefni.



*Málefni sem snerta atvinnuréttindi útlendinga og starfsmannaleigur hafa verið talsvert til umfjöllunar upp á síðkastið.*

# Félagsmál

## Jafnréttis- og fjölskyldumál

Jafnréttis- og fjölskyldumál eru einn af þeim málaflokkum sem tengjast flestum þáttum í starfi Alþýðusambandsins með beinum eða óbeinum hætti. ASÍ hefur mótað sér sérstaka stefnu í þessum málaflokki sem síðast var endurskoðuð á ársfundi sambandsins 2001 og sem vísað hefur veginn í starfsemi sambandsins.

Til að átta sig betur á jafnréttis- og fjölskyldumálunum, og sérstaklega þeim þætti sem snýr að baráttunni fyrir launajafnrétti, má draga fram eftirfarandi þætti í starfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess:

*Hvað er ASÍ að gera til að vinna gegn kynbundnum launamun?*

Það er skoðun Alþýðusambandsins að vinna þurfi gegn kynbundnum launamun með kerfisbundnum hætti á fjölmörgum sviðum samtímis til að viðunandi árangur náist. ASÍ og aðildarfélög þess hafa haft þetta að leiðarljósi í starfi sínu.

- *Hækkun lægstu launa*. Konur eru hlutfallslega mun fleiri en karlar meðal þeirra sem hafa lægstu launin á íslenskum vinnumarkaði. Áhersla á sérstaka hækkun lægstu launa er því ein árangursríkasta leið-

in til að draga úr kynbundnum launamun um leið og hún er mikilvægur liður í baráttunni gegn mismunun og misrétti í samfélaginu.

- *Símenntun fyrir alla.* Aukið framboð á menntun og meiri möguleikar launafólks til að sækja sér símenntun, endur- og eftirmenntun eru mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði og leið til bættra kjara. Þetta á ekki síst við um launafólk sem hefur litla formlega viðurkennda menntun. Stóraukin áhersla verkalýðshreyfingarinnar á framboð og möguleika launafólks til að sækja sér símenntun er því mikilvægur þáttur í að efla stöðu kvenna á vinnumarkaði og vinnur gegn launamun kynjanna.
- *Jafn réttur foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs.* Gildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof gefa foreldrum jafnan rétt og tryggja jafna möguleikar til fæðingar- og foreldraorlofs. Það er sannfæring okkar í verkalýðshreyfingunni að sá áfangi sem náðist með lögum um fæðingar- og foreldraorlof leggi grunninn að einum mikilvægasta áfanga sem náðst hefur í jafnréttisbaráttunni og gegn kynbundnum launamun. Nái markmið lagana fram að ganga í framkvæmd og foreldrar axli sameiginlega ábyrgð við umönnun barna sinna er mikilvægri forsendu kynbundins launamunar rutt úr vegi. Atvinnurekendur geta þá ekki lengur gefið sér eins og áður að móðirin hverfi frekar frá vinnu vegna umönnunar barnsins meðan faðirinn velji að sinna áfram launavinnu.
- *Fræðsla um jafnréttislögin og jafnréttisáætlanir.* Fræðsludeild ASÍ hefur að undanförnu lagt aukna áherslu á að kynna talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, forystumönnum stéttarfélaga, starfsmönnum þeirra og trúnaðarmönnum á vinnustað efni jafnréttislaganna og gildi jafnréttisáætlana á vinnustöðum. Með þessu er stigið mikilvægt skref í að efla vitund forystumanna stéttarfélaganna um mikilvægi jafnréttismálanna og hversu árangursríkt tæki jafnréttisáætlanir á vinnustöðum geta verið í baráttunni gegn kynbundnum launamun og fyrir jafnrétti kynjanna.
- *Samstarf um jafnréttismál.* Alþýðusambandið á samstarf við fjölmarga aðila utan sambandsins um jafnréttismál, auk þess að eiga fulltrúa í Jafnréttisráði. Mikilvægi samstarfs samherja í jafnréttisbaráttunni verður seint ofmetið. Hér má nefna sem dæmi að ASÍ, í samstarfi við önnur samtök launafólks og fleiri aðila, hefur undanfarin ár staðið fyrir umfjöllun um jafnréttismál í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars, þar sem áherslan hefur verið á mikilvægi vinnuframlags kvenna og baráttuna gegn kynbundnum launamun.
- Sjálfstætt framlag aðildarfélaga ASÍ í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Auk þess sem að framan greinir hafa fjölmörg aðildarfélög

ASÍ lagt fram mikilvægan skerf til baráttunnar gegn kynbundnum launamun. Framlag þeirra hefur bæði falist í beinum aðgerðum á þessu sviði, hvatningu og stuðningi við konur í jafnlaunabaráttunni og þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að vinna gegn kynbundnum launamun.

*Hefur sambandið jafnréttisstefnu og er mögulegt að nota hana til að vinna gegn launamuninum?*

Alþýðusambandið hefur sett sér stefnu í jafnréttismálum. Á ársfundi ASÍ 2001 var jafnréttisstefna samtakanna síðast endurskoðuð og endurbætt. Þar eru áherslur og helstu verkefnin í jafnréttisbaráttunni skilgreind. Þessi stefna er sá grundvöllur sem jafnréttisstarf sambandsins hvílir á og því er hiklaust hægt að segja að hún sé verkfæri í baráttunni gegn launamuninum. Um leið er mikilvægt að viðurkenna að jafnréttisstefna samtakanna, áherslur og verkefni, þurfa að vera í stöðugu endurmati og endurskoðun. Aðstæður breytast og ný þekking verður til sem mikilvægt er að nýta í jafnréttisstarfinu og gera það þannig enn markvissara og þar með árangursríkara.

## 8. mars - alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Árið 2002 hafði ASÍ frumkvæði að því að taka upp samstarf helstu samtaka launafólks og annarra aðila sem hafa sérstaklega látið sig jafnréttismál varða. Þá stóðu þessir aðilar að sameiginlegu ávarpi á 8. mars, auk þess sem þeir stóðu fyrir opnum fundi þar sem fjallað var um jafnréttismál og mikilvægi vinnuframlags kvenna. Þær aðgerðir voru undir yfirskriftinni „Framlag kvenna gerir gæfumuninn“. Þetta samstarf tókst með ágætum og var því ákveðið að stefna að því að gera það að árlegum viðburði.

Í byrjun árs 2003 var öllum þeim sem stóðu að samstarfinu um 8. mars árið 2002 boðið til samstarfs að nýju ásamt nokkrum aðilum öðrum. Það er skemmst frá því að segja að mikil og góð samstaða tókst með öllum þessum aðilum og stóðu þeir eins og áður að sameiginlegri yfirlýsingu auk þess sem haldinn var velheppnaður og fjölmennur hádegisverðarfundur 7. mars, þar sem fjallað var um málefni dagsins. Aðgerðirnar voru að þessu sinni undir yfirskriftinni „Launajafnréttið - hvernig gengur?“

Þeir aðilar sem tóku þátt í samstarfinu að þessu sinni voru: Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Samband íslenskra bankamanna, jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð, Jafnréttisstofa og Rannsóknastofa í kvennafræðum.

Ávarpið sem framangreindir aðila sendu frá sér í tilefni dagsins fylgir hér á eftir.

*Launajafnréttið - hvernig gengur?*
*Ávarp í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars 2003*

*Launamunur kynjanna er viðvarandi samfélagsvandi. Það er kunn staðreynd að stóran hluta 20. aldarinnar sömdu atvinnurekendur og verkalýðsfélög um tvo launataxta. Annan fyrir karla og hinn fyrir konur og unglinga. Sá síðarnefndi var þá að öllum jafnaði um þriðjungi lægri en taxti karlanna.*

*Þetta tíðkast ekki lengur, formlega séð eru konum og körlum búnir sömu möguleikar á vinnumarkaði. Samt er það svo að atvinnutekjur íslenskra kvenna ná ekki 60% af atvinnutekjum íslenskra karla. Á þessu má finna ýmsar svokallaðar „skýringar" en þær breyta ekki meginstaðreyndinni: Við upphaf 21. aldarinnar eru raunverulegir möguleikar kvenna til tekjuöflunar mun lakari en möguleikar karla.*

*Þróun síðustu áratuga hefur á heildina litið verið í jákvæða átt. Með hraða snigilsins hefur launamunurinn minnkað og staða karla og kvenna á ýmsum sviðum jafnast. Það er hins vegar ekki nægjanlegt að framreikningur breytinganna sýni að staðan verði e.t.v. jöfn eftir 20, 50 eða 114 ár. Launamunur kynjanna er samfélagsmein og einstaklingsböl sem verður að útrýma sem fyrst.*

*Í þessu samhengi er vert að minna á ákvæði jafnréttislaga frá árinu 2000 þar sem atvinnurekendum með fleiri en 25 starfsmenn er gert skylt að gera sérstakar jafnréttisáætlanir. Í þeim á m.a. að gera grein fyrir aðgerðum í því augnamiði að tryggja konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Lagaákvæðið kallar á að launakerfi séu gegnsæ og að allar launaákvarðanir séu byggðar á málefnalegum rökum án tillits til kynja. Þessar áætlanir geta orðið atvinnurekendum í samvinnu við starfsfólk mikilvægt tæki til breytinga ef rétt er á málum haldið.*

*Víða í samfélagi okkar er fyrir hendi veruleg þekking á því hvernig unnt sé að jafna möguleika karla og kvenna og koma í veg fyrir launamun kynjanna. Það er krafa þeirra samtaka og stofnana sem að þessu ávarpi standa að sú þekking sé nýtt alls staðar á íslenskum vinnumarkaði til að ná því markmiði sem allir segjast vera sammála um: Að útrýma launamuninum.*

*Launamunur kynja á sér að einhverju leyti skýringu í því að vinnumarkaður karla og kvenna er ekki að öllu leyti eins. Þessa staðreynd er nauðsynlegt að hafa í huga ef aðgerðir stjórnvalda sem hafa áhrif á vinnumarkað eiga að koma báðum kynjum til góða. Ýmis stéttarfélög og fleiri aðilar hafa orðið til að gagnrýna að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að veita 6 milljörðum króna til atvinnuuppbyggingar taki ekki mið af hagsmunum beggja kynja, heldur muni féð renna nær einvörðungu til verktakafyrirtækja og karla sem við þau starfa. Það er í andstöðu við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar í fram-*

*kvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum um að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.*

## Fæðingarorlofssjóður og greiðslur í orlofi

Frá því að ný lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi hefur fæðingarorlofssjóður ekki greitt sérstaklega orlof ofan á greiðslur í fæðingarorlofi, frekar en gilti samkvæmt eldri lögum. Þessi framkvæmd var til umfjöllunar á Alþingi í byrjun árs 2003 vegna fyrirspurnar Jóhönnu Sigurðardóttur til félagsmálaráðherra um þetta efni. En þar benti hún einnig á það ójafnræði sem gilti í þessum efnum milli þeirra launamanna sem eru í stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði og félagsmanna í félögum opinberra starfsmanna sem fá greiðslur í orlofi frá atvinnurekendum til viðbótar við greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Í svari sem ráðherra gaf á þinginu í febrúar komst hann að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin fram til þessa hefði ekki verið í samræmi við gildandi lög og að greiða ætti orlof til viðbótar þeim greiðslum sem þegar hefðu verið inntar af hendi.

Þrátt fyrir svar ráðherra var ekki um það að ræða að framkvæmdinni væri breytt, heldur var málinu vísað af hálfu félagsmálaráðuneytisins til Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofslaganna. Úrskurðarnefndin leitaði m.a. álits ASÍ á málinu sem sendi nefndinni eftirfarandi álit 21. maí sl.

*„Vísað er til bréfs félagsmálaráðuneytis, dags. 12. maí 2003, þar sem óskað er eftir álitsgerð Alþýðusambands Íslands, vegna kæru sem úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála hefur til meðferðar. Samkvæmt gögnum er fylgdu erindi ráðuneytisins og öðrum upplýsingum sem aflað hefur verið, lýtur kæruefnið að því hvort Fæðingarorlofssjóði beri að greiða orlofslaun til viðbótar við aðrar lögboðnar greiðslur úr sjóðnum.*

*I.*

*Um rétt launafólks til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í fæðingarorlofi gildir, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 909/2000, að mánaðarleg greiðsla umsækjanda skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Í þessu máli gerir umsækjandi, sem er launamaður á almennum vinnumarkaði, hins vegar kröfu á hendur Fæðingarorlofssjóði um að sjóðurinn reikni honum orlofslaun ofan á greiðslu fæðingarorlofs.*

*II.*

*Í orlofslögum er gerður greinarmunur á orlofstöku annars vegar og orlofslaunum hins vegar. Í 3. gr. orlofslaga segir að orlof skuli vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Ákvæði 3. gr. orlofslaga og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000 leiða til þeirrar niðurstöðu að sá tími sem launamaður er í fæðingarorlofi telst starfstími við mat á rétti til orlofstöku. Um rétt launafólks á almennum vinnumarkaði til orlofslauna úr hendi atvinnurekanda segir í kjarasamningum að fæðingarorlof allt að 6 mánuðum teljist til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna. Endurspeglar ákvæði þetta þann mun sem gerður er milli reglna um orlofstöku annars vegar og reglna um útreikning orlofslauna hins vegar. Litið hefur verið svo á að fæðingarorlof skapi launamanni ekki rétt til orlofslauna úr hendi atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði.*

*III.*

*Samkvæmt 2. mgr. 14. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Af ákvæði þessu leiðir að sá tími sem launamaður er í fæðingarorlofi reiknast til starfstíma við mat á rétti hans til orlofstöku.*

*Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 909/2000 segir, eins og áður hefur komið fram, að mánaðarleg greiðsla umsækjanda skuli nema 80% af meðaltali heildarlauna. Orlof er ótvírætt hluti heildarlauna og því hluti þeirra greiðslna sem umsækjandi á rétt til úr fæðingarorlofssjóði.*

*IV.*

*Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi, sbr. þskj. 1127 - 574. mál, segir m.a. að það sé álit hans að „fæðingarorlof samkvæmt IV. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof teljist til starfstíma við mat á rétti til greiðslna í orlofi samhliða rétti til orlofstöku, sbr. lög um orlof. Ber því Fæðingarorlofssjóði að greiða foreldrum orlofslaun, skv. 7. og 8. gr. laga um orlof, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum."*

*Í þessu svari ráðherra kemur fram sá eindregni skilningur hans að launafólk á almennum vinnumarkaði fái greidd orlofslaun úr Fæðingarorlofssjóði*

*líkt og kærandi í þessu máli fer fram á og þessi niðurstaða ráðherra er í samræmi við sjónarmið Alþýðusambands Íslands í málinu.“*

Þrátt fyrir fyrra álit ráðherra og afstöðu ASÍ komst Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofslaganna að þeirri niðurstöðu 10. júlí sl. að framkvæmdin eins og hún hefur verið, væri í samræmi við lögin.

Í framhaldinu var málið rætt á vettvangi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst og þar óskað eftir því að lögmaður ASÍ skrifaði álitsgerð um málið, eða eins og segir í álitsgerð hans: *„Að kanna hvort þær forsendur séu til staðar sem réttlætt geti málshöfðun á hendur Tryggingastofnun og/eða fjármálaráðuneyti, byggða á því að ofangreind mismunun brjóti gegn ákvæðum jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga.“*

Lögmaður ASÍ lagði álitsgerð sína fyrir fund miðstjórn 10. september sl. en umræðu og ákvarðanatöku í málinu var frestað.

Í álitsgerðinni er m.a. fjallað um úrskurð Úrskurðarnefndarinnar, álit félagsmálaráðherra og tilganginn með lögunum um fæðingar- og foreldraorlof. Þar segir m.a. um þessa þætti:

> *„Með úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála í málinu nr. 19/2003 frá 10. júlí 2003 var komist að þeirri niðurstöðu að Fæðingarorlofssjóði bæri ekki skylda til þess að greiða orlof á greiðslur sjóðsins í fæðingarorlofi. ASÍ skilaði greinargerð í málinu áður en það var tekið til úrskurðar og rökstuddi gagnstæða niðurstöðu. Jafnframt var bent á, að sú túlkun sem beitt væri á lögin leiddi til þess að þeirri mismunun sem lögunum hafi verið ætlað að eyða, væri við haldið.*
>
> *Tilgangur þessa minnisblaðs er að kanna hvort hægt sé að freista þess með málssókn að fá úrskurði nefndarinnar hnekkt.*
>
> ***Orlofslaun og orlofstaka***
> *Í orlofslögum er gerður greinarmunur á orlofstöku annars vegar og orlofslaunum hins vegar. Í 3. gr. orlofslaga segir að orlof skuli vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Ákvæði 3. gr. orlofslaga og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000 leiða til þeirrar niðurstöðu að sá tími sem launamaður er í fæðingarorlofi telst starfstími við mat á rétti til orlofstöku. Um rétt launafólks á almennum vinnumarkaði til orlofslauna úr hendi atvinnurekanda segir í kjarasamningum að fæðingarorlof allt að 6 mánuðum teljist til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til*

*frítöku en ekki orlofslauna. Endurspeglar ákvæði þetta þann mun sem gerður er milli reglna um orlofstöku annars vegar og reglna um útreikning orlofslauna hins vegar. Litið hefur verið svo á að fæðingarorlof skapi launamanni ekki rétt til orlofslauna úr hendi atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði.*

***Ávinnast öll starfstengd réttindi í fæðingarorlofi?***

*Samkvæmt 2. mgr. 14. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Af ákvæði þessu leiðir ótvírætt að sá tími sem launamaður er í fæðingarorlofi reiknast til starfstíma við mat á rétti hans til orlofstöku.*

*Orlofslaunaréttur skapast hins vegar ekki í fæðingarorlofi skv. úrskurði úrskurðarnefndarinnar. Sú niðurstaða er í andstöðu við niðurstöðu félagsmálaráðherra. Sú niðurstaða kom hins vegar fram fyrir uppkvaðningu úrskurðarins og hefur verið lögð til hliðar. Rétt er þó að rifja hana upp.*

*Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi, sbr. þskj. 1127 - 574. mál, segir m.a. að það sé álit hans að „fæðingarorlof samkvæmt IV. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof teljist til starfstíma við mat á rétti til greiðslna í orlofi samhliða rétti til orlofstöku, sbr. lög um orlof. Ber því Fæðingarorlofssjóði að greiða foreldrum orlofslaun, skv. 7. og 8. gr. laga um orlof, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum.“ Í þessu svari ráðherra kemur fram sá eindregni skilningur hans að launafólk á almennum vinnumarkaði fái greidd orlofslaun úr Fæðingarorlofssjóði og að með „starfstengdum réttindum“ sé bæði átt við orlofstökuréttinn og orlofslaunaréttinn.*

*Nefndin kemst hins vegar að andstæðri niðurstöðu. Annars vegar þar sem hún telur orlofsgreiðslur nú þegar reiknaðar í greiðslum fæðingarorlofssjóðs og hins vegar að því er virðist að þar sem heimild sé ekki nægilega skýr og þar sem launamaður sé ekki í ráðningarsambandi við fæðingarorlofssjóð skuli ekki greiða. Um hið fyrra eru rök hennar að í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 909/2000 segi að mánaðarleg greiðsla umsækjanda skuli nema 80% af meðaltali heildarlauna á 12 mánaða tímabili. Orlof sem greitt sé út á þessu tímabili sé hluti „heildarlauna“ á tímabilinu og komi á þann hátt inn í greiðslur fæðingarorlofssjóðs. Um hið síðara eru rökin öllu óljósari.*

***Hvað taldi Alþingi sig vera að gera þegar lögin urðu til?***

*Skilningur félagsmálaráðherra er í fullu samræmi við þau sjónarmið sem fram komu þegar lögin voru í smíðum. Í flutningsræðu Páls Péturssonar félagsmálaráðherra á Alþingi sagði: „Með frumvarpi þessu er ekki einungis jafnaður réttur kynja heldur er einnig réttur starfsmanna á almennum vinnumarkaði gerður jafn rétti starfsmanna hins opinbera en þeir hafa notið mun betri réttinda." Í ræðu Arnbjargar Sveinsdóttur við sama tækifæri segir: „Frumvarpið á að ná til starfsmanna á almennum markaði og opinberum vinnumarkaði. Það er mikilvægt að nú mun gilda eitt kerfi fyrir allan vinnumarkaðinn." Í ræðu hennar sem flutningsmanns við aðra umræðu um frumvarpið segir: „Þar sem frumvarpið tekur til allra á vinnumarkaði jafnar það muninn sem nú er á rétti opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa hjá einkafyrirtækjum." Í nefndaráliti kom efnislega það sama fram en þar segir: „Þar sem frumvarpið tekur til allra á vinnumarkaði jafnar það muninn sem nú er á rétti opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa hjá einkafyrirtækjum." Í svari við fyrirspurn á Alþingi þann 9.2 2000 sagði Geir Haarde, fjármálaráðherra, um væntanlega lagasetningu: „Markmiðin með þessu máli eru skýr. Þau eru eins og segir í stefnuyfirlýsingunni annars vegar þau að lengja fæðingarorlofið en hins vegar að jafna réttindin sem því fylgja milli karla og kvenna. Ég vil hins vegar gjarnan bæta því við að ég tel líka eðlilegt að jafna eða í það minnsta hnika í átt til jöfnunar réttindum þeim sem tengjast þessu máli og eru mismunandi eftir vinnuveitendum, þ.e. eftir því hvort menn vinna hjá því opinbera eða starfa á almennum vinnumarkaði. Ég tel að það sé líka ákveðið réttlætismál þó að auðvitað þurfi að gera það þannig að heildarréttindum þeirra sem hafa í dag meiri réttindi verði ekki raskað. Þetta er það sem málið snýst um."*

*Þessi skilningur duldist ekki heldur öðrum þingmönnum. Í ræðu sinni við setningu laganna á Alþingi sagði Ögmundur Jónasson, þingmaður og formaður BSRB, að frumvarpið fæli í sér jöfnun réttinda upp á við. Í ræðu hans segir: „Sú réttarbót tekur ekki síst til hins almenna vinnumarkaðar. Þar batna kjörin meira en þau gera hjá hinu opinbera. Hann spurði um hvað verið væri að semja um, það er nokkuð sem ég þekki örlítið til. Þá er það staðreynd að þau stéttarfélög og samtök sem hafa búið við ívið skárri rétt, þ.e. full laun í þrjá mánuði og föst laun í þrjá, munu að sjálfsögðu halda þeim rétti. Það gleðilega í þessu er að verið er að jafna réttindin upp á við. En eftir stendur náttúrlega í þessum efnum eins og ýmsum öðrum að mismunandi launakerfi hefur verið við lýði og mismunandi réttarkerfi. Þannig t.d. hafa opinberir starfsmenn ekki sjúkrasjóði, þeir hafa hins veg-*

*ar betri veikindarétt fyrir þá einstaklinga sem lenda í langtímaveikindum en sjúkrasjóði hafa þeir ekki. Einnig á þessum sviðum er unnið að samræmingu og samtök launafólks munu sjá til þess að samræmingin eigi sér jafnan stað upp á við.“*

*Enginn vafi leikur því á um hvern skilning löggjafinn setti í lögin og þá jafnframt með hvaða hætti skyldi túlka þau.“*

Í lok álitsgerðarinnar fjallar lögmaður ASÍ síðan um stöðu félaga í félögum opinberra starfsmanna og líkur henni síðan með því að velta upp möguleikum á málsókn vegna málsins og þá með hvaða hætti og á kvaða forsendum.

Reikna má með því að miðstjórn ASÍ taki afstöðu til næstu skrefa í málinu á fundum sínum í október 2003.

## Ábyrgðasjóður launa

Á undanförnum árum hefur stöðugt komið betur í ljós hversu mikilvæg ábyrgð á launum við gjaldþrot fyrirtækja er fyrir launafólk. Þannig hafa greiðslur úr Ábyrgðasjóði launa meira en tvöfaldast á undanförnum árum. Árið 2002 voru greiðslur úr sjóðnum yfir 700 milljónir króna og allt bendir til að greiddar ábyrgðir á yfirstandandi ári verði jafnvel enn hærri. Hins vegar standa vonir til að bætt efnahagsástand skili sér í lægri útgjöldum sjóðsins á árinu 2004. Það er þó ljóst að styrkja þarf fjárhag Ábyrgðasjóðs launa vegna þeirra miklu ábyrgða sem sjóðurinn hefur þurft að leysa til sín á síðustu árum og ekki hafa fengist endurgreiddar úr þrotabúum nema að mjög litlum hluta. Stjórn sjóðsins hefur komið ábendingum um þetta efni til félagsmálaráðherra.

Reynsla undanfarinna ára sýndi að gildandi löggjöf um Ábyrgðasjóðinn hafði ýmsa vankanta, bæði hvað varðaði skort á réttindum launamanna í sjóðnum og stjórnsýslu hans. Strax á árinu 2001 hóf stjórn Ábyrgðasjóðsins endurskoðun á gildandi lögum með það að markmiði að bæta úr þessum vanköntum og að frumkvæði ASÍ, að auka réttindi launamanna í sjóðnum á ýmsum sviðum. Frumvarp að nýjum lögum um sjóðinn var síðan lagt fram á síðasta þingi og samþykkt á síðasta degi þingsins. Hér er um umtalsverðar réttarbætur fyrir launafólk að ræða. Lögin tóku gildi vorið 2003, að frátöldum ákvæðum um ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði sem tekur gildi vegna búa sem tekin verða til gjaldþrotaskipta frá 1. janúar 2004.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nýjum lögum um ábyrgðasjóðinn, aðdraganda og helstu efnisatriðum, auk þess sem gerst hefur í framhaldi lagasetningarinnar.

# Ný lög um ábyrgðasjóð launa

Ný lög um Ábyrgðasjóð launa voru samþykkt á Alþingi í mars sl. Lögin eru í öllum helstu atriðum í samræmi við þá sátt sem tókst með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og félagsmálaráðuneytisins við undirbúning málsins.

Lögin eru mikilvægur áfangi fyrir launafólk og treystir rétt þess í mikilvægum atriðum frá því sem áður var, komi til gjaldþrots fyrirtækis sem það starfar hjá.

*Bakgrunnurinn*

Upphaflega ástæðu endurskoðunar áður gildandi laga má rekja til álits EFTA dómstólsins í máli Erlu Sveinbjörnsdóttur og dóms sem kveðin var upp í máli hennar hér á landi á grundvelli þess álits. Þar kom m.a. fram að þágildandi lög um Ábyrgðasjóð launa uppfylltu ekki skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa tekið á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið - EES - og varða réttarstöðu launafólks við gjaldþrot fyrirtækja.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa beindi því til félagsmálaráðherra að nauðsynlegt væri að endurskoða lögin af framangreindri ástæðu. Jafnframt benti hún á að ástæða væri til að endurskoða lögin í heild sinni með það að markmiði að laga þau að breyttum aðstæðum og þeirri reynslu sem fengist hefði af framkvæmd þeirra frá árinu 1993.

Við endurskoðun Ábyrgðasjóðslaganna var af hálfu ASÍ lögð áhersla á tvennt öðru fremur: Annars vegar að bæta og treysta réttindi launafólks hjá Ábyrgðasjóði og hins vegar að bæta stjórnsýslu og gera starfsemi sjóðsins og afgreiðslur skilvirkari og gagnsærri. Hér á eftir verður fjallað nánar um þessi tvö atriði.

*Réttindi sem áfram gilda*

Eins og í fyrri lögum nær ábyrgð Ábyrgðasjóðs til eftirfarandi þátta:

1. *Kröfu vegna vangoldinna vinnulauna síðustu þrjá starfsmánuði.*
2. *Kröfu vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi (kröfur í uppsagnarfresti).*
3. *Kröfu vegna orlofslauna sem unnið hefur verið til síðustu 18 mánuði fyrir úrskurðardag (frestdag). Þar hefur þó verið gerð breyting varðandi ábyrgðatímabilið.*
4. *Kröfu lífeyrissjóðs vegna 10% lífeyrissjóðsiðgjalda sem fallið hafa í gjalddaga síðustu 18 mánuði.*
5. *Kröfu um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfur til þess sem til-*

*kall á til bóta vegna dauðsfalls launamanns enda taki trygging vinnuveitanda ekki til bótakröfunnar.*

6. *Kostnaðar við að innheimta kröfu.*

*Ný og bætt réttindi*

*1. Ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði*

Kröfur um **allt að 4% af iðgjaldastofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd** njóta ábyrgðar sjóðsins (frá gildistöku laganna vegna bús sem úrskurðað er gjaldþrota eftir 1. janúar 2004).

Ábyrgðin er háð því að staðið hafi verið með fullnægjandi hætti að innheimtu viðbótarlífeyrissparnaðarins af hálfu vörsluaðila í samræmi við ákvæði í viðeigandi reglugerð. Í fyrri lögum var engin slík ábyrgð til staðar. Þetta er einn veigamesti ávinningurinn með nýju lögunum að mati ASÍ.

*2. Virk atvinnuleit á uppsagnarfresti*

Kröfur vegna skaðabóta á uppsagnarfresti eru viðurkenndar ef launamaður hefur verið á vinnumarkaði og **verið virkur í atvinnuleit á uppsagnarfresti,** án þess að gerð sé fortakslaus krafa um skráningu á opinberri vinnumiðlun eins og áður var.

Hér er komið til móts við þau sjónarmið að óeðlilegt sé að svipta launafólk rétti til skaðabóta á uppsagnarfresti þótt það hafi ekki látið skrá sig hjá opinberri vinnumiðlun, enda hafi það sannanlega verið í virkri atvinnuleit á tímabilinu og geti sýnt fram á slíkt með ótvíræðum hætti. Á undanförnum árum eru allmörg dæmi um að fólk hafi ekki uppfyllt skilyrði fyrri laga þótt það hafi sannanlega verið virkt atvinnuleit.

Þrátt fyrir að fortakslaus skylda sem var í fyrri lögum sé felld niður er rétt að hvetja fólk til að skrá sig hjá opinberum vinnumiðlunum og tryggja þannig ótvíræðan rétt sinn hjá Ábyrgðasjóði og nýta þá mikilvægu þjónustu í atvinnuleit sem þar býðst.

*3. Þak á ábyrgð hækkað*

Samkvæmt áður gildandi lögum var hámark ábyrgðar 3 x fullar atvinnuleysisbætur eða um 232.000 kr. á mánuði. Nú er hámarksábyrgðin 250.000 kr. á mánuði og skal hún endurskoðuð árlega.

*4. Launafólk njóti vafans - ný viðmið*

Breyting hefur verið gerð með nýjum lögum varðandi þá starfsmenn gjaldþrota fyrirtækja sem ekki njóta ábyrgðar Ábyrgðasjóðs.

a) Annars vegar felst breytingin í því að í stað þess að ábyrgðin falli fortaks-

laust niður eigi starfsmaður 5% eða meira í fyrirtækinu er nú kveðið á um að ábyrgðin falli niður ef eigandi (svo og maki hans eða annar nákominn) eigi verulegan hluta í hinu gjaldþrota fyrirtæki og hafi umtalsverð áhrif á rekstur þess.

Rökin fyrir þessari breytingu eru einkum þau að 5% eignarhluti þurfi ekki endilega að fela í sér að starfsmaður (eða skyldmenni hans) hafi einkum stöðu eða hagsmuni sem eigandi, komi til gjaldþrots fyrirtækis. Á undanförnum árum hafa komið upp allmörg dæmi um að fortakslaus regla fyrri laga hafi sannanlega leitt til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir viðkomandi aðila. Þá er rétt að geta þess að þessi regla stenst ekki þau viðmið sem mótast hafa í Evrópurétti.

b) Hins vegar er kveðið á um að sjóðnum sé heimilt að hafna kröfum maka og annarra einstaklinga sem eru nákomnir framkvæmdarstjóra, stjórnarmanni eða eiganda með verulegan eignarhlut, ef sýnt er fram á að kröfurnar séu óréttmætar með tilliti til framangreindra tengsla. Hér hefur hlutunum verið snúið við frá fyrri lögum en samkvæmt þeim var stjórninni heimilt að ábyrgjast kröfur þrátt fyrir framangreind tengsl.

Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á að meginreglan eigi að vera sú að launafólk njóti ábyrgðar sjóðsins nema að það leiði til óeðlilegrar niðurstöðu vegna hagsmunatengsla við hið gjaldþrota fyrirtæki. Þetta sjónarmið er í samræmi við tilskipun ESB um málið og efni Erlu-dómsins svokallaða. Ákvæði nýrra laga mæta þessum sjónarmiðum fyllilega.

*5. Heimilt að víkja út fyrir 18 mánaða ábyrgðatímabilið*

Með nýjum lögum er Ábyrgðasjóði heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum, að ábyrgjast kröfur sem gjaldfallið hafa utan ábyrgðatímabils (þ.e. utan síðustu 18 mánaða fyrir úrskurðardag eða frestdag). Ábyrgðatímabilið í heild verður þó ekki lengra en 18 mánuðir.

Reynslan hefur sýnt að ákvæði sem þetta getur verið mikið réttlætismál, þótt almenna reglan verði eftir sem áður 18 mánaða ábyrgðatímabil.

***Ný hámörk á ábyrgð vegna orlofskrafna - takmarkanir***

Með lögunum eru sett ný hámörk á ábyrgð þar sem ekki voru hámörk áður. Þetta gildir um:

a. Greiðslur vegna ábyrgðar á orlofskröfum á ábyrgðatímabilinu (síðustu 18 mánuði fyrir úrskurðardag eða frestdag) geta hæstar orðið 400.000 kr.
b. Greiðslur vegna ábyrgðar á orlofskröfum vegna greiðsluerfiðleika sbr. 7. og 8. gr. Orlofslaga, skulu uppfylla öll sömu skilyrði og aðrar kröfur sem sjóðurinn ábyrgist og verða að hámarki 400.000 kr.

Alþýðusamband Íslands hefur fyrir sitt leyti fallist á að eðlilegt sé að setja sambærileg hámörk á ábyrgðir vegna orlofslaunakrafna og gilda um aðrar launakröfur í sjóðinn. Sama gildir um orlofskröfur vegna greiðsluerfiðleika auk þess sem eðlilegt er að kröfuhafar í þeim tilvikum uppfylli sömu skilyrði hvað varðar stöðu gagnvart fyrirtækinu og kröfuhafar í þrotabú.

*Betri og skilvirkari stjórnsýsla*
Við samningu nýju laganna var lögð áhersla á að bæta upplýsingar og stjórnsýslu og auka skilvirkni í starfsemi Ábyrgðasjóðs. Hér má m.a. nefna eftirtalin atriði:

Í framhaldi af setningu Ábyrgðasjóðslaganna var svo 5. júní sl. gefin út *reglugerð um Ábyrgðasjóð launa* (nr. 462/2003), en reglugerðin var unnin af stjórn sjóðsins.

Í reglugerðinni er m.a. að finna leiðbeiningar:

- Um þau skilyrði sem kröfulýsingar í sjóðinn þurfa að uppfylla, þ.e. um form og efni kröfu.
- Um skilyrði sem umsagnir skiptastjóra þurfa að uppfylla og upplýsingahlutverk hans.
- Reglur vegna ábyrgðar á viðbótarlífeyrissparnaði.
- Kveðið er á um tímamörk varðandi afstöðu ábyrgðarsjóðsins vegna lýstra krafna.
- Ábyrgðasjóður skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem kröfur gerir niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins.
- Kveðið er á um málskotsrétt til stjórnar Ábyrgðasjóðs og tímamörk varðandi afstöðu til kæra sem berast stjórninni. Þá er kveðið á um rétt til að skjóta ákvörðun stjórnar til félagsmálaráðherra.

22. ágúst sl. gaf félagsmálaráðherra síðan, að tillögu stjórnar ábyrgðarsjóðsins, út Reglur um greiðslur Ábyrgðasjóðs launa á innheimtukostnaði vegna krafna sem njóta ábyrgðar sjóðsins.

Með framangreindri útgáfu má segja að lokið sé vinnu við gerð þeirra formlegu reglna sem gilda um Ábyrgðasjóð launa, réttindi launamanna í sjóðnum, verklag vegna lýsinga á kröfum í sjóðinn og greiðslur úr honum, almenna stjórnsýslu sjóðsins og málskotsrétt vegna afgreiðslu hans.

Til viðbótar við það sem að framan greinir hefur einnig verið unnið að eftirtöldum verkefnum á vettvangi eða að frumkvæði stjórnar Ábyrgðarsjóðsins, sem öll miða að því að efla starfsemi hans, bæta þjónustu og auka skilvirkni:

- Samdar hafa verið verklagsreglur fyrir starfsmenn Ábyrgðasjóðsins og

afgreiðslur hans. Þá hefur verið unnið að því að staðla allar bréfaskriftir og samskipti sjóðsins við þá sem til hans leita.

- Unnið hefur verið nýtt upplýsingaefni og leiðbeiningar fyrir vef Ábyrgðasjóðs launa www.vinnumalastofnun.is/ABsjodur. Þar má finna lög og reglugerð og skýringar, verkalagsreglur o.fl.
- Unnið er að því að þróa vefinn frekar og mun hann fá sitt eigið veffang www.abyrgdasjodur.is. Aukið verður við upplýsingaefni á vefnum og sett inn eyðublöð sem uppfylla ákvæði laganna varðandi kröfulýsingar í sjóðinn. Í framhaldinu er síðan stefnt að því að bjóða upp á rafrænar kröfulýsingar með leiðbeiningum á vefnum á næsta ári.

Gert hefur verið forrit sem gerir rafrænar kröfulýsingar vegna lífeyrissjóðskrafna í sjóðinn mögulegar og er nú unnið að því kynna þennan kost fyrir lífeyrissjóðunum. Notkun þessa forrits mun leiða til umtalsverðrar hagræðingar, draga úr skráningum og umsýslu fyrir Ábyrgðasjóðinn og lækka vaxtagreiðslur.

*Ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði fylgt eftir*

Í framhaldi af samþykkt nýju laganna, þar sem ábyrgð á greiðslum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar er heimiluð (sbr. d lið 5. greinar Ábyrgðasjóðslaganna og III. Kafla reglugerðarinnar), hefur Alþýðusambandið sent öllum þeim aðilum (lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum) sem heimild hafa til að taka við og vista viðbótarlífeyrissparnað, fyrirspurn um það hvort þeir ætli að standa þannig að málum að ábyrgð Ábyrgðasjóðsins verði virk og jafnframt hvort þeir ætli að taka sérstakt gjald af sjóðsfélögum vegna þess.

Svör vörsluaðilanna verða birt á vef ASÍ og kynnt aðildarfélögunum með öðrum hætti þegar þau liggja fyrir. Þá verður einnig greint frá því í þeim tilfellum þar sem engin svör berast.

*Almennar viðmiðunarreglur vegna hámarks ábyrgðar*

Einnig má láta þess getið að stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur gert tillögu til félagsmálaráðherra um almenna viðmiðunarreglu varðandi breytingar á viðmiðunartölum vegna hámarksgreiðslna úr sjóðnum. Tillagan felur í sér að þessar upphæðir taki breytingum árlega í samræmi við breytingar á reglulegum launum eins og þau eru reiknuð út af Kjararannsóknarnefnd.

*Að lokum*

Ný lög um Ábyrgðasjóð launa voru samþykkt á Alþingi í mars sl. Lögin eru í öllum helstu atriðum í samræmi við þá sátt sem tókst með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og félagsmálaráðuneytisins við undirbúning málsins.

Lögin eru mikilvægur áfangi fyrir launafólk og treystir rétt þess í mörgum atriðum frá því sem áður var, komi til gjaldþrots fyrirtækis sem það starfar hjá.

## Húsnæðismál

Á árinu setti félagsmálaráðherra á stofn tvær nefndir um húsnæðismál. Annars vegar nefnd um leigumarkað og hins vegar nefnd um 90% lán til íbúðarkaupa. ASÍ var gefinn kostur á því að tilnefna í báðar nefndir og var það gert.

Markmið nefndar um leigumarkað er að taka saman heildaryfirlit yfir stöðu leigumarkaðar á Íslandi og gera tillögur um hvernig megi efla hann. Í því skyni verði m.a. gerð könnun á leigumarkaði með það að markmiði að kanna stöðu leigjenda. Við upphaf nefndarstarfa haustið 2003 lagði ASÍ áherslu á að könnun nefndarinnar myndi sýna breytingar frá fyrri könnun frá 1992. Mikilvægt væri að nefndin legði áherslu á stöðu íbúanna sjálfra en ekki ráðstafannir sem oft hefðu verið tilviljanakenndar til þess að fjölga íbúðum án þess að hugað væri að því hverjir gætu leigt þær og hver réttarstaða þeirra væri. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum í byrjun árs 2004.

Störf nefndar um 90% húsnæðislán eru að hefjast en settur var á laggirnar sérstakur undirbúningshópur sem aflað hefur gagna fyrir nefndina. Þær megintillögur sem lagt er upp með að breytingum á íbúðalánakerfinu eru eftirfarandi: Íbúðalánasjóði verði heimilað að lána öllum viðskiptavinum sjóðsins lán til fjármögnunar 90% af matsverði íbúðarhúsnæðis að ákveðnu hámarki; matsverð íbúðarhúsnæðis verði kaupverð, byggingarkostnaður eða brunabótamat eftir því hver lægst fjárhæð reynist hverju sinni; Þar sem hærra lánshlutfall leiði hugsanlega af sér aukna hættu á útlánatöpum, verði að mæta því t.d. með hærri vaxtamun á láni sem komið er yfir 65% af veði fasteignar. ASÍ hefur ekki mótað afstöðu til þessara hugmynda.

## Vinnuvernd

Ljóst er að skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og líðan þess almennt. Um leið liggur fyrir að áherslur á þessu sviði hafa tekið breytingum með breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Þannig er í dag búið að ná miklum árangri gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem verkafólk stóð frammi fyrir og tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Það er þó jafnframt ljóst að enn má gera betur á þessum sviðum um leið og athyglin hefur einnig beinst að öðrum þáttum varðandi vinnuvernd eins og sjálft skipulag vinnunnar og áhrif þess á starfsmenn og ýmsa sál-félagslega þætti tengda vinnunni og samskiptum á vinnustað.

Vinnuverndarstarf hér á landi og enn frekar víða í löndunum í kringum

okkur hefur tekið mið af þessari þróun með nýjum áherslum, nýjum verkefnum og nýjum lausnum. Mikilvægt skref í þessari þróun eru ný Vinnuverndarlög sem samþykkt voru á síðasta þingi. Hér er um þriðju tilraunina að ræða á þremur árum til að breyta áður gildandi lögum. Ljóst er að mikið verk er framundan við að útfæra nánar ýmis ákvæði nýrra laga og hrinda þeim í framkvæmd á íslenskum vinnumarkaði.

Hér á eftir er fjallað nánar um nýju vinnuverndarlögin og annað sem tengist þessum málaflokki á vettvangi ASÍ.

## Ný vinnuverndarlög

Á síðasta degi Alþingis í mars 2003 voru samþykktar viðamiklar breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 (Vinnuverndarlögunum). Breytingarnar byggja flestar á skuldbindingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og hafa verið lengi í undirbúningi. Í þeim er einnig í veigamiklum atriðum tekið tillit til gagnrýni og ábendinga sem ASÍ hafði sett fram á fyrri lög og framkvæmd þeirra.

Í lögunum er mikil áhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir með áhættumati á vinnustað og áætlunum um heilsuvernd starfsmanna, þar sem ábyrgð og skyldur atvinnurekenda eru settar fram með skýrum hætti. Þá eru komin inn mikilvæg ákvæði er varða félagslega og sálræna þætti vinnuumhverfis og vinnuverndar, þar sem sérstaklega er tekið á einelti á vinnustað og varnir gegn því. Þessi atriði skipta mestu um vinnuverndarstarf á vinnustöðum og hagsmuni launafólks.

*Áhættumat á vinnustöðum og heilsuvernd starfsmanna*

XI kafli Vinnuverndarlaganna fjallar um áhættumat og heilsuvernd starfsmanna. Þar liggur meginþunginn á skipulagt vinnuverndarstarf inni á vinnustaðnum sjálfum með sérstaka áherslu á að greina áhættu og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir. Skýrt er kveðið á um ábyrgð atvinnurekenda og skyldur hans varðandi aðbúnað á vinnustað, vinnuverndarstarf og samráð við starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra í þeim efnum.

Í 65. gr. er að finna nýmæli þar sem segir að atvinnurekendi beri ábyrgð á, í samráði við fulltrúa starfsmanna, að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal m.a. fela í sér mat á áhættu í starfi og áætlun um heilsuvernd starfsmanna. Áætlunin skal endurskoðuð eftir því sem tilefni gefast til. Það er hlutverk Vinnueftirlitsins (VER) að hafa eftirlit með að slík áætlun sé gerð og skal hún að vera starfsmönnum aðgengileg.

Í 65. gr. a. er sá þáttur áætlunarinnar sem snýr að áhættumati útfærður frekar. Þar segir að meta skuli áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfs-

manna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu. Gefi áhættumat á vinnustað til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna.

Í 66. gr. segir að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd starfsmanna sem byggir á áhættumati, þar sem m.a. kemur fram áætlun um forvarnir, þar á meðal aðgerðir sem grípa þarf til í því skyni að draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og slysum. Fram kemur að markmið heilsuverndar sé að:

a. Stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni, sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,
b. Stuðla að því að vinnu sé hagað þannig að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,
c. Draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað,
d. Stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

Í áætlun um forvarnir skal koma fram lýsing á því hvernig hættum og þeirri áhættu sem þeim fylgir samkvæmt áhættumati skuli mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum og efnablöndum, notkun öryggis- og hlífðarbúnaðar, fyrirkomulagi á vinnustað eða öðrum forvörnum. Leggja skal áherslu á almennar ráðstafanir við forvarnir en dugi þær ekki til skal gera sérstakar ráðstafanir til að vernda einstaka starfsmenn.

Í 66. gr. a. er fjallað um þá aðila sem heimild hafa til að veita þjónustu við mat á áhættu og áætlanir um heilsuvernd starfsmanna. Þar kemur m.a. fram að slíkir aðilar skuli hljóta viðurkenningu VER til starfans.

*Félagslegir og sálrænir þættir og varnir gegn einelti á vinnustöðum*

Ný Vinnuverndarlög boða nýja sýn á vinnuvernd og hvaða þættir falla undir hana. Þannig segir í lögunum að eitt af markmiðum heilsuverndar starfsmanna sé að taka á félagslegum og sálrænum áhrifaþáttum í vinnuumhverfi og á vinnustað og „stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna“. Hér er verið að viðurkenna ákveðinn heilbrigðisvanda og tengja hann heilsuvernd starfsmanna, ekki síst hvað varðar vinnustreitu.

*Rannsóknir hafa leitt í ljós að 28% alls launafólks í Evrópu verða fyrir neikvæðu álagi vegna vinnustreitu. Konur verða nú frekar fyrir vinnustreitu en karlar. Ef skoðaðar eru einstakar starfsgreinar kemur fram að 35% fólks í tæknistörfum verða fyrir álagi og 25% starfsmanna í skrifstofustörfum. Í báðum tilfellum hefur vinnustreita vaxið umtalsvert á síðustu árum samhliða*

*breytingum á skipulagi vinnunnar og starfsaðstæðum. Þá sýna allar rannsóknir að vinnustreita fer almennt vaxandi á vinnumarkaði. Vinnustreita er nú næst algengasta vinnutengda heilsufarsvandamálið í Evrópu og kemur næst á eftir bakverkjum.*

*Vaxandi vinnustreita er ekki aðeins áhyggjuefni vegna afleiðinga hennar fyrir heilsu starfsmanna. Hún hefur einnig bein áhrif á hag fyrirtækja og útgjöld samfélagsins. Þannig er áætlað að árlegur kostnaður vegna vinnustreitu í aðildarríkjum ESB sé sem svarar 20 milljörðum (Evra) og fari hratt vaxandi.*

Í lögunum er einnig vikið sérstaklega að einelti á vinnustöðum en um það segir að félagsmálaráðherra skuli setja nánari reglur um „hvaða kröfur skuli uppfylla varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem ... um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum“. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með einelti sé átt við *„endurtekna áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi, þar á meðal kynferðislega áreitni, sem beint er að einum eða fleiri starfsmönnum á vinnustað. Mikilvægt er að starfsmenn njóti verndar gegn andlegu áreiti sem og líkamlegu enda ljóst að þess kyns neikvæð áreitni í starfi getur valdið vanlíðan hjá fólki.“*

Hér er um mikilvæg nýmæli að ræða en ASÍ hefur ítrekað gert kröfu um að ákvæði um varnir gegn einelti yrðu sett inn í vinnuverndarlögin.

*Önnur nýmæli*

Viðamiklar breytingar hafa einnig verið gerðar varðandi rétt starfsmanna til hvíldartíma og frídaga og um hámarksvinnutíma. Tilgangurinn er að lögleiða helstu reglur vinnutímatilskipunar ESB. Þannig er komið inn ákvæði um hámarksvinnutíma. Þá er skerpt á ýmsum öðrum atriðum þótt gagnrýna megi þá nálgun sem valin hefur verið fyrir að hún gangi of skammt. Mikilvægt er í þessu sambandi að með lögunum er búið að skilgreina hlutverk VER við framkvæmd hvíldar- og frítímaákvæða og styrkja valdheimildir stofnunarinnar ef þessar reglur eru brotnar. Um leið er rétt að geta þess að ASÍ lagði fram alvarlega gagnrýni á þennan þátt laganna við meðferð frumvarpsins á Alþingi, enda ljóst að lögin ganga mun skemur en eðlilegt er í þessum efnum. Sjá nánar umsögn ASÍ um frumvarpið annars staðar í þessari skýrslu.

Nú er tryggt að störf þeirra sem vinna við heimilishjálp skuli njóta sömu verndar og lúta sömu reglum og gilda um önnur störf. Jafnframt að nemar og lærlingar skuli eftirleiðis teljast til starfsmanna og njóta viðeigandi verndar, jafnvel þótt um ólaunaða vinnu sé að ræða.

Ákvæði eru í lögunum um markaðseftirlit með vélum, tækjum og öðrum búnaði sem miða að aukinni vinnuvernd. Reglurnar taka bæði til skilyrða sem

uppfylla þarf við markaðssetningu og heimilda VER til að banna hana ef tilefni er til slíks út frá öryggis- og vinnuverndarsjónarmiðum.

Í lögin er síðan bætt ákvæði sem ætlað er að treysta frekar vinnuvernd ungmenna.

Loks má nefna að í lögunum eru ítarlegar reglur um tilkynningaskyldu, skráningu og rannsóknir á vinnuslysum.

*Mikið starf framundan*

Vinnuverndarlögin með áorðnum breytingum eru mikilvægt verkfæri til að efla vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og bæta vinnuaðstæður og skipulag vinnunnar. Það er hins vegar mikið starf framundan við að hrinda efni þeirra í framkvæmd. Hvort heldur um er að ræða áætlanir á vinnustað um áhættumat og heilsuvernd starfsmanna eða sérstakar aðgerðir gegn vinnustreitu og einelti á vinnustað.

Ábyrgð atvinnurekenda er skýr og mikilvægt að efla starfsemi VER til að stofnunin geti sinnt auknu fræðslu-, leiðbeiningar- og eftirlitshlutverki sínu. Starfsfólkið úti á vinnustöðunum með aðstoð stéttarfélaganna gegnir einnig mikilvægu hlutverki. Hlutverk þeirra er veita atvinnurekendum nauðsynlegt aðhald og stuðning og leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að gera vinnustaðinn að góðum og heilsusamlegum stað til að starfa og dveljast á.

## Viðræður um samstarf og forvarnir

Í byrjun árs 2003 áttu fulltrúar frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) um breytingar á vinnumarkaði, áhrif þeirra á líðan starfsmanna og vaxandi heilsufarsvandamál. Rætt var um vaxandi vanda sem tengist öllum breytingum á samfélagsháttum og skipulagi vinnunnar með aukinni tæknivæðingu og hraða á öllum sviðum. Afleiðingarnar eru m.a. „ósýnileg“ vandamál og sjúkdómar sem tengjast streitu. Aðilar voru sammála um að mikilvægt væri að greina þann vanda sem hér hefði skapast, horfa fram á veginn og átta sig á því hvernig bregðast mætti við. Fram kom að hér væri um hluta af velferðarmálum í samfélaginu að ræða og það væri á þessum forsendum sem Tryggingastofnun vildi nálgast málið. Fram kom hjá fulltrúum TR að þótt örorka væri ekki meiri hér enn annars staðar á Norðurlöndum væri samsetningin önnur þar sem hluti ungs fólks væri mun stærri hér á landi. Þetta væri áhyggjuefni og þyrfti skýringa við. Hér eru öryrkjar 13.000 talsins og markmið hljóti m.a. að vera að fækka í þessum hópi með fyrirbyggjandi aðgerðum og starfsendurhæfingu. Rætt var um samkomulag sem tekist hefði á milli Tryggingastofnunar í Noregi og aðila vinnumarkaðarins þar í landi um átak gegn streituvandamálum og jafnframt hefðu þessir aðilar sett sér sameiginleg markmið í þeim efnum. Fram kom

áhugi og vilji fulltrúa TR og ASÍ til að vinna að sambærilegu samstarfi hér á landi.

Þá greindu fulltrúar ASÍ frá því að samningar um varnir gegn vinnustreitu væru komnir á dagskrá Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda og myndu þeir væntanlega hefjast síðar á árinu (sjá kaflann um alþjóðastarfið annars staðar í skýrslunni).

Loks má nefna að fulltrúar ASÍ hafa átt frumkvæði að óformlegum viðræðum við Samtök atvinnulífsins um samstarf þessara aðila og fleiri um varnir gegn vinnustreitu í tengslum við samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og framkvæmd nýrra laga um vinnuvernd hér á landi. Ekki liggur fyrir hvort af slíku samstarfi verður.

## Framkvæmd EES-samningsins

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur orðið stöðugt mikilvægari þáttur í starfsemi ASÍ á síðustu árum. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með augljósustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á svið vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari máli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hún hefur að mati ASÍ falið í sér mikilvægar réttarbætur fyrir íslenskt launafólk en jafnframt nýjar áskoranir á ýmsum sviðum.

## Samninganefndir vegna EES-reglna

Eins og greint var frá í skýrslu forseta ASÍ fyrir tímabilið 2001 til 2002 voru í desember 2001 samþykkt í miðstjórn ASÍ drög að samstarfssamningi aðildarfélaga ASÍ um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins. Flest öll aðildarfélög ASÍ með þorra félagsmanna sambandsins, hafa með formlegum hætti staðfest fyrir sitt leyti þennan samning með undirskrift hans.

Á grundvelli samstarfssamningsins samþykkti miðstjórn ASÍ í júní 2002 reglur um málsmeðferð og framkvæmd mála undir yfirskriftinni „Skipun og starf samninganefnda vegna Evrópureglna“. Samninganefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa ASÍ sem jafnframt er formaður, auk þess sem landsamböndin innan ASÍ skipa fulltrúa í nefndirnar.

Nú eru starfandi á vettvangi ASÍ samninganefndir um eftirtalda málaflokka:

Tilskipun um hlutastörf
Tilskipun um tímabundnar ráðningar
Tilskipun um Evrópufélagið og aðild starfsmanna
Tilskipun um upplýsingar og samráð
Evrópsks kjarasamnings um fjarvinnu
Tilskipun í vinnslu um útleigða starfsmenn
Reglur/tilskipun í undirbúningi um persónuvernd starfsmanna
Væntanlegan Evrópusamning um varnir gegn vinnustreitu

Þessar samninganefndir hafa eðli málsins samkvæmt ólík verkefni, eftir stöðunni í hverju máli fyrir sig.

## Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES

Á vettvangi samráðsnefndarinnar er fylgst með undirbúningi og tilurð nýrra reglna á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu og innleiðingu þeirra hér á landi. Þá er nefndin vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti þeirra aðila sem nefndina skipa um stöðu þessara mála.

Að undanförnu hefur nefndin einkum verið vettvangur upplýsingamiðlunar um það sem er að gerast á Evrópuvísu þessi misserin og þau mál sem þar hafa verið í gangi. Hér má m.a. nefna tillögur að breytingum á reglum um stöðu maka og skyldmenna EES borgara sem koma utan svæðisins og tillögu að tilskipun um útleigða starfsmenn. Þá hafa þau mál er varða stækkun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu einnig verið til umfjöllunar í nefndinni. Loks má síðan nefna gildistöku og framkvæmd Evrópureglna hér á landi og tilraunir sem gerðar hafa verið til að innleiða tilskipanirnar um hlutastörf og tímabundnar ráðningar með samningum aðila vinnumarkaðarins sem verið hafa reglulega til umfjöllunar í nefndinni.

### *Samningur ASÍ og SA vegna tilskipunar um hlutastörf*

ASÍ og SA gerðu kjarasamning 13. nóvember 2002 um að hrinda í framkvæmd efni tilskipunar EBE um hlutastörf (97/81/EBE). Efnisatriði tilskipunarinnar byggja á rammasamningi aðila vinnumarkaðarins í Evrópu, UNICE, CEEP og ETUC, sem aðilar þessa samnings eiga aðild að, en markmið hennar er að afnema mismunun gagnvart starfsmönnum í hlutastarfi og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa. Að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði vinnuveitanda og starfsmanna. Samningurinn er svohljóðandi:

***1. gr.***

*Samningur þessi gildir um starfsmenn sem eru í hlutastörfum sbr. 1. mgr.*

*2. gr. Samningurinn gildir þó ekki um grunnstarfsnám og námssamninga eða ráðningarsambönd sem eru liður í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlunum sem njóta stuðnings opinberra aðila.*

***2. gr.***

*Starfsmaður telst vera í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi.*

*Með sambærilegum starfsmanni í tilliti 1. mgr. er átt við starfsmann sem starfar í sama fyrirtæki á grundvelli sams konar ráðningarfyrirkomulags og vinnur sama eða sambærilegt starf að teknu tilliti til annarra áhrifaþátta svo sem starfstíma, kunnáttu eða hæfni.*

*Sé ekki til að dreifa sambærilegum starfsmanni í sama fyrirtæki skal samanburður gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings eða þar sem slíkum samningi er ekki til að dreifa með vísan til laga, annarra kjarasamninga eða venju.*

***3. gr.***

*Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeim ástæðum einum að þeir eru ekki í fullu starfi nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.*

***4. gr.***

*Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að:*

*taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf*

*taka tillit til óska starfsmanns um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess*

*auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum stigum fyrirtækisins, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum*

*veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talið hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt*

*greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni þeir geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi*

*veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað*

**5. gr.**

*Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.*

**6. gr.**

*Samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fjalla um framkvæmd samningsins svo og útfærslu og túlkun einstakra ákvæða eftir því sem þurfa þykir.*

*Komi upp ágreiningur um túlkun samningsins er viðkomandi aðilum heimilt að vísa honum til nefndarinnar sem skal þá leitast við að ná sáttum.*

**7. gr.**

*Brot gegn samningi þessum varða skaðabótaskyldu.*

**8. gr.**

*Samning þennan skal eftir því sem við á túlka í samræmi við tilskipun 97/81/EBE, sbr. rammasamning aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um hlutastörf.*

**9. gr.**

*Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2003.*

*Reykjavík, 13. nóvember 2002*

***Samningaumleitanir ASÍ og ríkis og sveitarfélaga vegna tilskipunar um hlutastörf***

Frá því haustið 2002 hefur Alþýðusamband Íslands ásamt BSRB, BHM og KÍ átt í viðræðum við samningamenn ríkisins, sveitarfélaganna og Reykjavíkurborgar um innleiðingu tilskipunar 97/81/EBE um hlutastörf. Níu samningafundir voru haldnir án þess að samningar tækjust. Á þessum níu fundum tókst þó í meginatriðum að einangra ágreining aðila við eitt efnisatriði. Viðsemjendur okkar leggja til, að allt launafólk hjá hinu opinbera sem ráðið er í svokallaða „tímavinnu“ verði undanþegið ákvæðum samningsins. ASÍ hefur ekki getað fallist á það. Skv. ákvæðum nokkurra kjarasamninga er heimilt að ráða félagsmenn aðildarfélaga ASÍ í störf hjá hinu opinbera í tímavinnu. Það er t.d. heimilt ef um er að ræða ráðningu til afmarkaðra verkefna eða ef starfshlutfall er 1/3 eða minna. Starfsmenn í slíkri ráðningu öðlast réttarstöðu sem hlutavinnufólk skv. gildandi kjarasamningum, þá ýmist í tímabundinni ráðningu eða ótímabundinni. ASÍ telur undanþágu af þessum toga, a.m.k. hvað varðar

hinn almenna vinnumarkað, ekki heimila skv. ákvæðum fyrrgreindrar tilskipunar eða skv. ákvæðum rammasamnings aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Slík undanþága fæli jafnframt í sér skerðingu réttinda skv. gildandi kjarasamningum en tilgangur tilskipunarinnar er hins vegar að tryggja réttindi þeirra og auka þar sem það á við. Samtök atvinnulífsins fóru þess á leit að svipuð undanþága kæmi inn í kjarasamning ASÍ og SA um innleiðingu tilskipunarinnar á almennum vinnumarkaði en samningum var lokið án þess að slík undanþága væri veitt. Hið umdeilda ákvæði eins og það leit út við slit viðræðna er í b. lið 2.mgr. 1.gr. samningsdraganna sem fylgja með bréfi þessu. Minniháttar lagfæringu á 5.gr. samningsdraganna höfðu aðilar ekki að fullu lokið við en þar er ekki um að ræða ágreining um efni. Fyrri hluti greinarinnar er samhljóða ákvæði í samningi ASÍ og SA en síðari hlutinn er bein þýðing á samhljóða ákvæði tilskipunarinnar og rammasamningsins. Spurning er hvort önnur málsgreinin dugi ekki. Þessi niðurstaða af samningsumleitun aðila var tilkynnt félagsmálaráðherra með bréfi dagsettu 28. maí 2003. Ráðuneytið hyggst leggja fram nú á haustþingi frumvarp til laga um gildistöku tilskipunarinnar um hlutastörf og munu lögin taka bæði til almenns og opinbers vinnumarkaðar. Þess er að vænta að lögin verði í meginatriðum í samræmi við samning ASÍ og SA.

## Samningsumleitanir vegna tilskipunar um tímabundnar ráðningar

ASÍ og SA tókst ekki að leysa ágreining sín í milli um það með hvaða hætti skyldi tryggja réttindi fólks í tímabundinni ráðningu og hvernig komið skyldi í veg fyrir misnotkun þess ráðningarforms. Gildistaka tilskipunarinnar er því í höndum félagsmálaráðuneytisins en það hyggst leggja fram nú á haustþingi frumvarp til laga um gildistöku hennar. ASÍ hefur ekki átt viðræður við ríki og sveitarfélög um gildistöku þessarar tilskipunar og mun fyrrgreint lagafrumvarp lögleiða hana hér á landi bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði.

## Rammasamningur um fjarvinnu

Á grundvelli samstarfssamnings aðildarfélaga ASÍ um gildistöku EES-reglna var 8. apríl 2003 formlega óskað eftir viðræðum við SA um gildistöku rammasamnings um fjarvinnu. Formlegt svar hefur ekki borist frá SA en gildistöku á að vera lokið fyrir 16. júlí 2005.

## Vinnutímatilskipunin og rammatilskipun um vinnuvernd

Lengi hefur legið fyrir að lögleiða þyrfti grundvallarreglur vinnutímatilskipunarinnar og rammatilskipunar ESB um vinnuvernd. Um þessa innleiðingu og

efni hennar hafa verið átök á milli Alþýðusambandsins og félagsmálaráðuneytisins sem leiddu til þess að frumvörp þessa efnis fengust ekki afgreidd á Alþingi vegna andstöðu ASÍ. En sambandið taldi í bæði skiptin að alltof skammt væri gengið með frumvörpunum og þær leiðir sem þar voru farnar uppfylltu alls ekki skyldur stjórnvalda í þessum efnum. Eftir mikið þóf var nýtt frumvarp lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 2003. Með frumvarpinu var í veigamiklum atriðum komið til móts við gagnrýni Alþýðusambandsins þótt annað væri enn ófullnægjandi. Í þessu ljósi og vegna mikilvægis þess að lögleiða meginreglur þessara tilskipana hér á landi, ákvað ASÍ að styðja frumvarpið og hvetja til þess að það yrði samþykkt. Jafnframt benti Alþýðusambandið á ýmsa þætti sem væru ófullnægjandi eða mætti færa til betri vegar og allir snertu lögleiðingu vinnutímatilskipunarinnar. Frumvarpið var síðan afgreitt fyrir þinglok vorið 2003, en auk þess sem að framan greinir fól það í sér lagfæringu varðandi gildistöku tilskipunarinnar um vinnuvernd barna og unglinga.

## Starfsmenn útleigufyrirtækja frá ríkjum EES

Eins og greint er frá í síðustu skýrslu forseta ASÍ hafa ýmis vandamál komið upp í tengslum við starfsemi útleigufyrirtækja af EES-svæðinu sem sent hafa starfsmenn hingað til lands. Hér hefur verið um að ræða portúgölsk fyrirtæki sem leigt hafa starfsmenn hingað til lands í tengslum við byggingaframkvæmdir og nú síðast virkjanaframkvæmdirnar við Kárahnjúka. Vandamálin hafa verið margháttuð en einkum snúið að kjörum þessara starfsmanna þar sem grunur og í sumum tilvikum klárar sannanir eru um að hafi notið kjara sem ekki uppfylla lágmarksákvæði kjarasamninga, hvað þá að þeir hafi notið markaðslauna hér á landi. Þá hafa líka risið ágreiningsmál um tilkynningarskyldu útleigufyrirtækjanna vegna starfsmanna þeirra hér á landi, auk þess sem ýmis álitaefni komu upp varðandi skattamál þessara fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Hvað þennan síðasta þátt varðar fékkst vegna ítrekaðra fyrirspurna og eftirreksturs ASÍ niðurstaða, þar sem sú meginregla var staðfest að standa ætti skil á sköttum starfsmannanna hér á landi.

Um starfsmenn útleigufyrirtækja vísast jafnframt til umfjöllunar annars staðar í skýrslunni um deilurnar við Kárahnjúka.

## Jafnréttistilskipanir utan gildissviðs EES?

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir ASÍ m.a. í tengslum við evrópskt ár fatlaðra 2003, hefur ekki enn fengist formleg niðurstaða af hálfu stjórnvalda um það hvort svokallaðar jafnréttistilskipanir sem samþykktar hafa verið á vettvangi ESB falli undir EES samninginn. Hér er um að ræða tilskipun um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernis og rammatilskipun um jafna með-

höndlun á vinnumarkaði og í starfi sem fjallar um minnihlutahópa á vinnumarkaði. Né heldur hefur fengist svar við því hvort stjórnvöld myndu hugsanlega lögleiða tilskipanirnar, jafnvel þótt niðurstaðan yrði sú að þær féllu utan ramma EES-samningsins.

## Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins

Nú liggur fyrir að 10 ný ríki ganga að öllum líkindum í Evrópusambandið 1. maí 2004. Þá hefur verið gengið frá samningi um stækkun EES sem þýðir að þessi ríki verða aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu frá sama tíma. Sá samningur er í öllum efnisatriðum sambærilegur við stækkunarsamninga Evrópusambandsins og nýju aðildarríkjanna, svo sem hvað varðar vinnumarkaðinn og stækkun hans.

Alþýðusamband Íslands lýsti árið 2000 stuðningi við stækkun EES. Jafnframt benti sambandið á mikilvægi þess að þegar yrði af hálfu stjórnvalda hafinn undirbúningur að stækkun vinnumarkaðarins til að draga úr hættum á mistökum og ágreiningi sem mögulega gæti skapast í því sambandi. ASÍ bauð stjórnvöldum upp á samstarf um þennan undirbúning og framkvæmdina að öðru leyti. Þá lagði ASÍ jafnframt til að stjórnvöld settu almennan fyrirvara um rétt íslenskra stjórnvalda til að grípa til sérstakra aðgerða ef ástæða væri til að ætla að veruleg röskun yrði á íslenskum vinnumarkaði í tengslum við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, hliðstætt þeim almenna öryggisfyrirvara sem Íslendingar gerðu við undirritun EES-samningsins á sínum tíma.

## Í deiglunni

Eins og kom fram hér að framan þar sem fjallað er um samninganefndir ASÍ vegna Evrópureglna á enn eftir að semja um og/eða lögleiða nokkurn fjölda tilskipana sem þegar hafa verið samþykktar á vettvangi Evrópusambandsins. Þá er ýmislegt í deiglunni á þeim vettvangi sem síðan þarf að fjalla um hér á landi.

## Eftirlitsnefnd með framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið

Nefndin starfar skv. 2.gr. l. 47/1993. ASÍ krafðist þess að hún yrði kölluð saman þar sem ASÍ hefði rökstuddan grun um að ákvæði laga nr. 47/1993 sbr. reglugerð 1612/68/EBE væru ekki haldin af framkvæmdaraðilum sem standa að byggingu mannvirkja við Kárahnjúka. Nefndin var kölluð saman til fundar þann 18. september 2003. Á fundinum var samþykkt að nefndin myndi afla upplýsinga um kjör starfsmanna Impreglio af EES-svæðinu sem vinna hér á landi og bera þær upplýsingar saman við upplýsingar Kjararannsóknarnefndar vegna samkynja starfa enda væri hægt að fá slíkar upplýsingar frá þeim. Eftir

fundinn hefur SA dregið í efa heimildir nefndarinnar og er nú tekist á um valdsvið hennar. ASÍ hefur margítrekað bent á nauðsyn þess að reglugerð verði sett um starfsemi hennar.

***Málefni útlendinga***

Málefni og réttarstaða útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur mikið verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins og í starfi fulltrúa sambandsins á ýmsum vígstöðvum. Hér má fyrst nefna átökin sem hafa verið í tengslum við framkvæmdirnar við Kárahnjúka sem fjallað er um annars staðar í þessari skýrslu. Þá hafa þessi málefni einnig komið upp ítrekað á vettvangi stjórnar Vinnumálastofnunar. Þar hafa nokkrir þættir þessara mála verið til umfjöllunar. Það gildir um ágreining sem komið hefur upp um stefnu og framkvæmdina varðandi atvinnuleyfisveitingar almennt og gildi umsagna stéttarfélaganna. Þá hefur framkvæmd Vinnumálastofnunar á 10. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga verið harðlega gagnrýnd af fulltrúa ASÍ. Loks hefur ASÍ lagt ríka áherslu á gerð reglugerðar vegna laganna og gerð verklagsreglna af hálfu stofnunarinnar til að bæta og skýra frekar nánar framkvæmdina þeirra.

## Samráðsnefnd vegna laga um atvinnuréttindi útlendinga

Á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga ber að skipa samráðsnefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um framkvæmd laganna almennt og um umsóknir um hópleyfi sérstaklega.

Nefndin var skipuð á fyrri hluta árs 2003 en starf hennar komst ekki á neitt skrið fyrr en í október sl. eftir að nefndinni hafði verið skipaður nýr formaður, þrátt fyrir ítrekaðar óskir og tilmæli af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins. Nefndin hefur nú ákveðið að setja sér reglur sem skýra nánar verksvið hennar og starfshætti. Verður þar gengið út frá því að nefndin hafi annars vegar almennt hlutverk sem lúti m.a. að því að hafa heildaryfirsýn með framkvæmd laganna, samhengi þeirra við framkvæmd annarra laga er varða útlendinga og tillögugerð til stjórnvalda varðandi stefnu í málefnum útlendinga. Hins vegar hefur nefndin hlutverk vegna umsókna um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga og mun nefndin setja sér verklagsreglur í þeim efnum.

## Nefnd um mansal

Félagsmálaráðherra skipaði vorið 2002 vinnuhóp fulltrúa stjórnvalda og hagsmunaaðila til að undirbúa íslenskt átak gegn verslun með konur. Þetta átak er liður í aðgerðum alls staðar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum gegn mansali. Vinnuhópnum var mjög þröngur stakkur skorinn vegna takmarkaðra fjárframlaga stjórnvalda til verkefnisins. Hópurinn hóf starf sitt með því að

safna gögnum og upplýsingum um viðfangsefnið. Þá fékk hann sænskan verkefnisstjóra Norðurlandanna hingað til lands til aðstoðar, skrafs og ráðagerða. Niðurstaða hópsins var að leggja áherslu á tvo þætti öðrum fremur. Annars vegar að kynna hvað felst í verslun með konur og það ofbeldi og niðurlægingu sem í henni felst. Hins vegar að ná fram viðhorfsbreytingu hjá almenningi og efla andstöðu og fordæmingu á að konur séu notaðar sem verslunarvara.

Starfshópurinn stóð fyrir þríþættum aðgerðum í byrjun árs 2003 í því augnamiði að ná fram markmiðum sínum. Í fyrsta lagi var gefið út sérblað með Morgunblaðinu, þar sem fjallað var um verslun með konur og aðleiðingar slíks út frá ýmsum hliðum. Í öðru lagi skipulagði vinnuhópurinn ráðstefnu um sama efni. Í þriðja lagi stóð hópurinn síðan fyrir sýningu á sænsku kvikmyndinni Lilja-for-ever, sem fjallar á átakanlegan hátt um verslun með konur.

## Samningar um varnir gegn vinnustreitu

Um nokkurt skeið hefur á Evrópuvísu staðið umræða um vaxandi vanda vegna vinnustreitu og hvort nauðsynlegt væri að bregðast við með löggjöf eða öðrum aðgerðum á Evrópuvettvangi.

Ástæður þess að vinnustreita er komin á dagskrá á Evrópuvísu með þessum hætti eru augljósar. Rannsókn frá árinu 2000 leiddi í ljós að 28% alls launafólks í Evrópu verða fyrir neikvæðu álagi vegna vinnustreitu. Konur verða nú frekar fyrir vinnustreitu en karlar. Þá er vinnustreita nokkuð mismunandi eftir starfsgreinum. Þannig hefur álag meðal stjórnenda minnkað nokkuð (úr 37% starfsmanna í 32%) á meðan álag á fólki í tæknistörfum og skrifstofustörfum hefur aukist (úr 29% starfsmanna í 35% og 22% starfsmanna í 25%). Þá sýna allar rannsóknir að vinnustreita fer almennt vaxandi á vinnumarkaði. Vinnustreita er nú næst algengasta vinnutengda heilsufarsvandamálið í Evrópu og kemur næst á eftir bakverkjum skv. upplýsingum frá Evrópsku vinnuverndarstofnuninni, EASHW.

Vaxandi vinnustreita er ekki aðeins áhyggjuefni vegna afleiðinga hennar fyrir heilsu starfsmanna. Hún hefur einnig bein áhrif á hag fyrirtækja og félagsleg útgjöld ríkja. Þannig er áætlað að árlegur kostnaður vegna vinnustreitu í aðildarríkjum ESB sé sem svarar 20 milljörðum Evra og fari hratt vaxandi.

## Rannsóknir og aðgerðir gegn vinnustreitu

Vinnustreita er ekki nýtt viðfangsefni á Evrópuvettvangi heldur hefur hún verið til vaxandi umfjöllunar í samstarfi Evrópuríkja á sviði vinnuverndar.

Þannig má nefna að strax árið 1993 stóð Evrópusambandið fyrir ráðstefnu fulltrúa aðildarríkjanna og aðila vinnumarkaðarins undir yfirskriftinni „Vinnustreita - aðgerða er þörf“. Þá kynnti framkvæmdastjórn ESB árið 1996 leið-

beiningar um „Áhættugreiningu á vinnustað“, þar sem bent var á þörfina fyrir að meta sálfræðilega-, félagslega- og líkamlega þætti sem leitt geta til vinnustreitu, hvernig þessir þættir vinna saman og tengjast öðrum þáttum í skipulagi vinnunnar og umhverfi hennar.

Áfram hefur verið haldið á vettvangi Evrópusamstarfsins að rannsaka vinnustreitu og benda á aðgerðir sem dregið geta úr eða komið í veg fyrir hana. Evrópska vinnuverndarvikan árið 2002 var tileinkuð viðfangsefninu og bar yfirskriftina „Vinna gegn streitu“.

## Samráð og samningaviðræður

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hóf, á seinni hluta árs 2002, samráð við aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu á grundvelli 137. og 138. gr. Rómarsáttmálans, með það að markmiði að settar yrðu reglur á Evrópuvísu um viðfangsefnið.

Í lok október samþykktu svo aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu í lok október 2002 sameiginlega starfsáætlun fyrir tímabilið frá 2003 - 2005, þar sem aðgerðir gegn vinnustreitu og mögulegir samningar á Evrópuvísu voru skilgreindir sem eitt af viðfangsefnunum. Jafnframt var ákveðið að þessir aðilar stæðu fyrir sameiginlegri ráðstefnu um viðfangsefnið á árinu 2003.

## Ráðstefna aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um vinnutengda streitu haldin í Brüssel 25. og 26. febrúar 2003

Dagana 25. og 26. febrúar sl. var haldin í Brüssel ráðstefna aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um atvinnutengda streitu.

Í sameiginlegri starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu (ETUC og UNICE/CEEP) fyrir tímabilið 2003 til 2005 er að finna ákvörðun um að vinnustreita skuli vera eitt af helstu viðfangsefnum þessara aðila á árinu. Þar kemur fram að halda skuli sameiginlega ráðstefnu á árinu 2003 þar sem miðlað verði upplýsingum og þekkingu á vinnustreitu, helstu ástæðum og afleiðingum og með hvaða hætti megi koma í veg fyrir og verjast þessum vágesti. Þá segir að Evrópusamtök launafólks og atvinnurekenda muni á grundvelli þessara upplýsinga meta þörfina fyrir og möguleikana á að gera sameiginlegan kjarasamning á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu. Ráðstefnan var fyrsti liðurinn í þessu starfi.

Ráðstefnan var tvíþætt. Fyrri hluti hennar hafði einkum fræðslu- og upplýsingagildi. Í seinni hlutanum var síðan rætt um næstu skref af hálfu aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

*Upplýsingar og fræðsla um vinnustreitu og varnir gegn henni*

Fjöldi fróðlegra erinda var fluttur á ráðstefnunni um vinnustreitu, ástæður, birtingarmyndir og afleiðingar og hvernig megi bregðast við þessum vanda.

Fulltrúi Dyflinnarstofnunarinnar um vinnuumhverfismál sagði frá rannsóknum sem gerðar hafa verið á þessu efni í Evrópu á síðustu árum og helstu niðurstöðum. Fulltrúi Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar sagði frá aðferðum sem verið er að þróa til að greina ástæður vinnustreitu og varnir gegn henni. Fram kom m.a. að ítrekaðar rannsóknir sýna að vinnustreita er mikið og vaxandi vandamál á vinnumarkaði og er nú svo komið að vinnustreita er sá heilsufarsvandi sem starfsmenn nefna oftast (allt að 30%) fyrir utan bakveiki. Jafnframt kom fram að ásæður fyrir vinnustreitu eru ýmsar og geta verið ólíkar eftir störfum og atvinnugreinum. Þá virka streituvaldar með mismunandi hætti á einstaklinga. Gerð var grein fyrir ólíkum streituvöldum en jafnframt kom fram að helstu ástæður streitu við vinnu væru miklar og stöðugar endurtekningar í starfi og álag vegna krafna um mikil afköst og vinnuhraða. Einnig geta umhverfisþættir eins og hávaði, lýsing og fleira haft mikil áhrif. Loks kom fram að markmiðið hlýtur að vera að fyrirbyggja eins og kostur er vinnustreitu en benda jafnframt á úrræði við vinnustreitu þegar afleiðingar hennar koma fram.

Þá greindu fulltrúar frá Belgíu og Danmörku frá því með hvaða hætti aðilar vinnumarkaðarins í þessum löndum hafa verið að nálgast viðfangsefnið sameiginlega og vakti erindi Danans sérstaka athygli fyrir þá framsæknu nálgun sem aðilar vinnumarkaðarins í Danmörku í samstarfi við stjórnvöld hafa valið til viðfangsefnisins. En þeir hafa ákveðið að horfast í augu við vinnustreitu sem og varnir gegn henni sem sameiginlegt úrlausnarefni aðila vinnumarkaðarins, þar sem fyrirbyggjandi aðgerðir í vinnuumhverfinu og við skipulagningu vinnunnar gegna lykilhlutverki.

Síðasta innleggið var svo frá vinnuumhverfisstjóra IBM í Þýskalandi sem gerði grein fyrir því hvernig fyrirtækið tekur á vinnustreitu hjá sér. Þar kom fram og var harðlega gagnrýnt af fulltrúum stéttarfélaga á ráðstefnunni, að fyrirtækið skoðar vinnustreitu fyrst og fremst sem „persónulegt“ eða „einstaklingsbundið“ vandamál og leggur þar af leiðandi einkum áherslu á einstaklingsbundna meðferð og streitustjórnun eins og það er kallað. Þá heldur fyrirtækið stéttarfélögum og fulltrúum starfsmanna kerfisbundið frá allri aðkomu að málinu.

Miklar umræður urðu í kjölfar erindanna. Þar kom fram jafnt hjá fulltrúum launafólks og atvinnurekenda að um mikið og vaxandi vandamál væri að ræða sem kæmi bæði niður á starfsmönnum og fyrirtækjunum í formi kostnaðar vegna fjarveru og lakari nýtingar á mannauði þeirra. Jafnframt komu fram

nokkuð ólíkar áherslur hjá fulltrúum launafólks og sumra atvinnurekendafulltrúanna. Þannig lögðu sumir fulltrúar atvinnurekenda ofuráherslu á að erfitt gæti verið að greina á milli afleiðinga vinnustreitu og streitu í daglega lífinu og samspils þar á milli og vildu með því draga úr mikilvægi vinnustreitunnar. Þá lögðu aðrir áherslu á að „vinnustreita að ákveðnu marki“ væri jákvæð og nauðsynleg öllum. Á móti var bent á að það væri mikilvægur munur á vinnustreitu og jákvæðri hvatningu og hvötum í starfi. Loks komu fram nokkuð ólík sjónarmið varðandi það hvernig bregðast eigi við vinnustreitu, þ.e. hinna almennu og persónubundnu þátta.

***Viðræður á Evrópuvísu um varnir við vinnustreitu***

Seinni hluti ráðstefnunnar var hugsaður sem undirbúningur og skoðanaskipti undir væntanlegar samningaviðræður á Evrópuvísu milli aðila vinnumarkaðarins um varnir gegn vinnustreitu.

Hér er ekki tilefni til að rekja þessar viðræður í smáatriðum en helstu áherslur og niðurstöður voru sem hér segir:

Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu munu á næstu vikum og mánuðum sækja sér umboð meðal aðildarsamtaka sinna til að hefja viðræður á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu með það að markmiði að gera samninga um það efni sem aðildarsamtök þeirra verði skuldbundin til að hrinda í framkvæmd í aðildarríkjunum. Ef allt gengur að óskum má reikna með að slíkt umboð liggi fyrir í maí nk. og að viðræður geti þá hafist í júní eða júlí og síðasta lagi strax næsta haust. Þannig stefnir ETUC að því að afgreiða samningsumboð innbyrðis hjá sér fyrir lok apríl nk. og vera tilbúið til viðræðna strax að lokni þingi sínu í lok maímánaðar.

Jafnframt voru aðilar sammála um að senda sameiginlega bréf til framkvæmdastjórnar ESB þar sem henni verði gerð grein fyrir þessari stöðu mála og jafnframt óskað eftir því að hún fresti frekara formlegu samráði við aðila vinnumarkaðarins um varnir gegn vinnustreitu sem hún hóf 20. desember sl. þar til fyrir liggur hvort samningsaðilar nái að semja um málið án íhlutunar framkvæmdastjórnarinnar.

***Samið um hvað?***

Á fundinum með fulltrúum samtaka atvinnurekenda lagði fulltrúi ETUC eftirfarandi atriði fram sem mögulegan grundvöll undir þær samningaviðræður sem nú standa fyrir dyrum:

1. Grundvöllur samninganna

Lagt er til að samningur leggi til grundvallar almenna rammatilskipun Evr-

ópusambandsins um vinnuvernd frá árinu 1989. Þá verði einnig lagðar til grundvallar eftirtaldar tilskipanir sem einnig fjalla með einhverjum hætti um vinnustreitu og varnir gegn henni:

Tilskipun um skjávinnu

Tilskipun um vernd þungaðra kvenna

Tilskipun um vinnutíma

2. Gildissvið

Mikilvægt er að gildissviðið verði vel skilgreint og skýrt.

3. Skilgreiningar

Lagt er til að skilgreining sú á vinnustreitu sem framkvæmdastjórn ESB hefur byggt á og er sameiginleg niðurstaða sérfræðinga aðila vinnumarkaðarins og framkvæmdastjórnarinnar verði lögð til grundvallar. Skilgreiningin hljómar svo á ensku:

„A pattern of emotional, cognative, behavioral and physological reactions to adverse and noxious aspects of work content, work organization and work environment. It is a state characterized by high level of arousal and distress and often feelings of not coping."

4. Markmið

I. Megin markmiðið á að vera að fyrirbyggja/koma í veg fyrir vinnustreitu með því að:

a) Greina ástæður hættu á vinnustreitu (risk assessment)

b) Benda á fyrirbyggjandi aðgerðir (stress prevention)

II. Benda þar á úrræði til að bregðast við vinnustreitu og afleiðingum hennar ef þær koma fram.

5. Aðferðir - leiðir

Mikilvægt er að samningurinn bendi á aðferðir/leiðir og hvernig megi beita þeim í baráttunni gegn vinnustreitu og afleiðingum hennar. Samningurinn á þannig að vera sameiginlegt verkfæri og bjóða upp á lausnir.

Hins vegar ber að leggja áherslu á sveigjanleika og dreifstýringu þegar kemur að því að fylgja samningnum eftir, þar sem það hlýtur fyrst og fremst að beinast að samstarfi atvinnurekenda og launafólks og stuðningsaðilum þeirra í:

a) Ólíkum starfs- og atvinnugreinum
b) Einstökum fyrirtækjum
Þannig að hægt sé að taka tillit til ólíkra aðstæðna.

Gert 3. mars 2003 - Halldór Grönvold

Hægt er að fá frekari gögn hjá framanrituðum. Einnig skal bent á vefina:
www.vinnueftirlit.is
www.eiro.eurofound.ie
www.labourline.org/tutb
www.osha.eu.int

***Samningar á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu***

## 1. umferð - Brüssel 18. september 2003

Samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu, Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og Evrópusamtaka atvinnurekenda (UNICE/CEEP) um varnir gegn vinnustreitu hófust í Brüssel 18. september 2003.

Samningaviðræðurnar koma í framhaldi af starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu 2003 - 2005, sem samþykkt var í lok síðasta árs og ráðstefnu um vinnustreitu sem sömu aðilar stóðu fyrir í febrúar sl. Í framhaldi af ráðstefnunni fengu aðilarnir síðan vorið 2003 umboð hjá sínum aðildarsamtökum til að hefja viðræður um kjarasamninga á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu.

Um þrjá fundi var að ræða. Fyrst hittust samninganefndirnar hver í sínu lagi, þar sem farið var yfir uppleggið fyrir samningana. Síðan var haldinn sameiginlegur fundur samninganefndanna, þar sem þær kynntu þær forsendur sem þær leggja til grundvallar samningunum. Loks var síðan fundur nefndanna hverrar í sínu lagi, þar sem farið var yfir árangur dagsins og framhaldið. Af hálfu ETUC leiðir Maria Helena Andre, aðstoðarframkvæmdarstjóri ETUC, viðræðurnar.

## Helstu niðurstöður

Á fundi samninganefndar ETUC um morguninn var farið ítarlega yfir samningsumboð nefndarinnar og helstu áhersluatriði. Það helsta sem þar kom fram er eftirfarandi:

Mikilvægt er að hafa í huga að samningur um varnir gegn vinnustreitu, ef af verður, er ekki einangrað fyrirbæri heldur viðbót við það sem fyrir er á Evrópuvísu. Hér skiptir rammatilskipun um vinnuvernd nr. 391/89 mestu, en þar er ákveðinn grunnur til að takast á við sálfélagsleg vandamál í vinnuumhverf-

inu með fyrirmælum um áhættumat og skyldur atvinnurekenda til að halda uppi skipulegu starfi að heilsuvernd starfsmanna. Þá snerta tilskipanir um skjávinnu, vernd þungaðra kvenna og vinnutímatilskipunin á þáttum sem klárlega tengjast vinnustreitu og vörnum gegn henni.

Mikilvægt er að í formála samnings verði settar fram með skýrum hætti þær breytingar sem orðið hafa í efnahagslífinu í Evrópu og á vinnumarkaði, sem einkennast af stöðugt auknum kröfum um samkeppnishæfni, framleiðni og stuttum framleiðslu- og afhendingartíma vöru og þjónustu. Þessar breytingar kalla á að brugðist sé við með ákveðnum hætti og unnið að því að uppræta eða draga úr þáttum sem valda vinnustreitu, hvort sem um er að ræða eðli eða innihald starfsins sjálfs, skipulagningu vinnunnar eða vinnuumhverfið í víðara skilningi.

Gildissvið samningsins verður að ákveða þannig að hann nái til vinnumarkaðarins alls, bæði almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera.

Ljóst er að mikið veltur á því samkomulag náist um fullnægjandi skilgreiningu á viðfangsefninu, þ.e. vinnustreitu. Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar er lagt upp með skilgreiningu sem samkomulag varð um á vettvangi Evrópusambandsins í Lúxemborg árið 2000.

Markmið samnings verður síðan að vera tvíþætt:

- Að lýsa og skilgreina helstu þætti varðandi störf, skipulag vinnunnar og vinnuumhverfi sem valda vinnustreitu, án þess að um einhverja tæmandi upptalningu verði að ræða.
- Að leggja til aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir vinnustreitu, þar sem áhersla er lögð á að ráðast að rótum vandans. Áhersla er lögð á að kveðið verði á um að ekki sé nægilegt að benda á lausnir. Heldur að þeim verði hrint í framkvæmd.

Áherslu ber að leggja á að varnir gegn vinnustreitu, bæði greining á vandanum, úrræði og framkvæmd þeirra séu sameiginlegt viðfangsefni atvinnurekenda, launamanna og stéttarfélaganna/trúnaðarmanna.

Samningurinn þarf að innihalda ákvæði um að ekki megi skerða betri réttindi launamanna sem kunna að vera til staðar.

Síðast en ekki síst þarf samningurinn að kveða með fullnægjandi hætti á um það hvernig honum verði hrint í framkvæmd.

Loks má geta þess að nokkur umræða varð í samninganefndinni um möguleg áhrif aðildar fulltrúa samtaka frá væntanlegum aðildarríkjum ESB að samningaviðræðunum og stækkunar Evrópusambandsins. Það er í fyrsta skipti sem þessir aðilar koma að samningaviðræðum á Evrópuvísu og erfitt er að meta hvort og þá með hvaða hætti innkoma þeirra mun lita umræðurnar. Fram komu áhyggjur meðal fundarmanna með að enginn fulltrúi frá væntan-

legum aðildarríkjum ESB væri mættur í samninganefnd ETUC og var óskað skýringa á því. Hjá fulltrúa ETUC kom fram að ástæðan væri væntanlega tæknileg eðlis og að vænta mætti fulltrúa þeirra á næsta fund.

Á fundinum með atvinnurekendum voru framangreind sjónarmið sett fram og sérstaklega áréttað að engin ástæða væri til að fara í samningaviðræður nema stefnt væri að því að ná samningum sem bættu einhverju við það sem fyrir væri og að fyrir lægi vilji aðila til að hrinda þeim samningum sem kynnu að nást í framkvæmd, en með því er verið að vísa til þess að erfiðlega hefur gengið að hefja viðræður um gildistöku samningsins um fjarvinnu víða í Evrópu og það heyrir til undantekninga að gildistakan hafi átt sér stað.

Af hálfu atvinnurekenda var á fundinum fullyrt að þeir hefðu mikinn vilja til að semja á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu. Hér væri um sameiginlegt hagsmunamál fyrirtækjanna og starfsmanna að ræða. Hvað varðar nálgunina í samningunum og einstaka efnisþætti komu hins vegar fram atriði sem gefa vísbendingar um að samningar kunni að verða erfiðir viðfangs. Þannig kom fram hjá atvinnurekendum að þörf væri á nýrri skilgreiningu á vinnustreitu sem fullnægði báðum aðilum. Þá kom fram það sjónarmið að erfitt gæti verið að greina vinnustreitu frá öðrum streituvöldum. Einnig var nefnt að samningar megi ekki ganga gegn hefðbundnum stjórnunarrétti atvinnurekenda og svo mætti áfram telja.

## Framhaldið

Ákveðið var að næsta fundalota yrði í tvo daga, 21. og 22. október nk. Stefnt er að því að þá skýrist málin frekar og jafnframt hvort raunverulegar forsendur séu fyrir því að halda viðræðunum áfram. Í millitíðinni verður, af hálfu ETUC, unninn grunnur að samningsdrögum, með helstu efnisatriðum sem þurfa að vera í slíkum samningi, á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór í samninganefndinni. Drögin verða send út til samninganefndarmanna til skoðunar og umfjöllunar.

Gefi samningalotan í október tilefni til er gert ráð fyrir að á þeim fundi verði kosin minni samninganefnd sem hafi það hlutverk að þróa frekari texta milli funda.

Þá hefur til öryggis verið tímasettur fundur 11. og 12. desember nk. haldi viðræðurnar áfram. Þá má vænta frekari fundarhalda á næsta ári.



*Þátttakendur á námskeiði um störf stjórna lífeyrissjóða.*

# Fræðslumál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótunarvinnu og þátttöku í fjölmörgum verkefnum, auk þess sem fræðsludeild ASÍ - MFA og Mímir-símenntun sem er í eigu ASÍ, og sem fjallað er um á öðrum stað í skýrslunni, standa fyrir öflugu fræðslustarfi. Þannig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfsmenntaráði, MENNT, samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn Leonardó starfsmenntaáætlunarinnar, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi auk þess að vera tilnefningaraðili í nokkrum starfsgreinaráðum skv. framhaldsskólalögunum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála frá ársfundi ASÍ 2002.

## Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Á ársfundi ASÍ 2002 voru samþykktar umfangsmiklar breytingar á skipulagi fræðslumála hreyfingarinnar þar sem skilin voru að félagsleg fræðsla, framkvæmd fullorðins- og starfsmenntunar og skipulag á innihaldi náms fyrir fullorðið fólk. Félagslega fræðslan var færð til skrifstofu ASÍ sem Fræðsludeild

ASÍ og starfar hún undir heitinu MFA og fer eins og áður með rekstur Félagsmálaskóla alþýðu. Fullorðins- og starfsmenntun var færð inn í sérstakt hlutafélag undir heitinu Mímir - símenntun ehf. sem starfar til almannaheilla og er alfarið í eigu ASÍ. Að lokum var skipulag á innihaldi náms fyrir fullorðið fólk fært inn í nýtt félag undir heitinu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) í helmings eigu ASÍ og SA. FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Í kjölfar ársfundar ASÍ 2002 hófust viðræður við fulltrúa menntamálaráðuneytisins um gerð þjónustusamnings milli FA og MMR. Eftir allnokkra fundi með embættismönnum í ráðuneytinu náðist samkomulag í nóvember en málið stoppaði í fjármálaráðuneytinu. Eftir mikið þóf langt fram yfir áramót þar sem lagður var þrýstingur á að forsætisráðuneytið beitti sér í málinu á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Samhliða þessu urðu verulegar mannabreytingar í ráðuneytinu og því tengdust allnokkrar viðhorfsbreytingar til málsins. Jafnframt komu fram efasemdir um að menntamálaráðuneytið væri að seilast inn á svið félagsmálaráðuneytisins, en starfsmenntamál falla undir það. Eftir fund fulltrúa ASÍ og SA með ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, þar sem farið var yfir málið í heild sinni og það sett í samhengi við lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, þar sem kveðið er á um hlutverk menntamálaráðuneytisins við viðurkenningu á almennu starfsmenntanámi, var ákveðið að vinna hratt að lausn málsins í heild sinni.

Í lok mars tókst endanlegt samkomulag um þjónustusamning milli ASÍ/SA og MMR um eflingu fullorðins- og starfsmenntunar fyrir ófaglært fólk, þar sem ríkið mun leggja þessum aðilum til 53 milljónir kr. á árinu 2003 og 60 milljónir kr. á árinu 2004 auk verðbóta.

**Þjónustusamningur**

***milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar um verkefni og fjárframlög til eflingar og endurskipulagningar á starfsfræðslu í atvinnulífinu, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001***

*Menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar annars vegar og hins vegar Alþýðusamband Íslands (ASÍ), kt. 420169-6209, og Samtök atvinnulífsins (SA), kt. 680699-2919, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning:*

*1. gr.*

*ASÍ og SA taka að sér að annast og sjá um framkvæmd samstarfsverkefna um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði, á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Nánar tiltekið fela þessi samstarfsverkefni í sér að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, innflytjendur o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun.*

*Í þessu skyni hafa ASÍ og SA stofnað Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA). FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði sem mun eiga samstarf við menntamálaráðuneytið og þær fræðslustofnanir sem tilgreindar eru í fylgiskjali 1. FA er einnig ætlað að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Samþykktir fyrir FA eru í fylgiskjali 2 með samningnum og ASÍ og SA hafa gert sameiginlega yfirlýsingu um túlkun nokkurra ákvæða í samþykktum FA og er hún í fylgiskjali 3.*

*2. gr.*

*Meginmarkmið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.*

*Verkefni sem FA tekur að sér eru eftirfarandi:*

a) *Að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir markhópa skv. 1. mgr. þessarar greinar, óháð búsetu á landinu.*
b) *Stuðningur við fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum. Undir þetta verkefni fellur gerð námsefnis og sérhæfð kennslufræðileg ráðgjöf til fræðsluaðila.*
c) *Aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár fyrir einstaklinga í markhópnum.*
d) *Almenn upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana. Þetta verkefni skal unnið í samráði við Mennt til að koma í veg fyrir skörun.*

*e) Að annast önnur verkefni sem falla að meginmarkmiði samnings þessa og menntamálaráðuneytið kann að fela FA.*

*3. gr.*

*FA skal fyrir 1. september ár hvert leggja starfs- og rekstraráætlanir sínar fyrir næsta ár fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.*

*FA skal fyrir marslok ár hvert senda menntamálaráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og gera grein fyrir starfsemi síðasta árs. Sérstaklega skal gera grein fyrir verkefnum sem FA hefur unnið samkvæmt samningi þessum og öðrum verkefnum fyrir tilmæli menntamálaráðuneytisins.*

*Menntamálaráðuneytið og FA skulu í sameiningu móta forsendur fyrir mati á árangri starfsemi FA ár frá ári.*

*Gert er ráð fyrir reglulegum samráðsfundum aðila tvisvar á ári sem menntamálaráðuneytið boðar til. Að því samráði koma aðrir aðilar sem málið varðar, s.s. félagsmálaráðuneytið.*

*4. gr.*

*Menntamálaráðuneytið greiðir FA frá og með 2004 kr. 60 milljónir á ári fyrir þá þjónustu sem FA lætur ráðuneytinu í té samkvæmt samningi þessum á áætluðu meðalverðlagi fjárlaga 2003. Fyrir árið 2003 greiðir ráðuneytið kr. 53 milljónir.*

*Greiðslur skv. þjónustusamningi þessum skulu taka breytingum í samræmi við breytingu á almennu verðlagi fjárlaga milli ára á gildistíma samningsins, sbr. 8. gr.*

*Árlegt framlag samkvæmt samningi þessum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum.*

*5. gr.*

*FA ber fulla ábyrgð á framkvæmd verkefna skv. þjónustusamningi þessum en er þó heimilt að kaupa þjónustu verktaka vegna einstakra verkefna.*

*6. gr.*

*Menntamálaráðuneytið annast eftirlit vegna þessa þjónustusamnings. Fulltrúar menntamálaráðuneytisins hafa heimild til að fylgjast með allri fram-*

*kvæmd og starfsemi FA. Umsamin verkefni eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög.*

*7. gr.*

*Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.*

*8. gr.*

*Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. apríl 2003 til ársloka 2006, en að jafnaði skal stefnt að endurnýjun samningsins til þriggja ára í senn.*

*Endurskoðun skal ljúka eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok gildistíma samningsins, enda liggi fyrir verkefni sem samningsaðilar eru sammála um að vinna þurfi. Samningurinn tekur þá þeim breytingum sem samningsaðilar eru sammála um.*

*Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og heldur hvor aðili sínu.*

*Reykjavík, 2. apríl 2003*

*Fylgiskjal 1*

## Tengsl starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. við aðra fræðsluaðila með hliðsjón af skörun og samstarfi

***Starfsmenntaráð:***

Starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Hér er um að ræða nefnd sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins, hefur aðstöðu þar og er með ritara í hlutastarfi. Nefndin veitir styrki til námskeiðahalds samkvæmt umsóknum einkum frá fyrirtækjum, samtökum, félögum og fræðsluaðilum. Markar fjárveitingum sínum stefnu og hefur látið gera rannsóknir á fullorðinsfræðslu.

**Tengsl við FA:**

Starfsemi FA og Starfsmenntaráðs skarast ekki. FA á að geta orðið stuðningur við starfsemi Starfsmenntaráðs.

***Símenntunaramiðstöðvar:***

Þær miðla námskeiðum, sem eru eign ýmissa aðila og haldin eru af þeim.

Þær sinna námsráðgjöf og þarfagreiningu hver á sínu svæði. Sömu aðilar og standa að FA eru í mörgum tilvikum einnig aðilar að símenntunarmiðstöðvum.

**Tengsl við FA:**
Verkefni FA og símenntunarmiðstöðvanna eru um margt hin sömu (miðla fræðslu, greina þarfir, ráðgjöf, hafa frumkvæði að námskeiðum). Sérstaða FA er þó sú að markhópur hennar er fólk á landinu öllu sem horfið hefur frá námi úr skólakerfinu en markhópur símenntunarmiðstöðvanna er ekki skilgreindur. FA á að geta verið e.k. „regnhlíf" fyrir símenntunarmiðstöðvar einstakra svæða varðandi þjónustu við hinn skilgreinda markhóp. Starfsemin er skyld og skarast að hluta. Nærtækt er að FA og símenntunarmiðstöðvar verða nánir samstarfsaðilar á sameiginlegum sviðum.

***Framhaldsskólar og ýmsar fræðslustofnanir:***
Sem dæmi um fræðslustofnun má nefna Mími-símenntun og Námsflokka Reykjavíkur. Þessir aðilar bjóða námskeið af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og atvinnulífið, oft í samvinnu við félagasamtök og fyrirtæki.

**Tengsl við FA:**
FA verður ekki námskeiðahaldari og því skarast starfsemi hennar ekki við það sem framhaldsskólar og aðrar fræðslustofnanir sinna fyrst og fremst. Þessir aðilar verða væntanlega mikilvægir samstarfsaðilar FA við framkvæmd námskeiða og annarrar fræðslu.

***Svæðisvinnumiðlanir:***
Svæðisvinnumiðlanirnar starfa á 12 stöðum á landinu. Þær eiga að beita sér fyrir menntunarúrræðum fyrir atvinnulausa. Oft er þar um að ræða námskeið fyrir ófaglærða einstaklinga sem haldin eru í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar sem sjá um námskeiðahaldið.

**Tengsl við FA:**
Markhópar FA og svæðisvinnumiðlana skarast greinilega. Samstarf FA, símenntunarmiðstöðva og svæðisvinnumiðlana liggur beint við og ætti að geta styrkt stöðu atvinnuleitenda.

***Sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA:***
Fræðslusjóðir (Landsmennt, Sjómennt, Starfsafl, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks) eiga að standa straum af kostnaði félagsmanna við endurmenntun. Fræðslumiðstöðvar löggiltra iðngreina sinna einkum endurmennt-

un fyrir faglærða einstaklinga. Aðrar sameiginlegar stofnanir, nefndir og sjóðir gegna skilgreindum verkefnum.

**Tengsl við FA:**
Starfsemi þessara sameiginlegu stofnana og FA skarast ekki. FA er ætlað að veita þessum sameiginlegu stofnunum þjónustu og fyrirgreiðslu skv. samstarfssamningum.

***Mennt:***
Mennt er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sem meðal annars er að vinna að gerð upplýsingaveitu um menntun.

**Tengsl við FA:**
Eitt að verkefnum FA er upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun um námsmöguleika ófaglærðra sem skarast beint við starfsemi Menntar. Eðlilegt er að hugað verði að samstarfi FA og Menntar frá upphafi.

***Fylgiskjal II***

## Samþykktir fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

***Nafn félagsins, heimili og tilgangur***

*1. gr.*
*Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA).*

*2. gr.*
*Heimilisfang félagsins er að Grensásvegi 16 A, Reykjavík.*

*3. gr.*
*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu. Þessum markmiðum hyggst FA m.a. ná með starfsemi á eftirfarandi sviðum:*

1. *Þarfagreining, ráðgjöf, markmiðssetning og gæðamat.*
2. *Innihaldslýsingar og námsskrár fyrir verkefni, svo og námsefnisgerð og kennslufræðileg aðstoð.*
3. *Þróun aðferða við mat á námsárangri, þ.m.t. mat á óformlegu námi, í samstarfi við menntamálaráðuneytið.*
4. *Samræmd skráning á námi og námsárangri.*
5. *Samræmd vottun á námsframboði í fullorðins- og starfsmenntun.*
6. *Samningar við fræðslufyrirtæki og fræðsluverktaka.*
7. *Samstarfssamningar við fræðslusjóði og símenntunarmiðstöðvar.*
8. *Samráð við hagsmunasamtök innan ASÍ og SA og þjónusta við þau á starfssviði félagsins, svo og við sameiginlegar stofnanir þessara samtaka á sviði fræðslumála.*
9. *Samstarf við stjórnvöld um sameiginleg markmið og umsjón verkefna sem samið verður um.*
10. *Öflun og miðlun upplýsinga um starfssvið félagsins.*

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er m.a. ætlað að þjóna öðrum sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA og að leitast við að verða vettvangur þeirra til samráða og aukins samstarfs og samrekstrar. Við gerð starfsáætlana skal FA hafa samráð við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir að því leyti sem snerta kann starfssvið þeirra.*

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er ekki ætlað að starfa á samkeppnismarkaði með sjálfstætt framboð á námskeiðahaldi, heldur að gera samninga við starfandi félög og fyrirtæki sem starfa á þessum markaði. Til þess að ná sameiginlegum markmiðum er FA heimilt að gera samstarfssamninga til lengri tíma til að stuðla að stöðugu fræðsluframboði.*

*Ekki er heimilt að greiða eigendum arð, en allur hagnaður af starfsemi félagsins rennur til almenningsheilla í formi þess að efla starfsemi félagsins í mennta- og fræðslumálum á íslenskum vinnumarkaði.*

***Hlutafé félagsins***

*4. gr.*

*Hlutafé félagsins er 500.000 kr. (fimm hundruð þúsund krónur). Hlutaféð skiptist í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Aðeins félög, samtök, lögaðilar og fyrirtæki mega eiga hluti í félaginu.*

*Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutafé um kr. 5.500.000,00 í einu eða áföngum.*

*5. gr.*

*Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hlutahafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.*

*Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.*

*6. gr.*

*Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskrá hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.*

*Í hlutaskrá skal greina:*

- *a. Hluti í númeraröð.*
- *b. Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölur.*
- *c. Skráningardag eigendaskipta.*

*Stjórn félags skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.*

***Eigendaskipti að hlutum í félaginu***

*7. gr.*

*Óheimilt er að selja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis stjórnar félagsins.*

*8. gr.*

*Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins.*

*Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum*

*og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs gilda um greiðsluskilmála.*

*Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.*

*Verði eigandaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigandaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrána.*

***Hluthafafundir***

*9. gr.*

*Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda.*

*10. gr.*

*Aðalfundur skal haldinn á heimili félags fyrir lok maí ár hvert.*

*Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn sannanlegan hátt til hvers hluthafa sem skráður er í hlutaskrá félagsins. Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmst sjö dögum fyrir fund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.*

*11. gr.*

*Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða meira en 2/3 hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum án tillits til þess hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.*

*Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.*

*Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:*

*a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;*
*b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum;*
*c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti; eða*
*d. að breyta ákvæðum samþykkta um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.*

*Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.*

*12. gr.*

*Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:*

1. *Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.*
2. *Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.*
3. *Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.*
4. *Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.*
5. *Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og endurskoðenda/skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.*
6. *Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.*

*13. gr.*

*Hagnaði skal aðeins ráðstafað til eflingar starfseminni í samræmi við markmið félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samrýmast markmiðum og starfsemi félagsins, enda liggi fyrir ákvörðun stjórnar um ráðstöfun hverju sinni.*

*14. gr.*

*Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.*

*Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.*

*Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra samkvæmt 2. mgr. 62. gr. ehfl.*

***Stjórn félags og framkvæmdastjórn***

*15. gr.*

*Stjórn félagsins skal skipuð sex mönnum, þremur sem ASÍ tilnefnir og þremur sem SA tilnefna, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. ASÍ skal tilnefna einn varamann fyrir fulltrúa sína og SA einn varamann fyrir fulltrúa sína. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.*

*Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.*

*16. gr.*

*Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.*

*17. gr.*

*Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.*

*Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsmanna. Framkvæmdastjóri skal leggja fyrir stjórn allar ákvarðanir sem teljast óvenjulegar, meiriháttar og stefnumarkandi. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endur-*

*skoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.*

***Reikningar félags og endurskoðun***

*18. gr.*

*Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og endurskoðunarfélag. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né mega þeir vera fjárhagslega háðir félaginu.*

*19. gr.*

*Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.*

*Ársreikningur, undirritaður af félagsstjórn og framkvæmdastjóra, með áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns, skal lagður fram á skrifstofu félags í síðasta lagi viku fyrir aðalfund, skráðum hluthöfum til sýnis. Mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda hlutafélagaskrá ársreikning eða samstæðureikning, ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanns og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur.*

***Breytingar á samþykktum félagsins***

*20. gr.*

*Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 68. gr. ehfl. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal án dráttar tilkynnt hlutafélagaskrá, nema annað tímamark sé sérstaklega fram tekið í samþykktum þessum eða lögum, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.*

*21. gr.*

*Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið*

*hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanefndar. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda með þeim hætti að einungis framreiknað hlutafé gangi til eigenda en eignir umfram skuldir skulu að öðru leyti renna til almannaheilla og verkefna í samræmi við tilgang félagsins.*

***Lokaákvæði***

*22. gr.*

*Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.*

*Starfsemi, skipulag, markmið og samþykktir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins skal taka til sérstakrar endurskoðunar og endurmats í ljósi fenginnar reynslu að þremur starfsárum liðnum.*

*Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann 20. desember 2002.*

| | |
|---|---|
| *f.h. Alþýðusambands Íslands* | *f.h. Samtaka atvinnulífsins* |
| *Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ* | *Finnur Geirsson, formaður SA* |
| *(Sign)* | *(Sign)* |

***Fylgiskjal III***

## Aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 6.11.2002

*Yfirlýsing til skýringar varðandi „Fræðslumiðstöð atvinnulífsins"*

Að gefnu tilefni taka undirbúningsaðilar „Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins" (FA) fram eftirfarandi:

- *Ákvæði í 3. gr. frumvarps að „Samþykktum fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf." eru almenn lýsing. Ætlunin er að nánari skilgreiningar og útfærslur verði m.a. í starfsáætlunum. Sérstaklega er tekið fram að FA er ætlað að vera reiðubúið til að þjóna öðrum sameiginlegum fræðslustofnunum og fræðslusjóðum, þ.á m. fulltrúum atvinnulífsins í starfsgreinaráðum, Mennt o.fl., og á að hafa samráð við gerð starfsáætlana sinna, m.a. til þess að koma í veg fyrir skörun og tvíverknað.*

- *Ákvæði í 1. tölulið 3. greinar lúta að eflingu fræðsluframboðs í fullorðins- og starfsmenntun m.t.t. undirbúnings, og að gerð mælistikna o.þ.h. fyrir bæði fræðsluframboð og einstök námskeið. Með þarfagreiningu er átt við greiningu á mennta- og þekkingarþörf bæði fyrirtækja og einstaklinga á vinnumarkaði og með ráðgjöf er átt við náms- og starfsráðgjöf til þess að auðvelda þessum aðilum að fullnægja þeim þörfum.*

- *Ákvæði í 4. tölulið 3. greinar lýtur að bættri þjónustu í samstarfi m.a. við aðrar fræðslustofnanir og í fyllsta samræmi t.d. við kröfur um persónuvernd. Leitað verður álits Persónuverndar um endanlega útfærslu þessa liðar.*

- *Ákvæði í 5. tölulið 3. greinar miðast við þann skilning að opinbert mat og viðurkenning á óformlegu námi til námseininga í almenna skólakerfinu er á vettvangi stjórnvalda, einkum menntamálaráðuneytisins. FA er einkum ætlað að framfylgja þeim reglum og mælistikum sem settar verða, hvort sem er af hálfu yfirvalda menntamála eða annarra sameiginlegra stofnana.*

Samningar milli ASÍ, SA og menntamálaráðherra voru síðan undirritaðir við hátíðlega athöfn í matsal Granda þar sem fjöldi gesta úr fræðsluumhverfi samtakanna voru viðstaddir en Tómas Ingi Olrich ávarpaði gesti af þessu tilefni.

Í kjölfar undirskriftar þjónustusamningsins ákvað stjórn FA að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra lausa. Á sjöunda tug umsækjenda sótti um stöðuna og var Hagvangi falið að vinna úr umsóknum og kynna fyrir stjórn fimm hæfustu umsækjendurna. Eftir að stjórnin hafði tekið viðtal við þessa fimm umsækjendur var ákveðið að ganga til viðræðna við Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur og var hún ráðin framkvæmdastjóri frá og með 15. júní.

Mjög mikið starf hefur verið unnið í stjórn félagsins við að móta upphaf starfseminnar og hafði stjórnin um miðjan september haldið 19 fundi. Búið er að koma starfseminni fyrir að Grensássvegi 16 A til bráðabirgða, en gerður var leigusamningur til 3ja ára í því húsnæði en þangað er hægt að bjóða þeim sem áhuga hafa á sambýli og þjónustu. Stefnt er að samstarfi við Tækniháskóla Íslands í húsnæðismálum í framtíðinni.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt áherslu á að móta stefnu fyrirtækisins í fræðslu- og ráðgjafamálum, setja verklagsreglur um einstaka þætti og hafa jafnhliða ýtt einstaka verkefnum úr vör. Unnið hefur verið að gerð samstarfssamnings við Mími - símenntun ehf. um sambýli og þjónustusamning og

að því stefnt að hann verði fyrirmynd að samningi við aðrar símenntunarmiðstöðvar vítt og breitt um landið.

Stefnt er að því að kynna starfsemi FA með sérstöku boði fyrir samstarfsaðila í nóvember n.k.

## Félagsleg fræðsla

Markmið MFA er að efla talsmenn stéttarfélaga til að takast á við þau mörgu verkefni sem þeir sinna með því að bjóða upp á fræðslu, námskeið og útbúa námsefni sem uppfyllir þarfir þeirra. Hlutverk deildarstjóra er að þekkja þarfir félaganna miðað við aðstæður og umhverfi hverju sinni.

Deildarstjóri mótar í samvinnu við menntanefnd og stjórnir stéttarfélaga heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining er hluti af mótun stefnu sem hófst í byrjun þessa árs og er á lokastigi. Þarfagreining og stefnumótun eru hluti af daglegu starfi deildarstjóra og þess vegna er staðsetning félagslegrar fræðslu innan ASÍ mikilvæg því samskipti og tengsl við talsmenn eru meiri við það.

Í byrjun ársins var námsframboði breytt, áður var Félagsmálaskólinn með fimm daga námskeið en á síðustu vorönn voru námskeiðin styttri og fleiri. Með þessu var verið að koma til móts við þarfir talsmanna því það getur verið erfitt að fara frá í lengri tíma. Lögð er áhersla á að innihald, lengd og staðsetning námskeiðanna sé eins sveigjanlegt og kostur er. Einnig er reynt að koma til móts við óskir félaga um leiðbeinendur.

MFA fræðsludeild hefur stjórn og er það menntanefnd ASÍ. Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar einnig skólastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur var gerður við Mími - símenntun um ýmsa framkvæmdaþætti námskeiða.

## Dagleg starfsemi MFA

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og stjórnir.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn eru hönnuð og skipulögð sérstaklega með þarfir þeirra í huga. Þess vegna hefur verið gerður vísir að námskrá fyrir þá námsþætti sem eru í boði fyrir trúnaðarmenn, sem stéttarfélögin fengu sendan. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá. Stéttarfélög senda einnig trúnaðarmenn, sem lokið hafa grunnfræðslu á námskeið sem eru auglýst og ætluð þeim sem og öðrum talsmönnum.

Stéttarfélög og landssambönd hafa pantað námskeið fyrir stjórnir og starfs-

menn sína og hafa einnig fengið ráðgjöf um hvers konar fræðslu þörf er á og námskeið hafa verið mótuð í samvinnu við deildarstjóra.

Hverja vor- og haustönn eru námskeið í boði sem eru opin öllum talsmönnum stéttarfélaga. Námskeiðaframboð vorannar tók mið af því að kjarasamningar eru framundan en einnig voru önnur almenn námskeið í boði. Aðsókn var góð og voru sum námskeiðin haldin nokkrum sinnum. Sum félög tóku sig saman og fengu námskeiðin til sín og einnig pöntuðu einstök félög námskeið sérstaklega fyrir talsmenn sína.

Útgáfa námsefnis er hluti af starfi fræðsludeildar. Námsefni fyrir trúnaðarmenn hefur verið í endurskoðun og verður gefin út öflug handbók fyrir trúnaðarmenn í október. Sérfræðingar ASÍ semja kennslu- og námsefni fyrir fræðsludeildina og hafa starfsmenn lögfræðideildar og félagsmáladeildar gert tékk- og gátlista fyrir trúnaðarmenn sem snerta vinnulöggjöfina og réttindi launafólks. Stöðug og öflug gerð kennsluefnis er í höndum MFA sem og starfsmanna ASÍ. Einnig hafa sérfræðingar ASÍ gert bæklinga sem eru notaðir sem ítarefi á námskeiðum. MFA kaupir náms- og kennsluefni frá aðilum utan ASÍ eins og þurfa þykir. Í ár var gefið út vefnámskeiðið Einelti á vinnustað sem er inn á vefsíðu ASÍ og er opið öllum. Fljótlega verður opnað vefnámskeiðið Trúnaðarmaður: starf og staða samkvæmt lögum og kjarasamningum sem verður einnig á vefsíðu ASÍ. Vefnámskeið eru nýjung sem á að gera talsmönnum kleift að sækja fræðslu og þekkingu hvar og hvenær sem þeir vilja.

Kynning á námskeiðum og fræðslu sem er í boði fer fram á ýmsan hátt. Bréf eru send til starfsmanna og stjórna og tölvupóstur í upphafi annar og fyrir hvert námskeið. Deildarstjóri fer á fundi hjá landssamböndum og stéttarfélögum og kynnir námsframboð og áherslur í byrjun hverrar annar.

## Námskeið starfsárið 2002 til 2003

***Trúnaðarmannanámskeið***
Félagsmálaskóli alþýðu hélt 21 trúnaðarmannanámskeið á sl. starfsári. Þau voru allt frá því að vera eins dags löng og upp í fimm daga. Alls voru þátttakendur á trúnaðarmannanámskeiðum 292, 169 konur og 123 karlar. Heildarnemendastundir voru samtals 7.674 eða alls 70 dagar.

***Félagsstjórnunarnám***
Haldin voru 19 námskeið og voru þátttakendur á þessum námskeiðum 389, fjöldi kvenna var 221 og karla 168. Heildarnemendastundir voru samtals 5.237 eða alls 36 dagar. Ýmist voru þessi námskeið auglýst og opin öllum eða á vegum stéttarfélaganna.

Á sl. starfsári voru haldin sex námskeið í samningagerð og samningatækni, fjögur námskeið í samskiptum við félagsmenn í vanda, tvö í verkefnastjórnun í kjarasamningum og eftirfarandi námskeið einu sinni: notkun hagfræðihugtaka í kjarasamningum, framkoma í fjölmiðlum, tryggingar, hópuppsagnir og aðilaskipti í fyrirtækjum.

Sérstakt námskeið, hlutverk og starfsemi lífeyrissjóða, var haldið fyrir fulltrúa ASÍ í stjórnum lífeyrissjóða

## Málþing um menntamál

Menntanefnd ASÍ ákvað í samráði við miðstjórn ASÍ að efna til málþings um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun föstudaginn 10. janúar 2003. Verkefni málþingsins var að fjalla um skipulag í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun hér á landi, aðkomu ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar að málaflokknum og áherslur til framtíðar.

Af hálfu menntanefndar ASÍ er markmiðið með málþinginu að efla umræðu um málaflokkinn á vettvangi ASÍ með upplýsingamiðlun, skoðanaskiptum og stefnumótun um sameiginleg mál. Það er ekki síst mikilvægt nú þegar ákveðið hefur verið að breyta aðkomu ASÍ að skipulagi starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu m.a. með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. og breytingum á uppbyggingu og verkefnum Mímis.

Málþingið var ætlað forystumönnum aðildarfélaga og sambanda innan ASÍ, fulltrúum aðildarfélaga og sambanda sem eru sérstaklega að sinna starfsmenntun og fullorðinsfræðslu og starfsmönnum fræðslustofnana og sjóða á vegum verkalýðshreyfingarinnar.

Finnbjörn A. Hermannsson formaður menntanefndar ASÍ setti málþingið. Þá flutti Halldór Grönvold erindi sem hann kallaði „Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu - heildarmyndin / yfirlit“. Gylfi Arnbjörnsson og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir fluttu erindi undir yfirskriftinni „Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mímir - ný tækifæri“. Þá fjölluðu eftirtaldir aðilar um „Framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar um starfsmenntun og fullorðinsfræðslu“: Alda Sigurðardóttir frá Landssambandi ísl. Verzlunarmanna, Ólafur Jónsson frá MATVÍS, Guðmundur Gunnarsson frá Rafiðnaðarsambandi Íslands, Guðmundur Ó. Guðmundsson frá Samiðn, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Starfsgreinasambandi Íslands og Hrefna Hallgrímsdóttir frá félögum með beina aðild.

Málþingið var mjög vel sótt og spunnust líflegar umræður um menntamálin, mikilvægi þeirra fyrir verkalýðshreyfinguna og launafólk og starfið framundan.

Hér á eftir fylgir hluti af greinargerð sem lögð var fyrir málþingið um þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu.

## Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu

***Yfirlit - heildarsýn***

*Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga - fyrirtæki og samfélagið - þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.*

*Bætt menntun hefur að markmiði að veita einstaklingnum lífsfyllingu, efla sjálfstæði hans, auðvelda honum að takast á við viðfangsefni hins daglega lífs og að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og þróun þess.*

*Úr „Áherslur og helstu verkefni ASÍ“*

Allt frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi hafa menntunarmál félagsmannanna verið eitt af viðfangsefnum stéttarfélaga og síðar heildarsamtakanna og stofnana þeirra. Það er jafnframt ljóst að áherslan á menntamálin og þá einkum á starfsmenntun og fullorðinsfræðslu hefur aukist gífurlega á vettvangi stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar á allra síðustu árum.

Byltingarkenndar breytingar í samfélaginu og ör þróun á skipulagi vinnunnar og í atvinnulífinu almennt kalla á nýja sýn og uppbyggingu allrar menntunar, ekki síst endur- og eftirmenntunar og fullorðinsfræðslu. Góð undirstöðumenntun og menntun alla ævina - símenntun - eru í ríkari mæli enn nokkru sinni fyrr lykillin að velgengni og samkeppnishæfni samfélaga og atvinnulífs og forsenda lífsgæða einstaklinga, hvort sem er á vinnumarkaði eða í samfélaginu almennt. Við göngu jafnvel svo langt að segja að ný samfélagsgerð, upplýsinga- og þekkingarsamfélagið sem byggir á þekkingu, hafi tekið við af iðnaðarsamfélaginu eða sé forsenda þess að það verði til. Jafnframt fullyrðum við að öflug grunnmenntun og símenntun séu eitt mikilvægasta tækið sem við búum yfir til að berjast gegn ójöfnuði og stéttarskiptingu í þjóðfélaginu.

Það er með framangreind sjónarmið í huga sem verkalýðshreyfingin hér á landi, jafnt stéttarfélögin, landssamböndin og heildarsamtökin vinna nú að menntamálum félagsmanna sinna. Um leið er ljóst að félagsmennirnir gera þá kröfu að verkalýðshreyfingin hafi forystu á þessu sviði. Þessi þróun er ekki

bara bundin við Ísland. Sama gildir um norræna og evrópska verkalýðshreyfingu og samstarfið á þeim vettvangi.

## Forysta iðnaðarmanna í starfsmenntun

Iðnaðarmenn og samtök þeirra, bæði atvinnurekenda og sveina, voru leiðandi í félags-, mennta- og menningarstarfsemi hér á landi á 19. öld. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík rak kvöld- og sunnudagaskóla fyrir iðnaðarmenn sem þróaðist í reglulegan iðnskóla sem stofnaður var 1904. Grunnmenntun iðnaðarmanna færðist á miðri 20. öld yfir á herðar ríkisins en þrátt fyrir það hafa iðnaðarmenn ætíð haft vakandi auga með menntaþörf eigin iðngreina. Með aukinni tækniþróun jókst þörfin fyrir endur- og eftirmenntun iðnaðarmanna. Sú verkaskipting þróaðist að hið opinbera skólakerfi sinni grunnmenntuninni samkvæmt þeim áherslum sem mótuð er af atvinnulífinu, en atvinnulífið sjálft, einkum með samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda, hefur séð um endur- og eftirmenntun og innleiðingu nýjunga í tækni og aðferðum í einstaka iðngreinum.

Fræðslustofnanir iðnaðarins hafa flestar orðið til í umhverfi löggiltra iðngreina á seinustu 20 árum. Þær rekja upphaf sitt til samkomulags meistara og sveina í iðnaði um eftirmenntunarnefndir iðngreina sem komið var á fót í fjölmennustu iðngreinunum í samstarfi við Iðntæknistofnun með sérstöku fjárframlagi frá Iðnaðarráðuneytinu um og eftir 1970. Eftirmenntunarnefndirnar þróuðu síðar sérstakar endurmenntunarstofnanir með beinum framlögum frá samtökum launafólks og atvinnurekenda innan iðnaðarins eða með sjálfstæðum tekjustofni.

Endurmenntunarnefndir iðngreinanna byggðu á samstarfi samtaka atvinnurekenda og launafólks. Með endurmenntunarnefndunum og síðar fræðslustofnunum sem byggðar voru á grunni þeirra skapaðist dýrmæt þekking og reynsla af samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda sem síðar hefur með öðru lagt grunninn að, eða í það minnsta stuðlað að, samstarfi þessara aðila í öðrum greinum atvinnulífsins og á vettvangi heildarsamtakanna.

## Starfsmenntun fyrir verka-, verslunar- og skrifstofufólk og sjómenn

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnaði árið 1905 Verzlunarskóla Íslands og rak hann til ársins 1922 þegar Verslunarráð Íslands yfirtók rekstur hans. Verzlunarskólinn var lengi framan af eini vettvangurinn fyrir starfsmenntun í verslunargreinum. Rétt er að geta þess að Verzlunarmannafélag Reykjavíkur var á þessum tíma samtök allra þeirra sem störfuðu við verslun í Reykjavík, jafnt launafólks og atvinnurekenda.

Á vegum Starfsstúlknafélagsins Sóknar og Reykjavíkurborgar hófst starfsmenntun fyrir félagsmenn í aðhlynningu og barnagæslu árið 1976. Síðan fylgdu samningar fyrir fleiri hópa Sóknarfélaga. Þá komu einnig fleiri sveitarfélög inn með hliðstæða samninga við stéttarfélög starfsmanna sinna.

Árið 1986 urðu tímamót í fræðslumálum almenns verkafólks þegar Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar var stofnuð í tengslum við gerð kjarasamninga það ár. Starfsfræðslunefndin var sett á stofn með fjárframlögum úr ríkissjóði og var hlutverk hennar að skipuleggja starfsmenntun fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Starf hennar byggði á samstarfi stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda í greininni. Ári síðar hélt Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks fyrsta starfsmenntanámskeiðið með fjárframlagi úr ríkissjóði. Nefndin byggði á samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda utan löggiltra iðngreina og hafði það hlutverk að byggja upp grunnstarfsmenntun fyrir iðnverkafólk í fjölmörgum greinum verksmiðjuiðnaðar, þvottahúsum og efnalaugum. Báðir þessir aðilar stóðu fyrir öflugu námskeiðahaldi.

Á 10. áratug aldarinnar færðist síðan í vöxt að einstaka stéttarfélög, oft í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, skipulegðu starfsmenntun og fullorðinsfræðslu fyrir félagsmenn sína með aðstoð Menningar- og fræðslusambands alþýðu, MFA.

Í kjarasamningum á árinu 2000 var í samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda og stjórnvalda samið um starfsfræðslusjóði fyrir almennt verkafólk, Landsmennt og Starfsafl og þeim tryggt fjármagn út samningstímann. Sama ár er einnig samið um Starfsmenntasjóð fyrir verslunar- og skrifstofufólks, en hann byggði á samstarfi sem hafist hafði nokkru áður milli samtaka verslunarmanna og atvinnurekenda um starfsmenntun.

Í lok maí 2002 var loks undirritað samkomulag samtaka sjómanna (SSÍ) og atvinnurekenda (SA og LÍÚ) um stofnun fræðslusjóðs vegna starfsmenntunar sjómanna, Sjómennt.

Loks má geta þess að nokkrir samningar hafa verið gerðir milli einstaka stéttarfélaga og viðsemjenda um starfsmenntasjóði eða starfsmenntun félagsmanna.

## Hringnum lokað

Með samningunum um stóru starfsmenntasjóðina á árinu 2000 og Sjónmennt árið 2002 má segja að hringnum hafi verið lokað. Með því er átt við að skipulagi hefur verið komið á samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda um starfsmenntun í þorra þeirra starfs- og atvinnugreina sem aðildarfélög og sambönd Alþýðusambands Íslands taka til.

Þess ber þó að geta að samningarnir við Samtök atvinnulífsins um stóru

starfsmenntasjóðina þrjá árið 2000 gilda aðeins út samningstímann og um Sjómennt til maí 2004. Það hlýtur því að verða eitt helsta viðfangsefni næstu samninga að festa uppbyggingu og stuðning við starfsmenntun í viðkomandi greinum í sessi.

## Félagsmála- og fullorðinsfræðsla og starfsmenntun - MFA

Eftir umræðu á vettvangi Alþýðusambandsins var árið 1969 samþykkt reglugerð fyrir fræðslustofnun á vettvangi heildarsamtakanna, Menningar og fræðslusambands alþýðu. Í reglugerð fyrir MFA kom fram að því væri ætlað að sinna almennri fullorðinsfræðslu, félagsmálafræðslu og starfsmenntun. Starfsemin fór hægt af stað en efldist með árunum. Í upphafi var áherslan einkum lögð á félagsmálafræðslu fyrir trúnaðarmenn og aðra talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Sú starfsemi fékk síðar mun traustari grunn, þegar ákvæði um rétt trúnaðarmann til að sækja námskeið á launum kom inn í kjarasamninga 1977. Félagsmálaskóli alþýðu var síðan stofnaður með þátttöku verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda og fjármögnun á fjárlögum með sérstökum lögum 1989. Þar með var skotið sterkum fjárhagslegum stoðum undir félagsmálafræðslu á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar.

Með yfirtöku MFA á Tómstundaskólanum um mitt ár 1986 og síðar kaupum á Málaskólanum Mími efldist starf verkalýðshreyfingarinnar að almennri tómstunda- og fullorðinsfræðslu til mikilla muna.

Í lok 9. áratugarins hóf MFA að þróa og skipuleggja starfsmenntanámskeið fyrir einstaka hópa launafólks, oftast á grundvelli kjarasamninga sem gerðir höfðu verið um slík námskeið. Samhliða vaxandi áhuga og skilningi á mikilvægi starfsmenntunar fyrir verkafólk á síðasta áratug 20. efldist þessi þáttur í starfi MFA til muna. Með lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu árið 1992 og starfsmenntasjóði var skotið traustari fjárhagslegum stoðum undir þetta starf MFA að starfsfræðslu fyrir verkafólk í samstarfi við stéttarfélög, sambönd og atvinnurekendur. Þá tók MFA mikilvægt frumkvæði í þróun menntunar fyrir atvinnulausa á síðasta áratugnum.

Með ákvörðun sem tekin var á vettvangi Alþýðusambandsins á árinu 2002 var ákveðið að skilja félagsmálafræðsluna frá annarri starfsemi sem MFA hafði með höndum. Stjórn og þróun félagsmálafræðslunnar var flutt til ASÍ en stofnað var einkahlutafélag Mímir - símenntun ehf. sem ætlað er að reka og þróa frekar almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun og leita jafnframt samstarfs við sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að Mímir verði símenntunarmiðstöð fyrir svæðið.

## Stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi ASÍ

Vaxandi umræða og skilningur á breytingum í samfélaginu og mikilvægi starfsmenntunar þegar kom fram á 9. áratug 20. aldar skilaði sér eðlilega inn á vettvang Alþýðusambandsins. Innan aðildarfélaga og samtaka ASÍ og hjá MFA fór áhugi á starfsmenntun ört vaxandi. Samhliða jókst þekking á þessum málaflokki hröðum skrefum og skilningur á því að treysta yrði lagalegan grundvöll og ábyrgð og skyldur samfélagsins gagnvart launafólki hvað varðaði starfsmenntun. Þessar áherslur endurspegluðust í starfi á vettvangi ASÍ, í undirbúningi og síðan við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu árið 1992, þar sem Alþýðusambandið hafði leiðandi hlutverk.

Vinna að stefnumótun í menntamálum á vettvangi ASÍ hélt áfram í tengslum við starf nefndar menntamálaráðherra í byrjun síðasta áratugar um stefnumótun í menntamálum, sem tók til allra skólastiga og fullorðinsfræðslu. Stór hópur fulltrúa ASÍ, MFA og aðildarsamtakanna kom að þessari vinnu. Sama gilti um vinnu við umsagnir um lagafrumvörp um grunnskóla og framhaldsskóla sem fylgdu í kjölfarið. Þessi vinna skilaði sér m.a. í heildstæðri stefnu Alþýðusambandsins til menntunar á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, háskólastigi, endur- og eftirmenntunar og almennrar fullorðinsfræðslu sem samþykkt var á þingi ASÍ 1996.

Með lögum um framhaldsskóla var hlutverk aðila vinnumarkaðarins og áhrif á starfsmenntun á framhaldsskólastigi skilgreint upp á nýtt. Sett var upp samstarfsnefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um og hafa heildarsýn varðandi starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Jafnframt voru sett upp starfsgreinaráð fyrir einstaka starfsgreinaflokka (nú 14 talsins) með fulltrúum launafólks, atvinnurekenda og menntamálayfirvalda til að þróa starfsmenntunina í viðkomandi greinum.

Starfsemi starfsgreinaráðanna hefur þróast með nokkuð mismunandi hætti. Í sumum greinum hafa þau náð að eflast og hafa leiðandi áhrif á mótun menntunar á framhaldsskólastigi á sínu sviði meðan önnur hafa litlu fengið áorkað, enn sem komið er að minnsta kosti. Þar hefur mestu skipt hversu öflug umræða og fræðslustarf var fyrir í viðkomandi starfs- og atvinnugreinum. Þannig hafa fræðslunefndir í sumum iðngreinum nánast tekið yfir verkefni starfsgreinaráðanna og tengt þau starfi sínu að uppbyggingu og rekstri endur- og eftirmenntunar.

## Samstarf á heildarvettvangi um starfsmenntun eflt

Reynslan að samstarfi fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda um starfsmenntun á vettvangi menntastofnana og sjóða atvinnulífsins og síðar í starfsgreinaráðunum, í Starfsmenntaráði skilaði mikilvægum árangri. Gagn-

kvæmt traust og trúnaður skapaðist í samskiptum þessara aðila og samræður um markmið og leiðir urðu til að efla skilning á sameiginlegum hagsmunum atvinnulífsins af því að efla starfsmenntun.

Samráð aðila vinnumarkaðarins varð til þess að í lok árs 1998 höfðu ASÍ og heildarsamtök atvinnurekenda (VSÍ) frumkvæði að stofnun MENNTAR - samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla. Með því vildu samtökin treysta samstarf sitt að stefnumótun og framkvæmd í menntamálum og byggja um leið upp formlegt samstarf við framhalds- og háskólastigið. Jafnframt var tilgangurinn að efla þekkingu þessa aðila á alþjóðlegu starfi um menntamál og aðstoða þá við að nýta sér þau tækifæri sem þar bjóðast. Þá var MENNT hugsuð sem verkfæri til að aðilar vinnumarkaðarins í samstarfi við skólana gætu tekið að sér ýmist verkefni fyrir menntayfirvöld sem stæðu þeim nær. Í framkvæmd hefur MENNT einnig orðið samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins, skólanna og símenntamiðstöðva sem risið hafa upp vítt og breytt um landið.

Í framhaldi af umræðu sem ASÍ tók virkan þátt í var árið 1998 skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um fimm ára átak í símenntun, sem aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að. Nefndin hefur átt frumkvæði að umræðu og ýmsum verkefnum á því sviði. Þar má m.a. nefna viku símenntunar sem MENNT hefur séð um og Starfsmenntaráð styrkt.

Í byrjun árs 1999 varð að samkomulagi á milli ASÍ og Samtaka iðnaðarins að samtökin samræmdu sjónarmið sín og leituðu eftir samstarfi við menntamálaráðherra um að þessir aðilar yfirtækju Tækniskóla Íslands og þróuðu hann yfir á háskólastig. Samtökin fengu síðan rannsóknarstofnanir atvinnuveganna og samtök verk- og tæknifræðinga til liðs við sig. Með þessu vildu ASÍ og SI efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi en varðveita um leið sérkenni Tækniskólans vegna tengsla hans við atvinnulífið og sem valkosts fyrir fólk úr atvinnulífinu sem vildi sækja sér frekari verk- og tæknimenntun og rekstarþekkingu. Það er skemmst frá því að segja að eftir mikla vinnu sem lögð var fram af hálfu framangreindra aðila og stranga viðræðulotu með menntamálayfirvöldum slitnað upp úr samningum. Ástæða þess var að menntamálaráðherra var ekki tilbúinn til að gera samning við aðila vinnumarkaðarins og samstarfsaðila þeirra um framlög til uppbyggingar og reksturs skólans, sem skapað gæti nauðsynlegan grundvöll undir starfsemi skólans.

Loks má nefna að á Evrópuvettvangi taka fulltrúar ASÍ og SA þátt í stefnumótun og framkvæmd starfsmenntunar í gegnum Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunina auk þess sem þeir sitja í stjórn landsskrifstofu vegna áætlunarinnar hér á landi. Þá hafa þeir möguleika á þátttöku í stefnumótun og samráði um starfsmenntun og þróun hennar á vettvangi Evrópusamtaka launafólks

(ETUC) og atvinnurekenda (UNICE/CEEP). Þessir aðilar skiluðu m.a. í byrjun árs 2002 sameiginlegu áliti á Evrópuvísu um mikilvægi starfsmenntun og áherslur á því sviði. Einnig hefur MFA tekið þátt í Norrænu og alþjóðlegu starfi á sviði starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu.

## Stefna mótuð til framtíðar

Gott og vaxandi samstarf fulltrúa heildarsamtaka og starfs- og atvinnugreinasamtaka launafólks og atvinnurekenda á síðustu árum við stefnumótun og framkvæmd starfsmenntunar á ólíkum sviðum og mismunandi stöðum leiddi til þess að fulltrúar Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins í Starfsmenntaráði ákváðu árið 2000 að taka saman „Skýrslu um samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál“. Í inngangi skýrslunnar sem kom út í maí 2001 sagði m.a. um tilgang hennar:

„Markmið þessarar greinargerðar er tvenns konar:

1. Að birta yfirlit um sameiginlega þætti og starfsemi félaga og samtaka í atvinnulífinu um menntamál, sérstaklega í samvinnu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.
2. Að gera tillögu um aukna samvinnu atvinnurekenda og launafólks í menntamálum.

Hér er um að ræða yfirlit sem vonast er til að geti orðið handhægt gagn til að nota við frekari uppbyggingu starfsmenntunar hér á landi.“

Í lok skýrslunnar er sett fram framtíðarsýn ASÍ og SA varðandi samstarf þeirra að menntamálum. Þar segir m.a.:

„Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa á undanförnum árum lagt áherslu á framgang menntunar, ekki síst starfsmenntunar, bæði innan og utan hins opinbera menntakerfis. Atvinnulífið þarf að geta treyst á öflugt menntakerfi til þess að þróast í takt við kröfur nútímans. Þetta er í samræmi við hraðfara alþjóðavæðingu.“

Þá er fjallað um áherslur ASÍ og SA í menntamálum. Talin eru upp í 6 liðum hver sameiginleg verkefni aðila vinnumarkaðarins á sviði menntamála ættu að vera. Loks segir:

„Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavina“ þeirra: stjórnvalda, skóla, félaga og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast. Skrifræðið minnkar.“

## Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA

Um sama leyti og skýrsla ASÍ og SA kom út fór fram mikil umræða innan stjórnar MFA um starfsemina og hvaða leiðir væru til þess að efla hana og þá á hvaða sviðum. Stjórn MFA lagði fram hugmyndir að samstarfi fræðslumiðstöðva í atvinnulífinu undir vinnuheitinu „Fræðslumiðstöð atvinnulífsins“. Markmiðið var að samhæfa krafta þeirra fræðsluaðila og sjóða, sem verkalýðshreyfingin á aðild að. Helsta inntak hugmyndanna var að byggja upp nýtt fyrirtæki sem væri þjónustufyrirtæki fyrir allar starfandi fræðslumiðstöðvar og sjóði aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk fyrirtækisins væri að miðla námskeiðum milli eignaraðila og bjóða uppá námskeið á almennum sviðum, s.s. tungumál, tölvur og tómstundanám.

Til þess að mynda kjarna í Fræðslumiðstöðinni yrði allt námsframboð á vegum Mímis - Tómstundaskólans og MFA að undanskyldri félagslegri fræðslu lagt inn í Fræðslumiðstöðina. Hugmyndirnar voru fyrst kynntar fyrir forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar og síðan starfsmönnum og forsvarsmönnum fræðslumiðstöðva sem eru á samningssviði ASÍ og fengu þær alls staðar góð viðbrögð. Í því ljósi var ákveðið að kynna forystu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hugmyndirnar með ósk um viðræður um frekari útfærslu.

Við frágang á samkomulagi við stjórnvöld í tengslum við frestun á endurskoðun kjarasamninga í desember 2001 lagði ASÍ mikla áherslu á að ríkisstjórnin myndi tryggja fjármagn til reksturs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í kjölfar þess gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um eflingu starfsmenntunar:

„Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum.“

Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fylgdu vilyrði um umtalsverðan fjárstuðning til verkefnisins ef af samstarfinu yrði.

Strax í byrjun janúar 2002 óskaði ASÍ eftir formlegum viðræðum við atvinnurekendur um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. Jafnframt fór á næstu vikum og mánuðum fram mikil umræða og stefnumótunarvinna á vettvangi ASÍ, þar sem mikill fjöldi einstaklinga, fulltrúar frá nánast öllu fræðslustarfi hreyfingarinnar auk ASÍ, tók þátt. Út úr þessari vinnu komu ákveðnar tillögur sem samþykktar voru á vettvangi ASÍ sem umræðugrundvöllur.

Í viðræðunum við samtök atvinnurekenda kom fram nokkur áherslumunur, einkum vegna þess að fulltrúar SA vildu ekki taka þátt í samkeppnisrekstri í

námskeiðahaldi. Samkomulag náðist hins vegar um að stofna sameiginlega Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á þeim grunni sem lýst er í samþykktum fyrir FA ehf.:

,,Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu.“

Síðan er takið upp í samþykktunum hvernig ná megi þessum markmiðum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var síðan formlega stofnuð í lok árs 2002. FA er alfarið í eign ASÍ og SA að jafn stórum hluta og skipa samtökin 6 manna stjórn.

Jafnframt var Mímir - símenntun ehf. stofnuð til að yfirtaka og þróa námskeiðahald í almennri fullorðinsfræðslu og starfsmenntun sem áður var hjá MFA og Mími - Tómstundaskólanum, eins og áður er vikið að. Samkomulag varð milli ASÍ og SA um að ASÍ stæði eitt að stofnun Mímis - símenntunar ehf., en að gerður yrði samstarfssamningur við FA um framkvæmd einstakra námskeiða ásamt sambýli og samrekstri á einstaka þáttum starfseminnar. Samhliða þessu hefur ASÍ boðið fulltrúum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs til viðræðna um stofnun Símenntunarmiðstöðvar höfuðborgarsvæðisins með sameiningu námsflokka sveitarfélaganna og Mímis - símenntunar ehf. Þær viðræður hófust í desember 2002.

## Næstu verkefni

Mikil þróun og mikilvægar breytingar hafa orðið á umhverfi starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu á síðustu misserum og árum. Samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda hefur vaxið að umfangi og dýpkað, hvort heldur litið er til heildarinnar eða stefnumótunar og framkvæmdar starfsmenntunar í einstaka starfs- og atvinnugreinum á sviði grundvallarstarfsmenntun og endur- og eftirmenntunar. Jafnframt hefur fjármagn til þessa málaflokks vaxið mikið, bæði frá stjórnvöldum og frá atvinnulífinu beint. Þá hefur þeim verkfærum sem verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda hafa yfir að ráða í þessum málaflokki fjölgað og þau verið bætt.

Verkalýðshreyfingin, á vettvangi heildarsamtakanna, landssambanda og einstakra aðildarfélaga, stendur nú frammi fyrir mikilvægu verkefni. Hún þarf að móta sér skoðun, og hafa um það samráð við samtök atvinnurekenda, með

hvaða hætti við getum best nýtt hagfelldar aðstæður sem við höfum skapað og þau fjölmörgu verkfæri sem við ráðum yfir. Markmiðið er skýrt. Að efla starfsmenntun og fullorðinsfræðslu og treysta þannig stöðu félagsmanna okkar á vinnumarkaði og auka lífsgæði þeirra.



*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ og Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands takast í hendur að aflokinni undirskrift á samkomulagi ASÍ og ÞSSÍ á síðasta ársfundi.*

# Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvoru tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Alþjóðavæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur, en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Samstarf á vettvangi Norðurlandanna var lengi vel þungamiðjan í alþjóðastarfi ASÍ. Á undanförnum árum hefur samstarf á Evrópuvettvangi vaxið mjög, einkum eftir að Ísland gerðust aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þá hefur verið lögð vaxandi áhersla á starf að réttindamálum launafólks á alþjóðavísu.

Samstarfið innan Norræna verkalýðssambandsins, **NFS**, og á vettvangi Evrópusambands verkalýðsfélaga, **ETUC**, eru í dag þungamiðjan í starfi ASÍ á vettvangi alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. ASÍ er einnig aðili að Alþjóðasambandi frjálsra verkalýðsfélaga, **ICFTU**. Auk norræna samstarfsins í NFS er ASÍ aðili að samstarfi verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi, VN, ásamt samtökum launafólks á Grænlandi og í Færeyjum. Þá á ASÍ aðild að **SAMAK**, samstarfsnefnd alþýðusambandanna og jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum. Loks má nefna að ASÍ á aðild að **TUAC**, ráðgjafarnefnd verkalýðshreyfingarinnar á vettvangi **OECD**.

Auk samstarfs á vettvangi alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar á ASÍ aðild að samstarfi aðila vinnumarkaðarins í **EFTA** ríkjunum á vettvangi Ráðgjafarnefndar EFTA og með Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins, EESC, í Ráðgjafarnefnd EES. Þá er ASÍ virkur þátttakandi í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, **ILO**, sem fulltrúi íslensks launafólks.

Á ársfundi ASÍ 2002 var undirritaður rammasamningur á milli Alþýðusambandsins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, **ÞSSÍ**, um samstarf þessara aðila á sviði þróunarsamvinnu.

## Norræna verkalýðssambandið - NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins - NFS - kemur saman tvisvar á ári, í maí og desember, og er hún samsett af forystumönnum aðildarsamtakanna. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri hafa setið þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförnum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlanda á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að kynna og afla fylgi við „norræna velferðarmódelið“, einkum þá ríku hefð sem er fyrir þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Í aðdraganda 10. þings ETUC í Prag leiddi skrifstofa NFS samstarf aðildarsamtakana um viðbrögð við fyrirhuguðum breytingum á samþykktum ETUC ásamt drögum að stefnuyfirlýsingu samtakanna. Var þetta gert í Evrópunefnd NFS sem hélt nokkra undirbúningsfundi bæði fyrir stjórnarfundi ETUC og einnig nefndarfundi í undirbúningsnefnd þingsins.

Innan NFS hefur einnig verið unnið að því að ryðja úr vegi þeim hindrunum og takmörkunum sem eru á hinum norræna vinnumarkaði, en í ljós hefur komið að ýmsar „tæknilegar“ hindranir eru fyrir raunverulega frjálsri för launafólks í landamærahéruðunum. Norræna ráðherranefndin hefur fengið það hlutverk að leggja til breytingar á samningnum um opna norræna vinnumarkaðinn og mun NFS fylgjast vel með því máli.

Á stjórnarfundi NFS í desember 2002 var forseta og framkvæmdastjóra Rússneska alþýðusambandsins boðið að ávarpa stjórnina og kynna samtökin.

Michail Schmakov, forseti FNPR, þakkaði boðið sem hann taldi vera sögulega stund því þetta væri í fyrsta sinn sem Rússneska hreyfingin tæki þátt í þessum fundum á norrænum vettvangi. Taldi hann afar mikilvægt að náið samráð og samstarf yrði á milli þessara samtaka, bæði vegna beinna landamærahagsmuna en ekki síður vegna alþjóðamála. Lagði hann áherslu á að FNPR hefði risið upp úr rústum sovéska kommúnistaflokksins og væri í þeim fasa að auka tiltrú félagsmanna á gildi verkalýðshreyfingarinnar. Samstarf við NFS og önnur samtök væru mikilvægur liður í þessu starfi, auk þess að geta aukið vægi hinnar norðlægu víddar á evrópskum vettvangi. Lagði hann til að alþjóðaritarar aðildarsamtaka NFS myndu hittast á næsta ári til þess að skilgreina betur hvar þessi samtök gætu átt samstarf, sérstaklega með tilliti til félagslegra réttinda launafólks. Var það samþykkt af hálfu stjórnar NFS.

Á stjórnarfundi í Osló í maí 2003 var Guy Raider, framkvæmdastjóra ICFTU, boðið að koma og kynna breytingar á skipulagi og starfi alþjóðasamtakanna. Þakkaði hann fulltrúum norrænu verkalýðshreyfingarinnar ötult starf við endurskoðun á starfseminni, þar hefði mikil reynsla nýst bæði honum og samtökunum í heild. Lagði hann áherslu á að mikilvægt væri að sameina öll verkalýðssamtök á alþjóðavettvangi í ein samtök, sérstaklega WTC.

## NFJS - Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum

Vegna anna sáu lögfræðingar ASÍ sér ekki fært að sækja árlega ráðstefnu lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum.

## Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Haustið 2002 hafði ASÍ frumkvæði að því að endurreisa samstarf verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi á vettvangi VN, en það hafði legið niðri frá árinu 2000. Boðað var til ársfundar hér á landi í lok ágúst þar sem til umfjöllunar var, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, vinnudeilur og samúðaraðgerðir þvert á landamæri, alþjóðastarf ASÍ og staða Íslands í Alþjóða hvalveiðiráðinu. Magnús Norðdahl gerði grein fyrir íslenskum og dönskum lögum um samúðaraðgerðir milli landa, en fyrr á þessu ári hafði færeyska verkamannasambandið óskað eftir stuðningi íslenskra verkalýðsfélaga vegna fjögurra vikna allsherjarverkfalls hjá þeim. Færeyingar upplýstu að stuðningur íslensku félaganna hefði verið þeim ómetanlegur og lagt verulegan þrýsting á atvinnurekendur og vildu þeir koma þakklæti sínu á framfæri.

Á fundinn mættu átta fulltrúar frá Færeyjum og tveir frá Grænlandi auk átta fulltrúa frá aðildarsamtökum ASÍ. Næsti fundur verður í Færeyjum í september 2004.

## Starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu

Seinni hluta árs 2002 undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu, Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) og Evrópusamtök atvinnurekenda (UNICE/CEEP) starfsáætlun um samstarf þessara aðila á sviði vinnumarkaðsmála tímabilið 2003 til 2005. Starfsáætlunin tekur til fjölmargra þátta sem varða m.a. baráttu gegn vinnustreitu, starfsmenntun og aðstoð við ný aðildarríki Evrópusambandsins á ýmsum sviðum. Þetta er í fyrsta sinn sem aðilar gera slíka sameiginlega starfsáætlun.

## Þing ETUC í Prag

Tíunda þing Evrópusambands verkalýðsfélaga var haldið dagana 26. - 29. maí í Prag. Yfirskrift þingsins var „Látum Evrópu vinna fyrir fólkið“. Á þinginu var stefna og starfsáætlun ETUC til næstu fjögurra ára rædd og afgreidd. Þá var ný forysta sambandsins kosin og tók John Monks við sem framkvæmdastjóri ETUC í lok þingsins. Auk þess var sambandinu kosinn nýr forseti og fjórir aðstoðarframkvæmdastjórar. Mikill fjöldi gesta, forystumenn alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar, stofnana Evrópusambandsins og stjórnmálamenn ávörpuðu þingið. Þeir lögðu allir áherslu á mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fyrir Evrópu og fyrir hagsmuni evrópsks launafólks. Þá var hlutverk evrópskrar verkalýðshreyfingar og aðila vinnumarkaðarins við að móta framtíð Evrópu áréttað.

Fulltrúar ASÍ á þinginu voru Grétar Þorsteinsson og Gylfi Arnbjörnsson. Þá sátu Halldór Björnsson og Halldór Grönvold þingið.

## Stefnan mótuð og starfið skipulagt

Fyrir þingi ETUC lágu stefnuyfirlýsing og starfsáætlun til næstu fjögurra ára sem afgreiddar voru í lok þingsins að loknum þriggja daga umræðum. Áætluninni er skipt í fimm hluta, auk formála. Í fyrsta hlutanum er lýst almennri framtíðarsýn evrópskrar verkalýðshreyfingarinnar á Evrópu. Í öðrum hlutanum er sérstaklega fjallað um sýn verkalýðshreyfingarinnar til efnahags- og félagsmála í Evrópu. Í þriðja hlutanum er fjallað um samskipti aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og hvernig megi þróa þau og styrkja. Í fjórða hlutanum er fjallað um Evrópu og afstöðu evrópskrar verkalýðshreyfingar til alþjóðavæðingarinnar. Í fimmta og síðasta hlutanum er síðan horft til þess hvernig styrkja megi stöðu og starf ETUC og verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu almennt.

Stefnan sem sett er fram í starfsáætluninni er framsækin þar sem áhersla er

lögð á að um leið og mikilvægt er að evrópskt efnahagslíf sé öflugt og sterkt, þurfi að treysta réttindi og bæta stöðu launafólks og allra íbúa Evrópu á fjölmörgum sviðum. Bent er á að sterkt efnahagslíf, full atvinna og félagsleg samstaða séu ekki andstæður, heldur þvert á móti nauðsynlegar og samþættar forsendur framfara í Evrópu. Þannig eigi að „láta Evrópu vinna fyrir fólkið“.

Stefnudrögin eins og þau voru kynnt á þinginu voru í öllum helstu atriðum í góðu samræmi við stefnu ASÍ eins og hún hefur verið mótuð á síðustu ársfundum sambandsins. Þó sá Alþýðusambandið ástæðu til að leggja til ákveðnar viðbætur og breytingar á starfsáætluninni. Þar ber helst að geta þess að áréttað er í almennum inngangi að Evrópa og ETUC séu samnefnarar fyrir Evrópu alla, en ekki bara núverandi ríki Evrópusambandsins og væntanleg aðildarríki. Minnt er á að ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi ESB hafi víðtæk áhrif ekki síst hér á landi og í Noregi vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er lögð áhersla á að verkalýðshreyfingin í þessum löndum hafi tekið virkan þátt í starfi og stefnumótun á vettvangi ETUC og vilji vera virkir þátttakendur í að móta Evrópu framtíðarinnar. Tillaga ASÍ var tekin inn í lokagerð starfsáætlunarinnar.

## Framtíðarhlutverk verkalýðshreyfingarinnar

Mikill fjöldi gesta ávarpaði þing ETUC. Þar má m.a. nefna Romano Prodi, formann framkvæmdastjórnar ESB, Önnu Diamantopoulou, sem fer með atvinnu- og félagsmál í framkvæmdarstjórn ESB, Valéry Giscard d’Estaing, forseta stjórnlagaþings ESB, Guy Ryder, framkvæmdastjóra Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, Roger Briesch, forseta Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu og Valdimir Spidla, forsætisráðherra Tékklands. Þá var J. Delore, fyrrverandi forseti framkvæmdastjórnar ESB sérstakur gestur þingsins og vakti ávarp hans mikla athygli.

Allir gestir lögðu í ávörpum sínum til þingsins ríka áherslu á mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar fyrir þróunina og framtíð Evrópu. Hver þeirra hefur með sínum hætti dregið fram nauðsyn öflugrar verkalýðshreyfingar og mikilvægi traustra samskipta samtaka launafólks og atvinnurekenda fyrir hagsmuni allra íbúa Evrópu. Þannig upplýsti Giscard d’Estaing að ákveðið væri að skilgreina í stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið mikilvægt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá vakti ávarp Önnu Diamantopoulou mikla athygli. Hún benti á að margir þeirra samfélagsrýna sem hefðu verið að fjalla um framþróun Evrópu hefðu lítið fjallað um sögulegt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar og hlut hennar í samfélagi framtíðarinnar. Hún hvatti evrópska verkalýðshreyfingu til að taka mið af þessari staðreynd, endurmeta og treysta stöðu sína sem hluta af Evrópu morgundagsins. Hér væri

mikið verk að vinna og að hennar áliti myndi staða verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins styrkjast á næstu árum.

## Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman fjórum sinnum á ári í Brüssel og á ASÍ einn stjórnarmann og hefur framkvæmdastjóri ASÍ sinnt því. Verkefni framkvæmdastjórnar á sl. ári hafa að stórum hluta markast af þremur þáttum.

Í fyrsta lagi umræðu innan ESB um nýjan sáttmála eða stjórnarskrá, þar sem verkalýðshreyfingin hefur gert kröfu til þess að félagsmálasáttmáli Evrópu verði felldur í heild sinni inn auk þess að staða verkalýðsfélaga verði styrkt frá því sem nú er.

Í öðru lagi hefur mikil vinna verið lögð í rammasamkomulag ETUC og UNICE um fyrirhugaða samninga á Evrópuvísu, en þar hefur verkalýðshreyfingin viljað ganga mjög langt, í stað þess að treysta á reglugerðarvald framkvæmdastjórnarinnar.

Í þriðja lagi mótaðist starf stjórnarinnar af 10. þingi samtakanna, þar sem ljóst var að skipt yrði um forystu samtakanna, í undirbúningi voru afgerandi breytingar á samþykktum varðandi kjör formanns, framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra og deildarstjóra auk breytinga á sköttum til samtakanna. Óhætt er að segja að fram yfir miðjan maí stefndi í mjög erfiða deilu á þinginu, deilu sem óneitanlega hefði veikt samtökin mjög mikið á sama tíma og mjög stór verkefni væru framundan. Sem betur fer tókst að leysa úr ágreiningi fyrir þingið.

Að auki átti ETUC í reglubundnu samráði og samstarfi við framkvæmdastjórnina vegna ýmissa mála, einkum á sviði heilbrigðismála og lífeyrisréttinda, þar sem fyrirhugað er að setja samræmdar reglur á Evrópuvettvangi.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: http://www.etuc.org.

## Samningaviðræður um varnir gegn vinnustreitu

Um nokkurt skeið hefur á Evrópuvísu verið rætt um vaxandi vanda vegna vinnustreitu og hvort nauðsynlegt væri að bregðast við með löggjöf eða öðrum aðgerðum á Evrópuvettvangi.

Ástæður þess að vinnustreita er komin á dagskrá á Evrópuvísu með þessum hætti eru augljósar. Rannsókn frá árinu 2000 leiddi í ljós að 28% alls launafólks í Evrópu verða fyrir neikvæðu álagi vegna vinnustreitu. Konur verða nú frekar fyrir vinnustreitu en karlar. Þá er vinnustreita nokkuð mismunandi eftir starfsgreinum. Þannig hefur álag meðal stjórnenda minnkað nokkuð á meðan álag á fólk í tæknistörfum og skrifstofustörfum hefur aukist verulega. Þá sýna allar rannsóknir að vinnustreita fer almennt vaxandi á vinnumarkaði.

Vinnustreita er nú næst algengasta vinnutengda heilsufarsvandamálið í Evrópu og kemur næst á eftir bakverkjum, skv. upplýsingum frá Evrópsku vinnuverndarstofnuninni, EASHW.

Vaxandi vinnustreita er ekki aðeins áhyggjuefni vegna afleiðinga hennar fyrir heilsu starfsmanna. Hún hefur einnig bein áhrif á hag fyrirtækja og félagsleg útgjöld ríkja. Þannig er áætlað að árlegur kostnaður vegna vinnustreitu í aðildarríkjum ESB sé sem svarar 20 milljörðum Evra og fari hratt vaxandi.

## Rannsóknir og aðgerðir gegn vinnustreitu

Vinnustreita er ekki nýtt viðfangsefni á Evrópuvettvangi heldur hefur hún verið til vaxandi umfjöllunar í samstarfi Evrópuríkja á sviði vinnuverndar.

Þannig má nefna að strax árið 1993 stóð Evrópusambandið fyrir ráðstefnu fulltrúa aðildarríkjanna og aðila vinnumarkaðarins undir yfirskriftinni „Vinnustreita - aðgerða er þörf“. Þá kynnti framkvæmdastjórn ESB árið 1996 leiðbeiningar um „Áhættugreiningu á vinnustað“, þar sem bent var á þörfina fyrir að meta sálfræðilega-, félagslega- og líkamlega þætti sem leitt geta til vinnustreitu, hvernig þessir þættir vinna saman og tengjast öðrum þáttum í skipulagi vinnunnar og umhverfi hennar.

Áfram hefur verið haldið, á vettvangi Evrópusamstarfsins, að rannsaka vinnustreitu og benda á aðgerðir sem dregið geta úr eða komið í veg fyrir hana. Evrópska vinnuverndarvikan árið 2002 var tileinkuð viðfangsefninu og bar yfirskriftina „Vinna gegn streitu“.

## Samráð og samningaviðræður

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hóf seinni hluta árs 2002 samráð við aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu á grundvelli 137. og 138. gr. Rómarsáttmálans, með það að markmiði að settar yrðu reglur á Evrópuvísu um viðfangsefnið.

Í lok október 2002 samþykktu svo aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu sameiginlega starfsáætlun fyrir tímabilið frá 2003 - 2005, þar sem aðgerðir gegn vinnustreitu og mögulegir samningar á Evrópuvísu voru skilgreindir sem eitt af viðfangsefnunum. Jafnframt var ákveðið að þessir aðilar stæðu fyrir sameiginlegri ráðstefnu um viðfangsefnið á árinu 2003.

## Ráðstefna aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um vinnutengda streitu

Dagana 25. og 26. febrúar sl. var haldin í Brüssel ráðstefnu aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um atvinnutengda streitu.

Ráðstefnan var liður í starfsáætlun þessara aðila. Þar kemur fram að halda

skuli sameiginlega ráðstefnu á árinu 2003 þar sem miðlað verði upplýsingum og þekkingu á vinnustreitu, helstu ástæðum og afleiðingum og með hvaða hætti megi koma í veg fyrir og verjast þessum vágesti. Þá segir að Evrópusamtök launafólks og atvinnurekenda muni á grundvelli þessara upplýsinga meta þörfina fyrir og möguleikana á að gera sameiginlegan kjarasamning á Evrópuvísu um varnir gegn vinnustreitu. Ráðstefnan var fyrsti liðurinn í þessu starfi.

Ráðstefnan var tvíþætt. Fyrri hluti hennar hafði einkum fræðslu- og upplýsingagildi. Í seinni hlutanum var síðan rætt um næstu skref af hálfu aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

Fjöldi fróðlegra erinda var fluttur á ráðstefnunni um vinnustreitu, ástæður, birtingarmyndir og afleiðingar og hvernig megi bregðast við þessum vanda.

Miklar umræður urðu í kjölfar erindanna. Þar kom fram jafnt hjá fulltrúum launafólks og atvinnurekenda að um mikið og vaxandi vandamál væri að ræða sem kæmi bæði niður á starfsmönnum og fyrirtækjunum með auknum kostnaði vegna fjarvista og lakari nýtingar á mannauði þeirra. Jafnframt komu fram nokkuð ólíkar áherslur hjá fulltrúum launafólks og sumra atvinnurekendafulltrúanna. Þannig lögðu sumir atvinnurekendafulltrúanna ofuráherslu á að erfitt gæti verið að greina á milli afleiðinga vinnustreitu og streitu í daglega lífinu og samspils þar á milli og vildu með því draga úr mikilvægi vinnustreitunnar. Þá lögðu aðrir áherslu á að „vinnustreita að ákveðnu marki“ væri jákvæð og nauðsynleg öllum. Á móti var bent á að það væri grundvallar munur á vinnustreitu og jákvæðri hvatningu og spennandi verkefnum í starfi. Loks komu fram nokkuð ólík sjónarmið varðandi það hvernig bregðast eigi við vinnustreitu, þ.e. hinna almennu og persónubundnu þátta.

Seinni hluti ráðstefnunnar var síðan notaður sem undirbúningur og til skoðanaskipta undir væntanlegar samningaviðræður á Evrópuvísu milli aðila vinnumarkaðarins um varnir gegn vinnustreitu.

## Samningaviðræður hefjast

Í framhaldi af ráðstefnu aðila vinnumarkaðarins í febrúar hófst næsta skrefið í undirbúningnum undir samningaviðræður um varnir gegn vinnustreitu á Evrópuvísu sem lauk með því að báðir aðilar öfluðu sér vorið 2003 umboðs meðal sinna aðildarsamtaka til að ganga til samningaviðræðna. Fyrstu samningafundurinn var síðan haldinn í september sl. Þá hafa verið skipulagðir tveir fundir til viðbótar það sem eftir er ársins.

Á þessu stigi eru engar forsendur til að meta hvernig til tekst og þá hvort samningar nást. Og enn síður í einhverjum smáatriðum hvert efni slíkra samninga yrði þá.

Rétt er að geta þess að Alþýðusambandið hefur með óformlegum hætti

boðið Samtökum atvinnulífsins að hefja samhliða viðræður um varnir gegn vinnustreitu hér á landi. Engin viðbrögð hafa enn fengist við þessu boði.

***NETLEX***

Lögfræðingur ASÍ sótti árlegan fund lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC sem haldinn var í Madrid dagana 5. - 7. desember 2002. Í fyrsta hluta ráðstefnunnar var fjallað um frumvarp að stjórnarskrá ESB og afstöðu ETUC til hennar. Ljóst er að ef skrá þessi verður gerð að hluta þeirra samninga sem ESB er byggt á, þá mun það hafa gífurleg áhrif bæði á stofnanir ESB en ekki síður á aðildarríkin. Í henni er fjallað um ýmis þau atriði sem skipta launafólk og verkalýðshreyfinguna miklu máli, m.a. um félagafrelsi (12.gr.), réttinn til þess að gera bindandi kjarasamninga þvert á öll landamæri (28.gr.), rétt til upplýsinga og samráðs (27.gr.), rétt til þess að kjósa sér starf og taka þátt í atvinnu (15.gr.), bann við barnavinnu (32.gr.), aðbúnað á vinnustað (31.gr.), vernd persónuupplýsinga (8.gr.), bann við mismunun (21.gr.), jafnrétti kynjanna (23.gr.) og að lokum um vernd gegn órökstuddum uppsögnum (30.gr.) Fái stjórnarskráin stöðu sem hluti grundvallarsamninga ESB er ljóst að hún mun hafa áhrif á öllu EES-svæðinu. Klaus Lörcher gerði grein fyrir helstu tillögum ETUC um breytingar. Mikilvægastar þeirra varða réttinn til þess að boða verkföll þvert á landamæri, til þess að þvinga fram niðurstöðu í lögmætri kjaradeilu og skýrari ákvæði um að alþjóðlegar reglur eins og samþykktir ILO og grundvallarreglur Evrópuríkjanna um frjálsa verkalýðshreyfingu skili sér klárlega inn í hugsanlega stjórnarskrá.

Í öðrum hluta var fjallað um lögfræðiþjónustu ETUC en hún hefur verið til allmikillar umræðu innan ETUC. Fjallað var um hvernig nota mætti sérfræðinga ETUC með sem bestum hætti og með hvaða hætti heimasíða ETUC sem hefur verið í lamasessi lengi, gæti nýst betur. Meirihluti þeirra sem tóku til máls var á því, að þær rannsóknir sem ETUC (ETUI) gerir á gildistöku tilskipana sé hvað mikilvægast fyrir lögfræðinga aðildarsamtakanna.

Í þriðja hluta var fjallað um rammasamninga aðila Evrópska vinnumarkaðarins og vandamál við gildistöku þeirra. Um þetta efni voru mjög skiptar skoðanir. Fram kom t.d. að Danir telja að danska ríkisstjórnin hafi engar skyldur um gildistöku þeirra ef aðilum vinnumarkaðarins tekst ekki að semja um hana. Það sama kom fram frá fleirum. Aðrir voru þeirrar skoðunar að samningarnir hefðu víðtækara og meira gildi. Fyrir gerð þeirra hefði framkvæmdastjórnin falið aðilum vinnumarkaðarins að semja um tiltekin réttindi og hvorki framkvæmdastjórnin né aðildarríkin gætu vikið sér undan þeirri ábyrgð sem því fylgdi. Það að setja reglur með kjarasamningum á Evrópuvísu yrði að viðurkenna með svipuðum hætti og aðrar reglur sem ætlað er að taka til sameigin-

legs vinnumarkaðar ESB. Fulltrúi Alþýðusambandsins tók undir með þeim sem telja samningana hafa víðtækari skuldbindingu í för með sér en þetta var mikið rætt í viðræðum um fjarvinnuna þegar atvinnurekendur kröfðust þess að sá samningur yrði „óskuldbindandi að lögum“ eins og það var orðað en þurftu að lúta í lægra haldi.

Í lok fundarins var síðan fjallað um sérstök vandamál sem aðildarsamtök ETUC hafa mætt við gildistöku tilskipana um tímabundnar ráðningar og hlutastörf. ETUI hefur gert sérstakar rannsóknir hér um en þær hafa nýst ASÍ ákaflega vel í viðræðum við viðsemjendur, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði.

***Ráðgjafarnefnd EFTA***

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi. Fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Halldór Grönvold er formaður Ráðgjafarnefndarinnar, en varaformaður er Jon Vea frá norsku atvinnurekendasamtökunum (NHO).

## Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2003. Áætlunin tekur eðli málsins samkvæmt mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæð um þessar mundir. Þannig var umfjöllun um fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins og EES og áhrif hennar á EFTA ríkin og vinnumarkaðinn í EFTA ríkjunum meðal helstu verkefna Ráðgjafarnefndarinnar. Í annan stað var á vettvangi nefndarinnar fjallað ítarlega um Lissabon-ferlið sem hefur að markmiði að gera Evrópu að samkeppnishæfustu efnahagsheildinni með sjálfbæran hagvöxt, fleiri og betri störf og aukna félagslega einsleitni fyrir árið 2010, hvern-

ig staðan er í EFTA ríkjunum í þessum efnum og með hvaða hætti þessi ríki og aðilar vinnumarkaðarins geta nýtt sér Lissabon-ferlið til að bæta stöðuna hjá sér. Í þriðja lagi var fjallað ítarlega um vinnuna við nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins, stöðu mála þegar stjórnarskrárnefndin skilaði tillögum til forystu Evrópusambandsríkjanna og möguleg áhrif á EFTA- og EES-ríkin, atvinnulífið og aðila vinnumarkaðarins í þessum ríkjum. Í fjórða lagi má nefna umræður og mat á því hvernig til hefur tekist með innri markað EES ríkjanna [GRA1]í EFTA-EES ríkjanna[IH2], hvað hafi gengi vel, hvað miður og hvað megi gera betur. Í fimmta lagi hefur Ráðgjafarnefndin síðan fjallað um tengsl EFTA ríkjanna við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, þá fríverslunarsamninga sem unnið hefur verið að við þessi ríki og síðan sérstaklega möguleika á auknum samskiptum við Rússa.

Um fjóra fyrstu þættina hefur Ráðgjafarnefndin sett fram álit og ályktanir sem beint hefur verið til forystumann EFTA og EFTA ríkjanna (sjá http://secretariat.efta.int/Extranet/EFTA%20Consultative%20 Committee/Document%20Archives/CSC/Opinions/extranet_contents). Þá hafa bæði formaður og varaformaður sett fram álit á innri markaðnum, stöðu hans og þróun í tímariti EFTA.

## Ráðgjafarnefnd EES

Haldinn var fundur í Ráðgjafarnefnd EES í mars 2003 þar sem sérstaklega var fjallað um stækkun ESB og EES og Lissabon-ferlið. Jafnframt voru afgreidd tvö álit nefndarinnar um þessi efni.

## Ráðstefna um Evrópuþróunina haustið 2004

Ákveðið hefur verið að Ráðgjafarnefnd EFTA og Þingmannanefnd EFTA standi fyrir sameiginlegri ráðstefnu í október 2004 hér á landi.

Viðfangsefni ráðstefnunnar verður umfjöllun um stöðu og framtíð EES-samningsins í ljósi þróunarinnar í Evrópusambandinu. Með því er m.a. verið að vísa til stækkunar ESB, nýrrar stjórnarskrár ESB, Lissabon-ferlisins og hugmynda ESB um samskipti sín í framtíðinni við Evrópuríki sem standa utan Evrópusambandsins.

Ráðstefnan á að vera vettvangur fyrir upplýsingamiðlun, umræðu og skoðanaskipti meðal stjórnmálamanna, aðila vinnumarkaðarins, embættismanna, sérfræðinga og áhugafólks um Evrópumál frá EFTA ríkjunum. Þá verður fulltrúum frá Evrópuþinginu, aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og embættismönnum frá Evrópusambandinu einnig boðið að sækja ráðstefnuna. Innlegg á ráðstefnunni verða frá sérfræðingum og öðrum, bæði innan og utan EFTA.

Ráðgjafarnefnd EFTA hefur ákveðið að formaður og varaformaður nefndarinnar verði í undirbúningsnefnd vegna ráðstefnunnar fyrir hennar hönd.

***Alþjóðavinnumálastofnunin - ILO***

## Alþjóða vinnumálaþingið 2003

Þingið sótti af hálfu verkalýðshreyfingarinnar Magnús M. Norðdahl deildarstjóri lögfræðideildar. Ásdís Guðmundsdóttir frá Öldunni - stéttarfélagi sat Genfarskólann að þessu sinni ásamt Helgu Dögg Sverrisdóttur frá BSRB. Ásdís var jafnframt fulltrúi á þinginu og tók virkan þátt í starfi þeirrar nefndar sem fjallaði um menntunar- og starfsmannamál.

***Ný samþykkt ILO-185/2003 um persónuskilríki sjómanna***

Ný samþykkt var afgreidd, samþykkt nr. 185/2003, um persónuskilríki sjómanna. Hún kemur í stað samþykktar ILO-108/1958 um sama málefni. Nýja samþykktin gerir meiri kröfur en gerðar voru áður og er ætlað að tryggja farmönnum nauðsynlegt ferðafrelsi og útgerðum athafnafrelsi á tímum hryðjuverka og ýmissa ferðahindrana. Samþykktin sjálf geymir grundvallaratriðin meðan nánari útfærsla er í fylgiskjölum með henni. Í samþykktinni eru sérstök ákvæði sem heimila breytingar á henni með tiltölulega einföldum hætti, til þess að hægt sé að laga hana að kröfum og nýrri tækni. Helsta nýmæli þessarar samþykktar er að hin nýju persónuskilríki munu geyma fingrafar eiganda. Gert er ráð fyrir að komið verði upp gagnagrunnum sem aðildarríkin geti fengið aðgang að, sérstökum tækjabúnaði til þess að lesa skírteinin o.fl., til þess að tryggja að farmenn geti farið frá borði hvar í veröldinni sem er, án sérstaks landvistarleyfis og jafnframt að þeim sé heimilt að koma til og ferðast í gegnum lönd við áhafnaskipti. Allir fulltrúar Íslands á þinginu þ.e. frá ríkisstjórn, launafólki og atvinnurekendum, greiddu samþykktinni atkvæði sitt.

***Nefnd um aðbúnað og hollustuhætti***

Samkomulag náðist um alþjóðlega áætlun á sviði aðbúnaðar og hollustuhátta þar sem stefnt er að því draga úr fjölda banaslysa, annarra slysa og sjúkdóma. Að mati ILO deyja tvær milljónir launafólks á ári af ástæðum sem rekja má til vinnu og þar af 354 í banaslysum. Að auki eiga sér stað 270 milljónir annarra vinnuslysa og 160 þúsund tilfelli atvinnusjúkdóma. Áætlunin gerir ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hrindi í framkvæmd tvíþættri áætlun. Annars vegar varðandi forvarnir og „heilbrigðismenningu“ sem kallar á að rétturinn til öruggs og heilsusamlegs vinnuumhverfis verði tryggður og hins vegar þróun „verkfæra“ sem aðilar geti notað til þess að hrinda áætlunum sín-

um í framkvæmd. Stefnt er að því að vinna að mótun þessara verkfæra hefjist á þingi stofnunarinnar á árinu 2005. Eyjólfur Sæmundsson fylgdi störfum þessarar nefndar að hluta.

***Nefnd um framkvæmd ILO-samþykkta***

Haldinn var sérstakur fundur til þess að fjalla um stöðu mála í Myanmar (Burma). Herstjórnin þar í landi hefur ekki látið af ólögmætu athæfi sínu þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir nefndarinnar, sérstakar sendinefndir og önnur þau úrræði sem ILO býr yfir. Sem fyrr er fyrst og fremst um að ræða brot gegn samþykkt ILO um bann við nauðungarvinnu nr. 29 frá 1930. Auk þess fjallaði forstjóri stofnunarinnar sérstaklega um fangelsun Aung San Suu Kyi og stuðningsmanna hennar og lagði áherslu á að þeim yrði sleppt úr haldi nú þegar.

Nefndin fjallaði einnig um 25 önnur mál. *Hvíta Rússland* var harkalega gagnrýnt fyrir ítrekuð brot á félagafrelsi launafólks ( ILO-87/1948 ) og gerði sérstaka bókun um það mál. Á ríkisstjórn *Kólumbíu* var skorað um það hún gripi þegar til nauðsynlegra ráðstafana til þess að tryggja öryggi samtaka launafólks og atvinnurekenda en á árinu 2002 voru 184 leiðtogar og starfsmenn verkalýðsfélaga myrtir. Meðan ekki væri á því gripið gætu hvorki launafólk né atvinnurekendur nýtt sér þau mannréttindi sem sáttmálar ILO ættu að tryggja þeim. Svo brá við að atvinnurekendur ásamt völdum hópi aðildarríkja ILO, sáu sérstaka ástæðu til þess að koma í veg fyrir sérstakar aðgerðir ILO gagnvart landinu. Íslenska ríkisstjórnin í samvinnu við aðrar ríkisstjórnir á Norðurlöndum blandaði sér hins vegar í umræðuna til stuðnings Kólumbískum almenningi og var það vel.

Nefndin lýsti sérstökum áhyggjum af ástandi mála í *Kamerún, Líbíu, Máritaníu og Zimbabwe.* Nefndin skoraði á ríkisstjórn *Líbíu* hrinda í framkvæmd sérstökum og ákveðnum aðgerðum til þess að standa við samþykkt ILO-118/1962 um félagslegt öryggi og virða í hvívetna meginreglur um jafnrétti á sviði almannatrygginga. Lýst var verulegum áhyggjum af ástandi mála í *Máritaníu* vegna nauðungarvinnu og skorað á ríkisstjórn *Kamerún* að tryggja það að launafólk á almennum og opinberum vettvangi gæti skipulagt starfsemi sína án afskipta stjórnvalda. Ríkisstjórn *Zimbabwe* var harkalega gagnrýnd fyrir brot gegn grundvallarsamþykkt ILO-98/1948 um rétt til þess að gera kjarasamninga og skorað var á hana að taka við sérstakri sendinefnd ILO til þess að kanna ástand mála í landinu. Fulltrúi ríkisstjórnar landsins svaraði þeim ásökunum sem fram komu af mikilli hörku og með beinum og óbeinum hótunun gagnvart fulltrúum launafólks á þinginu. Fylgst verður grannt með því af hálfu ACTRAV og fleiri aðila hver örlög fulltrúa launafólks verða við heim-

komu. Helga Dögg Sverrisdóttir fylgdi störfum þessarar nefndar sem nemandi í Genfarskólanum.

***Nefnd um vinnuréttarsambandið***

Þetta var erfiðasta nefnd þingsins. Allt frá miðjum síðasta áratug hefur verið tekist á um það hvort það falli innan verksviðs ILO að fjalla um það hvað séu vinnuréttarsambönd og hvað venjuleg viðskiptasambönd. Fjölmargar nýjar tegundir „ráðningarsambanda“ hafa litið dagsins ljós og í kjölfar einkavæðingar og alþjóðavæðingar hefur víða verið dregið úr réttindum launafólks m.a. með því að skilgreina það í auknu mæli sem verktaka og fleira í þeim dúr. Skemmst er þess að minnast að viðræður um launaverktöku fóru út um þúfur og atvinnurekendur stóðu hart gegn samþykkt um heimavinnu. Allt leiddi þetta til þess að mönnum þótti ekki líklegt að sátt næðist um að settar yrðu alþjóðlegar reglur um það hvaða sambönd teldust vinnuréttarsambönd og hver ekki eða hvernig greina mætti þetta tvennt að. Atvinnurekendur gerðu þegar í upphafi nefndarstarfsins grein fyrir þeirri afstöðu sinni að þeir myndu aldrei samþykkja að settar yrðu neinar ILO reglur hér að lútandi, hvorki samþykktir eða tilmæli. Með ótrúlegum hroka og vondum málflutningi talsmanns atvinnurekenda tókst þeim síðan að hrista af sér allan vott af stuðningi þeirra ríkja sem sæti áttu í nefndinni (að Ástralíu frátalinni). Þetta endaði á því að fulltrúar nokkurra ríkisstjórna tóku ákvörðun um að fara framhjá talsmanni atvinnurekendahópsins og beint til formanns Alþjóðasamtaka atvinnurekenda (IOE). Svo fóru leikar að atvinnurekendur samþykktu einum rómi að stefnt skyldi að setningu tilmæla á þessu sviði. Tilmælin skulu beinast sérstaklega að „duldum“ vinnuréttarsamböndum, þ.e. þegar staða fólks sem í raun er launafólk er dulin og nauðsyninni á því að tryggja því fólki sem raunverulega er í vinnuréttarsambandi aðgang að þeim réttindum sem því er ætlað fylgja í hverju ríki fyrir sig. Sátt náðist jafnframt um að tilmælunum væri ekki ætlað að hrófla við raunverulegum viðskiptasamböndum og raunverulegri verktöku. Magnús M. Norðdahl tók sæti í þessari nefnd með fullum atkvæðisrétti og tók virkan þátt í störfum hennar allan þingtímann.

***Nefnd um mannauð***

Á þinginu fór fram fyrsta umræða um nýjar reglur ILO um þróun og uppbyggingu mannauðs (Human resources development). Þessum reglum er ætlað að koma í stað tilmæla ILO 150/1975 en þau eru komin til ára sinna á margan hátt og endurspegla efnahags- og félagslegar aðstæður eldri tíma. Margháttaðar breytingar hafa síðan orðið á vinnuumhverfi fólks, bæði hvað varðar þjálfun starfsmanna og tækni. Með aukinni alþjóðavæðingu og þróun efnahagsmála

og vinnumarkaðar í ljósi hennar, hefur komið upp ný nálgun varðandi nám og þjálfun. Nú er einstaklingurinn í miðju mannauðsþróunar og mikilvægt að tryggja að allir þjóðfélagsþegnar hafi aðgang að símenntun allt sitt líf. Í ljósi þessa eru núverandi tilmæli ILO úrelt og mikilvægt að búa til nýtt og sveigjanlegra verkfæri sem hentar aðilum vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum betur. Þannig sé auðveldara að flétta saman stefnu í málaflokknum við efnahags- og félagslega stefnumótun þeirra.

Til umfjöllunar í nefndinni var skýrslan „Learning and training for work in the knowledge society“ (Starfsmenntun og -þjálfun í þekkingarsamfélaginu) en hluti af skýrslunni eru niðurstöður könnunar sem gerð var meðal aðildarlanda um afstöðu þeirra til ýmissa lykilatriða varðandi þetta (sjá skýrslu: 1 hluti og 2 hluti). Það voru 96 lönd sem svöruðu af þeim 176 sem eiga aðild að ILO og var niðurstaða könnunarinnar sá texti sem til umfjöllunar var. Í textanum er fjallað um verkfærið sem slíkt, markmið þess, umfang og skilgreiningar á hugtökum. Jafnframt er fjallað um hvernig á að framfylgja þjálfunarstefnu, um grunnnám og námsþjálfun tengda því, um þjálfun starfsmanna, hvernig á að viðurkenna/staðfesta hæfni, um þá sem eiga að sjá um þjálfun starfsmanna, um mannauðsþróun, símenntun og stuðning við þjálfun, um rannsóknir á sviðinu og tækniaðstoð.

Í niðurstöðum nefndarinnar sem starfaði á þinginu og fjallaði um málið, kemur fram að nefndin telur þróun mannauðsins grundvallaratriði þess að launafólk geti menntað sig alla starfsævina og haldið starfshæfni sinni. Þetta krefjist þátttöku aðila vinnumarkaðarins og ekki síður þátttöku ríkisvaldsins. Um var að ræða fyrri umræðu á þessu þingi en seinni umræða verður á dagskrá næsta þings. Niðurstöður nefndarinnar verða gefnar út í sérstakri skýrslu sem kemur út með haustinu auk annarrar skýrslu sem kemur út fyrir vorið. Í herbúðum verkalýðshópsins var ákveðið að búa til samskiptanet til að auðvelda vinnuna framundan. Þeir fulltrúar sem í nefndinni voru fá sendar skýrslurnar og þau gögn sem varða málið og hafa þannig tækifæri til að fylgjast með og undirbúa sig fyrir umræðu næsta árs.

Ásdís Guðmundsdóttir átti sæti í þessari nefnd sem fullgildur fulltrúi og fylgdi jafnframt störfum hennar sem nemandi í Genfarskólanum.

### *Almennar umræður*

#### Fátækt

Undir þessum lið í almennum umræðum tóku um það bil 300 manns til máls. Fram kom að þrír milljarðar manna hafi minna en tvo dollara til ráðstöfunar dag hvern. Í ræðum var mikil áhersla lögð á hlutverk ILO á þessu sviði, m.a.

hvað varðar tæknilega aðstoð, framsækna stefnu til þess að tryggja mannsæmandi vinnu og mótvægi við þann hluta alþjóðavæðingarinnar sem felst í félagslegum undirboðum. Framkvæmdastjóri ILO ávarpaði síðan fund fulltrúa launafólks sérstaklega þar sem hann ítrekaði skoðanir sínar og mikilvægi þess að ILO treysti sig í sessi innan alþjóðasamfélagsins, ekki aðeins á sviði félagsmála heldur einnig og ekki síður sem gerandi á sviði efnahagsmála en stofnanir eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin hafa á síðustu árum tekið upp hjá sér að þróa reglur og skilyrði um vinnumarkaðinn sem í sumu eru andstæðar reglum ILO sem fara á með þann hluta, skv. skipulagi Sameinuðu þjóðanna.

**Ástandið á hernumdu svæðunum**

Að venju var sérstaklega fjallað um ástandið á hernumdu svæðunum fyrir botni Miðjarðarhafs og þátt ILO í uppbyggingu þar. Ástandið er hins vegar þannig að hernámsliðið virðir að miklu leyti að vettugi framkvæmdir og aðstoð ILO á svæðinu. Sérstakur sjóður á vegum ILO hefur verið stofnaður til þess að takast á við þessi verkefni og framlög til hans aukin. Margir ræðumanna létu í ljós vonir sínar um að takast mætti að koma á varanlegum friði á svæðinu.

**Fjármál**

Fjárhagsáætlun vegna áranna 2004-2006 var samþykkt. Nokkur ríki sátu hjá við afgreiðslu áætlunarinnar vegna ágreinings um aðhald í rekstri. Ísland greiðir 0,032% af rekstri ILO og mun greiða til hennar um það bil 6,4 milljónir króna á árinu 2004. Bandaríkin borga til samanburðar um 4,2 milljarða til hennar og standa undir 22% af rekstrinum. Danmörk borgar til samanburðar 0,738% eða sem svarar um 150 milljónum íslenskra króna.

**Önnur mál**

Sérstakir fundir voru síðan haldnir um jafnréttismál, barnavinnu, grundvallarréttindi launafólks og félagslega aðstoð. Góð skil voru gerð alþjóðlegum degi gegn barnavinnu 12. júní en Rania drottning Jórdaníu ávarpaði þann fund. Fram kom að um það bil 1,2 milljónir barna séu gangi kaupum og sölum í veröldinni ár hvert.

**Réttarstaða fiskimanna**

Ákveðið hefur verið að taka til endurskoðunar allar samþykktir og tilmæli ILO er varða réttarstöðu fiskimanna. Nú þegar hefur verið gerð skýrsla um málið. Á þinginu 2004 fer fram fyrri umræða og á þinginu 2005 verður væntanlega gengið frá nýrri samþykkt og þær eldri felldar úr gildi. Afar brýnt er að bætt

verði við einum fulltrúa launafólks frá Íslandi á þessi þing. Í 24 manna sérfræðinganefnd sem kemur saman í september á næsta ári verður farið yfir þessi mál og línur lagðar. Ríkisstjórnir munu eiga átta fulltrúa, verkafólk átta og atvinnurekendur átta. Fulltrúar Evrópsku ríkisstjórnanna verða frá Spáni og Noregi en Íslandi var ekki boðið sæti þótt tilefni væri til. Hugsanlega verður ráðin bót á því. Ljóst er að Ísland og fulltrúar þess verða að vera mjög virkir á næstu tveimur þingum, enda hér um að ræða málaflokk sem skiptir okkur miklu máli.

## Norræna ILO samstarfið

Að venju sótti fulltrúi ASÍ samráðsfundi fulltrúa norrænu verkalýðshreyfingarinnar innan ILO. Þessir fundir eru haldnir að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári og skiptast norrænu ríkin á að halda þá. Einn var haldinn hér á landi í maí. Á þeim er farið yfir fundargerðir funda í stjórn ILO þar sem norræna hreyfingin á einn fulltrúa, dagskrá næsta fundar rædd auk þess hin árlegu þing ILO eru undirbúin, skipt niður verkum o.s.frv.

## Þríhliða nefnd ILO á Íslandi

Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytisins. Fjallað er um nýjar samþykktir ILO og endurskoðun eldri samþykkta. Störf nefndarinnar hafa ekki verið markviss þótt reglulegir fundir séu haldnir einu sinni í mánuði. Mikillar tregðu gætir hjá stjórnvöldum við staðfestingu annarra ILO-samþykkta en grundvallarsamþykkta. SA leggst alfarið gegn því að mæla með staðfestingu nokkurra samþykkta. Fulltrúar Íslands greiða þó allir að jafnaði atkvæði með nýjum samþykktum á vinnumálaþinginu sjálfu.

***Þróunarsamvinna***

Á ársfundi Alþýðusambandsins 1. nóvember 2002 var undirritaður samstarfssamningur milli ASÍ og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ÞSSÍ, um þróunarsamvinnu.

Samkvæmt samningnum tekur ASÍ að sér að kosta tiltekin, afmörkuð þróunarverkefni sem samkomulag verður um milli samningsaðila hverju sinni. Verkefnin skulu einkum vera á sviði fullorðinsfræðslu, öryggis- og aðbúnaðarmál og vinnuverndar alþýðufólks í löndum þar sem ÞSSÍ hefur starfsemi. Verkefnin geta einnig verið tímabundin sérverkefni á öðrum sviðum, t.d. matvæla- og lyfjaaðstoð á tilteknum svæðum. Með kostun er einnig átt við ráðgjöf og þjónustu ráðgjafa á þeim sviðum sem samkomulagið nær til.

ÞSSÍ tekur að sér að framkvæma þau verkefni sem um er samið hverju sinni með þeim hætti sem samið verður um. ÞSSÍ skal skila ASÍ árlegu upp-

gjöri um ráðstöfun þeirra fjármuna sem ASÍ ráðstafar til verkefnanna á ári hverju og skal gera grein fyrir framgangi verkefnanna samhliða ársskýrslu ÞSSÍ.

Markmið ASÍ með samningi þessum er að leggja lið verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu, öryggismála og vinnuverndar alþýðufólks í samstarfslöndum ÞSSÍ í þeim tilgangi að vinna gegn fátækt og bæta lífsskilyrði og afkomu. ASÍ mun í þeim efnum sérstaklega styðjast við þá miklu reynslu og þekkingu sem samtökin hafa yfir að búa á þeim sviðum sem samstarfssamningur þessi tekur til. Markmið ASÍ er að ráðstafa allt að 0,7% af árlegum skatttekjum sambandsins í þróunaraðstoð. ASÍ mun ákveða endanlega þá fjárhæð sem varið verður til þeirra verkefna sem samningur þessi nær til, fyrir lok desember ár hvert.

Í framhaldi af samstarfssamningnum hafa ASÍ og ÞSSÍ gert tvo viðbótarsamninga: Í desember 2002 í samstarfi við landsamböndin innan ASÍ um neyðaraðstoð í Malaví vegna kólerufaraldurs.

*Alþýðusamband Íslands, Starfsgreinasamband Íslands, Landssamband verslunarmanna, Samband iðnfélaga, Rafiðnaðarsamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Matvís (ASÍ og landssamböndin innan ASÍ) annars vegar og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hins vegar gera með sér svohljóðandi*

**SAMKOMULAG**

*um aðstoð ASÍ og landssambanda innan ASÍ við héraðssjúkrahúsið í Monkey Bay í Malaví vegna kólerufaraldurs.*

*1. gr.*

*Með vísan til almenns samstarfssamnings ASÍ og ÞSSÍ frá 31. október 2002 hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi samstarfsverkefni á vetrinum 2002-2003.*

*2. gr.*

*ASÍ og landsamböndin munu greiða til ÞSSÍ kr.: 1.500.000,oo - einamilljónogfimmhundruðþúsund krónur -, sem varið verður til lyfjakaupa og matvælaaðstoðar fyrir sjúklinga, sem lagðir verða inn á héraðssjúkrahúsið í Monkey Bay í Malaví vegna kólerusýkingar á tímabilinu desember 2002 til apríl 2003, en ÞSSÍ stendur þar fyrir framkvæmdum og þjálfun starfsfólks. Lyfjakaupin miðast við að bæta úr alvarlegum lyfjaskorti til meðferðar gegn kóleru á sjúkra-*

*húsinu og matvælakaupin eru ætluð til þess að bregðast við matvælaskorti vegna sömu sjúklinga.*

*3. gr.*

*ÞSSÍ mun halda umræddum lyfja- og matvælakaupum algerlega aðskildum frá öðrum verkefnum stofnunarinnar á sama stað og gera ASÍ skriflega grein fyrir ráðstöfunum fjármunanna og árangri af aðstoðinni eins og við verður komið. ÞSSÍ mun ábyrgjast, að allt framlagið skili sér til umsamins verkefnis og engar greiðslur eða þóknun reikna sér fyrir umsýsluna.*

*Reykjavík 10. desember 2002.*

*f.h. Alþýðusambands Íslands og landssambanda innan ASÍ*

*f.h. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands*

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*

*Sighvatur Björgvinsson, frkvstj.*

Í júní 2003 var síðan undirritaður samningur á milli ASÍ og ÞSSÍ um verkefni í fullorðinsfræðslu í umsjá ÞSSÍ í Kalangala-héraði í Úganda.

*Alþýðusamband Íslands annars vegar og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hins vegar gera með sér svohljóðandi*

**SAMKOMULAG**

*um aðstoð ASÍ við verkefni í fullorðinsfræðslu í umsjá ÞSSÍ í Kalangala-héraði í Úganda.*

*1. gr.*

*Með vísan til almenns samstarfssamnings ASÍ og ÞSSÍ frá 31. október 2002 hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi samstarfsverkefni á vetrinum 2003-2004*

*2.gr.*

*ASÍ mun greiða til ÞSSÍ kr.: 1.000.000,oo - einamilljónkrónur - sem varið verður til þess að framleiða námsefni um rekstur smáfyrirtækja (Small Business Course), prentað efni sbr. meðfylgjandi verklýsingu um viðfangsefnið. Námsefni þetta er ætlað sem viðbótarfræðsluefni í fullorðinsfræðslu á veg-*

*um ÞSSÍ í samstarfi við stjórnvöld í Úganda og héraðsyfirvöld í Kalangala-héraði og liggur fyrir samþykki aðila um að námsefnið verði notað eins og í verklýsingu segir. Fyrir liggur í samningum ÞSSÍ og stjórnvalda í Úganda að efnt verði til þessara námskeiða. Námsefni þetta er aðskilið frá öðru námsefni í verkefninu en það er sérstaklega sniðið að þörfum fiskveiðisamfélaga í landinu og byggt á þarfagreiningu, sem sérstaklega hafði verið unnin af þessu tilefni. Hið prentaða námsefni verður sérmerkt sem kostað af ASÍ.*

*3.gr.*

*ÞSSÍ mun halda öllum útgjöldum vegna gerðar umrædds námsefnis algerlega aðskildum frá útgjöldum vegna annarra viðfangsefna stofnunarinnar í tengslum við umrætt fullorðinsfræðsluverkefni og gera ASÍ skriflega grein fyrir ráðstöfunum fjármunanna og árangri af notkun námsefnisins eins og við verður komið. ÞSSÍ mun ábyrgjast, að allt framlagið skili sér til umsamins verkefnis og enga greiðslu eða þóknun reikna sér fyrir umsýsluna.*

*Reykjavík 24. júní 2003.*

*F.h. Alþýðusambands Íslands f.h. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands*

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ Sighvatur Björgvinsson, frkvstj.*

Gildistími samstarfssamningsins er til ársloka 2005 og endurnýjast hann sjálfkrafa til næstu þriggja ára sé honum ekki sagt upp.

## Starf alþjóðanefndar ASÍ

Eftir mikið starf alþjóðanefndar ASÍ síðustu árin, virkan undirbúning undir ársfund ASÍ árið 2002 og starf á ársfundinum hefur tímabundið dregið nokkuð úr starfsemi nefndarinnar. Það er þó ljóst að hér er aðeins um tímabundið hlé að ræða þar sem fyrir liggur að nefndin mun fá fjölda mála til umfjöllunar á næstu mánuðum og misserum, einkum í tengslum við þróunina á Evrópuvísu og verkefni á þeim vettvangi.



*Atkvæðagreiðsla á síðasta ársfundi.*

# Skipulagsmál og lagabreytingar

Frá ársfundi 2002 bárust laganefnd ASÍ til umsagnar sjö lagabreytingar aðildarfélaga og voru þær afgreiddar á þremur fundum. Á sama tíma kom Skipulags- og starfsháttanefnd saman til 14 funda. Nefndin fjallaði aðallega um setningu nýrra viðmiðunarreglna um ársreikninga og bókhald verkalýðsfélaga og um stjórnarkreppu í Verkalýðsfélagi Akraness.

## Viðmiðunarreglur um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landsambanda samkvæmt 41. gr. laga ASÍ

Nefndin afgreiddi reglurnar fyrir sitt leyti á fundi sínum 18. janúar 2003 og miðstjórn endanlega á fundi 19. febrúar 2003. Félag löggiltra endurskoðenda fékk reglurnar til umsagnar og hefur þeim síðan verið dreift til félagsmanna. Endanlega samþykktar viðmiðunarreglur eru svohljóðandi:

## *I. KAFLI*
## *Bókhald og áætlanagerð*
### *1. gr.*

***Skilgreiningar***

*Rekstrargrunnur: Samkvæmt rekstrargrunnsreglu eru gjöld færð þegar til þeirra er stofnað, hvort sem þau hafa verið greidd eða ekki. Með hliðstæðum hætti eru tekjur færðar þegar til teknanna er unnið, hvort sem þær hafa verið innheimtar eða ekki. Með rekstrargrunns reglu fæst betri mæling á afkomu félaga/sérsambanda en þegar miðað er við innheimtu tekna og útborganir gjalda. Hið sama gildir um mælingu á efnahag aðila. Skýrari mynd fæst af eignum og skuldum rekstraraðila með því að miða gerð reikningsskila við forsenduna um rekstrargrunn.*

**Rekstrareining:** *Bókhaldslega aðskilinn þáttur í starfsemi og rekstri verkalýðsfélags/landsambands, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki.*

**Starfsdeild:** *Starfsleg eining innan rekstareiningar sem sinnir sérstökum verkefnum.*

***Stofnanir verkalýðsfélags / landssambands:*** *Rekstrareiningar sem lúta sérstakri stjórn eða hafa sér lög/reglugerð um starfsemi sína.*

***Þjónustueining:*** *Rekstrareining sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með sértekjum eða þjónustugjöldum (svo sem sameiginleg þjónustuskrifstofa) skal hafa aðskilinn rekstarreikning.*

***Fyrirtæki verkalýðsfélaga eða sérsambanda:*** *Fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem falla undir skilgreiningu sem rekstaraðili samkvæmt lögum um bókhald 1994 nr. 145, 29. desember eða lög um hlutafélög 1995 nr. 2, 30. janúar.*

***Samstæða:*** *Samanlagðir ársreikningar allra sjóða og fyrirtækja er viðkomandi verkalýðsfélag eða landssamband á aðild að, þar sem innbyrðis staða og millivelta hefur verið nettuð út en sýnd í millireikningi.*

***Stofnverð:*** *Kostnaðarverð mannvirkja og annarra varanlegra rekstrarfjármuna.*

### *2. gr.*

***Uppbygging ársreikninga***

*Verkalýðsfélög/landsambönd sem aðild eiga að ASÍ færa bókhald samkvæmt lögum um bókhald 1994. nr. 145. 29. desember. Þau byggja upp bókhald og ganga frá ársreikningi samkvæmt rekstrargrunnsreglu fyrir hvert reikningsár og lögum um ársreikninga nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga eftir því sem við á.*

### *3. gr.*

***Bókhald verkalýðsfélags/sérsambands, skyldra aðila og fyrirtækja***

*Verkalýðsfélag/landsamband og allar skilgreindar rekstrareiningar, stofnanir, og fyrirtæki þeirra, hér eftir nefnd félögin, eiga að haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt samkvæmt tilvitnuðum lögum í 2. grein og góðri bókhaldsvenju.*

### *4. gr.*

***Flokkun og greining í bókhaldi***

*Félag flokkar og greinir tekjur og gjöld, eignir og skuldir í bókhaldi sínu, þannig að upplýsingar úr því séu í samræmi við þessar reglur og áður tilvitnuð lög.*

### *5. gr.*

***Skipting á beinum rekstrarkostnaði***

*Í bókhaldi félags og rekstareiningum þeirra á að leggja áhersla á að leiða fram beinan rekstrarkostnað einstakra rekstrareininga á reikningsárinu.*

*Gera ber reikninga fyrir hlutdeild í sannanlegum beinum rekstrarkostnaði svo og vöru og þjónustu sem einstakar rekstrareiningar fá frá öðrum rekstrareiningum. Reikningar þessir eiga ekki að nema hærri fjárhæð en sem nemur sannanlegum kostnaði vegna viðkomandi rekstrarþáttar og þeir eiga að vera færðir í bókhaldi viðkomandi rekstrareiningar.*

### *6. gr.*

***Skipting á sameiginlegum rekstrarkostnaði***

*Sameiginlegur rekstrarkostnaður, þ.e. kostnaður sem ekki telst til beins rekstrarkostnaðar einstakra rekstrareininga, á að færa á sérstakan málaflokk í bókhaldi þeirra. Til frádráttar á sama málaflokk á að færa reikninga sem gerðir eru vegna hlutdeildar rekstrareininga með sjálfstætt reikningshald í sameiginlegum rekstrarkostnaði. Reikningar þessir eiga ekki að vera hærri en sem nemur sannanlegu kostnaðarverði og þeir eiga að færast í bókhaldi viðkomandi rekstrareiningar.*

### *7. gr.*

***Rekstur þjónustueininga***

*Bókhald félaga á að leiða fram með glöggum hætti tekjur og gjöld þeirra rekstrareininga sem fjármagnaðar eru af sérgreindum tekjum eða með þjónustugjöldum. Sérstaklega ber að gæta þess að tekjur af þjónustugjöldum reynist ekki umfram heildarkostnað rekstrareininga, þegar til lengri tíma er litið.*

*8. gr.*

***Eignaskrá***

*Til að halda reiður á rekstrarfjármunum í eigu félaga ber að halda sérstaka skrá um þá hluti sem ekki eru færðir meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum.*

*9. gr.*

***Ábyrgða- og skuldbindingaskrá***

*Til að hafa heildar yfirsýn yfir allar fjárhagsábyrgðir og þær skuldbindingar sem félög hafa tekið á sig samkvæmt lögum og reglum þeirra og ekki eru færðar meðal skulda í bókhaldi ber að skrá sérstaklega. Í skránni á að koma fram hvenær félagið tókst á hendur viðkomandi ábyrgð eða skuldbindingu, í hve langan tíma og hverjum hún er veitt. Þegar ábyrgð eða skuldbindingu lýkur, skal það fært í viðkomandi skrá.*

*Skrá þessi skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum félags og ber að tilgreina í reikningum félagsins.*

*10. gr.*

***Fjárhagsáætlun***

*Ef félag eða stjórn þess samþykkir að gerð skuli og lögð fram fjárhagsáætlun fyrir félagið er hún lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar árlega.*

*Fjárhagsáætlun miðist við annað af tvennu, starfsár stjórnar eða reikningsár og er hún þannig uppsett og unnin að gerð er sérstök áætlun fyrir hverja rekstrareiningu fyrir sig sem síðan er dregin saman í eina megináætlun.*

*Félögin skulu haga áætlanagerð sinni þannig að hún gefi glögga mynd af áætluðum iðgjaldatekjum, rekstrarkostnaði og framkvæmdum sem áætlað er að fara í á því tímabili sem áætlunin nær til.*

*Við gerð fjárhagsáætlunar ber að hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu félagsins í heild og allra rekstrareininga þess og fyrirtækja. Félagsstjórn ber að gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hverrar rekstareiningar fyrir sig fari ekki fram úr heildartekjum hennar.*

*Form fjárhagsáætlunar er í samræmi við form ársreiknings.*

*11. gr.*

***Fjárfestingarstefna***

*Ef félag eða stjórn þess samþykkir að mótuð sé fjárfestingarstefna fyrir félagið í heild eða einstakar rekstrareiningar sínar er hún lögð fram í stjórn félagsins til samþykktar árlega og til kynningar á aðalfundi/ársfundi. Fjárfestingar-*

*stefnan taki mið af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, með tilliti til ávöxtunar og áhættu.*

*Megin fjárfestingu félaga á að byggja upp miðað við að félögin geti breytt sínum fjárfestingum í laust fé á tiltölulega skömmum tíma gerist þess þörf. Þannig ber að leggja aðal áherslu á innlán í bönkum og sparisjóðum eða fjárfestingar í ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða bæjar- og sveitarfélaga eða markaðsskráðum eins og verðbréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila.*

## *II. KAFLI*
## *Ársreikningur, endurskoðun og aðrar fjárhagslegar upplýsingar*

### *12. gr.*

***Reikningsskil***

*Reikningsskil félags eiga að gefa glögga mynd af rekstri þess og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum einstakra félaga eða í reglugerðum ASÍ um ítarlegri reglur, gilda ákvæði 3. kafla laga um bókhald og góða reikningsskilavenju.*

*Reikningsár verkalýðsfélaga er almanaksárið.*

### *13. gr.*

***Flokkun í reikningsskilum***

*Í reikningsskilum félags sé gerður greinarmunur á rekstri annars vegar og bótum, styrkjum og framlögum hins vegar og starfsemi þeirra skipt þannig eftir því sem við á:*

*a Félagssjóður - sjóður sem myndaður er af félagsgjöldum félagsmanna.*

*b Sambandssjóður - aðalsjóður landsambands sem myndaður er af skatttekjum frá aðildarfélögum þess.*

*c Vinnudeilusjóður - sjóður sem myndaður er af árlegu framlagi frá félagssjóði, hluta af tekjuafgangi félagssjóðs eða sem hlutfall af félagsgjaldi samkvæmt félagslögum.*

*d Fræðslusjóður - sjóður sem myndaður er af hlutfallslegu framlagi af félagsgjaldi, samkvæmt félagslögum, eða með framlagi sem ákveðið er af aðalfundi á hverju ári.*

*e* *Sjúkrasjóður - sjóður sem myndaður er af iðgjöldum sem greidd eru sem hlutfall af launum í samtryggingarsjóð með samningsbundnum hætti af atvinnurekendum, eða sem hluti af félagsgjaldi hvort heldur um er að ræða tímabundið eða varanlegt framlag. Sjúkrasjóður getur haft sértekjur samkvæmt samþykktum.*

*f* *Orlofssjóður - sjóður sem myndaður er af iðgjaldi sem er greitt sem hlutfall af launum í sameiginlegan fjárfestingar-, rekstrar-, eða styrktarsjóð til að auðvelda töku orlofs fyrir greiðendur og fjölskyldur þeirra, eða sem hluti af félagsgjaldi hvort heldur um er að ræða tímabundið eða varanlegt framlag. Orlofssjóður getur haft sértekjur vegna endurgjalds af orlofsaðstöðu.*

*g* *Stofnanir, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, að hálfu eða meirihluta í eigu eins félags eða fleiri verkalýðsfélaga/landsambanda innan ASÍ.*

***14. gr.***

***Fasteignir***

*Fasteign sem er í eigu einstakra rekstrareininga innan verkalýðsfélags ber að færa í efnahagsreikning þeirrar rekstareiningar. Að sama skapi er gjaldfærsla færð meðal afskrifta hjá viðkomandi rekstrareiningu.*

*Ef eign einstakrar rekstrareiningar innan félags í fasteign er umfram það sem hún þarf til skilgreindrar starfsemi sinnar, ber að gera leigusamning við aðrar þær rekstareiningar innan félags sem nýta viðkomandi eign, eða óskyldan aðila sem nýtir eignina.*

*Ef leigutaki er skyldur rekstraraðili innan viðkomandi félags, er gerður við hann leigusamningur samkvæmt óskum hans og þörfum og innheimt leiga (svokölluð innri leiga) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnað vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skatta og tryggingar, viðhaldskostnað fasteignar og lóðar, auk eðlilegrar þóknunar til eignaraðila fyrir umsýslu.*

*Greiði skyldur rekstraraðili kaupverð að hluta eða að öllu leyti með skuldaviðurkenningu, ber að miða við að hún lúti eigi lakari ávöxtunarkröfu en lán sjóðfélaga frá lífeyrissjóði viðkomandi félags gera.*

## *15. gr.*

***Lausafjármunir - eignfærsla á áhöldum og tækjum og leiga***

*Kaup á smááhöldum skulu gjaldfærð á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Fyrir þá lausafjármuni sem nýttir eru af skyldum rekstrareiningum skal koma sanngjarnt endurgjald. Þeir lausafjármunir sem rekstrareining eignaðist fyrir árslok 2002 verða ekki eignfærðir. Viðhald þeirra verður gjaldfært á viðkomandi rekstrareiningar.*

*Afskriftatími lausafjármuna tekur mið af góðri reikningsskilavenju.*

## *16. gr.*

***Ársreikningar***

*Stjórn stéttarfélags/landsambands og framkvæmdastjóri semja ársreikning og samstæðureikning fyrir hvert reikningsár. Meginniðurstöður ársreiknings skulu liggja frammi í starfsstöð félags og vera aðgengilegar félagsmönnum fyrir og að loknum aðalfundi.*

*Ársreikningur og samstæðureikningur gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins og breytingu á hreinni eign og vera í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.*

*Ársreikningur geymi rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar, ásamt áritun stjórnar og löggilts endurskoðenda. Þannig ársreikning ber að semja fyrir hverja rekstrareiningu fyrir sig og/eða tilgreina rekstrarafkomu hverrar starfsdeildir í skýringum með ársreikningnum.*

*Samstæðureikningur fyrir félagið í heild og fyrirtæki þess sem hafa sjálfstætt reikningshald geri grein fyrir samanlögðum eignum og skuldum, tekjum og gjöldum félagasamstæðunnar í heild, niðurbrotið á hverja rekstrareiningu. Hann sýni innbyrðis viðskipti einstakra rekstrareininga í millireikningi.*

*Árs- og samstæðureikninga fyrir hvert reikningsár ber að leggja árlega fram til samþykktar á aðalfundi/ársfundi. Ef landsamband heldur ekki ársfund, ber árlega að leggja fram samstæðureikning eða ársreikning á sambandsstjórnarfundi, undirritaðan af stjórn félags, framkvæmdastjóra og endurskoðanda þess.*

*Hafi einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri athugasemdir eða fyrirvara gegn ársreikningi, ber þeim að gera formlega grein fyrir því í áritun sinni.*

## *17. gr.*

***Skýringar í ársreikningi***

*Í skýringum með ársreikningi sem lagður er fram á aðalfundi eða ársfundi ber m.a. að gera grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð árs-*

*reikningsins og öðrum þeim atriðum sem nauðsynleg eru við mat á afkomu og fjárhagsstöðu, þar með talið yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar.*

### *18. gr.*

### *Skýrsla stjórnar*

*Í skýrslu stjórnar kemur fram yfirlit um starfsemi félagsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félags/landsambands og afkomu á reikningsárinu og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.*

*Skýrsla stjórnar veitir yfirlit um fjölda iðgjaldagreiðenda til félagsins á árinu, þ.e. fjölda félagsmanna sem að jafnaði greiða iðgjöld til þess með reglubundnum hætti, fjölda lífeyrisþega og annarra er hafa full réttindi í félaginu, en greiða ekki iðgjöld. Fjöldi starfsmanna er vinna hjá félaginu að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu þess.*

### *19. gr.*

### *Endurskoðun*

*Endurskoðun félags ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.*

*Um tengsl endurskoðanda og félags vísast til 9. gr. laga nr. 18/1997 um löggilta endurskoðendur.*

*Telji stjórn félags, trúnaðarráð eða aðalfundur þörf á rekstrarráðgjöf, úttekt á rekstri eða starfsemi félags, einstökum rekstrareiningum innan þess, ber að fela öðrum þá framkvæmd en löggildum endurskoðanda félagsins eða því fyrirtæki sem hann starfar fyrir enda sé um umfangsmeiri og stærri úttektir að ræða.*

*Um endurskoðun hjá félagi gilda ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 eftir því sem við á.*

*Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri félags eða atriði er varða iðgjaldainnheimtu þess, greiðslutryggingar, getu til þess að standa undir skuldbindingum samkvæmt lögum sínum eða reglugerðum, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu félagsins, ber honum þegar í stað að gera stjórn félags viðvart. Það sama á við ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög sem fjalla um bókhald og ársreikninga eða reglugerðir er byggja á þeim lögum, eða lög eða reglugerðir sem félagið byggir sína starfsemi á hafi verið brotin. Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra,*

*skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók sbr. 66. gr. laga nr 144/1994 eða færa fram skriflega á annan hátt. Stjórnin skal varðveita gögn þessi á öruggan hátt.*

*Ákvæði þetta brýtur ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda.*

***20. gr.***

***Skoðunarmenn reikninga***

*Ef ákvæði er í lögum félags um skoðunarmenn ársreikninga eru reikningarnir lagðir fyrir þá ásamt endurskoðunarskýrslu löggilts endurskoðanda til skoðunar og undirritunar áður en stjórn áritar reikninginn. Með áritun sinni á ársreikning skulu skoðunarmenn staðfesta að þeir hafi yfirfarið hann. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum. Telji skoðunarmaður að svo hafi ekki verið skal hann árita ársreikninginn með viðeigandi athugasemdum. Um skyldur þeirra fer að öðru leyti eftir bókhaldslögum.*

***21. gr.***

***Skilaskylda til ASÍ***

*Senda skal ASÍ endurskoðaðan ársreikning félags ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun, eða eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.*

***Greinargerð og skýringar***

***Um 10.gr.***

*Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að fram komi allir helstu tekju- og rekstrarliðir og að henni sé hagað á þann hátt, að hún gefi glögga mynd af áformum um tekjur, rekstur, framkvæmdir og efnahag. Þannig framsett fjárhagsáætlun er meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn félags í heild á viðkomandi reikningsári, þannig kemur hún að sem bestum notum við stefnumörkun og stjórnun félags/landsambands.*

***Um 11.gr.***

*Góð og traust fjárfestingarstefna byggist m.a. á því:*

- *Að skuldabréf séu stöðluð og tryggð með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði, nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði. Þá er æskilegt hámark 35%. Þessi regla á hins vegar*

*ekki við um félög sem stofnuð eru utan um ákveðna þætti í starfsemi félags.*

- *Að við fjárfestingu í hlutabréfum fyrirtækja séu sett mörk á það hversu mikið af heildareign félags megi vera í hlutabréfum. Hlutabréf í óskráðum fyrirtækjum ættu til dæmis aldrei nema hærri upphæð en sem nemur 15% af heildareign félagsins í hlutabréfum. Einnig er æskilegt að hámark sé sett á eignarhluta í einstökum hlutafélögum. Þessi regla á hins vegar ekki við um félög sem stofnuð eru utan um ákveðna þætti í starfsemi félags.*

- *Að við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sé hún miðuð við þær takmarkanir sem hér að framan eru tilgreindar og í samræmi við heildar fjárfestingarstefnu félagsins á hverjum tíma.*

## Stjórnarkreppa í Verkalýðsfélagi Akraness

Um nokkuð langt skeið bar á ágreiningi innan stjórnar VLFA. M.a. var deilt um aðgang stjórnarmanna að bókhaldi félagsins, framkvæmd kosninga og rekstur félagsins. ASÍ reyndi frá því haustið 2001 að skapa sátt um kosningar innan félagsins og voru einar slíkar framkvæmdar undir eftirliti starfsmanna ASÍ. Sú stjórn tók ekki við stjórn félagsins og ákvað aðalfundur félagsins þess í stað að skipa þriggja manna starfsstjórn sem ljúka skyldi tilteknum málum. Með bréfi dagsettu 3. júní sl. tilkynnti starfsstjórnin Alþýðusambandi Íslands að henni hefði ekki tekist að ljúka þeim verkefnum sem henni voru falin á aðalfundi félagsins þann 11. febrúar sl. og sem henni bar skv. umboði frá aðalfundi að ljúka fyrir lok maí 2003. Með fyrrgreindri kosningu starfsstjórnar tók aðalfundur félagsins ákvörðun um að lýsa ekki kjöri þeirra stjórnarmanna sem kjörnir voru í umdeildri kosningu nokkru áður og jafnframt afsöluðu sitjandi stjórnarmenn umboði sínu. Í ljósi yfirlýsingar starfsstjórnar var VFLA án formlegrar stjórnar og óstarfhæft m.a. þannig að engum aðila var til að dreifa sem fær væri um að láta fara fram lögmæta kosningu nýrrar stjórnar og annarra trúnaðarmanna. Samkvæmt þessu var ljóst að miðstjórn ASÍ hafði í skilningi 1. gr. starfsreglna um framkvæmd 11. gr. laga ASÍ borist vitneskja um að VLFA gæti ekki, meðan félaginu væri ekki kjörin lögmæt stjórn, staðið fyrir þeirri starfsemi sem mælt er fyrir um í lögum ASÍ og lögum félagsins. Í greinargerð til miðstjórnar sagði:

*„Miðstjórn og Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ hafa á sl. 3 árum ítrekað fjallað um málefni VLFA og ágreining sem stjórn félagsins og félagsmönnum*

*hefur ekki reynst unnt að leysa með nokkrum fullnægjandi hætti. Fjöldi gagna þ.á.m. dómar um ágreining aðila, greinargerðir og ákvarðanir miðstjórnar og skýrsla óháðra endurskoðenda um tiltekna þætti í fjármálum félagsins liggja fyrir. Jafnframt er nokkuð ljóst að stjórnskipulag félagsins er með þeim hætti að erfitt er að ná saman starfhæfri stjórn. Stjórnarmenn eru annars vegar kjörnir í tvískiptri aðalkosningu ár hvert og hins vegar eiga formenn deilda sjálfkrafa sæti í stjórn sem aðalmenn. Hluti þess ágreinings í félaginu sem leiddi til kosningar starfsstjórnar er m.a. gagnrýni á þær hömlur sem lagðar hafa verið á aðgang stjórnarmanna að gögnum félagsins og bókhaldi. Þær deilur hafa m.a. leitt til dómsmáls þar sem stjórn félagsins var að viðlögðum dagsektum gert skylt að veita einum stjórnarmanna aðgang að bókhaldi félagsins. Í kjölfar þess var gerð könnun af sérstaklega skipuðum löggiltum endurskoðendum á tilteknum þáttum í fjármálum félagsins. Skrifstofu ASÍ hefur ekki borist eintak af þessari skýrslu en ekki er talin ástæða til sérstakrar könnunar á vegum Skipulags- og starfsháttanefndar, en 2. mgr. 2. gr. starfsreglna um framkvæmd 11. gr. laga ASÍ mælir fyrir um að það skuli gert ef ástæða er til. Það er ljóst að óumflýjanlegt er að sem allra fyrst verði starfsemi VLFA komið í lögmætt horf og félaginu kosin stjórn. Skipulags- og starfsháttanefnd hefur því ekki verið kölluð saman vegna málsins, en hún hefur á fyrri stigum deilunnar ítrekað fjallað um málið og reynt að ná sáttum með deiluaðilum m.a. með fundarhöldum. Með vísan til 4. gr. starfsreglna sbr. 11. gr. laga ASÍ hefur miðstjórn ASÍ ákveðið að skipa félaginu nú þegar tilsjónarmann og setja honum erindisbréf. Þar sem félagið er stjórnarlaust og nauðsyn á tafarlausum aðgerðum, telur miðstjórn ekki ástæðu til þess að gefa félaginu frest til þess að tjá sig um tillögu þessa. Jafnframt er, með vísan til 11. gr. laga ASÍ, Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ falin framkvæmd málsins fyrir hönd miðstjórnar. Eins og mál þetta er vaxið er nauðsynlegt að tilsjónarmaður taki nú þegar til starfa og hafi það sem aðalverkefni að sjá til þess að félaginu verði kosin ný og starfhæf stjórn sem fær verði um að taka á málefnum félagsins og þeim klögu- og kærumálum gengið hafa á víxl. Tilsjónarmaður leiti samráðs við Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ um störf sín en beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart miðstjórn. Tilsjónarmaður og/eða Skipulags- og starfsháttanefnd skulu upplýsa miðstjórn ASÍ um framgang starfa sinna á öllum reglulegum fundum miðstjórnar, allt þar til störfum tilsjónarmanns er lokið. Tilsjónarmanni verði falið að ljúka störfum innan þriggja mánaða frá samþykkt miðstjórnar um skipun tilsjónarmanns.“*

Miðstjórn skipaði 11. júní 2003 Ásmund Hilmarsson til þess að hafa tilsjón með félaginu og setti honum svohljóðandi erindisbréf:

*„Miðstjórn ASÍ hefur borist erindi þar sem fram kemur að Verkalýðsfélag Akraness (VFLA) sé ekki lengur fært um að standa undir þeirri starfssemi sem lög félagsins og lög ASÍ mæla fyrir um, sbr. bréf starfstjórnar félagsins dags. 3. júní sl. Ásmundur Hilmarsson er hér með skipaður tilsjónarmaður með félaginu. Skipun þessi er gerð með vísan til 11. gr. laga ASÍ og starfsreglna um framkvæmd hennar sem samþykktar voru í miðstjórn 5. september 2001. Skipun þessi tekur nú þegar gildi og er gerð til þriggja mánaða. Störf sín skal tilsjónarmaður vinna á ábyrgð miðstjórnar ASÍ, í samráði við Skipulags- og starfsháttanefnd sambandsins og samkvæmt lögum VLFA. Hlutverk og starf tilsjónarmanns er: Tilsjónarmaður annast um daglegan rekstur VLFA, starfsmannahald og fjármál meðan á skipan hans stendur og skal leitast við að halda skrifstofu félagsins opinni eftir því sem tök eru á og veita þá þjónustu sem veita ber. Tilsjónarmaður skal leitast við að halda uppi starfi allra stjórna og ráða sem í félaginu eru löglega kjörin, þ.á.m. stjórnum sjúkrasjóðs og orlofssjóðs. VFLA ber allan kostnað af störfum tilsjónarmanns en allar ákvarðanir um fjárútlát og ákvarðanir sem ekki tilheyra daglegum rekstri og allar þær sem meiriháttar geta talist skal hann bera undir Skipulags- og starfsháttanefnd. Hann skal annast um að á ofangreindum tíma fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla skv. reglugerð ASÍ um kjör nýrrar stjórnar í félaginu. Um verði að ræða póstkosningu þar sem öll gögn verði send frá skrifstofu ASÍ og á móti þeim tekið þar og atkvæði talin. Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ taki að sér til bráðabirgða hlutverk kjörstjórnar félagsins en eftir að framboð eru komin fram skulu fulltrúar einstakra framboða jafnframt taka sæti í kjörstjórn og framkvæmd kosninganna öll framkvæmd í góðri samvinnu við þá. Slíkri kosningu skal lokið áður en skipunartími tilsjónarmanns rennur út. Tilsjónarmanni er heimilt að boða með dagskrá til félagsfunda og/eða aðalfunda í samræmi við lög félagsins. Honum er heimilt að leggja fyrir slíka fundi tillögur sínar að breytingum á lögum félagsins, telji hann það nauðsynlegt. Slíkar tillögur skulu hafa hlotið samþykki Skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ áður en þær eru bornar fram. Í fundarboði skal taka fram að það sé tilsjónarmaður sem til fundarins boði, setja fram dagskrá og gefa félagsmönnum tækifæri á að koma fram með tillögur m.a. lagabreytingar, breytingatillögur við tillögu tilsjónarmanns telji þeir ástæðu til. Tilsjónarmaður skal gera miðstjórn ASÍ grein fyrir störfum sínum á öllum fundum hennar sem haldnir eru meðan á skipan hans stendur. Rísi ágreiningur milli tilsjónarmanns og félagsmanna, félagsmanns eða einhverra þeirra stofnana, stjórna og ráð sem í félaginu starfa um einstakar ákvarðanir tilsjónarmanns eða framkvæmd starfa hans er heimilt að skjóta slíkum ágreiningi til Skipulags- og starfsháttanefndar. Ákvörðunum Skipulags- og starfsháttanefndar er heimilt að skjóta til mið-*

*stjórnar. Ákvörðun þessi skal tilkynnt bréflega og með sannanlegum hætti til allra stjórnarmanna úr síðustu stjórn félagsins, þeim sem kjörnir voru í síðustu kosningum og ekki hafa tekið sæti sem og formönnum allra deilda félagsins. Komi fram mótmæli við skipan þessari og forsendum hennar skal honum þegar í stað skotið til miðstjórnar til umfjöllunar og ákvarðanatöku að nýju.“*

Tilsjónarmaður reyndi ítrekað að leita sátta með aðilum um skipan stjórnar en hafði ekki erindi sem erfiði. Hann lagði fram tillögu um breytingar á lögum félagsins þar sem gert var ráð fyrir listakosningu stjórnar. Lagabreytingartillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða á félagsfundi en fékk ekki áskilinn meirihluta 2/3 fundarmanna. Við þessar aðstæður ákvað tilsjónarmaður að skila umboði sínu til miðstjórnar með ósk um nýja ákvörðun sem m.a. gæfi með skýrum hætti heimild til þess að beita c-lið 2. mgr. 11. gr. laga ASÍ og leggja þannig fyrrgreindar lagabreytingar undir allsherjaratkvæði allra félagsmanna. Miðstjórn ASÍ taldi sömu forsendur til staðar og lágu fyrir þá er tilsjónarmaður var fyrst skipaður með félaginu og féllst á að endurnýja og framlengja skipun hans með nýju erindisbréfi. Tillaga um lagabreytingu til bráðabirgða var síðan lögð undur allsherjaratkvæði félagsmanna og skyldu þau gilda tímabundið í tvö ár frá því að kosningum samkvæmt þeim væri lokið. Stjórn skyldi kjörin listakosningu, þar á meðal formenn deilda og varamenn þeirra. Lagabreytingin gerði jafnframt ráð fyrir því að niður féllu öll umboð núverandi stjórnar- og varastjórnarmanna. Einnig var lagt til að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en kjörtímabil þeirrar stjórnar sem kosin yrði samkvæmt þessum lögum lyki, skyldi stjórn félagsins boða til félagsfundar þar sem tekið verði á dagskrá hvort félagsmenn kjósi að viðhalda því stjórnkerfi sem bráðabirgðaákvæðin skapa, taka upp nýtt eða hvort eldri lagaákvæði skuli taka gildi þá er bráðabirgðaákvæðin renna út. Um það skyldi síðan greiða allsherjaratkvæði.

Atkvæðagreiðan fór fram í september 2003 og var lagabreytingin samþykkt með 80% greiddra atkvæða. Í undirbúningi eru nú stjórnarkjör.

**Innheimta iðgjalda til sjóða verkalýðshreyfingarinnar**

*Allt frá setningu l. nr. 9/1974 og síðar l. 19/1979, l. nr. 55/1980 og l. 94/1986 hefur af og til komið upp umræða um hvort ákvæði laga og kjarasamninga um innheimtu iðgjalda sem mælt er fyrir um í kjarasamningum og staðfest með löggjöf standist félagafrelsisákvæði 74.gr. stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Á starfsárinu var unnið minnisblað um málið og lagt fyrir miðstjórn. Niðurstaða þess er að lög- og kjarasamningsbundin innheimta iðgjalda*

*til félags-, sjúkra-, orlofs- og lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sé lögmæt. Lögmætið byggi á 74.gr. stjórnarskrár, mati löggjafans og dómsniðurstöðum Hæstaréttar og Félagsdóms. Í minnisblaðinu segir m.a.: „Samkvæmt kjarasamningum á almennum og opinberum vinnumarkaði eru innheimt gjöld til a.m.k. fjögurra sjóða (félaga) sem starfa í þágu launafólks og sem eru ýmist í vörslu verkalýðsfélaganna einna eða undir sameiginlegri vörslu þeirra og samtaka launagreiðenda. Þessir sjóðir eru lífeyrissjóðir, sjúkra- eða styrktarsjóðir, orlofssjóðir og félagssjóðir. Framlög eru bæði reiknuð sem hlutfall af launum eða tiltekin krónutala en ýmist dregin af reiknuðum launum fyrir útborgun, greidd af launagreiðanda sem hlutfall af reiknuðum launum eða er blanda af hvoru tveggja. Þegar fjallað er um innheimtu iðgjalda þessa verður annars vegar að fjalla um innheimtu til þeirra allra og hins vegar einnig að fjalla jöfnum höndum um almennan og opinberan vinnumarkað. Fjallað verður í aðgreindum köflum um hvern sjóð fyrir sig, tilgang þeirra, aðild, iðgjöld og heimildir til innheimtu og að lokum er gerð grein fyrir lögmæti á innheimtu iðgjalda til þeirra. Í upphafi er hins vegar gerð grein fyrir lagalegri stöðu þeirra iðgjalda sem af launum eru heimt. ... Lífeyrissjóðsiðgjöld eru að hluta dregin af launum og að hluta greidd beint af launagreiðanda. Launagreiðandi skilar hvoru tveggja til lífeyrissjóðs viðkomandi verkalýðsfélags. Iðgjöld til sjúkra- eða styrktarsjóða koma ekki til frádráttar launum fremur en mótframlag launagreiðanda til lífeyrissjóðs og greiðast beint til sjóða viðkomandi verkalýðsfélaga. Félagsgjöld eru dregin af launum líkt og eigið framlag launamanns til lífeyrissjóðs. Þrátt fyrir að iðgjöld séu annað hvort greidd beint af launagreiðanda eða af launafólki til viðkomandi sjóða, þá eru iðgjöldin hluti launakjara. Í dómi Hæstaréttar frá 7. maí 1998 í málinu nr. 281/1997 segir: „... Þótt slík framlög hafi að nokkru verið greidd af vinnuveitendum áfrýjanda breytir það ekki því að þau voru hluti af þeim heildarlaunakjörum, sem hann naut eftir lögum og kjarasamningum. Svarar þetta því til þess að áfrýjandi hafi unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi.“ Samkvæmt 112.gr. l. 21/1991 njóta iðgjöld til allra þessara sjóða stöðu sem forgangskröfur í þrotabú launagreiðanda, líkt og aðrar launakröfur. Reiknuð og greidd iðgjöld í þágu launafólks, sá hluti þeirra sem launagreiðandi reiknar ofan á laun, teljast með launakostnaði í bókhaldi hans og koma þannig til frádráttar tekjum hans. Sá hluti sem dreginn er af launamanni þ.e. félagsgjald og 4% lífeyrissjóðsframlag koma til frádráttar skattskyldum tekjum hans. Lífeyrisiðgjöldin skv. sérstakri reglu en félagsgjöldin, sem fyrir upptöku staðgreiðslu mátti draga beint frá launum fyrir skatt, eru nú reiknuð inn í staðgreiðslu. Í þeim tilvikum að launamaður fái styrki eða lífeyri úr sjóðum þessum mynda bæði bein framlög hans og mótframlag launagreiðanda skattskyldar tekjur. Af*

*framanrituðu er ljóst að í öllum tilvikum er um að ræða eigin iðgjöld launamanns til þeirra sjóða sem kjarasamningar mæla fyrir um þó svo að með mismunandi hætti sé hvort þau komi til frádráttar við útborgun launa eða reiknist ofan á laun. Af þeim ástæðum er ekki hægt að meðhöndla iðgjöld þessi með mismunandi hætti eftir því um hvaða sjóði er að ræða. Eins og fram kemur hér á eftir renna þau öll til „félaga“ í skilningi laga og skapa viðkomandi launamanni þar réttindi hvort heldur hann hefur formlega óskað aðildar að þeim félögum eða ekki. ...“*

*Um lífeyrissjóðina er komist að eftirfarandi niðurstöðu: „Hæstiréttur hefur staðfest að skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum skv. nánari ákvörðun kjarasamninga sem ákveðin var með l. 55/1980 (ákvæði sama efnis er í l. 129/1997) stæðist ákvæði 74. gr. stjórnarskrár. (HRD 1996:2584 og HRD 1991:1807).“*

*Um Sjúkra- eða styrktarsjóðina er komist að eftirfarandi niðurstöðu: „Sjúkrasjóðir eru félög í skilningi laga. Félagsmenn í skilningi laga eru allir sem iðgjald er greitt af á grundvelli lágmarkskjarasamninga. Ekki eiga allir félagsmenn sjúkrasjóðanna jafnframt aðild að viðkomandi verkalýðsfélögum sem að stjórn sjóðanna koma. Raunveruleg stjórn sjóðanna af hálfu launafólks er því í höndum þeirra sem formlega aðild eiga að viðkomandi verkalýðsfélagi og njóta þar kosningaréttar og kjörgengis. Hæstiréttur hefur staðfest lögmæti greiðsluskyldu og skylduaðildar utanfélagsmanna að tilteknum sjúkrasjóðum skv. nánari ákvörðun kjarasamninga sem ákveðin er með l. 19/1979 og 1.mgr. 6.gr. l. 55/1980. (HRD 1988:1464).“ Um Orlofssjóðina er komist að sams konar niðurstöðu.*

*Um Félagssjóðina er komist að eftirfarandi niðurstöðu: „Verkalýðsfélög eru félög sérstaks eðlis. Þau hafa að lögum mikilvægu hlutverki að gegna á vinnumarkaði, í afkomu launafólks og í efnahagslífi hverrar þjóðar. Gagnvart atvinnurekendum og samtökum þeirra hafa þau heimild en jafnframt skyldu til sameiginlegrar samningsgerðar (kjarasamningsgerðar) um starfskjör launafólks. Hefðbundin starfsemi verkalýðsfélaga miðar því að því að treysta afkomu og öryggi launafólks og skiptir um leið efnahag fyrirtækja og þjóðarbús miklu. Um verkalýðsfélög gilda m.a. l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í 1. gr. þeirra segir: „Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.“ Hvað nákvæmlega felst í þessu ákvæði er ekki útskýrt en í greinargerð með lögunum segir, að um sé að ræða*

*rétt til þess að „... gæta hagsmuna þeirra manna, sem hafa lífsviðurværi sitt af því að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi“. Af lögunum í heild er augljóst að þeir hagsmunir sem rætt er um í 1. gr. eru fólgnir í réttinum til þess að semja sameiginlega um kaup og kjör og beita í því ferli þeim þvingunarúrræðum, sem lögin geyma. Þessir hagsmunir eru þó ekki þeir einu sem lögin vernda. Af 1. mgr. 5. gr. laganna sést að kjarasamningsrétturinn er einungis eitt þeirra hlutverka sem verkalýðsfélögum er ætlað að sinna. Löng hefð er fyrir því að verkalýðsfélögin sinni margþættu félagslegu hlutverki öðru en því að semja um kaupið eitt. T.d. hafa verkalýðsfélögin frá upphafi talið lífeyrismál, húsnæðismál, almannatryggingamál, orlofsheimilamál [IH1], öryggis- og vinnuverndarmál, menningarmál, menntamál og sjúkratryggingar falla undir verksvið sitt. Til þess að sinna þessum hlutverkum er verkalýðsfélögunum m.a. talið heimilt að safna sjóðum og ráðstafa þeim. Hér á Íslandi hefur réttur til sjóðssöfnunar og ráðstöfunar þeirra til félagslegra málefna ekki verið umdeildur og ber starfsemi verkalýðshreyfingarinnar þess skýr merki. Nægir þar að vísa til þjónustu verkalýðsfélaganna hvað varðar ráðningarsamninga og einstaklingsbundin réttindi á vinnustað og til reksturs sjúkra- og orlofsheimilasjóða [IH2]. Þetta birtist þó ekki síst í rekstri öflugra söfnunarlífeyrissjóða. Rúm 85% launafólks á aðild að verkalýðsfélögum hér á landi. Um greiðslur til félagssjóða verkalýðsfélaganna í landinu er fjallað í lögum verkalýðsfélaganna og kjarasamningum aðila á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samkvæmt kjarasamningum innheimta launagreiðendur á almennum vinnumarkaði iðgjöld af launum alls launafólks sem vinnur samkvæmt kjarasamningum viðkomandi verkalýðsfélaga. Með viðkomandi verkalýðsfélagi er átt við það félag sem gerir lágmarkskjarasamning um kaup og kjör viðkomandi launamanns sbr. 1.gr. l. 55/1980 sbr. og 7.gr. l. 80/1938. Á opinberum vinnumarkaði er þessi innheimta staðfest í lögum. Í 2.mgr. 7.gr. l. 94/1986 segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.“ Þeir kjarasamningar sem verkalýðsfélögin gera gilda fyrir allt launafólk án tillits til þess hvort viðkomandi hafi formlega sótt um aðild að því verkalýðsfélagi sem kjarasamninginn hefur gert eða ekki sbr. 1.gr. l. 55/1980 og 2.mgr. 7.gr. l. 94/1986. Allt launafólk nýtur því verndar þeirra kjarasamninga sem verkalýðsfélögin gera þar með talið réttinda og verndar í lífeyrissjóðum félaganna og sjúkra- og orlofssjóðum þeirra. Verkalýðsfélögin og sambönd þeirra, fyrir hönd alls launafólks óháð formlegri fé-*

*lagsaðild einstakra launamanna, eru jafnframt samningsaðilar gagnvart stjórnvöldum og aðilar að þríhliða samningum samtaka launafólks, stjórnvalda og samtaka launagreiðenda. Þannig hefur tekist á síðasta áratug að kveða niður óðaverðbólgu, stuðla að efnahagslegum stöðugleika og margföldun kaupmáttar. Verkalýðsfélög eru „félög“ í skilningi laga. Stjórnskipulag þeirra og starf byggir á eigin samþykktum. Engum er skylt að eiga aðild að verkalýðsfélagi en allt launafólk nýtur þeirra réttinda sem þau semja um og þeirrar hagsmunagæslu og þjónustu sem þau veita. Hins vegar er raunveruleg stjórn þeirra í höndum þess launafólks sem formlega aðild á að viðkomandi verkalýðsfélögum og nýtur þar kosningaréttar og kjörgengis. Félagsdómur hefur staðfest, að lögbundin greiðsla iðgjalds til verkalýðsfélags vegna launamanns sem ekki er félagsmaður en sem vinnur eftir kjarasamningi viðkomandi verkalýðsfélags brjóti hvorki í bága við 74. gr. stjórnarskrár né Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. l. nr. 62/1992 eða 4.gr. l. 80/1938. ( FÉLD 4/1998 ).“*



*Það mæðir mikið á starfsfólki ASÍ á ársfundum. Hér eru nokkrir starfsmenn og þeir sem sáu um tölvukerfið og rafræna kosningakerfið.*

# Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Frá árinu 1997 hefur starfsemi á skrifstofu ASÍ byggst á starfs- og fjárhagsáætlun sem er samþykkt af miðstjórn ASÍ. Að venju voru lagðar línur fyrir starfsemi skrifstofunnar í starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2003. Hún var samþykkt á fundi miðstjórnar 15. janúar 2003.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni, en nánar er fjallað um þau atriði hér á eftir.

## Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2003

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðast liðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Guðmundur Rúnar Árnason, ritstjóri og upplýsingafulltrúi, Guðveig Elísdóttir, ræstitæknir, Gylfi

Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór G. Björnsson, varaforseti, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, Margrét Lind Ólafsdóttir, umsjónarmaður vefmála, María Haraldsdóttir, bókari, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Rannveig Einarsdóttir, fræðslufulltrúi, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Sigurður Víðisson, verkefnisstjóri í verðlagseftirliti og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur.

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi. Hjördís Kristinsdóttir bókari lét af störfum á árinu og við starfi hennar tók María Haraldsdóttir. Auk hennar hófu Margrét Lind Ólafsdóttir, sem sinnir vefmálum og ýmiss konar upplýsingamálum og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur störf á árinu.

## Útgáfu- og kynningarmál ASÍ

Fyrir nokkrum misserum var mörkuð sú stefna að gera afgerandi breytingar á kynningar- og útgáfumálum Alþýðusambandsins. Þær fólust meðal annars í að draga úr útgáfutíðni Vinnunnar, en leggja í staðinn áherslu á annars konar útgáfu - ekki síst rafræna.

Árið 2002 kom Vinnan út tvisvar. Eitt tölublað kom út í maí á þessu ári og annað er ráðgert í kjölfar ársfundar.

Fréttaskvetta hefur komið út átta sinnum á árinu. Þar er fjallað um það helsta sem er á baugi hverju sinni, ekki síst það sem gerist á vettvangi miðstjórnar ASÍ. Fréttaskvetta er gefin út á pdf-formi og dreift með tölvupósti til aðildarfélaga og annarra aðila.

Vinnan.is er nýr miðill sem hleypt var af stokkunum í janúarlok. Um er að ræða rafræna útgáfu (pdf) sem er send með tölvupósti til fjölmiðla, alþingismanna, stofnana, sveitarstjórna og áhugasamra einstaklinga. Vinnan.is hefur hlotið góðar viðtökur og fjöldi áskrifenda vex stöðugt.

Áfram hefur verið unnið eftir þeirri stefnu að birta jafnóðum á vefnum fréttir úr starfi hreyfingarinnar á vefnum. Vefur ASÍ hefur unnið sér sess sem uppspretta frétta í almennum fréttamiðlum.

Auk þessa hafa af og til verið gefin út til prentuð og fjölfölduð rit um afmörkuð viðfangsefni, svo sem rit um velferðarmálin.

Þegar tillögur ASÍ í velferðarmálum voru kynntar, var gefið út sérstakt átta síðna rit sem var dreift með Morgunblaðinu.

## Ímynd ASÍ

Skrifstofa ASÍ lætur reglulega fara fram mælingar á viðhorfum almennings til Alþýðusambandsins. Slíkar mælingar eru til allt frá árinu 1986, en voru ekki gerðar með reglubundnu millibili fyrr en 1999/2000. Í könnun sem var gerð 1999 var næstum fimmtungur neikvæður í garð ASÍ og rúm 40% jákvæð. Eftir þingið 2000 voru jákvæðir ekki nema rétt rúmur þriðjungur og meira en helmingur var hlutlaus. Síðan þá hefur þróunin verið stöðug í rétta átt. Neikvæðir hafa verið innan við 10%, jákvæðum hefur fjölgað og hlutlausum fækkað. Í síðustu könnun, sem var gerð í ágúst sl. voru jákvæðir fleiri en hlutlausir í fyrsta skipti síðan 1994.

## ASÍ vefurinn

Haldið hefur verið áfram að þróa ASÍ vefinn. Hann hefur reynst drjúgur við að koma málum á dagskrá, jafnt innan hreyfingarinnar sem hjá fjölmiðlum. Allt efnið á vefnum er unnið af starfsfólki Alþýðusambandsins.

Vefurinn er hugsaður sem frétta- og upplýsingavefur og sem eðlilegur fyrsti viðkomustaður fyrir þá sem fara á Netið í leit að upplýsingum um málefni sem snerta verkalýðshreyfinguna og réttinda- og kjaramál launafólks. Forsíðan er í senn fréttasíða með nýjustu fréttum um það sem efst er á baugi hverju sinni og gátt að þeim vefhlutum sem ASÍ vefurinn er byggður á. Þeir eru:

- **Forsíða.** Þar er að finna nýjustu fréttir af því sem er efst á baugi hverju sinni.
- **Á vinnumarkaði.** Þar eru upplýsingar um störf og stefnu Alþýðusambandsins og þau verkefni sem deildir skrifstofunnar vinna að, hver fyrir sig. Jafnframt er hugsunin sú, að þar geti launamaður leitað sér upplýsinga um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- **Fréttavefur Vinnunnar.** Þar er að finna ýmiss konar fréttir sem eiga einkum erindi til félaga í verkalýðshreyfingunni, án þess að vera beinlínis þess eðlis að þær séu settar á aðalsíðu vefjarins. Reglulega er farið yfir heimasíður aðildarfélaga, lífeyrissjóða, héraðsfréttablaða, erlendra verkalýðssamtaka og fleiri aðila og sagt frá því á fréttavef Vinnunnar sem talið er eiga erindi við íslenskt launafólk. Á fréttavefnum er að finna nýjasta tölublað Vinnunnar á hverjum tíma, Fréttaskvettu og Vinnan.is, auk ýmiss konar útgáfuefnis á pdf-formi og efnisflokkað greinasafn.
- **ASÍ.** Þar er gátt að veraldarvefnum þar sem búið er að taka saman tilvísanir í gagnlegar heimasíður heima og erlendis. Á þessum vefhluta er að finna þau aðildarfélög og sambönd ASÍ sem hafa komið sér upp

heimasíðum, lista yfir önnur innlend félög og stofnanir sem tengjast vinnumarkaðsmálum eða geta reynst gagnleg fyrir launafólk. Loks er á þessum vefhluta að finna ítarlegan lista yfir tengingar við hina alþjóðlegu verkalýðshreyfingu og stofnanir sem tengjast henni.

Lögfræðideild ASÍ hefur unnið að uppsetningu upplýsingasíðu um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði. Efnið á þessa síðu er að meginstofni til fengið úr bókum Láru V. Júlíusdóttur „Réttindi og skyldur á vinnumarkaði“ og „Stéttarfélög og vinnudeilur“, en auk þess er stuðst við efni sem ASÍ á í fórum sínum um þetta efni. Tekið hefur verið tillit til breytinga sem orðið hafa á lögum og kjarasamningum frá því að framangreindar bækur komu út. Verður því gætt svo sem kostur er að upplýsingar sem birtar eru á þessari upplýsingasíðu séu ávallt nýjar.

Þetta efni er aðgengilegt á vef ASÍ undir heitinu „Á vinnumarkaði“. Smellt er á orðið „vinnuréttur“ vinstra megin á síðunni og opnast þá stika með nokkrum fyrirsögnum sem vísa veginn áfram í einstaka undirkafla.

Kaflarnir eru (1) Réttindi og skyldur, þar sem fjallað er laun og önnur starfskjör, orlof, veikinda- og slysarétt, vinnutíma starfsmanna, aðilaskipti að fyrirtækjum, hópuppsagnir o.fl. (2) Stéttarfélög, en þar er sjónum m.a. beint að skipulagi og uppbyggingu stéttarfélaga, aðild að þeim og kjarasamningnum. (3) Vinnudeilur en í þeim hluta er fjallað um vinnustöðvanir, boðanir slíkra aðgerða o.fl. (4) Félagsdómur, þar sem helstu reglum og sérstöðu þessa dómstóls er lýst. (5) EES-réttur, sem hefur að geyma lýsingu á þeim reglum vinnuréttar og vinnuverndar sem EES-samningurinn hefur fært íslensku launafólki og (6) Greinar um fræðileg efni á sviði vinnuréttar þar sem ráðgert að birta ítarlegri umfjöllun um einstök fræðileg efni á sviði vinnuréttar. Fyrsta greinin af þeim toga er eftir Magnús M. Norðdahl, deildarstjóra lögfræðideildar ASÍ, og ber heitið „Íhlutunarréttur dómstóla og samkeppnisyfirvalda í málefni verkalýðsfélaga“. Í grein sinni fjallar Magnús um það hvort og þá hvaða heimildir dómstólar og samkeppniyfirvöld hafa til íhlutunar í málefni verkalýðsfélaga einkum út frá því hvort um er að ræða verkefni sem teljast fremur falla að aðalmarkmiðum þeirra eða aukamarkmiðum. Á næstunni er ráðgert að birta undir þessu lið greinargerðir annars vegar um lög um hópuppsagnir og hins vegar um lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

## Ferðanefnd stéttarfélaganna

Ákveðið var á árinu 2002 að draga verulega úr starfsemi Ferðanefndar stéttarfélaganna, að minnsta kosti tímabundið. Ástæðurnar fyrir því eru af ýmsum toga eins og grein var gerð fyrir í síðustu skýrslu forseta.

Miklar breytingar hafa orðið á ferðamarkaðnum á síðustu árum og starfsumhverfi ferðanefndarinnar. Þar má nefna mjög vaxandi samkeppni á þessum markaði, tilkomu bókana á vefnum og tengt því aukningu á ýmiss konar tilboðum ferðaþjónustuaðila sem gerir að verkum að erfitt er að tryggja að þeir samningar sem Ferðanefnd stéttarfélaganna gerir tryggi ávallt hagstæðustu kjörin eins og gerð er krafa um. Þá hafði gjaldþrot Samvinnuferða-Landsýnar mikil áhrif á starf Ferðanefndarinnar, en S-L var helsti samstarfsaðili nefndarinnar og veitti henni faglega þjónustu. Síðast en ekki síst skiptir hér máli að fjölmörg stéttarfélög hafa ákveðið að fara sínar eigin leiðir í þessum málum, m.a. með beinum samningum við einstaka ferðaþjónustuaðila. Slíkir samningar byggja á fjárhagslegum skuldbindingum sem Ferðanefnd stéttarfélaganna hefur ekki umboð til að gera.

Í ljósi þess sem að framan greinir var það niðurstaða Ferðanefndarinnar að draga úr starfsemi sinni og einbeita sér að því að viðhalda samningnum við Flugfélag Íslands um stéttarfélagsfargjöld. Sá samningur er enn í gildi og hefur verið töluvert nýttur, einkum af félagsmönnum stéttarfélaganna á Vestfjörðum, Eyjafjarðarsvæðinu og á Austurlandi.



*Sambærileg mál og þau sem brenna á verkalýðshreyfingunni vegna erlendra starfsmanna við Kárahnjúka um þessar mundir, hafa verið á borðum sjómanna um alllangt skeið.*

# Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingargjald, með síðari breytingum, 181. mál.***

19. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 181 mál.

Í lagafrumvarpinu eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um tryggingagjald.

Lækkun á almenna hluta tryggingagjaldsins um 0,27%

Niðurfelling á nokkrum ákvæðum um gjaldflokka tryggingagjalds sem lokið hafa hlutverki sínu

Breytingar er varða samræmingu á lögum um tryggingagjald við ákvæði almannatryggingalaga, þar sem greiðsla á tryggingagjaldi er í ákveðnum tilvikum skilyrði fyrir rétti til bótagreiðslna úr almannatryggingakerfinu.

Samræming innheimtuúrræða vegna vangoldins tryggingagjalds.

Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.
Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 13. desember 2001, er fallið frá hluta þeirrar hækkunar tryggingagjalds sem lögfest var fyrir ári síðan. Einnig eru felld brott ákvæði um gjaldflokka tryggingagjalds sem ekki eru lengur í gildi.

Alþýðusamband Íslands sendi Alþingi þann 7. nóvember 2001 ítarlega umsögn um þær tillögur til skattkerfisbreytinga sem þá lágu fyrir þinginu. Í umsögn um frumvarp til laga um tekju-, og eignaskatt, skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar, einstaklinga í atvinnurekstri og fleira, mál nr. 114, lagðist Alþýðusamband Íslands eindregið gegn þeirri hækkun tryggingagjalds sem þar var boðuð. Rök Alþýðusambandsins gegn hækkun tryggingagjaldsins voru m.a. að: *„...með þessu sé verið að hækka launakostnað fyrirtækja án þess að það skili sér í bættum kjörum launafólks. Með þessu er ríkissjóður að þrengja að því svigrúmi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa til að semja um bætt kjör launafólks.“*

Alþýðusambandið ítrekar andstöðu sína við þá hækkun tryggingagjalds sem lögfest var fyrir ári en telur það þó spor í rétta átt að falla frá hluta þeirrar hækkunar.

Um 2. gr.
Greinin snýr fyrst og fremst að því að tryggja ákveðin réttindi þeirra sem flytjast til starfa erlendis í samræmi við lög nr. 117/1193 um almannatryggingar.

Í þessu felst viss réttarbót sem Alþýðusambandið er hlynnt.

Um 3. gr.
Samkvæmt greininni er verið að samræma þau úrræði sem innheimtumaður hefur eftir álagningu tryggingagjalds og hann hefur vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds. Alþýðusambandið telur slíka samræmingu ekki óeðlilega.

***Þingsályktunartillaga um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 16. mál.***
*19. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, 16. mál.

Alþýðusamband Íslands telur æskilegt að hlúa að nýsköpun og þróunarstarfi í smærri atvinnurekstri og mælir með því að tillagan verði samþykkt.

***Þingsályktunartillaga um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál.***

*19. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál.

Alþýðusambandið tekur undir þær meginhugmyndir tillögunnar að æskilegt sé að leita leiða til að afnema eða lækka verulega tekjuskatta lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

Í þessu samhengi vill Alþýðusambandið þó benda á hugmyndir sambandsins um upptöku fjölþrepaskattkerfis sem hefði það markmið að draga úr skattbyrði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

Í samráði við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka Atvinnulífsins skipaði fjármálaráðherra 3. ágúst 2001, nefnd til þess að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepaskattkerfi hjá einstaklingum. Stefnt er að því að nefndin skili niðurstöðum sínum innan tíðar. Í ljósi þess telur Alþýðusambandið ótímabært að skipa nýja nefnd sem hefði það að verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

***Þingsályktunartillaga um samanburð á matvælaverði hérlendis og á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu, 7. mál.***

*19. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samanburð á matvælaverði hérlendis og á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu, 7. mál.

Í ljósi hins háa matvælaverðs á Íslandi í samanburði við önnur ríki á Norðurlöndum og ríki Evrópusambandsins, telur Alþýðusamband Íslands mikilvægt að reglulega sé gerður vandaður samanburður á matvælaverði annars vegar á Íslandi og hins vegar á Norðurlöndunum og ríkjum Evrópusambandsins. Alþýðusambandið mælir því með að Alþingi samþykki tillöguna.

***Þingsályktunartillaga um athugun á orsökunum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3. mál.***

*19. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um athugun á orsökunum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópu-sambandsins, 3. mál.

Að meðaltali verja íslenskar fjölskyldur um 16% af útgjöldum sínum til matarkaupa skv. mælingum Hagstofu Íslands. Enn hærra hlutfall af útgjöldum þeirra sem lægri hafa tekjurnar fer til matarkaupa. Matvælaverð skiptir því miklu í afkomu fólks. Alþýðusambandið telur því mikilvægt að leita orsaka fyrir háu matvælaverði á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Alþýðusambandið mælir því með samþykkt tillögunnar.

***Þingsályktunartillaga um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.***

*28. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.

Þar er lagt til að skipuð verði nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði og verði sérstök áhersla lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, að efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum. Alþýðusamband Íslands styður tillöguna og þau markmið sem nefndinni er ætlað vinna að.

Meðfylgjandi er ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um skipasmíðaiðnað á Íslandi frá 21. febrúar 2001.

***Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands***
***21. febrúar 2001***

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við því að framtíð skipaiðnaðarins í landinu sé stefnt í hættu. Hverfi þekking og hæfni á sviði skipasmíða og -viðgerða hér á landi vegna útflutnings allra stærri verkefna mun það hafa alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir skipaútgerð í landinu og þjóðarbúið í heild.*

*Þegar ákvörðun var tekin um láta viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý fara fram erlendis í stað þess að ganga til samninga við íslenskt fyrirtæki var það gert á grundvelli þess að sjö milljónum króna munaði á beinum kostnaði samkvæmt tilboði.*

*Ekki verður séð að Ríkiskaup hafi gert neina tilraun til að meta þann fjárhagslega ávinning sem ríkissjóður og þjóðarbúið í heild hefðu haft af því að láta viðgerðina fara fram hér á landi. Bent hefur verið á að stór hluti af kostnaði við stærri verk verði eftir hér á landi vegna þátta á borð beina og óbeina skatta.*

*Í bréfi Félags járniðnaðarmanna til Ríkiskaupa var sérstaklega spurt*

*hvort reiknað hafi verið með þjóðhagslegri hagkvæmni þess að láta vinna verkið hér á landi þegar tilboð frá erlendum og innlendum aðilum voru borin saman. Við þeirri spurningu hefur ekki fengist svar.*

*Þetta mál og þögn iðnaðarráðherra vekur spurningar um stefnu stjórnvalda í atvinnumálum heilu starfsgreinanna. Hvers virði er það útgerðarþjóðinni að hér fái þrifist skipaiðnaður þar sem til staðar er verkþekking og hæfni til að sinna bæði nýsmíðaverkefnum og viðhaldi?*

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tekur undir gagnrýni og ábendingar Félags járniðnaðarmanna, Samiðnar og Samtaka iðnaðarins og væntir þess að skýr svör fáist um framkvæmd og mat útboða og samhengi þess við atvinnustefnu stjórnvalda.*

***Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál.***

*29. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, þurrleigu.

Alþýðusamband Íslands lýsir sig andvígt efni frumvarpsins. Til grundvallar afstöðu ASÍ vísast til umsagnar Sjómannasambands Íslands.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 36. mál.***

*29. nóvember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 22. nóvember sl. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til breytinga á lögum 91/1991, 36. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að málskostnaðarákvæði laga um meðferð einkamála verði breytt og greiðsla málskostnaðar úr dánar- og þrotabúum tryggð með ábyrgð ríkissjóðs að öðrum skilyrðum uppfylltum.

ASÍ mælir ekki með samþykkt þessa frumvarps. Til þess liggja m.a. eftirfarandi ástæður:

Velja þarf af vandvirkni þær kröfur sem ríkisábyrgð fylgir við skipti á dánar- og þrotabúum. Þær kröfur sem mestu skipta eru kröfur launafólks um ógreidd laun, skaðabætur vegna vinnuslysa og lífeyrissparnað en allar eru þær tryggðar með ríkisábyrgð, þar með talinn eðlilegur málskostnaður. Greiðsla þessara krafna sætir þó talsverðum takmörkunum og telur ASÍ brýnna að úr því verði bætt.

Frumvarpið gerir engan greinarmun á því hvort málskostnaður er dæmdur í einkamáli, opinberu máli eða hvort um er að ræða málskostnað í máli þar sem

krafa er umdeild eða hvort um er að ræða kröfu samkvæmt viðskiptabréfum. Fjarri lagi er að ríkissjóður taki þannig á sig ábyrgð af öllum kröfum án aðgreiningar en áréttað skal að nú þegar nýtur málskostnaður vegna tiltekinna og verðmætra krafna ríkisábyrgðar. Jafnframt er bent á að ákvæði laga um gjafsóknir mæta þeim vanda sem einstaklingar sem telja sig eiga réttmætar kröfur að sækja, eiga við að glíma, t.d. vegna fátæktar.

Að lokum er á það bent, að ákvæði um ríkisábyrgð á málskostnaði eiga alls ekki heima í lögum um meðferð einkamála. Um kröfur við skipti á dánar- og þrotabúum og um ríkisábyrgðir er fjallað í öðrum lögum.

***Þingsályktunartillaga um virðisaukaskatt af barnafatnaði, 311. mál.***

*3. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um virðisaukaskatt af barnafatnaði, 311. mál.

Alþýðusamband Íslands telur æskilegt að bæta hag barnafjölskyldna í landinu. Einfaldasta og skilvirkasta leiðin til þess er að greiða til þeirra ótekjutengdar barnabætur. Að mati Alþýðusambandsins er það æskilegri leið en sú sem lögð er til í þingsályktunni.

***Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.***

*3. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta.

Að framlengja sérstakan tekjuskatt um eitt ár og lækka skatthlutfallið jafnframt úr 7% í 5%.

Að breyta vaxtaákvæðum laganna til samræmis við lög um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

Breytingar sem snúa beint að skattaframkvæmdinni:
Alþýðusambandið telur óeðlilegt að auka möguleika fyrirtækja til að komast hjá greiðslu tekjuskatts með því að heimila þeim að nýta yfirfæranlegt tap í tíu ár í stað átta. Þessa breytingu verður að skoða í því samhengi að tekjuskattshlutfall lögaðila hefur verið lækkað verulega og er nú aðeins 18%. Þetta hefur leitt til þess að tekjuskattur lögaðila sem hlutfall af heildarskatttekjum ríkissjóðs hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum. Þannig nam tekjuskattur lögaðila 4,8% af heildarskatttekjum ríkissjóðs árið 2000 en stefnir í að vera um 2,3% á næsta ári samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.

Samkvæmt frumvarpinu er einnig lagt til að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um eitt ár en skatthlutfallið lækki úr 7% í 5%. Alþýðusambandið telur eðlilegt að þessi skattur verði framlengdur en telur eðlilegra að lækka skattbyrði á almennt launafólk frekar en hátekjufólk.

Almennt má segja um framangreindar tillögur að þær hafa í för með sér lækkun á sköttum fyrirtækja og hátekjufólks. Á sama tíma er verið að auka skattbyrði á almennt launafólk með því að láta skattleysismörk ekki halda í við almennar launabreytingar. Almennt launafólk er því að greiða sífellt stærri hluta tekna sinna í tekjuskatt.

Alþýðusambandið gerir ekki athugasemdir við önnur atriði frumvarpsins.

***Breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.***

*4. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi tillögu:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.

Frumvarpið snýr að því að hækka persónuafslátt vegna tekjuársins 2003 um 0,4% eða úr 26.718 krónum í 26.825 krónur.

Alþýðusamband Íslands lýsir sig fylgjandi umræddri tillögu enda er hún í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 2000, sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga það ár.

***Breytingartillaga við frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.***

*4. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, 324. mál.

Meginefni breytingartillögunnar er að teknar verði upp breyttar reglur um fyrningar á lausafé fyrirtækja.

Alþýðusamband Íslands vill mótmæla þeirri málsmeðferð að breytingartillaga sem þessi skuli lögð fram með litlum fyrirvara og án nokkurs mats á áhrifum hennar. Slík málsmeðferð er með öllu óásættanleg.

Almennt vill Alþýðusambandið mótmæla þeirri þróun sem átt hefur sér stað á liðnum misserum að færa skattbyrði frá fyrirtækjum til almenns launafólks. Í því samhengi skal minnt á ályktun miðstjórnar ASÍ frá 16. október 2002 en þar segir m.a:

*„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir mikilli óánægju sinni með það óréttlæti sem*

*einkennir tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar og telur hana leiða til aukins tekjumismunar.*

*Á sama tíma og skattaálögur á almennt launafólk eru hækkaðar ... eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir ... Miðstjórn ASÍ mótmælir þessu óréttlæti harðlega og ítrekar gagnrýni sína á skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi í lok síðasta árs. Augljóst er, að þau varnaðarorð sem þá voru viðhöfð eru nú að líta dagsins ljós.“*

Til upprifjunar skal hér minnt á að í umsögn ASÍ, dagsettri 7. nóvember 2001 um þær tillögur til skattkerfisbreytinga sem þá voru til umfjöllunar hjá Alþingi, sagði m.a:

*„Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett fram er í raun þríþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni.*

*Alþýðusambandið vill vekja athygli á að ef svigrúm hefur skapast til skattalækkana þá hefur það svigrúm orðið til við það að skattleysismörk hafa ekki hækkað í takt við laun á undanförnum árum þó að þau hafi hækkað í takt við umsamin laun eftir að ríkisstjórnin féllst á þá kröfu ASÍ við gerð kjarasamninga 2000.“*

Vegna þess mikla ágreinings sem er um stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum fyrirtækja telur Alþýðusamband Íslands ekki ástæðu til þess að taka efnislega afstöðu til þeirra afmörkuðu þátta sem þetta frumvarp fjallar um. Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að tekin verði upp opin umræða um skattkerfi bæði fyrirtækja og einstaklinga, með það að markmiði að ná breiðari sátt um skattkerfið. Augljóst er að slík sátt er ekki til staðar og áskilur ASÍ sér rétt til þess að beita sér fyrir slíkri umræðu á næstu mánuðum.

***Breytingar á frumvarpi til laga um breytingartillögur á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, 322. mál.***

*6. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, 322.mál.

Umræddar tillögur virðast fyrst og fremst snúa að því að hækka gjöld fyrir aðgangsheimildir að herstöðinni Keflavíkurflugvelli vegna breytinga á fyrirkomulagi við útgáfu aðgangsskírteina.

Ekki verður annað ráðið af tillögunum en að:

Um sé að ræða raunkostnað við útgáfu skírteina, þ.e. ekki sé um tekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða.

Hvorki almenningur né starfsmenn þeirra fyrirtækja sem á þessum svæðum starfa þurfi að bera þennan viðbótarkostnað.

Því gerir Alþýðusamband Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

***Frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396. mál.***

*11. desember 2002 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með bréfi ráðuneytisins dags. 6. desember sl. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög, 396. mál.

Um er að ræða ný heildarlög. Af nýmælum í frumvarpinu er það helst afnám innlausnarskyldu sem máli skiptir. Telja verður að með afnámi innlausnarskyldu sé verið að flytja verulega áhættu af húsnæðissamvinnufélögum og yfir á búseturéttarhafa. Innlausnarskyldan sem slík, gefur tilefni til þess að nokkuð strangar reglur gildi um meðferð þeirrar eignar sem í hlut á og réttlætir meiri afskipti húsnæðissamvinnufélagsins af t.d. viðhaldi og endurbótum sameignar, séreignar. Afnám þessa réttar gefur á hinn bóginn tilefni til þess að nokkuð verði losað um og að ábyrgð búseturéttarhafa verði aukin enda getur hann hagnast beint og hefur aukinna hagsmuna að gæta af því að vel sé um eignina gengið, viðhald sé gott og endurbætur framkvæmdar fljótt og vel. Frumvarpið virðist ekki samið með þessi sjónarmið í huga t.d. hvað varðar sameiningu viðhaldssjóða sem að sjálfsögðu er eðlileg ef innlausnarskylda er á húsnæðissamvinnufélagi.

ASÍ telur að taka þurfi tillit ofanritaðra sjónarmiða og að á meðan það sé ekki gert, verði innlausnarskyldan ekki afnumin.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, 168. mál.***

*14. janúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga. Markmið frumvarpsins er að fella inn í lögin um útlendinga breytingar sem gerðar voru á stofnsamningi EFTA með svokölluðum Vaduz- samningi, sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003.

Alþýðusamband Íslands hefur fjallað um efni frumvarpsins. Sú skoðun gefur tilefni til að gera sérstaklega athugasemdir við b-lið 2. gr. frumvarpsins. Í greininni er vísað til útlendinga sbr. viðauka K við stofnsamning EFTA, sbr.

b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis og heimild þeirra til að koma til landsins án sérstaks leyfis og veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári.

b-liður ii í 16. gr. viðauka K 1. viðbætis vísar til launamanna, óháð þjóðerni, einstaklinga sem veita þjónustu, sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu (e. *are integrated into one Member State's regular labour market*) og sendi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis ....

Í almennum athugasemdum og athugasemdum með einstaka greinum frumvarpsins er ekki tekið á eða fjallað um með skýrum hætti hvernig túlka eigi ákvæðið um „einstaklinga ... sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“. Þannig segir í almennum athugasemdum um þetta ákvæði:

Varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis. Þessum einstaklingum skal vera heimilt að koma til annars aðildarríkis og veita þjónustu á yfirráðasvæði þess í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári.

Þá segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins:

Í b-lið er nýtt sérákvæði um þá útlendinga, án tillits til þjóðernis, sem falla undir viðauka K við EFTA-samninginn, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbætis, og starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis, sendur til að veita þjónustu hér á landi. Mega þessir útlendingar koma til landsins og veita þjónustu í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári.

Á hvorugum staðnum er að finna tilvísun til „einstaklinga ... sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“.

Þá er vert að benda á að það eru lög um atvinnuréttindi útlendinga sem kveða á um rétt útlendinga til starfa hér á landi. Það er því eðlilegt að ákvæði um veitingu þjónustu sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins verði felld inn í lögin um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002. Fella mætti efni hennar inn í b-lið 14. gr. þeirra laga.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að niðurlag b-liðar 2. gr. frumvarpsins verði fellt út og það tekið upp í lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Þá er lagt til að við lögfestingu ákvæðis b-liðar ii í 16. gr. viðauka K, 1. viðbætis við stofnsamning EFTA, verði lagatextinn tekinn beint upp úr b-liðar ii í 16. gr. viðauka K, 1. viðbætis í stað þess að vísa aðeins til hans. Þá verði í skýringum og athugasemdum með frumvarpinu sett fram sú túlkun í samræmi við ákvæði textans, að með „einstaklinga ... sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“ sé átt við einstakling sem hafi fengið

atvinnuleyfi í öðru aðildarríki EFTA, sem er hliðstætt óbundnu atvinnuleyfi hér á landi.

***Frumvarp til laga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál.***

*10. febrúar 2003 barst Alþýðusambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um álverksmiðju í Reyðarfirði, 509. mál.*

Lagafrumvarpið fjallar að meginefni um að veita iðnaðarráðherra heimild til þess að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um ýmsa þætti fyrirhugaðar fjárfestingar Alcoa í álverksmiðju í Reyðarfirði.

Miðstjórn ASÍ ályktaði sérstaklega um virkjana- og stóriðjumál á fundi sínum á Egilsstöðum 7. nóvember 2001 en í ályktuninni segir m.a:

> *„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að forsendur aukins hagvaxtar og bættra lífskjara á næstu árum sé stöðug og viðvarandi aukning útflutningstekna. Til þess að svo megi vera telur miðstjórn ASÍ mikilvægt að nýta allar auðlindir til lands og sjávar með skynsamlegum hætti. Í samræmi við þessa grundvallarskoðun er mikilvægt að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfu atvinnulífi.*
>
> *Miðstjórn ASÍ lýsir því stuðningi sínum við áform um byggingu álvers við Reyðarfjörð og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á, að þessi framkvæmd er afar mikilvæg fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjara launafólks bæði á Austurlandi og um land allt ...*
>
> *Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt tekið verði tillit til þensluáhrifa framkvæmdanna á byggingartímanum. Vegna umfangs þessarar fjárfestingar er nokkur hætta á að verðbólga aukist og/eða raungengi hækki sem aftur dregur úr samkeppnishæfni annarra útflutnings- og samkeppnisgreina.“*

Þrátt fyrir að frá þeim tíma hafi Alcoa komið í stað Reyðaráls sem framkvæmdaaðili hefur ekki orðið nein breyting á afstöðu miðstjórnar til þessara framkvæmda.

Varðandi einstök efnisatriði frumvarpsins er rétt að taka fram að Alþýðusambandið lýsir skilningi sínum á því að efnisleg rök kunni að vera fyrir því að undanþiggja umrætt fyrirtæki frá ýmsum ákvæðum laga s.s. um búsetu meirihluta stjórnarmanna hér á landi, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, um brunatryggingar og skyldutryggingar húseigna, um viðlagatryggingu og um flutningsjöfnun á sementi, eins og gert er í 4. gr. frumvarpsins. Alþýðusamband Íslands varar hins vegar sterklega við því að veita þær undanþágur sem um getur í 6. gr. frumvarpsins, sérstaklega hvað varðar þau atriði sem snúa að sköttum og opinberum gjöldum. Það hlýtur að teljast varhugavert að búa til sérstakar ívilnandi reglur gagnvart tilteknum erlendum fyrirtækjum sem ekki lúta sömu almennu leikreglum og öðrum fyrirtækjum er gert að starfa eftir.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál***

*13. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Hér á eftir fylgir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 48/1980.

**Helstu niðurstöður**

Fagna ber að lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 46/1980. Ljóst er af efni frumvarpsins að tilgangur þess er margþættur:

1. Að mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar almennu vinnuverndartilskipunar ESB nr. 89/391/EBE, einkum hvað varðar áhættumat á vinnustöðum og ábyrgð atvinnurekenda í þeim efnum. Einnig að tengja saman áhættumat á vinnustað og fyrirbyggjandi aðgerðir, þ.m.t. heilsuverndar starfsmanna.
2. Að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipunar ESB nr. 93/104/EB.
3. Að mæta kröfum vegna ófullnægjandi lögleiðingar tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga nr. 94/33/EB.
4. Að bregðast við kröfum sem gerðar eru varðandi markaðseftirlit með vélum, tækjum og öðrum búnaði er snerta öryggi og heilsuvernd. Sama gildir um meðferð hættulegra efna.
5. Að skýra stjórnsýslulega ábyrgð varðandi starfsemi Vinnueftirlits ríkisins og setningu reglna á grundvelli laganna.
6. Að gera nokkrar almennar breytingar og lagfæringar á efni núgildandi laga. Þar er mikilvægt að búið er að setja inn ákvæði er varða einelti á vinnustað og varnir gegn því.

Almennt má fullyrða að frumvarpið feli í sér umtalsverðar réttarbætur fyrir launafólk miðað við núgildandi lög. Mestu varðar sá þáttur sem snýr að ábyrgð atvinnurekendi á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað í samráði við fulltrúa starfsmanna. Áætlunin skal m.a. fela í sér mat á áhættu í starfi og áætlun um heilsuvernd starfsmanna. Þá skal áætlunin endurskoðuð eftir því sem tilefni eru til. Einnig er mikilvægt að fá inn í vinnuverndarlögin ákvæði er lúta að því að koma í veg fyrir og uppræta einelti á vinnustöðum, en ASÍ og aðildarsamtök þess hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að setja slík ákvæði inn í löggjöf um vinnuvernd. Ýmislegt fleira má tiltaka úr frumvarpinu sem horfir til bóta.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að frumvarpið verði að lögum á

yfirstandandi þingi. Jafnframt vill ASÍ nota tækifærið og benda á atriði í frumvarpinu sem betur mega fara.

Hér á eftir fylgja athugasemdir og ábendingar við þau efnisatriði frumvarpsins sem telja verðu ófullnægjandi eða óskýr. Þá er rétt að taka fram að ekki eru gerðar athugasemdir eða ábendingar varðandi greinargerðina með frumvarpinu.

***Athugasemdir og ábendingar***
***9. grein***
Sú viðbót sem lögð er til við a-lið 38. greinar laganna og ætluð er til uppfyllingar ákvæðum 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar er til bóta. Hún gengur hins vegar nokkuð skemur en efni tilskipunarinnar, sem bendir á bein úrræði sem beita má til að ná markmiðum hennar en þar segir m.a. að markmiðið sé að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrirfram ákveðnum hraða, og eftir því um hvaða störf sé að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, „sérstaklega hvað varðar hlé í vinnutíma“.

Lagt er til að framangreindu efni 13. gr. vinnutímatilskipunarinnar verði bætt við efni 38. greinar laganna.

***19. grein***
Með efni þessarar greinar er ætlunin að lögleiða meginefni hvíldar- og vinnutímaákvæða vinnutímatilskipunar ESB. Ýmislegt hefur tekist vel við frumvarpssmíðina en annað miður, eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

***a. (52. gr.)***
Í greininni eru skilgreind lykilhugtök sem notuð eru í frumvarpinu, m.a. vinnutími og hvíldartími. Umræddar skilgreiningar eru að efni til fengnar úr samningum aðila vinnumarkaðarins um skipulag vinnutíma. Mikilvægt er að hafa í huga að við gerð þeirra samninga var skilgreiningin á vinnutíma sett fram til leiðbeiningar um það hvernig túlka ætti ákvæði samningsins um hámarksvinnutíma. Sama gildir um skilgreininguna á hvíldartíma.

Við frekari skoðun hefur komið í ljós að skilgreiningar á vinnutíma og hvíldartíma eins og þær eru í frumvarpsdrögunum ganga ekki eins og þær standa nú. Ástæðan er sá misskilningur sem þær gætu valdið við túlkun og framkvæmd ákvæðisins um daglegan hvíldartíma, þ.e. 11 klst. samfelldu lágmarkshvíldina. Slík dæmi liggja þegar fyrir. Tökum dæmi:

*Starfsmaður vinnur venjubundinn vinnudag á mánudegi frá kl. 8:00 til 17:00 og síðan yfirvinnu áfram til kl. 20:00. Að lokinni vinnu er starfsmaður sendur frá vinnustað sínum í Reykjavík til bæjar úti á landi til að sinna tilteknu verkefni. Hann leggur af stað kl. 22:00 og er kominn á staðinn kl. 06:00 um nóttina. Starfsmaðurinn hefur vinnu við verkefnið kl. 07:30 að morgni þriðjudags og vinnur að því til kl. 22:00. Að því búnu fer starfsmaður til baka til Reykjavíkur og er kominn kl. 06:00. Starfsmaður er mættur til vinnu við reglubundið upphaf vinnudags á miðvikudegi kl. 8:00 að kröfu vinnuveitanda.*

Samkvæmt orðalagi frumvarpsins hefur komið fram sú túlkun að starfsmaðurinn hafi í framangreindu tilfelli eða öðru álíka fengið fullnægjandi hvíld báða dagana.

Ljóst er af dæminu að skilgreiningin á hvíldartíma eins og hún stendur í frumvarpinu fullnægir ekki þeim markmiðum sem henni er ætlað. Hún gæti þannig í reynd leitt til niðurstöðu sem er ekki í neinu samræmi við markmið vinnutímatilskipunarinnar um daglega hvíld. Jafnframt gæti hún í reynd þýtt afturför frá ákvæði núverandi laga um daglega lágmarkshvíld, þar sem ekki er gerð tilraun til að skýra hugtakið og þrengja það með þeim hætti sem frumvarpið gerir m.v. almenna málvitund. Hér er mikilvægt að hafa í huga að það er fullkomlega andstætt tilgangi og markmiðum vinnutímatilskipunarinnar og brýtur gegn megintilgangi hennar að nota lögleiðingu hennar sem rökstuðning fyrir því að draga úr eða skerða réttindi sem launafólk þegar nýtur, skv. innlendri löggjöf og stjórnvaldsfyrirmælum. Skal í þessu sambandi vísað til 3. tl. 18 gr. vinnutímatilskipunarinnar þar sem segir m.a.: „*... skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.*“

Þá skal bent á að í greinargerð með frumvarpinu er engin tilraun heldur gerð til að bæta fyrir þennan ágalla lagatextans.

Til að mæta þessari gagnrýni er einfaldast að fara þá leið að breyta skilgreiningunni á hvíldartíma þannig að hugtakið fái sjálfstæðari þýðingu.

Lagt er til að skilgreiningin á hvíldartíma hljóði svo:

*Hvíldartími: Tími sem ekki telst til vinnutíma og þar sem starfsmaður nýtur samfelldrar hvíldar frá störfum og starfsskyldum.*

Loks skal bent á að skilgreiningin á vinnutíma nær ekki að fullu til þeirra þátta sem eðlilegt er að hún geri.

Lagt er til að skilgreining á vinnutíma hljóði svo:

*Vinnutími: Tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum, veikindaforföll og lög- eða samningsbundið fæðingarorlof skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðaltalsútreikninga. Þá skal sá tími sem starfsmaður er í launuðu starfsnámi teljast til vinnutíma.*

***b. (52.gr. a)***

Í greininni er fjallað um þá hópa sem undanþegnir eru gildissviði IX. kafla laganna eða hluta hans.

Í 1. tölulið er fjallað um þá sem starfa við flutninga á vegum sbr. reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum, (sbr. einnig reglugerð ESB nr. 3820/85/EBE). Í því sambandi er mikilvægt að benda á að reglugerðin sem um ræðir tekur ekki á öllum þeim þáttum sem vinnutímatilskipunin fjallar um. Það gildir um hámarksvinnutíma. Þá er í greinargerð viðurkennt að það ákvæði vinnutímatilskipunarinnar skuli taka gildi gagnvart þeim ökumönnum sem reglugerð dómsmálaráðuneytisins nær til í síðasta lagi fyrir 1. ágúst 2003 sbr. tilskipun 2000/34/EB.

Lagt er til að 1. töluliður hljóði svo:

*1. Þá sem starfa ... Evrópska efnahagssvæðisins,* ***sbr. þó 55. gr.***

Með 2. tölulið eru læknar í starfsnámi undanskildir ákv. 55. og 56. gr. laganna. Þetta stenst ekki nýja tilskipun um skipulag vinnutíma nr. 2000/34/EB, sem að vísu heimilar ákveðin aðlögunarfrest varðandi hámarksvinnutímann, enda séu gerðar um það sérstakar áætlanir.

Með 3. tölulið eru æðstu stjórnendur og þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ skilgreiningin á frávikum frá almennum ákvæðum vinnutímatilskipunarinnar of rúm í ljósi þess hvernig hópurinn „þeir sem stöðu sinnar vegna ráða vinnutíma sínum sjálfir“ er skilgreindur í skýringum með frumvarpinu.

Í 4. tölulið er fjallað um sérstakar aðstæður sem valdi því að starfsmenn séu undanskildir ákvæðum IX. kafla laganna. Hér er að mati ASÍ gengið of langt í að heimila frávik frá reglum laganna og þörf á að skilgreina mun betur og þrengra hvaða aðstæður hér getur verið um að ræða.

***c. (53. gr.)***

Í samræmi við efni og anda vinnutímatilskipunarinnar er lagt er til að bætt verði við nýrri setningu aftan við 4. málsgrein, svohljóðandi:

*Stefnt skal að því að veita hvíldina strax að lokinni vinnulotu verði því við komið.*

***d. (53. gr. a)***

Í greininni er fjallað um rétt launafólks til hvíldar standi vinna þess lengur en 6 klst.

Hér er verið að lögfesta ákvæði 3. gr. tilskipunar nr. 93/104/EBE um hvíldarhlé. Í tilskipuninni sjálfri er ekki tiltekið hversu langt hvíldarhléið skuli vera. Þar segir hins vegar að útfærsla þess, þ.m.t. tímalengd og skilyrði, skuli ákvörðuð með samningum eða, ef slíkt er ekki gert, með löggjöf.

Í frumvarpinu er ekki gerð nein tillaga um lágmarkslengd hvíldarhlésins. Þessi nálgun er röng enda gefur hún færi á því að snúið sé út úr markmiði greinarinnar, auk þess sem þessi nálgun stenst engan veginn efni tilskipunarinnar um lágmarksvernd fyrir allt launafólk sem þarf að vera til staðar gildi ekki samningar um efnið eða þeim er sagt upp.

Í þeim samningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um framkvæmd vinnutímatilskipunarinnar varð niðurstaðan sú að kveða á um að minnsta kosti eitt 15 mínútna hvíldarhlé.

Til að taka af öll tvímæli er lagt til að þetta viðmið verði bundið í lögin. Á bak við þá skoðun eru þau skýru vinnuverndarsjónarmið, að sérhverjum launamanni sé nauðsyn að fá að minnsta kost eitt hvíldarhlé sem er ekki skemmra en 15 mínútur til að getað hvílst frá vinnu, hvort heldur er vegna líkamlegs og/eða andlegs álags. Jafnframt skal bent á að aðilar vinnumarkaðarins hafa við túlkun á þessu samningsákvæði sýnt eðlilegan sveigjanleika sem leiðir að meginmarkmiðinu um vinnuvernd. Þannig hefur verið talið að starfsmenn við ýmis konar vélgæslu og eftirlitsstörf, þar sem ekki er um stöðugt álag eða verkefni að ræða, njóti þeirrar verndar sem þetta ákvæði miðar að.

*Lagt er til að greinin hljóði svo:*

*Starfsmaður á rétt á að lágmarki 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.*

***e. (54. gr.)***

Hér er fjallað um vikulegan frídag.

Ekki verður séð hvaða þörf er á efni 3. mgr. og ekki er gerð tilraun til að rökstyðja í greinargerðinni að reynslan af núgildandi lögum kalli á hana. Ekki er heldur skýrt hvernig túlka á síðasta málslið greinarinnar, „eins fljótt og við

verður komið“. Að mati ASÍ verður vikuleg hvíld að veitast innan 14 daga, sbr. 16. gr. vinnutímatilskipunarinnar.

Lagt er til að:
*[3. mgr. 54. gr. falli niður].*

***f. (55. gr.)***
Hér er verið að flækja málin.
Lagt er til að 4. málsgrein hljóði svo:

*Við meðaltalsútreikning skal miða við vinnutíma eins og hann er skilgreindur í 52. gr.*

***23. grein***
***b (65. gr. a)***
Í 1. mgr. segir m.a. að við „gerð áhættumatsins skuli sérstaklega litið til starfa, þar sem fyrirsjáanlegt er að ...“. Orðið „fyrirsjáanlegt“ er í þessu sambandi of fortakslaust og gerir efni setningarinnar nánast merkingarlaust.
Lagt er til að setningin hljóði svo:
Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa, þar sem vænta má þess að heilsu og öryggi ...

***34. grein***
Samkvæmt 76. gr. skal ASÍ skipa tvo stjórnarmenn, BSRB einn og BHM einn. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar eru innan raða ASÍ rúmlega 68.000 félagsmenn sem eru virkir á vinnumarkaði, um 15.000 í BSRB og rúmlega 7 þúsund í BHM. Í því ljósi er skipting stjórnarmanna nokkuð sérkennileg, auk þess sem benda má á hversu fjölbreytt og vítt svið aðildarfélög ASÍ spanna, samanborið við önnur sambönd launafólks. Í núgildandi lögum eru fulltrúar ASÍ þrír, auk þess sem BSRB hefur einn fulltrúa.

***37. grein***
Lagt er til að ákvæðið um skyldur atvinnurekenda til að tilkynna alvarleg slys á vinnustað verði styrkt. Síðari setning 1. mgr. 79. greinar hljóðaði svo:
*Slys þar sem ... skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan sólarhrings.*

***Viðbætur:***
***Næturvinnustarfsmenn og heilsufarsskoðanir***
Í tilskipun Ráðsins nr. 93/104/EBE er í 9. gr. kveðið á um fortakslausan rétt næturvinnustarfsmanna til heilsufarsskoðana, sér að kostnaðarlausu. Lagt er til að mælt verði fyrir um þetta með ótvíræðum hætti í 67. gr. laganna.

***Vernd næturvinnustarfsmanna***
Mikilvægt að taka á efni 10. gr. vinnutímatilskipunarinnar, þar sem fjallað er um öryggismál/vernd næturvinnustarfsmanna. Ekki verður betur séð en að bæta verði inn í frumvarpið nýju ákvæði sem tekur á þessu atriði sérstaklega.

Lagt er til að e-lið verði bætt við grein 38 svohljóðandi:

<u>e. um sérstaka vernd næturvinnustarfsmanna sem taka áhættu með vinnu sinni hvað varðar öryggi og heilbrigði.</u>

***Frumvarp til laga um neytendakaup, 556. mál, EES-reglur.***
*18. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um neytendakaup, en efni þess tekur m.a. mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um sama efni.

Í frumvarpinu er ekki aðeins fjallað um sölu á hefðbundnum söluvarningi til neytenda heldur er sérstaklega tekið fram að kaup á „kröfum og réttindum“ falli einnig undir gildissvið þess. Í ljósi athugasemda í greinargerð með frumvarpinu má því ætla að sala á verðbréfum fyrir milligöngu fjármálafyrirtækja beri að flokka sem neytendakaup í skilningi frumvarpsins.

Alþýðusambandið telur eðlilegt að gildissvið frumvarpsins sé afmarkað á þennan hátt. Eðli verðbréfa sem söluvarnings og væntingar kaupenda á því sviði eru þó almennt með öðru móti en þegar hefðbundinn neysluvarningur er annars vegar. Í slíkum viðskiptum getur verið um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða auk þess sem starfsmenn fjármálafyrirtækja standa yfirleitt betur að vígi vegna sérþekkingar sinnar við að leggja mat á þá áhættu sem slíkum kaupum fylgja.

Það kann því að vera álitamál hversu vel almennar reglur um hefðbundin neytendakaup falla að kaupum einstaklinga á kröfum og réttindum. Úr þessu er þó að mörgu leyti bætt með reglusetningu á sviði fjármála og verðbréfaviðskipta.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, mál 518.

***Frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 518. mál, EES-reglur.***

*18. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Frumvarpið mun, verði það að lögum, leysa af hólmi núgildandi lög um verðbréfasjóði.

Í frumvarpinu er á fáeinum stöðum vikið að góðum viðskiptaháttum og venjum, t.d. í 19. gr. þar sem kveðið er á um að rekstrarfélag skuli starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Hvergi í frumvarpinu er hins vegar vikið að „trúverðugleika í auglýsingum og upp-lýsingum“ til væntanlegra viðskiptamanna á meðal almennings.

Alþýðusambandið bendir á nauðsyn þess að almenningur sé réttilega upplýstur um þær áhættur sem felast í fjárfestingum í verðbréfum og ekki síður um þann kostnað sem slíku fylgir.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um neytendakaup, 556. mál.

***Frumvarp til breytingar á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, 549. mál.***

*18. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til breytinga á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993.

Frumvarpið hefur það markmið að efla baráttu stjórnvalda gegn peningaþvætti og stuðlar að tiltrú almennings á hið alþjóðlega fjármálakerfi.

***Frumvarp til breytingu á samkeppnislögum, 547. mál.***

*18. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til breytinga á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Efni frumvarpsins tekur mið af ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um ábyrgðaryfirlýsingar.

Alþýðusambandið styður efni þessa frumvarps en með því er verið að treysta með ákveðnum hætti réttarstöðu neytenda.

***Frumvarp til laga um breytingu á raforkumálum, 462. mál.***

*20. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til raforkulaga, 462. mál.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku hér á landi. Í því er m.a. ákvæði um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþáttar í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Frumvarpið felur einnig í sér að félagslegum skyldum verði létt af raforkufyrirtækjunum. Það leiðir til þess að kostnaður fyrirtækjanna vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá þeirra.

Tilgangurinn með frumvarpinu er m.a. að auka þjóðhagslega hagkvæmi raforkukerfisins.

Með frumvarpinu verður tilskipun 96/92/EB innleidd í íslenska löggjöf.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir almennum athugasemdum við frumvarpið og síðan við einstakar greinar þess.

***Almennar athugasemdir***

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi. Lykillinn að því er að koma á samkeppnisumhverfi í framleiðslu, flutningi, dreifingu og sölu raforku. Alþýðusamband Íslands er hlynnt eðlilegri samkeppni og verðmyndun á markaði og að neytendur fái notið ábatans sem af því hlýst. Íslenskur raforkumarkaður er lítill í alþjóðlegum samanburði. Það er því ólíklegt að hér á landi muni ríkja fullkomin samkeppni á þessum markaði. Hins vegar er líklegra að hér muni ríkja einhvers konar fákeppni. Það er því ólíklegt að neytendur komi til með að njóta til fulls þeirrar hagræðingar sem ætlað er að ná fram með frumvarpinu.

Raforkan hefur löngum verið talin helsta samkeppnisforskot Íslands. Í frumvarpinu er engin umfjöllun um þetta heldur er einungis horft þröngt til neytendamarkaðarins. Ekki er lagt mat á það hvaða áhrif frumvarpið mun hafa á samkeppnisstöðu landsins. Mikilvægt er að lögin rýri ekki umrætt samkeppnisforskot og þar með stöðu samkeppnisfyrirtækja.

Eins og kemur fram hér á undan er gert ráð fyrir að félagslegum skyldum verði létt af raforkufyrirtækjum. Ekkert kemur fram í frumvarpinu um það hvaða aðilar eiga að yfirtaka þessar skyldur eða hvaða aðilar eiga að bera ábyrgð á þeim.

Með frumvarpinu er einnig ætlunin að gera verðmyndun á raforku skýrari og gegnsærri m.a. fyrir neytendur. Gert er ráð fyrir að verðmyndunin verði á fjórum stöðum, við vinnslu, við flutning, við dreifingu og sölu. Það er því alls óvíst að frá sjónarhóli hins almenna neytenda verði verðmyndunin skýrari og gegnsærri. Það er hins vegar ljóst að með tilkomu laganna munu liggja fyrir betri upplýsingar um verðmyndum en áður og því verður auðveldara fyrir opinbera aðila að fylgjast með því að hún sé með eðlilegum hætti.

Í frumvarpinu kemur ekki nægilega skýrt fram með hvaða hætti neytendur geta nýtt sér samkeppnina. Geta þeir t.d. ráðið því frá hvaða orkuframleiðanda þeir kaupa raforku eða er það dreifingarfyrirtækið sem ræður því?

***Athugasemdir við einstakar greinar***

***31. gr. Gjaldtaka***

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun muni innheimta eftirlitsgjald sem á að standa undir kostnaði við eftirlit með vinnslu-, flutnings-, og dreifingarfyrirtækjum. Það kemur fram í fylgiskjali VIII að gert er ráð fyrir að eftirlitsgjöldin muni hækka verð á rafmagni til almennings um 1,6 aura á kWst eða um sem nemur 2%. Í dag er þetta eftirlit á höndum nokkurra aðila. Við gildistöku laga má gera ráð fyrir að það eftirlit falli niður og sá kostnaður sem því fylgir. Eftirlit Orkustofnunar ætti þvi ekki að hækka verð til neytenda.

Einnig er óljóst hvort allir kaupendur raforku eiga að bera þennan kostnað. Eiga til dæmis stóriðjur að bera hann líka?

***45. gr. Gildistaka***

Almennt er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 2003, nema III kafli um flutning raforku. Gert er ráð fyrir að hann taki gildi 1. janúar 2004. Óheppilegt er að lögin taki ekki gildi í heild sinni á sama tíma. Getur það skapað réttaróvissu í samskiptum aðila á raforkumarkaði. Einnig er óljóst hvernig verðmyndun verður háttað á tímabilinu og jafnframt um fyrirkomulag á verðjöfnun vegna flutnings og dreifingar á raforku.

***VII. ákvæði til bráðabirgða***

Í VII. ákvæði til bráðabirgða kemur fram að skipuð verður nefnd sem ætlað er m.a. að móta tillögur um hvernig jafna megi kostnað vegna flutnings og dreifingar á raforku. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum eigi síðar en 31. desember 2003. Það verður að teljast afar óheppilegt að ekki skuli vera búið að ganga frá tillögum um verðjöfnun og önnur atriði varðandi flutning og dreifingu á raforku áður en lögin taka gildi. Hér er um að ræða verulega stóran þátt

í verðmyndun á raforku til neytenda og óheppilegt að hann skuli vera óljós við gildistöku laganna. Þetta getur einnig skapað réttaróvissu.

Ýmislegt er óljóst í frumvarpinu og mörgum spurningum er ósvarað um framkvæmd laganna og áhrif þeirra. Því getur Alþýðusamband Íslands að svo komu máli ekki stutt það.

***Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál.***
*20. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði 463. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til nokkrar breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Alþýðusamband Íslands gerir að svo komnu máli engar athugasemdir við frumvarpið.

***Frumvarp til laga um íslenskar orkurannsóknir, 545. mál.***
*20. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn.*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir, 545. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að skilgreina hlutverk og skyldur nýrrar stofnunnar, Íslenskar orkurannsóknir. Stofnunin, sem er í dag rannsóknarsvið Orkustofnunar, mun alfarið standa undir eigin rekstri.

Alþýðusamband Íslands gerir að svo komnu máli engar athugasemdir við frumvarpið, enda er gert ráð fyrir að kostnaður við aðskilnaðinn verði óverulegur og því ætti hann ekki að hafa áhrif á hag neytenda.

***Frumvarp til laga um Orkustofnun, 544. mál.***
*20. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framvarp til laga um Orkustofnun, 544. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að skilgreina hlutverk og skyldur Orkustofnunar. Lagt er til að Orkustofnun hafi það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf og ráðstafa opinberu fé til rannsókna. Önnur verkefni sem nú snúa að framkvæmd rannsókna flytjast í sérstaka stofnun, Íslenskar orkurannsóknir, samkvæmt sérstöku frumvarpi sem flutt er samhliða þessu frumvarpi. Ástæða aðskilnaðarins er að hætta er á að hagsmunaárekstrar verði þar sem starfsmenn sömu stofnunar kunna að bera ábyrgð á rannsóknum og ráðgjöf fyrir verk-

kaupa annars vegar og stjórnsýslu og leyfisveitingum fyrir sama aðila eða samkeppnisaðila hins vegar.

Alþýðusamband Íslands gerir að svo komnu máli engar athugasemdir við frumvarpið, enda er gert ráð fyrir að kostnaður við aðskilnaðinn verði óverulegur og því ætti hann ekki að hafa áhrif á hag neytenda.

***Þingsályktunartillaga um könnun á umfangi fátæktar, 51. mál.***

*28. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar, 51. mál.

Alþýðusambandið fagnar þessari tillögu, en vill um leið benda á eftirfarandi: Í fyrsta lagi, sú leið að skilgreina „lágmarks-framfærslukostnað" er ekki endilega mjög heppileg. Hugsanlega væri árangursríkara að skilgreina „viðmiðunarframfærslukostnað" og ákvarða bætur sem ákveðið hlutfall af honum.

Í öðru lagi er ljóst að fátækt snertir marga ólíka þjóðfélagshópa. Ólíklegt er að ein lausn finnist á vanda þeirra allra. Það er því sennilega nauðsynlegt að menn beiti sér jafnt fyrir almennum sem sértækum lausnum á vandanum.

Í þriðja lagi má benda á að Alþýðusambandið vinnur þessa dagana að úttekt á fátækt og hefur kallað til fjölmarga aðila til að greina stöðuna.

Alþýðusambandið styður tillöguna

***Þingsályktunartillaga um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál.***

*24. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál.

Alþýðusambandið styður framangreinda þingsályktunartillögu og leggur til að hún verði samþykkt. Um rök fyrir þessari afstöðu vísast til greinargerðar með þingsályktuninni. Við þau er engu að bæta.

***Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, hlutabréfasjóðir, 601. mál.***

*24. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur farið yfir nefnt lagafrumvarp sem efnislega fjallar um ákvæði til bráðabirgða vegna breytinga á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Ekki þykir ástæða til þess að gera athugasemdir við þetta bráðabirgðaákvæði. ASÍ tekur undir þau sjónarmið, að brýnt sé að breyttar skilgreiningar

í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem leiða kunni til þess að formbreyting verður á því verðbréfi sem einstaklingar eiga, leiði ekki til ótímabærrar skattlagningar eða niðurfellingar á skattafrádrætti.

***Þingsályktunartillaga um rannsóknir á áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.***

*24. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur farið yfir fyrrgreinda þingaályktunartillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

ASÍ telur mikilvægt að rannsóknin nái ekki bara til framkvæmdatímans, heldur einnig til þeirra áhrifa sem starfsemi álversins mun hafa á efnahags-, félags- og heilsufarslega stöðu á Austurlandi. Það hefur vakið athygli í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum af starfsemi slíkra fyrirtækja, að slíkri reynslu hefur ekki verið safnað kerfisbundið saman hér á landi og því er ekki vitað með vissu hvaða áhrif það hefur á samfélags-, byggða- né atvinnuþróun á áhrifasvæðinu.

Við rannsóknir á framkvæmdatímanum telur ASÍ mikilvægt að sérstaklega verði hugað að áhrifum skipulags vinnuumhverfis og öryggis og hollustuhátta bæði við virkjunina og álverið á starfsmenn sem við þessar framkvæmdir vinna.

Að lokum telur ASÍ mikilvægt að fulltrúar launafólks eigi beina aðkomu að umfjöllun um efnistökum slíkrar rannsóknar, t.d. með því að sett verði upp sérstök ráðgjafanefnd sem starfi með verkefninu.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 448. mál.***

*27. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp dómsmálaráðherra til breytinga á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

Alþýðusambandið styður efni þessa frumvarps. Alþýðusambandið vekur athygli á því að á vettvangi Evrópusambandsins er unnið að samningu reglna er varða sérstaklega persónuvernd launafólks og meðferð persónuupplýsinga á vinnumarkaði. Reglur þessar byggja á sömu meginreglum og ákvæði laga nr. 77/2000, en er ætlað að taka með skýrari hætti á ýmsum tilvikum sem upp koma á þessu sviði í samskiptum atvinnurekanda og launafólks.

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt, 130. mál.***

*28. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 13.2. sl., er þess farið á leit að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, 130. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að launafólki verði gert heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum, félagsgjöld sem það hefur greitt til stéttarfélags, skv. kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags.

Hverju lýðræðissamfélagi er nauðsynlegt að í því fái þrifist fjárhagslega og stjórnmálalega sjálfstæð verkalýðshreyfing sem komi fram fyrir hönd launafólks gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og geti jafnframt tekið virkan þátt í þríhliða samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og samtaka launafólks. Það sama á við um gagnaðila þeirra, samtök atvinnurekenda. Af þessum ástæðum beindi fimmta Evrópuráðstefna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem haldin var í Varsjá 20.-27. september 1995, þeim tilmælum til aðildarríkja stofnunarinnar í Evrópu að þau gerðu nauðsynlegar breytingar á skattalögum til þess að heimila bæði launafólki og atvinnurekendum að telja til frádráttar félagsgjöld til samtaka sinna á vinnumarkaði. Rétt er að við þeim tilmælum verði orðið.

Atvinnurekendum sem aðild eiga að aðildarfélögum Samtaka Atvinnulífsins og öðrum samtökum atvinnurekenda er heimilt að skattalögum að draga frá skattskyldum tekjum sínum iðgjöld sem greidd eru til samtaka sinna á vinnumarkaði. Launafólki er þetta hins vegar ekki heimilt og felst í því veruleg mismunun gagnvart jafnsettum og jafnmikilvægum samtökum aðila vinnumarkaðarins.

ASÍ hvetur því eindregið til þess að frumvarp þetta verði samþykkt.

***Frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál.***

*28. febrúar 2003 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 18.2. s.l., er þess farið á leit að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál.

ASÍ gerir ekki sérstakar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en vill hins vegar koma á framfæri athugasemd er málinu tengist. Í frumvarp-

inu er m.a. fjallað í 9. kafla um vernd persónuupplýsinga. Þar er fjallað um skyldur varðandi þau gögn sem geymd eru af fjarskiptafyrirtæki en hins vegar ekki um aðra og afleidda geymslu gagna um fjarskiptaumferð. ASÍ telur nauðsynlegt að sett verði skýr og einföld ákvæði í lög varðandi meðferð, aðgang og geymslu fjarskiptagagna í fjarskipta- og/eða tölvubúnaði annarra notenda. Þetta varðar t.d. tölvupóst starfsmanna í starfsstöð fyrirtækja og gögn um síma- og aðra fjarskiptanotkun þeirra.

***Þingsályktunartillaga um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, 191. mál.***
*5. mars 2003, sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, 191. mál, frá Iðnaðarnefnd Alþingis. Alþýðusambandið hefur farið yfir fyrrgreinda þingaályktunartillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Tillagan felur í sér að ríkisstjórnin láti kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sem yrði sambærilegur þeim sem eru í Evrópusambandsríkjunum og Noregi. Tilgangur sjóðanna verður að efla atvinnu, endurskipuleggja og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Alþýðusambandið telur að mikilvægt sé að efla starfsemi íslenskra fyrirtækja og skapa þeim rekstrarskilyrði sem hvetur þau til að hafa meginstarfsemi sína hér á landi. Mikilvægt er að bæta samkeppnishæfni fyrirtækjanna hér landi og að sjá til þess að umgjörð atvinnulífsins sé á við það besta sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Forsenda aukins hagvaxtar og þess að Ísland haldi áfram að vera í hópi fremstu iðnríkja heims, er sterk samkeppnisstaða atvinnulífsins. Íslensk fyrirtæki búa að ýmsu leyti við erfiðari rekstrarskilyrði en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Enginn vafi er á að stofnstyrkir af þessu tagi munu örva atvinnulífið og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu þess og renna þannig traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf.

Alþýðusambandið lét þá skoðun sína í ljós í umsögn með frumvarpi til laga um tekju- og eignaskatt í nóvember 2001, að hægt sé að ná meiri árangri í að efla íslenskt atvinnulíf með því að veita stofnstyrki til fyrirtækja en með almennri aðgerð eins og lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja.



*Ný lög um vinnuvernd kalla á mikla vinnu hjá fulltrúum Alþýðusambandsins í ýmsum opinberum nefndum á næstunni — til dæmis í stjórn Vinnueftirlitsins.*

# Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum

**1. október 2003**

## Félagsmálaráðuneytið:

***Atvinnuleysistryggingasjóður***

Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 20. júní 2001 var samþykkt að tilnefna Hervar Gunnarsson og Guðmund Þ Jónsson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá var samþykkt að samtök verslunarmanna og samtök iðnaðarmanna tilnefni varamann. Ísleifur Tómasson er varamaður. Eftir á að tilnefna annan varamann

Skipunartími: 1. júlí 2005

***Ábyrgðasjóður launa***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 10. september 2003 var samþykkt að tilnefna Ingvar Sverrisson sem fulltrúa ASÍ í stjórn ábyrgðasjóðs launa frá 1. október. Björn Snæbjörnsson er til vara.

Skipunartími: 7. september 2004

***Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins***

Á fundi sínum 23. janúar 2002 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Varamaður er Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Félagsdómur***

Miðstjórn Alþýðusambandsins ákvað á fundi sínum 7. nóvember 2001 að tilnefna Vilhjálm H. Vilhjálmsson sem dómara í Félagsdóm og Gunnar Sæmundsson til vara.

Skipunartími: 1. nóvember 2004

***Félagsdómur starfsgreinanna:***

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar ASÍ voru eftirtaldir skipaðir fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

*Verslun og þjónusta:*
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Til vara: Gunnar Páll Pálsson

*Sjómennska:*
Sævar Gunnarsson
Til vara: Hólmgeir Jónsson

*Raf- og tækniiðnaður:*
Valgeir Jónasson
Til vara: Bjarni Sigfússon

*Matvælaiðnaður og framreiðsla:*
Níels S. Olgeirsson
Til vara: Þorsteinn Gunnarsson

*Störf verkafólks og sérhæfðra starfsmanna í öllum iðn- og starfsgreinum:*
Kristján Gunnarsson
Til vara: Már Guðnason

*Málmiðnaður, byggingariðnaður, garðyrkja, málun og hársnyrting:*
Halldór Jónasson
Til vara: Pétur V. Maack
Skipunartími: 1. nóvember 2004

***Félagsmálaskóli alþýðu***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti þá tillögu á fundi sínum 11. júní 2003 að Guðmundur Gunnarsson verði fulltrúi ASÍ í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu og Níels S. Olgeirsson til vara.

Skipunartími: 1. júní 2007

Stjórn Menningar- og félagsmálaskóla alþýðu - MFA - Samþykkti á fundi sínum 10. júní 2003 að tilnefna eftirtalda í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu:

Aðalmenn:

Finnbjörn A. Hermannsson, Kolbeinn Gunnarsson, Björn Th. Árnason og Stefanía Magnúsdóttir.

Varamenn:

Hilmar Harðarson, Aðalsteinn Baldursson, Hrefna Hallgrímsdóttir og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Skipunartími: 1. júní 2007

***ILO-þing 2003***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 9. apríl 2003 að Magnús M. Norðdahl yrðir fulltrúi á ILO-þingi 2003.

Skipunartími: Fram að ILO þingi 2004

***Jafnréttisráð***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Ísleif Tómasson sem fulltrúa ASÍ í Jafnréttisráði og Matthildi Sigurjónsdóttur til vara.

Skipunartími: Fram yfir alþingiskosningar

***Nefnd um stöðuna á leigumarkaði:***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst var staðfest tilnefning í nefnd til að yfirfara stöðuna á leigumarkaði fyrir íbúðarhúsnæði. Fulltrúi ASÍ er Magnús M. Norðdahl og Kristján Gunnarsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Nefnd um rétt foreldra vegna veikinda barna***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. desember 2000 var samþykkt að tilnefna Þórunni Sveinbjörnsdóttur í nefnd um rétt foreldra vegna veikinda barna. Varamaður var tilnefndur Kristján Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Samráðshópur um hækkun húsnæðislána í allt að 90%***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst var staðfest tilnefning í samráðshóp um hækkun húnæðislána í 90%. Fulltrúi ASÍ er Kristján Gunnarsson og Magnús M. Norðdahl til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. júní 1993 var ákveðið að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa Alþýðusambands Íslands í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES. Varamaður er Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga:***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. nóvember 2002 var samþykkt að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í samstarfsnefnd á grundvelli 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og Magnús M. Norðdahl til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Starfsmenntaráð***
Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 18. september 2002 var samþykkt að tilnefna Guðmund Gunnarsson og Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í starfsmenntaráð og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur og Halldór Björnsson til vara.

Skipunartími: 31. júlí 2004

***Svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir***
Alþýðusambandi Íslands var, skv. erindi félagsmálaráðuneytisins 4. júní 2002 falið að tilnefna þrjá fulltrúa launafólks í svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. ASÍ ákvað að bjóða BSRB að tilnefna einn þessara fulltrúa í hvert svæðisráð og varð niðurstaðan sú. Hér á eftir fylgir listi yfir þá fulltrúa sem tilnefndir voru með bréfi til félagsmálaráðuneytisins 4. september 2002.

*Vesturland:*
Einar Karlsson og Sveinn Hálfdánarson
Varamenn: Kristján Jóhannsson og Hervar Gunnarsson
BSRB
Þröstur Kristófersson og Anna Ólafsdóttir til vara
*Vestfirðir:*
Lilja Rafney Magnúsdóttir og Helgi Ólafsson
Varamenn: Finnur Magnússon og Lárus Benediktsson
BSRB
Marta Lilja Olsen og Guðný Sigríður Þórðardóttir til vara
*Norðurland vestra:*
Jón Karlsson og Ásgerður Pálsdóttir
Varamenn: Signý Jóhannesdóttir og Guðrún A. Matthíasdóttir
BSRB
Sigríður Gísladóttir og Ragna Jóhannsdóttir til vara
*Norðurland eystra:*
Þorsteinn E. Arnórsson og Aðalsteinn Á. Baldursson
Varamenn: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Torfi Aðalsteinsson
BSRB
Arna Jakobína Björnsdóttir og Stefán Stefánsson til vara
*Austurland:*
Jón Ingi Kristjánsson og Þorkell Kolbeins
Varamenn: Gyða Vigfúsdóttir og Sigurbjörn Björnsson
BSRB
Már Sveinsson og Ingigerður Benediktsdóttir til vara
*Suðurland:*
Guðrún Erlingsdóttir og Ragna Larsen
Varamenn: Ármann Ægir Magnússon og Kristján Hálfdánarson
BSRB
Sæmundur H. Friðriksson og Gunnar Guðmundsson til vara
*Reykjanes:*
Guðbrandur Einarsson og Kristján G. Gunnarsson
Varamenn: Sigfús Eysteinsson og Baldur G. Matthíasson
BSRB
Jóhann D. Jóhannsson og Ása Fossádal til vara
*Höfuðborgarsvæðið:*
Hjördís Baldursdóttir og Linda Baldursdóttir
Varamenn: Vignir Eyþórsson og Sigurður T. Sigurðsson
BSRB

Sigríður Kristinsdóttir og Einar Ólafsson til vara
Skipunartími: Til sveitarstjórnakosninga 2006

***Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta***

Alþýðusamband Íslands ákvað með bréfi 14. desember 2001 að tilnefna eftirtalda til setu í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta:

*Vesturland:*
Sigríður H. Skúladóttir. Varamaður Elínbjörg Magnúsdóttir.
*Vestfirðir:*
Pétur Sigurðsson. Varamaður: Karítas Pálsdóttir.
*Norðurland vestra:*
Ásdís Guðmundsdóttir. Varamaður: Stefanía Garðarsdóttir.
Norðurland eystra:
Guðmundur Ómar Guðmundsson. Varamaður: Aðalsteinn Á. Baldursson.
*Austurland:*
Þorkell Kolbeins. Varamaður: Margrét Óskarsdóttir.
*Suðurland:*
Ragna Larsen. Varamaður: Jóna Jónsdóttir.
*Reykjanes:*
Ingibjörg Magnúsdóttir. Varamaður: Bryndís Kjartansdóttir.
*Höfuðborgarsvæðið:*
Úthlutunarnefnd 1:
Garðar Vilhjálmsson. Varamaður Linda Baldursdóttir.
Úthlutunarnefnd 2:
Árni Leósson. Varamaður: Guðný M. Magnúsdóttir.
Skipunartími: 31. desember 2006

***Verkefnisstjórn vegna árs fatlaðra 2003***

Á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins 16. maí 2001 var samþykkt að tilnefna Björn Snæbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í verkefnisstjórn vegna árs fatlaðra 2003 og Matthildi Sigurjónsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Vinnueftirlit ríkisins***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Guðrúnu Kr. Óladóttur og Halldór Grönvold sem fulltrúa í stjórn VER. Varamenn voru tilnefndir Stefán Ó. Guðmundsson og Halldór Jónasson.

Skipunartími: 1. júní 2007

*Vinnueftirlit í landbúnaði*

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 18. september 2002 að tilnefna Halldór Jónasson sem fulltrúa ASÍ í stjórn vinnueftirlits í landbúnaði og Guðrúnu Kr. Óladóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Vinnumálastofnun*

Með bréfi dagsettu 3. júlí 2001 var Halldór Grönvold tilnefndur sem aðalmaður í stjórn Vinnumálastofnunar. Örn Friðriksson var tilnefndur varamaður hans.

Skipunartími: 1. júlí 2005

*Þríhliða nefnd um ILO*

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 24. janúar 2001 að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í þríhliða nefnd um ILO - Alþjóðavinnumálastofnunina.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Fjármálaráðuneytið:*

**Nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu**

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 4. apríl 2001 var samþykkt að skipa Sigurð Bessason og Hólmgeir Jónsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Forsætisráðuneytið:*

**Íslenska upplýsingasamfélagið**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september 2003 var samþykkt að tilnefna Margréti Lind Ólafsdóttur í samráðshóp um íslenska upplýsingasamfélagið og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Hagstofan:*

**Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs**

28. ágúst 2002 ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:*
**Fulltrúaráð Lífeyrissjóðs sjómanna**
Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 9. apríl 2003 að tilnefna eftirtalda sem fulltrúa í Fulltrúaráð Lsj. sjómanna: Sigurð Heimisson, Eyþór Garðarsson, Aðalstein Á. Baldursson, Hervar Gunnarsson og Sævar Gunnarsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Lífeyrissjóðs sjómanna 2004

*Lífeyrissjóður sjómanna*
Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 20. mars 2002 að Konráð Alfreðsson verði aðalmaður í Lsj. sjómanna og Hinrik Bergsson varamaður.

Skipunartími: Til aðalfundar Lífeyrissjóðs sjómanna 2005

*Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu*
Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. apríl var samþykkt að tilnefna Þorbjörn Guðmundsson sem fulltrúa ASÍ í Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Starfshópur um starfsendurhæfingu*
Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 8. maí 2002 að skipa Guðmund Hilmarsson sem fulltrúa sinn í starfshóp un starfsendurhæfingu.

Skipunartími: Ótilgreindur, en gert er ráð fyrir því að hópurinn ljúki störfum á árinu 2003

*Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið*
**Faghópur um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðarþróun**
Á fundi miðstjórnar ASÍ 8. september 1999 var samþykkt að Edda Rós Karlsdóttir yrði aðalmaður og Rannveig Sigurðardóttir til vara. Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur ASÍ, hefur nú tekið sæti aðalmanns í nefndinni.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Iðntæknistofnun Íslands*
Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Örn Friðriksson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Iðntæknistofnunar Íslands og Guðmund Gunnarsson til vara.

Skipunartími: 1. október 2003

***Nefnd um fyrirkomulag á flutningi raforku***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 22. maí 2003 var samþykkt að Ingunn S. Þorsteinsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í nefnd um fyrirkomulag á flutningi raforku og Helgi Jónsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Nýsköpunarsjóður***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst 2003 var staðfest tilnefning Halldórs Björnssonar sem fulltrúa ASÍ í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Varamaður er Grétar Þorsteinsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2004

***Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Finnbjörn A. Hermannsson sem fulltrúa ASÍ í ráðgjafanefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

Skipunartími: 2 ár

***Landbúnaðarráðuneytið:***
**Nefnd um verðlagseftirlit í landbúnaði**
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. nóvember 2002 var samþykkt að skipa Kristján Bragason sem fulltrúa ASÍ í nefnd um verðmyndum garðyrkjuvara og ávaxta.

Skipunartími: Ótímabundinn

***Starfshópur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Stefán Úlfarsson í starfshóp um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og Ólaf Darra Andrason til vara.

Skipunartími: Ótímabundinn

***Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst 2003 var samþykkt að Björn Snæbjörnsson yrði fulltrúi ASÍ í Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Júní 2003

***Menntamálaráðuneytið:***
**Átak í símenntun**
Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tilnefndi á fundi sínum 9. desember 1998,

Kristján Bragason sem aðalmann og Jóhann Geirdal til vara í verkefnisstjórn vegna fimm ára átaks í þágu símenntunar.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Nefnd um starfsnám á vinnustöðum***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. febrúar 2003 var samþykkt að tilnefna Garðar Vilhjálmsson og Níels S. Olgeirsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsþjálfun á vinnustöðum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 3. desember 2002. Varamaður: Alda Sigurðardóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 14. ágúst 1996 að fela landssamböndum innan ASÍ að tilnefna fulltrúa í samstarfsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um starfsnám á framhaldsskólastigi. Í febrúar 1998 varð breyting á skipun fulltrúa ASÍ.

Eftirtaldir eru fulltrúar ASÍ í samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, SAMSTARF:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, til vara Alda Sigurðardóttir
Örn Friðriksson, til vara Finnbjörn A. Hermannsson
Garðar Vilhjálmsson, til vara Kristján Bragason
Níels S. Olgeirsson, til vara Guðmundur Gunnarsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, til vara Karl Már Lárusson
Fulltrúi nema: Brjánn Jónsson, til vara Gunnar Andri Gunnarsson
Skipunartími: 12. febrúar 2005

***Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla***

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber að skipa starfsgreinaráð. Í 28. gr. laganna segir m.a.: „Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Meginreglan er sú að fulltrúar launafólks í starfsgreinaráðunum séu þrír. Flestir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu beint af viðkomandi landssambandi. Af hálfu ASÍ hafa eftirtaldir verið tilnefndir samkvæmt tillögum hlutaðeigandi landssambanda og aðildarfélaga, frá miðstjórnarfundi ASÍ 19. nóvember 1997:

*Heilbrigðisþjónusta, félagsleg: 21. apríl 1998 - 21. apríl 2002*
Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Varamaður er tilnefndur af BSRB.

*Listir, hönnun, handverk: 1. apríl 1998 - 1. apríl 2002*
Björn Th. Árnason og Heimir Björn Janusarson til vara.

*Náttúrunýting: 30. apríl 1998 - 30. apríl 2002*
Guðríður Helgadóttir og Heimir Björn Janusarson til vara.
Ívar Eiríksson og Ragna Larsen til vara.
Stefanía Magnúsdóttir og Kristján Bragason til vara.

*Persónuleg þjónusta: 20. apríl 1998 - 20. apríl 2002*
Kristján Bragason og Hafdís Grétarsdóttir til vara.
Garðar Vilhjálmsson og Svava Guðmundsdóttir til vara.

*Uppeldis- og tómstundagreinar: 3. mars 1998 - 3. mars 2002*
Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Kristján Bragason til vara.

*Verslunar- og skrifstofustörf: 20. apríl 1998 - 20. apríl 2002*
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson til vara.

***Stjórn Landsskrifstofu Leonardo da Vinci II***
Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 5. febrúar 2003 að Halldór Grönvold yrði aðalmaður í stjórn Landsskrifstofu Leonardó II og Garðar Vilhjálmsson varamaður.

Skipunartími: 31. desember 2006

***Vísinda- og tækniráð***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. mars 2003 var samþykkt að tilnefna Rúnar Backmann og Garðar Vilhjálmsson sem fulltrúa ASÍ í Vísinda- og tækniráð. Þá var á fundi miðstjórnar 9. apríl 2003 samþykkt að tilnefna Gunnar Pál Pálsson og Örn Friðriksson sem varamenn í vísinda- og tækniráð.

Skipunartími: 1. mars 2006

***Sjávarútvegsráðuneytið:***
**Ráðgjafarnefnd fyrir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins**
Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. janúar 2002 var samþykkt að tilnefna Aðalstein Á. Baldursson sem aðalmann og Kristján Bragason til vara.

Skipunartími: 31. desember 2005

***Umhverfisráðuneytið:***
**Hollustuháttaráð**
Á fundi miðstjórnar ASÍ 28. ágúst 2002 var samþykkt að tilnefna Stefán Ó. Guðmundsson sem aðalmann í hollustuháttaráð og Guðrúnu Kr. Óladóttur til vara.

Skipunartími: 1. júlí 2006

***Spilliefnanefnd***
Á fundi sínum 6. september 2000 ákvað miðstjórn ASÍ að tilnefna Hauk Harðarson sem fulltrúa sinn í Spilliefnanefnd á vegum umhverfisráðuneytisins. Varamaður er Sigfús R. Eysteinsson.

Skipunartími: 4. september 2004

***Umhverfisfræðsluráð***
Á árinu 2001 tilnefndi ASÍ Elínu Bergsdóttur til setu í umhverfisfræðsluráði og Harald H. Haraldsson til vara.

Skipunartími: 4 ár

***Utanríkisráðuneytið:***
**Kaupskrárnefnd**
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst 2003 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í Kaupskrárnefnd varnarsvæða. Varamaður hans er Stefán Úlfarsson.

Skipunartími: Júlí 2005

***Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst 2003 var samþykkt að skipa Magnús Norðdahl sem fulltrúa Alþýðusambandsins í kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar og Skúla Thoroddsen til vara.

Skipunartími: Júlí 2005

***Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti***
Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum)***

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. desember 2002 var samþykkt að skipa eftirtalda í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Gylfa Arnbjörnsson.

Skipunartími: Til aðalfundar FA 2004

***Kjararannsóknarnefnd***

Frá 29. nóvember 2000 sitja eftirtaldir sem fulltrúar ASÍ í Kjararannsóknarnefnd: Sigurður Bessason, Magnús L. Sveinsson og Grétar Þorsteinsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

***MENNT - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 2002 var samþykkt að Garðar Vilhjálmsson og Alda Sigurðardóttir yrðu aðalmenn í stjórn Menntar og Elínbjörg Magnúsdóttir og Níels Olgeirsson til vara.

Skipunartími: Til ársfundar Menntar 2004

***Nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 2002 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg.

Skipunartími: Ótímabundinn

***Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma***

Fulltrúi í samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma er Guðrún Óladóttir. Varamaður er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótímabundinn

***Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga***

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. apríl 1997 með síðari breytingum eru fulltrúar ASÍ í samráðsnefnd með SA um vinnutíma Ingibjörg R. Guðmundsdóttir Kristján Bragason og Halldór Grönvold. Til vara Einar Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Samráðsnefnd um verndaða vinnustaði***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 22. maí 2003 var samþykkt að tilnefna þrjá fulltrúa í sex manna samráðsnefnd með Samtökum um vinnu og verkþjálfun (SVV) um

kaup, kjör og almennt starfsumhverfi launafólks á vernduðum vinnustöðum sem starfa í samræmi við reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra. Ákveðið var að Björn Snæbjörnsson, Garðar vilhjálmsson og Magnús M. Norðdahl yrðu fulltrúar ASÍ í samstarfsnefndinni.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Á vettvangi ASÍ*

**Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. desember 2002 var ákveðið að Grétar Þorsteinsson, Halldór Björnsson og Sigurður Bessason skipuðu stjórn Minningarsjóðs Eðvarðs Sigurðssonar.

Skipunartími: Ótilgreindur

*Mímir - símenntun*

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. desember 2002 var samþykkt að skipa eftirtalda í stjórn Mímis - símenntunar.

Aðalmenn:

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, Kristján Páll Bragason, Ólafur Darri Andrason og Einar Jón Ólafsson.

Varamenn:

Alda Sigurðardóttir, Vignir Eyþórsson og Linda Baldursdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Mímis - símenntunar 2004

*Ýmislegt:*

**Dómnefnd Starfsmenntaverðlauna 2003**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 29. apríl 2003 var ákveðið að skipa Þórunni Sveinbjörnsdóttur sem fulltrúa ASÍ í dómnefnd vegna Starfsmenntaverðlauna og Grétar Þorsteinsson til vara.

Skipunartími: Til afhendingar starfsmenntaverðlauna 2003

*Fulltrúaráðsfundur Skjóls*

Á fulltrúaráðsfundi fyrir Skjól árið 2003 voru eftirtaldir fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands: Guðmundur Þ Jónsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir.

Skipunartími: Til fulltrúaráðsfundar Skjóls 2004

*Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci II menntaáætlunarinnar*

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. október 2001 var samþykkt að Ingibjörg E. Guð-

mundsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci II mennta-áætlunarinnar á Evrópuvísu og Halldór Grönvold til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. janúar 2002 var samþykkt að skipa Grétar Þorsteinsson og Hauk Haraldsson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar.

Skipunartími: Til ársbyrjunar árið 2004

***Verkefnisstjórn vegna Viku símenntunar 2003***

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 23. apríl 2003 að tilnefna Rannveigu Einarsdóttur sem fulltrúa sinn í verkefnisstjórn vegna Viku símenntunar árið 2003.

Skipunartími: Fram yfir Viku símenntunar 2003

***Vinnuhópur MENNTAR um vottunarkerfi vegna náms***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. desember 2000 var samþykkt að skipa Ásmund Hilmarsson sem fulltrúa ASÍ í Vinnuhóp MENNTAR um vottunarkerfi vegna náms og Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur

***Öldrunarráð***

Á aðalfundi Öldrunarráðs fyrir árið 2002 voru eftirtaldir fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Linda Baldursdóttir og Guðrún Ólafsdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Öldrunarráðs 2003

## Fastanefndir innan ASÍ

Neðangreindar fastanefndir eru skipaðar af miðstjórn ASÍ:

***Alþjóðanefnd***

Gunnar Páll Pálsson (formaður), miðstjórn ASÍ
Guðrún Erlingsdóttir, LÍV (Guðmundur B. Ólafsson til vara)
Þorsteinn Gunnarsson, Matvís (Sverrir Halldórsson til vara)
Helgi Jónsson, RSÍ (Einar Jón Ólafsson til vara)
Hákon Hákonarson, Samiðn ( Sigfús R. Eysteinsson til vara)
Hólmgeir Jónsson, SSÍ
Guðmundur Þ. Jónsson, SGS (Kristján Gunnarsson til vara)

Hildur Bjarnason, bein aðild (Sigurður Rafn Levy til vara)
Starfsmaður: Gylfi Arnbjörnsson

***Atvinnumálanefnd***
Signý Jóhannesdóttir (formaður), SGS (Pétur Sigurðsson til vara)
Kolbeinn Gunnarsson, miðstjórn ASÍ
Kristín Björnsdóttir, LÍV (Páll H. Jónsson til vara)
Níels S. Olgeirsson, Matvís (Sverrir Halldórsson til vara)
Páll Valdimarsson, RSÍ ( Borgþór Hjörvarsson til vara)
Hermann Guðmundsson, Samiðn (Guðmundur Ó. Guðmundsson til vara)
Sævar Gunnarsson, SSÍ
Starfsmaður: Ingunn S. Þorsteinsdóttir

***Jafnréttis- og fjölskyldunefnd***
Þórunn Sveinbjörnsdóttir (formaður), miðstjórn ASÍ
Sigurður Sigfússon, LÍV (Guðrún Erlingsdóttir til vara)
Sigurður Magnússon, Matvís (Hjörtur Þ. Frímannsson til vara)
Ísleifur Tómasson, RSÍ (Jens Ragnarsson til vara)
